



Bændablaðið

9. tölublað 2023 • Fimmtudagur 11. maí • Blað nr. 633 • 29. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Eydís Anna Kristófersdóttir og Steinþór Logi Arnarson með níu mánaða soninn Kristófer Loga. Þau tóku mælingu við búskapnum á Stórholti í Dalabyggð snemma á síðasta ári af foreldrum Steinþórs. Steinþór hefur gegnt formennsku í Samtökum ungra bænda í rúm ár og er það hans mat að íslenskur landbúnaður standi á tímamótum. Það sé ekkert sjálfsgat mál að kynslóðaskipti eða nýliðun eigi sér stað þegar afurðaverð er ekki nógu hátt, vextir á lánnum séu himinháir og verð á aðföngum í hæstu hæðum. Skýr skilaboð til framtíðar verði að koma sem fyrst frá stjórnvöldum. Mynd / smh

Sjá viðtal við Steinþór Loga á bls. 36–37.

Refilstígur tollverndar

Tollverndarkerfið er alls ekki að sinna því hlutverki sem það hafði fyrir fimmtán árum síðan.

Það segir Daði Már Kristófersson hagfræðingur. „Það skiptir engu máli hvort þú sért formaður Bændasamtakanna eða formaður Félags atvinnurekenda. Menn hljóta að vera sammála um að það sé skrítið að ekki sé tekin umræða um tilganginn með tollverndinni í ljósi þess að við erum passíft að leggja hana niður.“

Verðtollur á innfluttar búvörur frá ESB hefur haldist í sömu krónutölu síðan 2007, en ekki verið uppreiknuð á hverju ári. „Því hefur tollvernd í raun minnkað með hverju árinu vegna rýrnunar á verðgildi krónunnar,“ segir Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði. Þetta sé mikið áhyggjuefni. Afleiðingarnar birtast m.a. í meiri innflutningi á búvörum með tollum, sem virðast því lítil hindrun fyrir innflutning. Til dæmis var um 17% af heildarinnflutningi nautakjöts árið 2022 utan tollkvóta og vísbendingar eru um að innflutningur á nautakjöti sé að aukast gríðarlega árið 2023. „Ég var að skoða kjúklingakjötið og á síðasta ári hefði 67% magnsins getað verið flutt inn án tolla,“ segir Margrét.

„Við erum í raun að leyfa krónunni að taka ákvörðun fyrir okkur um að gera grundvallarbreytingu á íslenska landbúnaðarkerfinu án umræðu. Mér finnst það galið. Það skiptir engu máli hvort þú sért með eða á móti tollvernd. Að leyfa henni bara einhvern veginn að leggja sjálfa sig niður er mjög skrítið,“ segir Daði. /ghp

Sjá nánar á bls. 20–21.

Methækkun á ullarverði til bænda

Stjórn Ístex hefur ákveðið að hækka ullarverð til bænda að meðaltali um rúm 48 prósent fyrir alla vinnsluhæfa flokka. Um mestu ullarverðshækkun er að ræða á síðastliðnum 15 árum hið minnsta.

„Líklega er þetta mesta hækkun í sögu Ístex. Þá veit ég ekki til þess að við höfum breytt ullarverði á öllum flokkum á sama ullarárinu, en það er mikilvægt að það komi fram að ullin sem lögð var inn í haust og vetur verður greidd á þessu nýja verði,“ segir Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex.

Góð afkoma Ístex

Sigurður segir að hækkunin sé mis-

mikil á milli ullarflokka, meiri hækkun sé á betri flokkana. „Ein ástæða þessara afurðaverðshækkana er góð afkoma Ístex á fyrstu mánuðum ársins og raunar á síðustu misserum. Við lentum í mjög erfiðum 18 mánuðum sem byrjuðu sumarið 2019 með tiltölulega snöggum samdrætti á ullarteppum og lágu verði á ull. Hjólin fóru í raun aftur að snúast um það leyti þegar við komum á kvöldvakt í bandframleiðslunni hér í Mosfellsbæ haustið 2021. Þá náðist meiri nýtni á tækjum, ásamt því að verð hækkaði og meiri hagkvæmni í stærð náðist. Þannig að síðustu tvö ár hafa reynt mikið á mannskapinn en að sama skapi verið góð. Sala fyrstu 6 mánuði er um 200

milljónum hærri en fyrir sama tíma í fyrra. Áframhaldandi eftirspurn er eftir Lopa handþrjónabandi og gott gengi nýrra vörutegunda, líft og ullarsængur, Lopiloft ullareinangrunarefni og annað. Jafnframt lofar teppasala góðu í vor og sumar. Betra verð hefur náðst en búist var við, fyrir ákveðna ullarflokka, líft og snóð og heilsársull með áframhaldandi vinnslu í sængurull. Framhaldið á árinu lítur því vel út, en á móti kemur að við getum verið einni alvarlegri bilun frá erfiðu ári.

Ágætt gengi hér er þvert á ástandið erlendis þar sem verð fyrir hráull er enn lágt og hefur ekki að fullu jafnað sig.“

Komið til móts við bændur

Fleiri þættir spila inn í ákvörðun stjórnar að hækka verð til bænda, að sögn Sigurðar. „Það þótti rétt að koma til móts við bændur vegna tafa við ullarsöfnun víða um land.

Alvarlegar bilanir hafa verið bæði í þeytivindu og örbylgjuofni, en þetta hefur tafið þvott um meira en mánuð. Þetta hefur gert það að verkum að ekki hefur verið hægt að taka við meiri ull á meðan viðgerðum stóð. Öll tæki eru nú komin í lag og unnið er að því hörðum höndum að ná allri ull sem fyrst til Blönduóss.

Við hjá Ístex þökkum bændum fyrir alla þolinmæðina og biðjumst

velvirðingar vegna þeirra óþæginda sem hafa hlotist yfir þetta erfiða tímabil.“

Mikilvægi ullarflokkunar

Sigurður segir að góð ullarflokkun bænda sé lykilatriði til að auka verðmæti ullar. Flestir bændur hafa í gegnum árin lagt mikinn metnað í að gera vel og með þessari hækkun sé stutt betur við þá sem hafa verið að gera góða hluti og hvetja þá sem gætu bætt sig að gera enn betur.

Hann segir að stærsta fjárfestingin í ár sé ný spunavél sem kemur með haustinu. Hún sé í smíðum á Ítalíu og muni henta íslensku ullinni sérlega vel. /smh

FRÉTTIR

Rekstur kúabúa:

Bændur borguðu 15,2 krónur með hverjum framleiddum mjólkurlítra árið 2022

Afurðatekjur mjólkurframleiðenda mættu ekki framleiðslukostnaði mjólkur árið 2022 og borguðu kúabændur því 15,2 krónur með hverjum framleiddum lítra.

Það er niðurstaða greiningar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins á rekstri kúabúa fyrir árið 2022.

Heildarafurðatekjur mjólkurframleiðenda voru að meðaltali 183,2 krónur fyrir lítra af framleiddri mjólk á meðan heildarafurðatekjur mjólkur reyndist að meðaltali 198,4 kr./litr. Þrátt fyrir að heildarafurðatekjur hafi aukist um 14% milli ára 2021 og 2022, eða um 22,8 kr./litr. Þá hækkuðu breytilegur kostnaður og fjármagnsliðir meira, eða um 22% sem jafngildir 23,3 kr./litr.

Hækkun afurðatekna samanstandur af hækkun á afurðastöðvaverði auk einskiptisaðgerða stjórnvalda, spretthópsgreiðslurnar svokölluðu, auk áburðarstuðnings, sem skiptu verulegu máli fyrir afkomu ársins.

Hækkun framleiðslukostnaðar má fyrst og fremst rekja til 73% hækkunar á áburði og kjarnfóðri. Mjólkurframleiðsla ein og sér stendur því ekki



Hækkun framleiðslukostnaðar mjólkurframleiðenda má fyrst og fremst rekja til 73% hækkunar á áburði og kjarnfóðri. Mynd / OG

undir kostnaði við framleiðsluna og eru kúabændur því í auknum mæli farnir að sækja tekjur annars staðar frá, enda sést á greiningunni að tekjur utan mjólkurframleiðslu hafa hækkað töluvert.

Niðurstöðurnar byggja á greiningu á rekstri 70 búá á landinu. Þau bú leggja inn 25,5 milljón mjólkurlítra sem endurspeglar 17,2% af landsframleiðslunni.

Að mati Guðrúnar Bjargar Egilsdóttur, sérfræðings hjá Bændasamtöku Íslands, horfir í að rekstur kúabúa árið 2023 verði erfiður. „Áburðarverð, kjarnfóðurverð, olíuverð og annar rekstrarkostnaður hefur haldist í sambærilegu verði og fyrir ári síðan auk þess sem stýrivextir hækka sífellt. Áætla má að heildarkostnaður við framleiðslu mjólkur ársins muni því haldi áfram að hækka.“

Þótt afurðastöðvaverð hafi hækkað eiga bændur ekki von á neinum viðbótarstuðningi. „Því munu tekjur mjólkurframleiðenda koma til með að standa undir enn lægra hlutfalli af kostnaði en áður,“ segir Guðrún Björg. /ghp

Sjá nánar á bls. 56

Nýr blaðamaður Bændablaðsins

Steinnur Ásmundsdóttir hefur verið ráðin sem blaðamaður á Bændablaðinu.

Steinnur er þálfreyndur blaðamaður og vann áður m.a. sem blaðamaður og ljósmyndari á Morgunblaðinu, sem ritstjóri og blaðamaður Austurgluggans og Austurfréttar og nú síðast hjá Fréttablaðinu. Hún er auk þess rithöfundur og ljóðskáld og hefur sent frá sér sjö ljóðabækur og tvær skáldsögur.

„Ég hlakka til að takast á við starf blaðamanns hjá Bændablaðinu. Vettvangurinn er sannarlega fjölbreyttur og lifandi, alltaf nóg um að vera og þetta snýst jú um lífið í landinu,“ segir Steinnur. Netfangið hennar er steinnur@bondi.is /ghp



Sýklalyfjaónæmar bakteríur:

Raunveruleg hættu

Nýlegar bandarískar rannsóknir hafa leitt í ljós að rekja megi um 85 prósent allra þvagfærasýkinga þar í landi til E. coli bakteríusýkinga og átta prósent þeirra eigi uppruna sinn í kjúklinga- og svínakjöti.

Karl G. Kristinsson, prófessor og yfirlæknir á sýkla- og veirufæðeild Landspítalans, segir að hættan á því að sýklalyfjaónæmar bakteríur berist hingað til lands með innfluttum kjötafurdum sé raunveruleg og geti valdið miklum vandræðum í meðhöndlun á sýkingum af þeirra völdum í framtíðinni.

Karl segir að þessi prósentu kunnir að virðast lág en raunin sé sú að um gríðarlega mikinn fjölda tilfella er að ræða í ljósi tíðni þvagfærasýkinga.

Hætta á því að bakteríurnar taki sér bólfestu í íslenskum þörmum

„Þessi bandaríska rannsókn segir okkur að þessar bakteríur geta borist með kjötafurdum. Það getur verið varasamt fyrir lönd með lítið sýklalyfjaónæmi ef verið er að flytja inn kjötafurðir frá löndum þar sem sýklalyfjaónæmi slíkra baktería er útbreitt. Kjúklingar – og ýmsar aðrar kjötvörur – eru yfirleitt mengaðar af þarmabakteríum, þar á meðal af E. coli bakteríum. Við viljum síður að nær alónæmar þarmabakteríur berist inn í landið. Þarmaflóra manna og dýra á Íslandi er mun sjaldnar með fjölonæmar bakteríur en þarmaflóran í löndum Suður- og Austur-Evrópu og með auknum innflutningi á þessum vörum frá þessum löndum eykst hættan á að þessar ónæmu bakteríur taki sér bólfestu í okkar þörmum,“ útskýrir Karl.

„Þvagfærasýkingar eru mjög algengar sýkingar og geta leitt til lífshættulegra blóðsýkinga. Ef þessar sýkingar eru af völdum baktería sem eru nær alónæmar fyrir sýklalyfjum, þá er meðferð þeirra mun erfiðari. Þeim fylgir meiri sjúkdómsbyrði og dánartíðni. Þess vegna er mikilvægt að hægja á þessari þróun með öllum ráðum.“

Við á Landspítalanum, Keldum, Matís og Matvælastofnun erum með svipaða rannsókn í gangi hér á landi, nema að hún er víðtækari.



„Það er í fyrsta lagi að upprunamerkinga matvæli, þannig að upprunamerkingin sé rétt og hún endurspeglar í raun og veru uppruna vörunnar. Þá getur viðskiptavinurinn tekið upplýsta ákvörðun um hvort hann vilji þá taka þá áhættu að fá fjölonæma sýkla á eldhúsbörðid sitt með því að kaupa tiltekna vöru,“ segir Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklalyfjafæðeild Landspítalans. Mynd / HKr.

Við höfum safnað E. coli stofnum í mörg ár frá búfé, mönnum, matvælum og umhverfi. Við erum í samstarfi við þessa bandarísku háskólastofnun sem birti þessar niðurstöður á dögunum. Það er stefnan að rannsóknin gefi okkur með svipuðum hætti upplýsingar um uppruna þeirra E. coli stofna sem valda þvagfærasýkingum í mönnum hér á landi, en rannsóknin hefur tafist um tvö til þrjú ár vegna Covid-19 faraldursins.“

Skýrar upprunamerkingar

Karl segir að almennt sé mikilvægt að hafa tiltekin atriði í huga varðandi það hvernig hægt sé að sporna við þeirri þróun að þessar bakteríur berist inn í íslenska þarmaflóru.

„Það er í fyrsta lagi að upprunamerkinga matvæli, þannig að upprunamerkingin sé rétt og hún endurspeglar í raun og veru uppruna vörunnar.“

Þá getur viðskiptavinurinn tekið upplýsta ákvörðun um hvort hann vilji þá taka þá áhættu að fá fjölonæma sýkla á eldhúsbörðid sitt með því að kaupa tiltekna vöru.

Svo er mikilvægt að vera meðvitaður um það að ferðamenn

geta borið þessar ónæmu bakteríur til Íslands, jafnt Íslendingar sem útlendingar. Þar sem Íslendingar umgangast landann mun meira en útlendingar eru þeir líklegri til að dreifa þeim.“

Hann segir erfitt að setja reglur eða takmarka með beinum hætti innflutning á þessum vörum, en höfðar til samfélagslegrar ábyrgðar innflutningsaðila að vera meðvitaðir um ástand mála í þeim löndum sem flutt er inn frá.

„Sýklalyfjaónæmi er dauðans alvara. Samkvæmt skýrslu sem breska ríkisstjórnin lét gera árið 2016 var því spáð að árið 2050 yrðu um 10 milljón dauðsfalla í heiminum tengd sýklalyfjaónæmi. Það er meira en samanlögð dauðsföll vegna krabbameina og sykursýki. Covid-19 faraldurinn hefur svo hraðað þeirri þróun, því notkun sýklalyfja jókst á þeim tíma – sérstaklega inni á sjúkrahúsum. Á sama tíma var erfitt að viðhalda góðum sýkingavörnum. Úkraínustríðið hefur líka haft sitt að segja, því óhjákvæmilega berst eitthvað af þessum nær alónæmu bakteríum með hinum mikla fjölda flóttamanna þaðan sem hafa sest að í Evrópu.“ /smh

Leiðrétting

Vegna greinar um Kvæðamót á Hvammstanga viljum við koma á framfæri leiðréttingu. Í textanum var skekkja í vísuorði eftir Sæunni Jónsdóttir frá Illugastöðum. Textinn „Killi mara kussu mu“ er ekki rétt – heldur skal segja; „Killi mærra kussu hu“. Við þökkum Agnari Levy ábendinguna. /SP



FÓÐURBLANDAN

Gæði fyrir dýrin og þig!



FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800



FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Duftþakabraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is

Traustur félagi landbúnaðarins

Í vefverslun Skeljungs má finna margar gerðir af olíum fyrir vinnuvélar. Matvælavottuð smurfeiti, rúlluplast og áburð frá Sprett.



verslun.skeljungur.is
Í vefverslun er hægt að panta og fá vörur
sendar fyrir landbúnað.



FRÉTTIR

Breytt aðferðarfræði við útrýmingu á riðu

– Hraða á ræktun á riðupólum sauðfjástofni

Matvælaráðherra tilkynnti í lok apríl um breytta aðferðarfræði í átt að því markmiði að útrýma riðuveiki í íslensku sauðfé.

Fallist hefur verið á tillögur yfirdýralæknis um að markvisst verði unnið að hraðari ræktun riðupólins sauðfjástofns á svæðum sem eru skilgreind sem áhættusvæði, auk þess sem gripir með verndandi arfgerðir gegn riðusmiti verða undanskildar frá niðurskurði þegar riðutilfelli koma upp í hjörðum.

Þannig er gert ráð fyrir að hægt verði að rækta upp fjárstofn með verndandi arfgerðum á riðusvæðum sem myndi þá minnka verulega líkurnar á því að sjúkdómurinn geri vart við sig.

Eftir fimm ár verða hverfandi líkur á niðurskurði

Ákall hefur verið um þessa breyttu nálgun um nokkra hríð innan búgreinarinnar enda hefur á síðustu misserum verið ráðist í markvisst ræktunarfærni með verndandi arfgerðir gegn riðusmitum og má búist við að þúsundir lamba fæðist á þessu vori með þessar arfgerðir.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að yfir 80 prósent af ásettu fé á mestu áhættusvæðunum verði ólíklegt til að veikjast af riðu eftir fimm ár og þar með hverfandi líkur á niðurskurði. Stjórnvöld hafa tryggt nægt fjármagn til að áætlinin nái fram að ganga, eða alls 567 milljónir króna til næstu sjö ára. Þar á meðal eru arfgerðagreiningar á 15 til 40 þúsundum fjár árlega.



Breyta á um aðferðarfræði í átt að því markmiði að útrýma riðuveiki í íslensku sauðfé og verður áhersla lögð á hraðari ræktun riðupólins sauðfjástofns á ræktunarsvæðum sem eru skilgreind sem áhættusvæði. Mynd / smh

Aðkoma Íslenskrar erfðagreiningar

Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), hefur stýrt verkefnum varðandi arfgerðagreiningar og ræktunarfærni með verndandi arfgerðir. Hann fagnar útspli stjórnvalda en segir að enn hafi ekki átt sér stað viðræður um útfærslu á þeim stuðningi sem stjórnvöld hafi tryggt til verkefnanna. Hann reikni þó með því að fjármagnnið verði hægt að nota til að styðja við sæðingastöðvarnar og rannsóknarverkefni auk þess að niðurgreiða arfgerðagreiningar.

Hann segir að það sé einnig fagnaðarefni að Íslensk erfðagreining hafi lýst yfir vilja til að aðstoða RML við þær arfgerðagreiningar sem fram undan eru.

„Með aðkomu Íslenskrar erfðagreiningar að verkefninu er hægt að greina mikinn fjölda sýna á stuttum tíma og með hagkvæmari hætti. Við ætlum að prófa þetta samstarf núna í byrjun sumars og vonandi mun svo Íslensk erfðagreining koma inn í þetta að fullum þunga í haust.

Ljóst er að fjöldi sýna sem þarf að taka mun aukast jafnt og þétt á næstu árum. Það þarf að fylgja eftir notkun hríta með verndandi arfgerðir á komandi árum með markvissri sýnatöku,“ segir Eyþór, sem hefur lýst áhyggjum sínum af því að kostnaður bænda gæti orðið mjög íþyngjandi við þessar greiningar og utunumhald. /smh



Erfiðleikar hafa verið í rekstri sauðfjábúa frá því að hrun varð í afurðaverði árið 2017. Mynd / smh

Fjármálaáætlun:

Kostnaðarauki búgreina kallar á aukið fjármagn

Í umsögn Bændasamtaka Íslands um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2024–2028 segir að samtökin styðji eindregið þá framtíðarsýn stjórnvalda fyrir íslenskan landbúnað sem birtist meðal annars í stjórnarsáttmála, matvælastefnu og landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Hins vegar er áhyggjum lýst af rekstrarafkomu bænda, en að tryggja hana sé eitt af meginmarkmiðum búvörulaga og meta samtökin stöðuna þannig að fjármagn á bilinu 9.400 til 12.200 milljónir króna vanti inn í atvinnugreinina.

Auka þurfi hlutfall innlendra matvæla með samræmdum aðgerðum stjórnvalda, bænda og hagaðila í landbúnaði til að treysta fæðuöryggi.

Jafnvægi verði náð á tímabilinu

Umsögnin er um þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun og er sett fram í formi kynningar samtakanna á stöðu íslensks landbúnaðar árið 2023 þar sem lagðar eru til bæði langtíma- og skammtímaaðgerðir til að raungera megi framtíðarsýnina. Telja samtökin að grunnforsenda þeirrar framtíðarsýnar sé sú að jafnvægi verði náð varðandi afkomu íslensks landbúnaðar á tímabili fjármálaáætlunar.

Í stöðumatinu kemur fram að verðhækkunir aðfanga í landbúnaði á síðasta ári hafi ekki gengið til baka, auk þess sem fjármagns- og launakostnaður hafi hækkað verulega á milli ára. Flestar búgreinar standi frammi fyrir

miklum áskorunum í sínum rekstri og sé staðan ekkert frábrugðin frá síðasta ári. Gera samtökin ráð fyrir að það vanti á bilinu 9.400 til 12.200 milljónir króna inn í atvinnugreinina svo hún geti staðið undir rekstrarlegum skuldbindingum og eðlilegri launagreiðslugetu árið 2023.

Hörð samkeppni erlendis frá

Bændasamtökin segja að íslenskur landbúnaður standi frammi fyrir harðri samkeppni erlendis frá, til dæmis við risafyrirtæki eins og Danish Crown og Arla, sem skýra megi með lægra virði tollverndar. Styðja þau markmið um hagræðingu í íslenskum afurðageira, svo lengi sem hagræðingin skili sér til neytenda og bænda.

Samtökin segja að samkvæmt búvörusamningum hvíli ákveðin skylda á samningsaðilum. Bændur skuldbinda sig til að framleiða landbúnaðarafurðir, bændur og ríkisvaldið skuldbinda sig til að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar. Ríkisvaldinu beri að tryggja afkomu bænda. Í umsögninni eru sex markmið lögð til fyrir fæðuöryggisáætlun. Að gerðar verði reglulega úttektir á matvælabirgðum, skilgreindar verðir lágmarksbirgðir á matvælum og aðföngum til matvælaframleiðslu, gerðar verði viðbragðs- og neyðaráætlanir vegna matvælaþess, að sjálfbær og fjölbreytt matvæli verði framleidd hér á landi, að mikilvæg svæði til fæðuframleiðslu og vegna vatnsöryggis verði kortlögð og þau metin og loks að hugað verði

að stefnumótun í landnýtingu til matvælaframleiðslu með tilliti til landkosta og ræktunarmöguleika.

Fjármálaáætlun endurspeglar ekki skyldur

Telja samtökin að fjármálaáætlunin endurspegli ekki skyldur stjórnvalda; samkvæmt búvöru-lögum, búvörusamningum og fæðuöryggisáætlun, ekki heldur með tilliti til stjórnarsáttmála eða samkvæmt markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aukna kolefnisbindingu í landbúnaði.

Samtökin leggja til að ráðist verði í nokkur forgangsráðgjafi. Beinn stuðningur verði við innlenda framleiðslu sem viðbrögð við tímabundnum aðfangahækkunum, sem yrði á sama grundvelli og áburðar- og spretthópsgreiðslur voru á síðasta ári. Varðandi tollvernd er lagt til að niðurfelling tolla frá löndum utan Evrópusambandsins hafi ekki neikvæð áhrif á verð eða framboð íslenskra landbúnaðarvara og að raunverulegt og virkt eftirlit verði með framkvæmd tollverndar. Varðandi starfsumhverfi landbúnaðarins er lagt til að aukinn stuðningur verði tryggður við verkefnið um upprunamerkinguna Íslenskt staðfest. Þörf er talin á reglugerð um kröfur til merkinga á vörum unnum úr dýrum eða dýrafurðum á grundvelli sjónarmiða um velferð dýra. Þá segja samtökin að það sé grundvallaratriði að komið verði á sameiginlegum hagtolugrunni um allt sem snýr að landbúnaði. /smh

Riða:

Hvammsfjarðar- og Tvídægurúlína styrktar

Matvælaráðuneytið hefur samþykkt aukafjárveitingu til Matvælastofnunar (MAST) vegna viðhalds á Hvammsfjarðar- og Tvídægurúlínu.

Var sótt um viðbótarfjármagn vegna nýlegra riðutilfella á Norðurlandi vestra og umræðu um takmarkað viðhald á varnarlinum og verður því varið til viðhalds á Hvammsfjarðar- og Tvídægurúlínu. Samtals er um að ræða 4,5 milljónir króna sem koma til viðbótar því fé sem þegar hafði verið ákveðið að úthluta til viðhalds á þessum tveimur girðingum.

Segir á vef MAST að Matvælastofnun fagni því að auknum fjármunum sé veitt í sjúkdómsvarnir með þessum hætti. /sá



Reynt verður að styrkja varnargirðingar. Mynd / Ur safni

Vetrarsól er umboðsaðili

Sláttuvélar & sláttuorfr





Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar

40 ár á Íslandi



Snjóblásarar



VETRARSÓL

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

Taktu vel á móti vorinu



ENNEHM / SIA / INH-030333

N1 Vefverslun

Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



Tegera hanskar

Punnir hanskar með frábæru gripi. Lófar húðaðir með nitrílefni.

Litur: Svartur.

Stærðir: 9-11.

Vnr. 9640 8801



Strákústur

Strákústur með 150 cm löngu skafti. Viðarhaus, 40 cm breiður.

Vnr. A074 553000



Strekkiband

Blátt strekkiband með strekkjara og krókum.

Stærð: 10 m x 50 mm.

Vnr. 948 2001407



Tork handþurrkur

Mjúkur og sterkur tvöfaldur pappír fyrir handþurrkun og til að þurrka upp vökva og óhreinindi. Passar í TORK W2 vegg- og gólfkammara.

Stærð: 255 m lengd og 750 blöð.

Vnr. 6487 130052



Comma bremsuhreinsir

Öflugur fituleysir sem skilur eftir hreint og þurrt yfirborð. Hentar mjög vel til að hreinsa bremsu- og kúplingshluta.

500 ml brúsi 12 stk. í kassa.

Einnig hægt að fá í 5 l brúsum.

Vnr. 115 BC500M



N1 HD Universal Grease EP 2 smurfeiti

Alhliða smurfeiti með góðu hitavats- og titringsþoli ásamt öflugum háþrýstibætiefnum. Þykking: Lith./komplex. Grunnólía mm²/sek. 40°C: 215. Dropamark: >260°C. Notkun: -30 til 140°C. NLGI: 25.

0,39 kg.

Vnr. 0094 0670004

Verslanir N1 um land allt

Akureyri S. 440 1420 • Blönduós S. 440 1339 • Húsavík S. 440 1448
Höfn S. 440 1462 • Ísafjörður S. 456 3574 • Klettagarðar S. 440 1330
Ólafsvík S. 436 1581 • Patreksfjörður S. 456 1245 • Reyðarfjörður S. 474 1293
Reykjanesbær S. 421 4980 • Vestmannaeyjar S. 481 1127

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinnunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins. Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublað) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

LEIÐARI

Hvað kostar tollvernd?

Tollvernd er margslungið og frekar óaðgengilegt fyrirbæri. Því er ekki skrítið að fólk forðist að setja sig inn í málefnið. En allir hafa beina hagsmuni af því að skilja það.

Um 12,8% heildarútgjalda íslenskra neytenda fara í kaup á matvælum. Hlutfallið er svipað á Norðurlöndum og meðaltal ESB-landanna er 14,3%. Því er matvælaferð hér á landi hlutfallslega sambærilegt við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við.

Tollvernd er ekki bara mælistika á verðlag matvæla úti í búð, eins og fram kemur í þessu tölublaði Bændablaðsins. Hún er samofin stöðkerfi landsins. Hún stuðlar að fæðuöryggi þjóðar, nýtingu landsins gæða og byggð í dreifbýli.

Sverrir Falur Björnsson, hagfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, hefur tekið saman ýmsa tölfræði um tollvernd. Honum hefur reiknast til að tollvernd á kjöt árið 2022 hafi verið 14,7 milljarða króna virði miðað við sömu forsendur og útreikninga og birtast í skýrslu atvinnuvegaráðuneytisins árið 2021 um stöðu tollverndar. Ef þeirri upphæð er deilt með öllum íbúum landsins 18 ára og eldri, gerir það tæplega 4.200 krónur á mánuði. Ef við gerum ráð fyrir að sú upphæð deilist líka á þann fjölda ferðamanna sem eru á Íslandi, fellur upphæðin niður í 3.759 krónur. Það gera um 0,9–2% af grunnframfærslu miðað við viðmið umboðsmanns skuldara. Afnáam tollverndar myndi, samkvæmt því, skila sér í 1–2% bættari kjörum fyrir efnahagslega viðkvæmstu hópa þjóðarinnar.

Næstum öll lönd nýta sér tollvernd til að styðja sjálfbærni sína. Það er ekkert endilega betra á excel-skjalinu að rækta matinn heima, en það veitir ákveðið skjól að geta það. Það kallast fæðuöryggi.

Þaði Már Kristófersson hagfræðingur segir í fréttaskýringunni: „Ef þú spyrð hagfræðinga þá segja þeir að óþvinguð viðskipti séu góð. Tollar draga úr viðskiptum og eru því neikvæðir því þeir skapa kostnað.“ En í framhaldi undirstrikar hann, varaformaður Viðreisnar, að það sé ekki hægt að beita einföldum hagfræðirökum á fyrirbæri eins og tollvernd. Því tollvernd þjónar ekki bara hagfræðilegu hlutverki, sem hamlandi fyrirbæri á viðskipti. „Þetta stangast nefnilega á við markmið ríkja um að vera sjálfum sér nóg um einhvern hluta af eigin matvælaþörf.“

Í nær öllum löndum er tollvernd notað sem stjórntæki til að stuðla að fæðuöryggi. Tollvernd er ekki einungis vernd fyrir íslenska bændur, heldur alla þá sem koma að framleiðsluferlum, frá túninu að matarborðinu.

„Liggur hagar neytenda frekar í að styðja við framleiðslu í öðrum löndum og hafa fáa innflutningsaðila, frekar en að styðja við þá ótalmörgu framleiðendur og þjónustuaðila sem eru starfandi á íslenskum markaði?“ spyr Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.

Málið er nefnilega að hér á landi starfa nær 10.000 manns í landbúnaði og afleiddum störfum. Talið er að framleiðsluvirði landbúnaðar séu kringum 80.000 milljónir íslenskra króna.

Þessi atvinnuvegur stuðlar að því að hér geta landsmenn búið viðs vegar um eyjuna við framleiðslu á búvörum og tryggt okkur mat.

Ég borga 1.700 kr. í Spotify á mánuði, um 2.000 kr. í Netflix og 2.990 kr. í Storytel. Ég er alveg til í að borga 4.200 kr. á mánuði fyrir að vita að það er verð að stuðla að fæðuöryggi í landinu mínu.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.

Landbúnaður í fjármálaáætlun

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Liðið ár var ár áskorana í búrekstri vegna gífurlegra hækkana á öllum helstu aðföngum. Stjórnvöld studdu þó dyggilega við landbúnaðinn, líkt og aðrar þjóðir.

Nú þegar liðin eru nærri fimm mánuðir af þessu rekstrarári er ljóst að staða landbúnaðarins er lítið betri en hún var fyrir ári síðan. Hækkanir á aðföngum hafa lítið gengið til baka en auk þess hefur aðkeypt þjónusta og fjármagnskostnaður hækkað verulega. Bændasamtökin telja afar brýnt að stjórnvöld bregðist nú þegar við þeirri alvarlegu stöðu sem komin er upp í landbúnaði. Það eru verulegir breistir í rekstrarstöðum landbúnaðarins, sem nú þegar kemur fram í verulegum samdrætti í framleiðslu. Í ljósi stöðu matvælaframleiðslu í heiminum ættu stjórnvöld að huga að hvötum sem efla innlenda framleiðslu enda er og verður innlend landbúnaðarframleiðsla grunnur að fæðuöryggi þjóðarinnar.

Landbúnaður í fjármálaáætlun 2024–2028

Í fjármálaáætlun eru helstu áherslur sem snerta landbúnaðinn svofelldar:

- Efla fæðuöryggi og standa vörð um heilbrigði plantna og dýra, velferð dýra og öryggi matvæla.
- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar og auka bindingu.
- Skapa skilyrði til fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu með sjálfbæra landnýtingu og nýsköpun að leiðarljósi.

Þá eru í landbúnaðarkafli fjármálaáætlunarinnar talin upp nokkur atriði sem stjórnvöld líta á sem helstu áskoranir innlends landbúnaðar á komandi árum en þau eru:

- loftslags- og umhverfismál sem talin er ein helsta áskorunin
- nýsköpun
- matvælaöryggi
- örari breytingar á neyslumynstri
- auknar kröfur neytenda um upplýsingar um uppruna matvæla
- framleiðsluhættir
- umhverfisáhrif
- fæðuöryggi, og er þá bæði átt við að framleitt sé til innanlandsþarfa og tilheyrandi þarfa fyrir aðföng þannig að sú framleiðsla geti orðið.

Miðað við þær fjárveitingar sem ætlaðar eru til málaflokksins verður að telja að markmið bæði árána 2024 og 2028, sem snúa beint að framleiðendum, séu með öllu óraunhæf. Þannig er framleiðsla að dragast saman bæði í kjötgreinum og garðyrkju og án frekara fjármagns inn í greinarnar er slík þróun einnig fyrir séð til næstu ára. Þessi samdráttur hefur mjög neikvæð áhrif á fæðuöryggi, sjálfbærni og loftslagsmarkmið. Til að snúa þessari þróun við verður að bregðast strax við enda tekur umtalsvert lengri tíma að auka framleiðslu en að draga úr henni. Þannig má gera ráð fyrir að uppbygging framleiðslu sem fer að skila eðlilegum afurðum taki 3–7 ár eftir greinum.

Fjárfestingargeta atvinnugreinarinnar

Sé miðað við það fjármagn sem stjórnvöld áætla að veita til kornræktar á næstu fjórum árum er langt í land með að grundvallar starfsskilyrði fyrir aukinni kornrækt séu til staðar, s.s. tryggingavernd og afkomutryggingar.

Fjárfestingargeta er grundvöllur þess að hægt sé að aðlaga framleiðslu að nýjum, umhverfisvænni og loftslagsvænni framleiðsluaðferðum. Afkoma í mörgum greinum landbúnaðar er óásættanleg vegna



„Þannig er framleiðsla að dragast saman bæði í kjötgreinum og garðyrkju og án frekara fjármagns inn í greinarnar er slík þróun einnig fyrir séð til næstu ára. Þessi samdráttur hefur mjög neikvæð áhrif á fæðuöryggi, sjálfbærni og loftslagsmarkmið. Til að snúa þessari þróun við verður að bregðast strax við, enda tekur umtalsvert lengri tíma að auka framleiðslu en að draga úr henni.“

Mynd / Hlynur Gauti

mikilla aðfangahækkana sem ekki hefur verið hægt að velta út í verðlag, auk þess sem innlendar breytur er varða starfsskilyrði hafa einnig haft neikvæð áhrif. Því er fjárfestingargeta bænda lítil eða engin til að aðlaga sína starfsemi í samræmi við markmið stjórnvalda samkvæmt fjármálaáætlun.

Endurskoðun búvörusamninga

Þessa dagana standa yfir viðræður við samninganefnd matvælaráðuneytisins um endurskoðun núgildandi búvörusamninga. Haldnir hafa verið fjórir fundir um þau atriði sem fulltrúar bænda á búgreinaþingi samþykktu að leggja ætti áherslu á við endurskoðunina. Þar koma fram ýms lagatæknileg atriði sem nauðsynlegt er að laga og samninganefndin sammála um það. Aftur á móti er staðan erfið og við þessa endurskoðun hafa fulltrúar í samninganefnd ríkisins í raun enga heimild til að semja um aukna fjármuni inn í samningana sem eru í gildi, þrátt fyrir erfiða stöðu í frumframleiðslu matvæla hér á landi. Bændur eru að kljást við miklar hækkanir á aðföngum. Þá hefur launþróun á almennum vinnumarkaði haft sitthvað að segja.

Í búvörulögum segir að tryggja skuli afkomu bænda. Hvernig náum við því fram ef vilji til að koma til móts við bændur er enginn? Ráðherra matvæla hefur lagt fram á þingi metnaðarfulla landbúnaðarstefnu á þingi sem tekur á að efla framleiðslu hér á landi. Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar endurspeglar aftur á móti í engu þessi metnaðarfullu markmið um eflingu matvælaframleiðslu hér á landi. Molar eru líka braud sagði einhver, og það á ekki að gera lítið úr 500 milljónum á ári næstu fjögur árin til eflingar kornframleiðslu, sem ég vonast til að nýtist bændum vel í komandi framtíð. Vandinn er hins vegar mun stærri og bregðast þarf við þeim vanda sem stöðjar að framleiðslu búvara og þá sérstaklega í kjötafurdum sem framleiddar eru hér innanlands. Ef til vill er kominn tími á að búvörusamningar verði endurskoðaðir á hverju ári en ekki á fjögurra ára fresti?

Loftslagsmálin

Þrátt fyrir að ekki sé fjallað um loftslagsmál í gildandi búvörulögum þá er mikið fjallað um þann málaflökk í tillögu matvælaráðherra til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu

til ársins 2040. Í ljósi þeirra víðtæku markmiða og umfangsmiklu aðgerða sem þingsályktunartillagan boðar varðandi samspil landbúnaðar og loftslagsmála verður að telja nauðsynlegt að slíkir samningar verði gerðir milli núverandi samningsaðila búvörusamninga, auk umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Til að ná markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar og til að auka bindingu verður að beina verulega auknu fjármagni í formi fjárfestingastuðnings og jákvæðra hvata til landbúnaðartengdra verkefna.

Þá verður að nefna að verulega aukin innlend grænmetisframleiðsla er ein af þeim forgangsaðgerðum í landbúnaðarmálum sem tiltekin eru í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Innlend grænmetisframleiðsla hefur hins vegar verið að dragast saman vegna óhagstæðrar afkomu og starfsskilyrða.

Umræða um kolefnisspor og umhverfismál í samfélaginu snerta bændur og markmiðið sem stefnt er að hlýtur að hverfast um kolefnisjöfnun á innanlandsframleiðslu sem bændur eru að hluta til ábyrgir fyrir. Á þessum málum þarf að taka svo það sem telst til betri rekstrar skili sér til hagsbóta fyrir landbúnað. Á meðan eru bændur hvattir til þess að taka þátt í verkefnum eins og Loftslagsvænum landbúnaði, þar sem hver þátttakandi, hvert bú, metur möguleika til aðgerða í sínum rekstri. Þannig hafa flestir þátttakendur farið í aðgerðir sem snúa að því að minnka olíunotkun, bæta nýtingu búfjáraburðar og tilbúins áburðar eða auka afurðir. Þá eru miklir möguleikar í bindingu kolefnis í landgræðslu og skógrækt. Kolefnisbrúin er mjög mikilvægt verkefni sem unnið hefur verið að undanfarin ár sem loksins er að raungerast sem tæki bænda til aukinnar bindingar á kolefni á landi bænda um allt land. Við spyrjum okkur að því á hverjum degi hver sé staðan í dag á grunni landbúnaðar, ræktun lands, landgræðsla og binding á eldri skógum sem bændur hafa plantað til dagsins í dag?

Starfslok

Að lokum vil ég nota tækifærið, nú þegar okkar ágæti fjármálastjóri, Gylfi Þór Orrason, hefur látið af störfum sem fjármálastjóri eftir 40 ára starf hjá Bændasamtökunum. Færum við honum okkar innilegustu þakkar fyrir störf hans í þágu bænda og óskum honum alls hins besta í framtíðinni, **takk fyrir, Gylfi.**




JCB 3 var fyrsta traktorsgrafa byggð á grunni JCB. Framleiðsla hófst 1961.



Fyrsta traktorsgrafa JCB var smíðuð árið 1953 og byggð á Fordson Major. Myndir / AL



Joseph Cyril Bamford (JCB) var fyrstur til að framleiða glussadrifinn sturtuvagn árið 1948.



Ámóksturstæki á Ferguson voru vinsæl meðal bænda.



Tvær traktorsgröfur hvor í sinni viðhafnarútgáfunni við innganginn.

Breskur vélaiðnaður sem lifir enn

Bændablaðinu var boðið að skoða höfuðstöðvar JCB í Staffordskíri á Englandi. JCB er stofnað á Bretlandi og er starfsemi fyrirtækisins enn að miklu leyti þar. Starfsfólk JCB er stolt af sinni sögu, enda myndarlegt safn í höfuðstöðvunum. /AL



JCB setti hraðamet á dísilknúnu farartæki, 563 km/klst.



Einn af fyrstu skotbómulyfturum sem framleiddir voru komu frá JCB.



Forfeður Bamford voru járnsmiðir og framleiddu vélar fyrir landbúnað.



JCB postulínbolli með bresku tei.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Nú er loksins að lifna yfir öllu og öllum landsmönnum, blessuð sólin breytir öllu, og jafnvel kominn yllur í **Ingólf Ómar Ármannsson** sem yrkir fyrstu vísu þessa þáttar:

*Vonir kvikna, vaknar þrá,
vetrarkyljur þagna.
Kvaka þrestir kvisti á
komu vorsins fagna.*

Bjarni frá Gröf orti eftir að hafa horft á ungt fólk í einhverjum sjónvarpsþætti:

*Ósköp finnst mér æskan ljót,
út af heimsku troðin,
sýnir apans ættarmót
illa hirt og loðin.*

En það er ögn glaðlegra yfir næstu vísu eftir **Pétur á Hallgilsstöðum**, hverja hann orti til svarfðælskrar stúlku:

*Fallegt er í fjallasalnum,
finnst þar sunnan andi hlýr.
Fædd er hún í fagra dalnum,
-forsetinn áður rak þar kýr.*

Haraldur á Jaðri orti þessa fagurgerðu hringhendu til Sveins frá Elivogum:

*Myndir risti á minnisþjald,
málveig kyssti glaður,
aldrei missti á orðum vald
óðsins listamaður.*

Eftir **Jón Örn Jónsson frá Steðja** er næsta hringhenda:

*Finnast, kætast, kynning ná,
kveðjast, grætast, leynt að þrá,
angursbætur engar fá,
oft sú rætist normaspá*

Konráð Vilhjálmsson orti næstu heilræði:

*Þeir, sem óska á annað borð
allra hylli að njóta,
sigurlaun og sæmdarorð
síðla munu hljóta.*

Ludvík R. Kemp orti eftirfarandi grafskrift eftir ónefndan lækni:

*Sjaldan hlaut af lýðum lof,
lífs á brautum skeiðist,
frægðar naut, en oft um of
innanblautur reyndist.*

Þormóður Pálsson yrkir oddhent svo leikandi létt:

*Æskan dáir heiðið háa,
Hljóð og fáum kunn
siglir þráin silfurgljáa
svala, bláa unn.*

Theódóra Thoroddsen orti tvær næstu vísur:

*Gleðisjóinn geyst ég fer,
þó gutli sorg und kili,
vonina læt ég ljúga að mér
og lifi á henni í bili.*

*Hleður snjá um holt og börð.
Hel er þá að veiðum.
Verður smá um veglaus skörð
vörnin á þeim leiðum.*

Sr. Sigurbjörn Einarsson biskup kvað á unga aldri:

*Þá var stundum leikið af list,
leitað, beðið, fengið.
Oft var faðmað, oft var kysst,
oft var lengra gengið.*

Kristján frá Djúpalæk hringdi eitt sinn í skrifstofusíma Íslendinga, en fékk ekkert svar:

*Enginn vaknar enda þótt
úti vorid syngi.
Enn er sofið sætt og rótt
suður á Íslendingi.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og Heiður Huld Hreiðarsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar hjá Sjóvá, við undirritun samningsins.

Nánar um nýja tryggingu bænda

Allir félagsmenn Bændasamtaka Íslands á aldrinum 18–74 ára eru nú tryggðir með tímabundna afleysingu í allt að sex mánuði, verði þeir ófærir til starfa af völdum slyss eða sjúkdóms, samkvæmt nýjum samningi milli BÍ og Sjóvár.

Samningurinn tók gildi 1. apríl sl. Félagmenn munu því framvegis leita til Sjóvár varðandi bætur en ekki til Velferðarsjóðs BÍ eins og áður. Sjóðurinn stendur straum af greiðslu iðgjalda fyrir hópryggingu sem og greiðslu á eigin áhættu.

Hér að neðan er að finna helstu upplýsingar um trygginguna. Starfsfólk BÍ getur veitt nánari upplýsingar en að öðru leyti skal leita til Sjóvár varðandi bætur og meðhöndlun tjóna.

Spurt og svarað um staðgengilstryggingu

- **Hvað er staðgengilstrygging?** Staðgengilstrygging greiðir kostnað við staðgengi eða aðkeypta þjónustu sem fellur til ef félagsmaður verður óvinnufær í a.m.k. þrjú mánuði af völdum veikinda eða slysa.
- **Hverjir eru tryggðir í staðgengilstryggingu?** Staðgengilstrygging nær yfir alla félagsmenn Bændasamtaka Íslands á aldrinum 18 til og með 74 ára.
- **Hvað eru bætur staðgengilstryggingar háar og hvað eru þær greiddar lengi?** Bætur geta orðið allt að 350.000 kr. á mánuði og eru greiddar í sex mánuði að hámarki, þó ekki fyrir fyrsta mánuð óvinnufærni.
- **Hvað þarf óvinnufærni að vera mikil til að eiga rétt á bótum úr staðgengilstryggingu?** Óvinnufærni þarf að vera 50% að lágmarki til að eiga rétt á bótum úr staðgengilstryggingu.
- **Hvenær falla nýir félagsmenn Bændasamtakanna undir staðgengilstryggingu?** Nýir félagsmenn eru tryggðir í staðgengilstryggingu eftir þrjú mánuði frá félagsaðild.
- **Hvernig sækir ég um bætur?** Félagmenn tilkynna tjón til Sjóvár og þurfa að leggja fram gögn (kvittanir/reikninga) fyrir útlögðum kostnaði vegna afleysingarmanneskju eða aðkeyptrar þjónustu sem sérstaklega var stofnað til vegna óvinnufærni og eru viðbót við hefðbundinn kostnað við búreksturinn. Rafræn skilríki eru notuð til auðkenningar. Tjón eru tilkynnt á vef Sjóvár.

Reykhólahreppur:

Yngsti bóndi landsins

Kolbeinn Óskar Bjarnason, keypti í vor bústofn og fjárhús á Kötullandi, sem er í útjaðri þorpsins á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Hann er fæddur í júlí 2005 og þar með enn 17 ára.

Aðspurður af hverju hann ákvað að fara í búskap, svarar Kolbeinn að hann sé mjög áhugasamur um landbúnaðarstörf. Sá sem var með búskapinn áður hafði hug á að hætta í lok vetrar og bauð Kolbeini búreksturinn til kaups. Fyrri bóndi á Kötullandi er ekki tengdur Kolbeini fjölskylduböndum. „Hann var bara að leita að kaupanda og vissi að ég hafði áhuga,“ segir Kolbeinn.

Aðdragandinn að eigendaskiptunum var ekki langur, en það var ekki fyrr en seint í vetur sem viðræður milli Kolbeins og fyrri eiganda hófust fyrir alvöru. Ábyrgðin á búskapnum færðist í hendur Kolbeins fyrir einum og hálfum mánuði og segir hann allt hafa gengið vel síðan þá. Fyrstu ærnar bera í byrjun maí og ætlar Kolbeinn að nýta sumarfríð sitt til að sinna sauðburði. Þegar Bændablaðið heyrði í Kolbeini í síðustu viku var sauðburður ekki hafinn og enn nokkuð rólegt í búskapnum.

Kötullandi fylgir ekki stór eignarjörð, en hann leigir 24 hektara af túnum frá hreppnum. Engar vélar fylgdu kaupnum, fyrir utan eina haugsugu. Hann segist fá mikla hjálp frá bæjunum í kring ef þörf er á vélavinnu. Bústofninn núna er 220 vetrarfóðraðar.

„Þetta er bara æðislegt – að geta gert eitthvað sjálfur,“ segir Kolbeinn aðspurður um hvernig nýfengið hlutverk leggist í hann. Kolbeinn er með nokkra reynslu af landbúnaðarstörfum, en hann hefur



Kolbeinn Óskar Bjarnason er yngsti bóndi landsins. Hann er með 220 kindur í fjárhúsum við þorpið á Reykhólum.

Mynd / Aðsend

unnið sem vinnumaður í þrjú sumur á kúabúi í Landeyjum, ásamt því að hafa búið um tíma hjá frænda sínum sem rekur stórt sauðfjárbú.

Aðspurður um hvaða stefnu hann ætli að taka í búskapnum, segir Kolbeinn að hann vilji ná sem

mestum fallþunga hjá lömbunum og fullnýta fjárhúsin. Hann segir byggingarnar bjóða upp á hátt í 400 vetrarfóðraðar. Meðfram búskap starfar hann í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum.

/ÁL

Sauðfjárrækt:

Vilja leyfa kaup á líflömbum með verndandi arfgerð

Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna skorar á Matvælastofnun að leyfa kaup á líflömbum sem bera verndandi arfgerð gegn riðuveiki milli sauðfjárbúa innan varnarhóls í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi þessa.

Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna var haldinn á Flúðum, 23. apríl 2023. Í ályktun fundarins eru baráttukveðjur sendar til sauðfjárbænda í Miðfirði.

„Verndandi arfgerðir fyrir riðu hafa fundist hér á landi og því verða stjórnvöld að bregðast við strax með auknu fjármagni til rannsókna og arfgerðagreininga. Með því megi flyta fyrir riðuþolnum stofni og koma í veg fyrir kostnaðarsaman, umdeildan og sársaukafullan niðurskurð sem hefur verið veruleikinn fram til þessa.

Fundurinn skorar á Matvælastofnun að leyfa kaup á milli sauðfjárbúa innan sveitarfélags og/ eða varnarhóls á líflömbum sem bera í sér verndandi arfgerð gegn riðuveiki. Með því móti má hraða mikilvægri þróun í baráttunni við þennan illvíga sjúkdóm, sporna gegn skyldleikaræktun og stytta þann tíma sem tekur bændur að koma sér upp hjörðum sem að fullu bera verndandi arfgerð gegn riðu.

Jafnframt skorar fundurinn á yfirvöld að bændum verði heimilt að sækja fé sitt í réttir, óháð varnarlínunum, beri féð sannarlega í sér þessa verndandi arfgerð. Þá hefur



Með því að leyfa kaup á líflömbum með verndandi arfgerð má flyta fyrir riðuþolnum sauðfjárstofni.

Mynd / HGS

fundurinn efasemdir um margar hinna svokölluðu varnarlína í núverandi mynd sem engan veginn hafa staðið undir nafni sem slíkar.

Fundurinn lýsir einnig yfir stuðningi við ályktun sem fundur sauðfjárbænda í Miðfirði sendi frá sér þann 16. apríl síðastliðinn sem og stuðningsyfirlýsingu stjórnar og hvetur matvælaráðherra til að innleiða nú þegar viðauka VII í heild við ESB-reglugerð nr 999/2001 sem tók gildi á Íslandi 2012 (reglugerð 41/2012), en sá kafli var undanskilinn við innleiðingu reglugerðarinnar.

Þá sendir fundurinn góðar kveðjur til sauðfjárbænda um land allt með von um að vorið verði hagfellt á komandi sauðburði og hvetur til þess að allir leggi sitt af mörkum í hinu stóra verkefni fram undan sem er að byggja upp verndandi arfgerð gegn riðu í íslensku sauðfé.

Að lokum sendir Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna hlýjar baráttukveðjur til sauðfjárbænda í Miðfirði í Húnavatnssýslu og vonast er til að síðasti niðurskurðurinn vegna riðu sé afstaðinn,“ segir í ályktun frá Sauðfjárræktarfélagi Hrunamanna.

/ghp

Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæspir, 2–3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2–3 m (Sælandsaspir, keisaraspir og iðun). Íslenskt birki 2–3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

NÝTT Á MARKAÐI!

CAN-AM TRAXTER 6X6



can-am



**FYRSTU BÍLAR VERÐA KLÁRIR
TIL AFHENDINGAR Í JÚNÍ**

1000cc / 82 hö.

770+ kg burðargeta

1600+ kg dráttargeta

6x6 drif með
ViscoLok læsingu

Kynningaverð:

4.830.000 kr. +vsk

Fullt verð: 5.990.000 kr. m/vsk



ELLINGSEN

Vinlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

FRÉTTIR



Ákall er eftir að virkja orku hinna vestfirsku fjalla.

Mynd / Ál

Þörf á vestfirskum vatnsaflsvirkjunum

Ótrygg raforka á Vestfjörðum stendur uppbyggingu fyrir þrifum. Þörf er á nýjum virkjunum að lágmarki 25 megavött.

Efla þarf flutningskerfið til að auka afhendingaröryggi og takmarka flutningstöp. Varaafl framleitt með jarðefnaeldsneyti skiptir enn miklu máli.

Fram til ársins 2030 er áætlað að 20 megavött þurfi í orkuskipti og rafvæðingu á höfnum, smábátum, þungaflutningum og einkabílum. Enn fremur má gera ráð fyrir að 15 megavött þurfi til að mæta uppbyggingu nýrra fyrirtækja á svæðinu. Orkuþörf Vestfjarða fer því úr 50 megavöttum í 85. Þetta er meðal þess sem kom fram á Orkuþingi Vestfjarða 12. apríl sl.

Samþykktir hafa verið tveir virkjanakostir í rammaáætlun sem

geta hvor um sig uppfyllt áður nefnda orkuþörf, þ.e. Austurgilsvirkjun og Ófeigsfjarðarvirkjun. Jafnframt er til skoðunar virkjunarkostur í Vatnsdal í Vatnsfirði. Í undirbúningi er virkjun í Steingrímsfirði sem getur skilað allt að 10 megavöttum.

Líklegt er að hringtenging flutningskerfis raforku á norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum verði lokið á næstu þremur árum. Með aflaukningu og eflingu flutningskerfisins mun afhendingaröryggi aukast um 90 prósent. Vegna ótryggrar afhendingar á raforku skiptir jarðefnaeldsneyti miklu máli við framleiðslu á varaafli.

Til staðar eru ljósavélar sem geta framleitt 28 megavött raforku, ásamt tólf megavatta olíukatli tengdum fjarvarmaveitu.

/ÁL



Frá kynningu skýrslu ÍSOR: (f.v.) Magnús Ólafsson, Steinunn Hauksdóttir, Árni Magnússon, forstjóri ÍSOR, Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Auður A. Óladóttir og Sigurður G. Kristinnsson.

Mynd / Umhverfisráðuneytið

Hitaveitur:

Rjúfa verði kyrrstöðu í jarðhitarannsóknnum

– Talin þörf á sérstöku átaki til að bregðast við aukinni eftirspurn

Í nýrri skýrslu Íslenskra orkurannsóknna (ÍSOR) um stöðu hitaveitna og nýtingar jarðhitavats til húshitunar, sem kynnt var 5. maí, kemur fram að um 2/3 þeirra hitaveitna sem úttekt nær til sjá fram á aukna eftirspurn og telja fyrir sjáanleg vandamál við að mæta henni. Þá þarf tæpur helmingur hitaveitna að fara í kostnaðarsamt viðhald á innviðum og dreifikerfi.

Skýrsluhöfundar leggja til að farið verði í sérstakt átak til að aðstoða núverandi hitaveitur við að bregðast við aukinni eftirspurn. Ávinningur þess verði bætt rekstraröryggi veitna og að draga muni úr niðurgreiðslum vegna rafkyntar húshitunar. Þá vinni slíkar aðgerðir með loftslagsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar og auki lífsgæði sem fólgin séu í aðgengi að jarðhitavati. Ísor telur að með nýjum rannsóknaraðferðum, aukinni tæknipróun og bættum úrvinnsluáferðum og þekkingu megi búast við að hægt verði að finna nýtanlegan viðbótarjarðhita fyrir margar hitaveitur og útfæra aðrar tæknilausnir til húshitunar.

Niðurstöður rannsókna ÍSOR gefa til kynna að margar hitaveitur sjái fram á að geta ekki sinnt fyrir sjáanlegri eftirspurn. Stafar það einkum af skorti á grunnrannsóknnum á jarðhita og takmörkuðu framboði á bortækjum og sérfræðipekkingu. Þá hamlar erfiður rekstur sveitarfélaga og takmarkað aðgengi að fjármagni viðbrögðum við vaxandi eftirspurn, auk þess sem leyfisveitingaferli er talið flókið og ágreiningur er um réttindi og leyfi frá landeigendum.

Unnið var með allar reglugerðarveitur en þær vinna úr 63 jarðhitasvæðum. Ákveðnir þættir í starfsemi hitaveitnanna voru rannsakaðir til að gera þær samanburðarhæfar og meta hvað vantar upp á. Metinn var forði og umframgeta hvers svæðis fyrir sig og möguleikar á stækkun og hvort veitan væri sjálfbær, ágeng eða ósjálfbær.

Samkvæmt niðurstöðum er vinnsla hjá 4 hitaveitum metin ágeng



Hitaveitur sjá fram á aukna eftirspurn.

Mynd / Sam Bark

og 24 hitaveitur sjá fram á meira en 10 prósent aukningu á næstu 5 til 10 árum. Níu hitaveitur, sem hafa möguleika á stækkun, horfa fram á yfir 50% aukningu í eftirspurn og sambærileg aukning í eftirspurn er hjá þremur veitum sem ekki eru taldar hafa möguleika á stækkun að svo stöddu. Þær 7 hitaveitur sem komu best út samkvæmt úttektinni eru margar stærri og með meiri vinnslu en þær veitur sem fengu lægsta einkunn.

Sveigjanleiki og stærðarhagkvæmni gerir hitaveitum auðveldara um vik að svara aukinni eftirspurn og takast á við vanda í rekstri.

Lítill framþróun

ÍSOR leggur til að horft verði á mikilvæg langtíma verkefni. Þörf sé á heildstæðum grunnrannsóknnum á sviði jarðhita, en þær séu forsenda sjálfbærrar nýtingar jarðhita til framtíðar. Slíkar rannsóknir séu sérhæfðar á sviði jarðhita og krefjast sérþekkingar og tækja sem mikilvægt sé að viðhalda á Íslandi svo að alþjóðlegt samkeppnisforskot á sviði jarðhitanytingar tapist ekki.

„Á 7. og 8. áratugum varð þessi stóra bylting þar sem jarðhiti varð ráðandi hitaveitugjafi til húshitunar. Síðan hefur lítið sem ekkert breyst. Í vetur erum við komin í þá aðstöðu að eiga á hættu að missa þá frábæru

stöðu sem við vorum komin í,“ sagði Auður Agla Óladóttir, jarðfræðingur hjá ÍSOR, þegar skýrslan var kynnt.

Áskoranir hitaveitna á Íslandi eru einkum að afla jarðvísindalegra grunnrannsókna á jarðhita til að auka þekkingu á auðlindinni og kostnaður við boranir á rannsóknar-, vinnslu- og/eða niðurdælingarholum. Þá sé viðhald og/eða stækkun dreifikerfa og innviða mikil áskorun og jafnframt að nýta vatn betur. Það megi gera með því að stuðla að orkusparnaði notenda og tæknilegum lausnum, svo sem niðurdælingu og nýtingu bakrásarvatns.

Guðlaugur Þór Þórðarson, ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála lét vinna skýrsluna í kjölfarið á fréttum um erfiða stöðu hjá mörgum hitaveitum sl. vetur.

„Skýrslan er til fyrirmyndar, skýr og góð, en niðurstöðurnar ekki góðar – en þó góðar að því leyti að þær eru grunnar að góðri ákvarðanatöku,“ sagði Guðlaugur Þór þegar skýrslan var kynnt. „Okkur ber skylda til að nýta þau tækifæri sem við erum með og byggjum á afskaplega góðum grunni. Það sem við erum að gera núna byggir á þekkingu og reynslu fyrri kynslóða. Í grunninn snýst þetta um samkeppnisstöðu okkar og loftslagsmálin.“

Skýrslan er aðgengileg á vef stjórnarráðsins.

/sá

Áminningarbréf frá ESA

Eftirlitsstofnun ESA hefur sent íslenskum stjórnvöldum formlegt áminningarbréf um starfsemi blóðtöku úr fylfullum hryssum.

Þau kalla eftir því að EES-reglum um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni sé beitt rétt.

Áminningarbréfið kemur í kjölfar kvörtunar sautján félagasamtaka sem Eftirlitsstofnuninni barst í apríl árið 2022. Þar lýsa félagasamtökin að starfsemi blóðtökunnar hér á landi væri andstæð ákvæðum EES samningsins.

Bréfið er upphaf að hugsanlegri málsókn eftirlitsstofnunarinnar gegn íslenskum stjórnvöldum fyrir brot á ákvæðum EES samningsins. Íslensk stjórnvöld hafa tvo mánuði



til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður stofnunin ákveður hvort málið verði tekið lengra./ghp

Atvinna í boði Reykjabúið ehf / Ölfus

Reykjabúið ehf auglýsir eftir rökum aðila til að taka að sér þrif á fuglahúsum í Ölfusi.

Fuglahús eru mokuð og sápu þriffin eftir hverja eldislotu.

Árðandi að viðkomandi temji sér verklag og umgengisreglur sem gilda í svona starfsemi.

Nánari upplýsingar veitir Jón Magnús,
s. 566 8250 - reykjabuid@kalkunn.is



Reykjabúið ehf, 271 Mosfellsbæ

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ

EKKERT ER STÆRRÁ EN NÁTTÚRAN



Landbúnaðarháskóli Íslands
LBHÍ Náttúrulega framúrskarandi háskóli

FRÉTTIR

Enn er hættu á fuglaflensu


Matvælastofnun vekur athygli á því að enn sé hættu á að skæðar fuglaflensuveirur berist með farfuglum til landsins nú í byrjun sumars.

Metur stofnunin stöðuna sem svo að fuglaflensa hafi líklega ekki viðhaldist í íslenskum staðfuglum í vetur og því hefur hún lækkað viðbúnaðarstig sitt niður á stig tvö, úr stigi þrjú.

Alifuglar hafðir innanhúss eða undir þaki

Vegna hættunnar á smiti frá farfuglum gilda þó áfram hertar sóttvarnarráðstafanir sem gefnar voru út í Stjórnartíðindum 25. mars á síðasta ári og fela í sér meðal annars að alifuglar og aðrir fuglar í haldi skulu hafðir innanhúss eða í lokuðum gerðum undir þaki.

Á vef MAST kemur fram að frá því í október 2022 hafi orðið áberandi fækkun tilkynninga frá almenningi um fund á veikum og dauðum, villtum fuglum. Fuglaflensa hafi ekki greinst í þeim fáu sýnum sem hægt var að taka og því er talið að smiti í villtum fuglum með skæðum fuglaflensuveirum hafi fjarað út í vetur þrátt fyrir að veirurnar hafi fundist síðastliðið haust í staðfuglum eins og hröfnum, örnum og svartbökmum.



Í vetur voru óvenju margar greiningar í máfum í Frakklandi, Belgíu, Hollandi og á Ítalíu. Mynd / Nelson Eulalió

Mikilvægt að tilkynna um dauða fugla

Margir íslenskir farfuglar koma frá svæðum í Belgíu, Hollandi og á Bretlandseyjum – þar sem skæð fuglaflensa hefur geisad í vetur – og eru því enn töluverðar líkur á að farfuglar sem eiga eftir að koma geti borið með sér smit.

Almenningur er beðinn um að tilkynna um dauða og veika, villta fugla, nema augljóst þyki að þeir hafi drepist af öðrum orsökum en veikindum. Tilkynningarnar séu mjög mikilvægar þótt ekki séu alltaf tekin sýni, því þær gefa vísendingar um hversu mikið er um sýkingar og hversu útbreiddar þær eru. /smh



Luis Segura, maltbyggsérfræðingur og fjárfestir, vill reisa malthús hér á landi. Hann kom hingað til lands með sérvalin byggirki til prófunar og gæddi sér á íslenskum veigum. Mynd / ghp

Kornrækt:


„Bjór hjálpar bændum“

– Erlendur fjárfestir hyggst reisa malthús hér á landi

Á dögunum var hér á landi staddur Luis Segura, maltbyggsérfræðingur og fjárfestir, til að afhenda Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskólans byggirki til prófunar. Markaði heimsóknin upphaf samstarfs hans og Lbhí en markmið hans er að reisa hér á landi stærðarinnar malthús, verksmiðju sem maltar bygg til ölgerðar.

Luis starfar fyrir fyrirtækið Handel und Beratung est. 2016 og segist hafa áratuga reynslu á vettvangi maltverksmiðja og brugghúsa. „Fyrir nokkrum árum gerði ég kostnaðargreiningu á orkuþörf við möltun byggs og komst að þeirri niðurstöðu að um 30% af kostnaði framleiðslunnar fer í orkunotkun. Á þeim tíma var áhersla lögð á að hafa malthúsin nálægt viðskiptavinum, brugghúsunum. Hins vegar hafa tímarnir breyst og hlutfall orkukostnaðar í framleiðslu maltbyggs er farin að vera á milli 50-60%“, segir Luis.

Orkan er því orðið forgangsráði og leita framleiðendur maltbyggs eftir því að færa framleiðslu á svæði þar sem aðgengi er að ódýrari orku. Enn fremur sé vaxandi krafa um minni notkun kolefnis við alla framleiðslu. Hann, ásamt viðskiptafélögum sínum í Þýskalandi, hafa því fengið augastað á Ísland og telja það kjörlið fyrir framleiðsluna. „Hér hafið þið ekki bara endurnýjanlega, heldur endalaus orku og vatn, sem er það sem þarf í maltbyggsframleiðslu.“



Hvað er möltun?

Bygg til ölgerðar þarf að malta. Þá er það látið spíra til að brjóta niður sterkju og gera hana aðgengilega fyrir gersvepp sem notaður er til að öli verði áfengt. Orðið möltun kemur af því að við niðurbrot sterkjunnar verður til maltósi, sykur. Möltunarferli tekur um sjö daga, og hægt er að framleiða maltbygg allan ársins hring.

Gera þarf meiri kröfur til byggs sem fer til möltunar en þess byggs sem notað er í föður. Til að gera framleiðsluferil maltbyggs sem skilvirkast þarf einsleitt korn með háa spírunarprósentu sem skilar háu maltinnihaldi. Algengast er að maltkorn sé tvíraða.

Húsnæði hugsanlegs malthúss yrði um 5.000 fermetrar að stærð og gæti starfsemin skapað um 10–12 störf. Æskilegast væri að staðsetja slíka verksmiðju við höfn og ekki væri verra ef hún væri nálægt kornsamlagi.

Tíu milljarða fjárfesting

Luis segir að ef af verður yrði innflutningur á byggi til vinnslunnar kannski óhjákvæmilegur fyrst um sinn, en þegar fram líða stundir er stefnan þó að nota bygg ræktað hérlendis. „Það fyrsta sem við viljum gera er að láta framkvæma prófanir á nokkrum maltyrkjum til að sjá hvort þau þrífist hér. Því er ég hingað kominn með sérvalin yrki frá Þýskalandi, Ástralíu, Frakklandi, Mexíkó og Finnlandi til að sjá hvernig þau bregðast við aðstæðum.“

Starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvar sáðu yrkjunum í tilraunareiti á Gunnarsholti og því er niðurstaðna prófana að vanta strax í haust.

Luis undirstrikar að fyrirhugað verkefni sé hugsad í samstarfi við íslenska kornbændur. „Við viljum ekki eingöngu koma hingað og notfæra okkur orkuauðlindir ykkar. Við viljum líka styðja við íslenska landbúnaðarframleiðslu og sé ég mikla möguleika fyrir sjálfbæra starfseminu hér á landi.“

Ef vel gengur gætum við ræktað maltbygg fyrir allan innlendan markað en einnig aflað töluverðra útflutningstekna fyrir landið. „Auk þess leita Luis og félagar hans að innlendum samstarfsaðilum við að fjármagna verkefnið. Honum reiknast til að innanlandsþörf fyrir maltbygg sé kringum 4.000 tonn á ári en út frá stærðarhagkvæmni sé lítið vit í öðru en byrja á malthúsi sem getur annað að minnsta kosti 60.000 tonnum á ári. Fjárfestingin yrði kringum 10 milljarðar króna.“

„Ég er sannfærður um að malthús á Íslandi feli í sér mikla útflutningsmöguleika. Ímyndaðu þér þegar siglingaleiðin yfir Norðurskautið opnast, þá væri auðvelt aðgengi að Japansmarkaði, sem er stórt viðskiptaland okkar nú þegar.“

Luis er skiljanlega mikill aðdáandi bjórs og smakkaði nokkra slíka frá íslenskum brugghúsum í heimsókn sinni. „Bjór er góður drykkur. Hann er bæði félagslegur og hollur. Hann inniheldur færri kaloríur en appelsínusafi. Svo stuðlar hann að landbúnaðarframleiðslu, bjór hjálpar því bændum.“

/ghp

Viðræður um rekstur Herjólfss

Innviðaráðuneytið hefur samþykkt beiðni Vestmannaeyjabæjar um að hefja viðræður um endurskoðaðan og endurnýjaðan þjónustusamning ríkisins og sveitarfélagsins um rekstur Herjólfss.

Hefur þegar verið skipuð viðræðunefnd vegna málsins af hálfu Vestmannaeyjabæjar samkvæmt fundargerð bæjarstjórnar frá 4. maí. Til stendur að greina kosti þess að fela sveitarfélaginu áfram rekstur ferjunnar. Stjórn Herjólfss ohf. bókaði í fundargerð um miðjan apríl að framlög ríkisins til rekstrarins hefðu lækkað um 145 milljónir króna á samningstímanum auk þess sem allur rekstrarkostnaður hefði hækkað.

Var lögð fram tillaga um 9% hækkun gjaldskrár fyrir farþega og farartæki frá og með 5. maí, að fengnu samþykki Vegagerðar og bæjarráðs. Þjónustusamningur



Vestmannaeyjar. Mynd / Ylona M.Rybka

ríkisins og Vestmannaeyjabæjar um ferjusiglingar til Vestmannaeyja rennur út 1. október í ár. Í bréfi innviðaráðuneytisins til Vegagerðarinnar frá 14. apríl kemur fram að mikilvægt sé að Herjólfur sé rekinn með eins hagkvæmum hætti og unnt er um leið og fullnægjandi þjónustustig sé tryggt. Áist ekki í viðræðum við Vestmannaeyjabæ markmið um hagkvæmni og þjónustustig í rekstri ferjunnar, muni Vegagerðin hefja undirbúning útboðs á rekstri Herjólfss. /sá

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



Byggakur í Gunnarsholti.

Mynd / ghp

Kreativ Dental Ísland



25 ára reynsla

Rúmlega 4000 Íslendingar hafa notið þjónustu okkar frá árinu 2016

Nýtt bros
-
Nýtt líf

Nokkrar af fjölmörgum umsögnum af samfélagsmiðlum tannlæknastofunnar Kreativ Dental í Búdapest

„Ástandsskoðun. Fyrsta árs skoðun. Ég er búin að fara í tannmyndatöku hjá Tannlæknadeildinni í Háskóla Íslands. 3 nemar fóru yfir ástandið þar á meðal erlendur tannlæknir sem er á endurmatnámskeiði hér og leist mjög vel á verkum og tók fram hvað tennurnar væru fallegar. Síðan fór lektor yfir ástandið á tönnunum og skoðunina hjá nemunum. Mér hefur alltaf fundist einn plantinn laus og hef farið til tannlæknis til að láta athuga það en hann er alveg fastur, bara bil á milli tannana. [Mín hræðsla] Ég verð að segja ykkur að lektorinn var mjög ánægður með ástandið á tönnunum, gerðina og efnið sem ég hafði valið, handverkið væri til fyrirmyndar og liturinn passaði vel. Talaði um að flögunar sem halda gömnum uppi væru í góðu ástandi og ég þyrfti að passa upp á þær því þær væru svo finlegar. Hann spurði hvar ég hefði fengið þetta fina verk og vildi gjarnan fá að fylgjast með hvað þær entust lengi. Ég fór náttúrulega í sælu út frá þeim. Langaði til að láta ykkur vita af þessari frábæru umsögn. Mig langar til að fresta ferð út þangað til á næsta ári svo ég sendi myndirnar til Gríms og tannlæknirinn minn úti fór yfir þær og þau segja að þetta gildi fullkomlega sem ábyrgðarskoðun þetta árið.“

„Hvað skal segja þegar varla eru til lýsingarorð til að lýsa þjónustu framkomu og öllu sem varðar þessa stofu Er hæst ánægð með allt fyrir utan það að vera yfir mig ástfangin af Búdapest.“

„För í febrúar og fékk krónur og brýr. Ég er mjög ánægður með Grím umboðsmann okkar og einnig frábærir Hjalti og Atli sem veittu mér mikinn stuðning í ferli mínu. Frábærir fagmenn hjá Kreativ Dental og þjónustan til mikillar fyrirmyndar. Eina sem ég þurfti að gera sjálfur var að panta flugmiða og mæta í flug. Annað sá Grímur um að skipuleggja fyrir mig, fyrsta tímabókun hjá tannlækni, allar ferðir og pöntun á hóteli. Verð mjög hagstæð fyrir kunnann. Ábyrgðir fylgja og verð stóðust frá tilbodsgerð til loka vinnu. Ég fékk flotta vinnu við minar tennur og gæti ekki verið ánægðari með tannlækni. Mæli með Kreativ Dental.“

„Ein af mínum uppáhaldsstundum lífsins, að standa upp úr stólum hjá þeim og brosa framan í heiminn.“



„Takk fyrir góða þjónustu. Flott þjónusta og miklir fagmenn.“

„Frábært. Elska að fara þarna alltaf verið hrædd við tannlækna e ekki þarna.“

„Komin á staðinn upplifði ég algjört öryggi. Þar var tekið vel á móti manni frá fyrstu stundu. Frábært hótél með útsýni yfir Dóná fljótið. Var skutlað til og frá og allir í öryggisbúnaði hjá tannlæknunum. Ég hef aldrei hitt jafn færa tannlækna eins og á Kreativ Dental. Það tekur enga stund, þú finnur varla til og samt er þetta allt mjög vel og vandlega gert. Ég er rosalega ánægð með allt sem fyrir mig var gert og mæli með Kreativ Dental hundrað prósent!“

„Það er hugsað fyrir öllu maður sóttur á flugvöllinn, keyrður á hótelið og skutlað á tannlæknastofuna. Hljólegar og notalegar tannlæknastofur, fagfólk hvert sem lítið er sem vill allt fyrir mann gera, fékk frábæra þjónustu og toppurinn að hafa íslenska eðalpilta til aðstoðar. Kærar þakkar fyrir mig.“

„Við hjónin höfum nú lokið tannmeðferð hjá Kreativ Dental og erum hæst ánægð. Viðmót starfsfólks og þjónusta við okkur var til fyrirmyndar. Ekki þótti okkur heldur slæmt að greiða sanngjart verð fyrir meðferðina og fá þar að auki 5 ára ábyrgðarskrirni þar sem Kreativ Dental ábyrgist krónur og brúargerð „sjúklinga“ sinna. Takk fyrir okkur!“

„Það er endalaust hægt að hlaða lofi á Kreativ Dental en orð eru máttvana í samanburði við upplifunina við það að koma til þeirra í aðgerð. Fyrir mér var þetta eins og ég væri kominn langt inn í framtíðina, öll nýjustu tæki til staðar á staðnum, umhverfið þegar inn var komið hjá þeim var bæði rólegt og aðlaðandi, sérfræðingar á öllum sviðum tannlækninga á staðnum og viðmót allra starfsmanna óaðfinnanlegt! Það sem síðan vekur furðu manns, eftir að hafa fengið þarna faglega þjónustu sem ég held að ómögulegt sé að toppa, er verðidi!!! Núna, fimm mánuðum eftir að hafa komið til þeirra í byrjun maí, brosi ég mínu fallegasta brosi til margra ára en finnst jafnvel að ég hafi ekki borgað fyrir að fullu. Svo hagstætt er verðlagið hjá þeim fyrir okkur Íslendinga. Fluglið með WizzAir er einnig mjög ódýrt, sem og hótelið í Búdapest.“

„Fagmennskan í fyrirrúmi. Undirritaður þurfti í síðasta mánuði að nýta sér þjónustu Kreativ Dental Klinik í Búdapest. Eftir að hafa notið sérfræðinganna hjá Kreativ Dental er mér efst í huga þakklæti til þeirra sem að mínum málum komu. Það er ekki að ástæðulausu að Kreativ Dental hefur marg oft hlotið viðurkenningu sem besta tannlæknastofa á evrópska efnahagssvæðinu og víðar. Fagmennska og hlýlegt viðmót allra þeirra sem starfa þarna er gefin hæsta einkunn. Ég get ekki lokið þessum skrifum án þess að þakka þeim Grími Axelssyni og Attila Korsos [Atla] fyrir þeirra aðstoð sem þeir veittu mér er ég varð fyrir því óhappi að þurfa að leggjast inn á spítala í Búdapest. Aðstoð þeirra beggja verður seint endurgoldin en sýnir hvað það er mikilvægt að hafa góða menn og öflugan tannlæknastofu til staðar ef eitthvað kemur fyrir í þessum tannlæknaferðum til Búdapest.“



„Ég og maðurinn minn höfum lokið meðferð hjá Kreativ Dental að mestu og erum mjög sátt. Fengum plan og verðtilboð sem stóðst að mestu fyrir utan smá sem hægt var að sleppa og annað sem bættist við eins og búast mátti við. Við upplifðum mikla fagmennsku og erum ánægð með tannlækninn, hina sérfræðingana sem komu að okkar meðferð, þjónustufólkið og íslensku tengiliðina. Skiljum núna af hverju þessi stofa hefur fengið viðurkenningar á heimsvísu á sínu sviði ítrekað.“

„Öll framgangna ykkar og viðmót er til mikillar þrýði og mun ég ekki líta á aðrar leiðir til að laga minar tennur. Enn og aftur kærar þakkar, bið að heilsa öllum.“

„Mjög miklir fagmenn. Mæli sannarlega með Kreativ Dental! Grímur sá um að bóka herbergi á samstarfshóteli Kreativ Dental, mjög gott hótél með útsýni yfir Dóná. Var sótt og ekið á flugvöllinn að kosnaðarlausu sem er náttúrulega frábær þjónusta. Einnig eru friar ferðir á milli hótels og tannlæknastofu. Frábærir tannlæknar sem starfa í notalegu umhverfi. Ég hef alltaf verið stressuð/kvíðin að fara til tannlæknis en það hvarf bara alveg þegar ég kom þarna inn. Biðstofan var búin hægindastólum og fiskabúri. Engin borhljóð eða truflun þar. Viðmót starfsmanna var hlýlegt og notaleg nærvera allra á stofunni fékk manni til að líða vel. Grímur og Attila voru boðnir og búnir að aðstoða við allt sem maður óskaði sér. Takk fyrir mig.“

„Við hjónin fórum í apríl í fyrsta skipti og svo aftur í ágúst til að klára. Frábærir tannlæknar og starfsfólk. Allt stóðst fullkomlega. Grímur og Atli voru alltaf til staðar til að aðstoða okkur. Mæli 100% með Kreativ Dental.“

Takk kærlega fyrir okkur.“

„Takk fyrir mig. Móttökur og allt utanumhald við fólk þarna er frábært. Og hafa fólk sem talar okkar mál er bara æðislegt þannig að það verður allt miklu auðveldara að koma þarna.“



„Hvar á ég að byrja...“

Fagleg og persónuleg þjónusta alla leið og það að hafa íslenskan umboðsmann auðveldar öll samskipti. Tannlæknateymi sem hefur mikla reynslu af umfangsmiklum og flóknum tannviðgerðum. Fullkomið tannsmíðaverkstæði á staðnum búið nýjustu tækni frá Þýskalandi og Japan. Viðtækasta ábyrgð sem í boði er frá Austur-Evrópskum tannlæknastofum og toppar líka þær íslensku. Allt þetta á verði sem er 50-70% lægra en á Íslandi. Aukabónusinn er að fá í leiðinni að kynnst Búdapest einni fegurstu borg Evrópu.“

„Ég verð nú að segja að ég hefði ekki að óreyndu trúað því að það væri hægt að skipuleggja tannlækningaferðir með svona nákvæmni og góðu kostnaðarplani. Öll þjónusta er í efsta gæðaflokki og gott að geta fengið aðstoð hjá Grími Axelssyni til að fá skýringar og leiðbeiningar á íslensku um öll mál sem kunna að koma upp á í sambandi við þjónustuna hvort sem er út af tannlækningunum, breytingum á hóteli eða flugi ef vill. Það ánægjulega við þetta allt er að þú getur fengið nákvæma ástands-lýsingu og aðgerðaráætlun eftir fyrstu skoðun fyrir utan það að það er hægt að sjá hver kostnaðurinn er í byrjun, því það er fastur verðlisti sem farið er eftir sem liggur fyrir þegar aðgerð er ákveðin. Endilega athugaðu verðlistann sem er á heimasíðu Kreativ Dental og berðu hann saman við verðlistana á Íslandi. Flott fólk og góð þjónusta þarna. Takk fyrir mig.“

„Vel að öllu staðið. Allir Íslendingar sem ég hitti í þessum erindagerðum voru jafn ánægðir og ég.“

Kreativ Dental Ísland

Heimasíða: kreativdental.is | Facebook: [kreativdentalisland](https://www.facebook.com/kreativdentalisland)

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir: grimur@kreativdentalclinic.eu | Sími: (+354) 859 9403 (frá 9-13)

FRÉTTIR



Icehorse festival í Danmörku fer fram í íþróttahöll. Mynd/Rasmus M.Jensen

Vilja þjóðarhöll með hestaíþróttum

Hestamenn vilja að gert verði ráð fyrir hestaíþróttum í nýrri þjóðarhöll í Laugardal í Reykjavík.

Í tilkynningu frá stjórn Landsambands hestamannafélaga sem send var á forsætisráðuneytið, mennta- og barnamálaráðherra, Reykjavíkurborg, framkvæmdanefnd um þjóðarhöll, ÍSÍ og fleiri segir að hestaíþróttin sé ein fárra íþróttagreina sem ekki hefur aðgang að löglegum keppnisvelli innanhúss og það standi íþróttinni verulega fyrir þrífum.

Bent er á að Landsamband hestamannafélaga sé fjórða fjölmennasta sersambandið innan ÍSÍ, en í því eru 12.151 iðkandi.

„Í tillögum framkvæmdanefndar um þjóðarhöll kemur fram að í höllinni verði fjölnota gólf og sæti verði að hluta til hreyfanleg.

Með það í huga frá upphafi hönnunar ætti að vera hægt að koma fyrir keppnisgólfi fyrir hestaíþróttir svo keppa megi á löglegum keppnisvelli innanhúss.

Mörg dæmi eru um slíkt erlendis og má nefna Icehorse festival í Danmörku þar sem þúsundir áhorfenda fylgjast ár hvert með stærsta innanhússmóti heims í Íslandshestaíþróttum í fjölnota sýningarhöll.“ segir í tilkynningunni.

Stjórn Landsambands hestamannafélaga segist því gera þá kröfu að gert verði ráð fyrir hestaíþróttinni í nýrri þjóðarhöll þegar hugað verður að hönnun gólfs, aðkomu og aðstöðu fyrir hesta og hestakerrur, einnig í rekstrar- og fjárhagsáætlun sem og þegar hugað verður að framtíðarskipulagi og tímatöflum hallarinnar. /ghp

Ráða þarf niðurlögum ágengra plantna

Umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar hefur lagt til að starfshópur um aðgerðir um upprætingu og heftingu ágengra plantna verði settur aftur í gang og gerð langtímaáætlun um aðgerðir.

Segir í fundargerð nefndarinnar frá byrjun mánaðarins að „nokkur vinna tengd kortlagningu og upprætingu ágengra plantna hafi farið fram í Þingeyjarsveit (eldri) og Skútustaðahreppi. Náttúrustofa Norðurlands vann að kortlagningu framandi ágengra plöntutegunda í Þingeyjarsveit árin 2019 og 2020 og skilaði af sér skýrslu í lok

þeirrar vinnu. Í Skútustaðahreppi var stofnaður starfshópur um aðgerðir um upprætingu og heftingu á útbreiðslu kerfils, lúpínu og njóla árið 2019.“ Kemur fram að sumrin 2020 og 2021 hafi verið ráðinn sumarstarfsmaður á vegum Skútustaðahrepps til þess að kortleggja og uppræta ágengar plöntur.

Lögd er áhersla á að haldið verði áfram vinnu við eyðingu ágengra plantna í sveitarfélaginu og er sveitarstjórn hvött til að leita samstarfs við hagaðila um verkefni sumarsins. /sá

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

200 ný heilsársstörf

Mikil umsvif eru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í farvatninu er uppbygging Fjallabaða og ásamt gestastofu í Þjórsárdal.

„Með þessum tveimur verkefnum verða til um 200 heilsársstörf á svæðinu, það munar um minna í ekki stærra sveitarfélagi.“ segir Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, en skráður íbúafjöldi er 576.

Áætlað er að gestastofan verði opnuð sumarið 2025 og Fjallaböðin í desember 2025.

Þjórsárdalurinn

Haraldur Þór segir að Þjórsárdalurinn í heild sé mikil náttúruperla sem hafi hingað til verið lítið sóttur af erlendum ferðamönnum.

„Það er ljóst að þar verður fjölgun ferðamanna mikil sem kallar á mikla uppbyggingu innviða í Þjórsárdal til að stýra umferð ferðamanna á ábyrgan hátt. Í Þjórsárdal er einnig stærsta fríðlýsing minja á Íslandi sem mikilvægt er að vernda og gera góð skil á þeirri miklu sögu.“

Byggt og byggt í Árnesi

Haraldur Þór segir að spár geri ráð fyrir að íbúar sveitarfélagsins verði orðnir kringum 1.400 talsins árið 2032.

„Ef þessar spár ganga eftir verður það mikil áskorun að byggja upp innviði samfélagsins til þess að geta þjónustað nýja íbúa vel. Megnið af íbúðauppbyggingunni



Spár gera ráð fyrir að í þéttbýliskjarnanum Árnesi muni íbúum fjölga ört næstu árin en nú er sveitarfélagið í skipulagsvinnu á svæðinu. Myndir / Aðsendar



Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem segir mjög spennandi tíma fram undan í sveitarfélaginu.

mun eiga sér stað í Árnesi og erum við í skipulagsvinnu með að móta hvernig byggðin muni byggjast upp. Gangi áætlanir eftir gæti Árnes verið orðinn stærsti byggðarkjarni uppsveitanna eftir 10 ár.“

Risa grænmetisframleiðsla

En það er ekki bara uppbyggingin í kringum Fjallaböðin og gestastofuna í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi því á sveitarstjórnarfundum þann 5. apríl sl. var tekin fyrir ósk Landnýtingar ehf. um risalöð til uppbyggingar grænmetisframleiðslu af stærðargráðu, sem óþekkt er á Íslandi. Ef af verður mun það styrkja atvinnulíf sveitarfélagsins til muna. „Töluverður hluti starfanna við ræktunina yrðu hátæknistörf og áætlað er að megnið af framleiðslunni verði til útflutnings. Raungerist verkefnið er áætlaður heildarfjöldi starfa 284 þegar búið verður að byggja upp alla starfseminna árið 2032.“

/MHH

Stóraukin kornrækt í undirbúningi:

Kornsamlög á Suðurlandi og í Borgarfirði

Undirbúningsfélög hafa verið mynduð meðal kornbænda í Borgarfirði og á Suðurlandi fyrir stofnun kornsamlaga á þessum svæðum.

Frumkvæðið kemur frá bændum á svæðunum – og í kjölfar nýlegrar tíðinda úr fjármálaáætlun stjórnvalda um tveggja milljarða króna fjárveitingu til að hrinda aðgerðaráætlun um aukna kornrækt í framkvæmd á næstu fjórum árum.

Áætlun stjórnvalda um aukna fjárveitingu til kornræktar kemur svo í kjölfar tillagna starfshóps matvælaráðherra, sem skilað var í skýrslunni Bleikir akrar um miðjan mars. Í fjármálaáætluninni er gert ráð fyrir að kornrækt verði stunduð á sjö þúsund hekturum lands árið 2028 en hektarar kornræktarlands eru rúmlega 3.400 í dag.

Beðið eftir næsta útspli stjórnvalda

Skýrsluhöfundar voru þrír; Helgi Eyleifur Þorvaldsson, aðjunkt og brautarstjóri búfræðibrautar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ), Egill Gautason, lektor við deild ræktunar og fæðu hjá LbhÍ, og Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri í jarðrækt hjá LbhÍ. Helgi flutti erindi á báðum stofnum undirbúningsfélaganna.

„Uppbygging fundanna var nákvæmlega eins í Borgarfirði og á Suðurlandi. Á þá mættu samtals um 100 bændur sem skrifuðu flestir undir viljayfirlýsingu þess efnis að næstu skref verði könnuð.“ segir Helgi.

„Nú er beðið eftir næsta útspli stjórnvalda um hvernig eigi að ráðstafa þessum fjármunum, en það er gert ráð fyrir um 500 milljónum til úthlutunar á ári, á tímabilinu 2024



Helgi Eyleifur heldur erindi á fundi kornbænda í Borgarfirði. Mynd / Aðsend.

til 2028. Ég á ekki von á því að það verði gefin út reglugerð fyrir en í haust um útfærslur á þessu, án þess þó að vita það, en við lögðum til í skýrslunni að stuðningurinn yrði að mestu leyti á formi fjárfestinga- og framleiðslustuðnings – á uppskorið þurrkað korn. Stuðningur stjórnvalda þyrfti líka að virka sem hvati fyrir bændur til að bindast samtökum og stofna fyrirtæki eða samlög sem snerust um að þurrka, geyma, kaupa og selja korn. Til að byrja með þyrfti því vel að huga að fjárfestingastuðningi.“

Leitað tilboða í þurrkastöðvar


Helgi gerir ekki ráð fyrir að til að byrja með verði mikil starfsemi í undirbúningsfélagunum, á meðan beðið er eftir útfærslu stjórnvalda á stuðningsfyrirkomulaginu. „Það er kannski helst að leitað sé tilboða í þurrkastöðvar.

Við gerum ráð fyrir að þetta verði stöðvar með um 1.000 tonna afkastagetu á ári að lágmarki með áform um stækkanir.“ segir Helgi, sem gerir ráð fyrir að eignarhald slíkra samlaga væri blandað á milli bænda og einkaaðila. Hann segir að hlutverk þeirra sé skýrt og afmarkað; að taka við korni frá íslenskum bændum til þurrkunar, hefði eftirlit með gæðum korns og virkaði sem eins konar markaðsmiðstöð fyrir þessa vöru.

Í undirbúningsfélagi Borgfirðinga sitja þeir Egill Gunnarsson, Jón Björn Blöndal, Símon Bergur Sigurbjörnsson, Davíð Sigurðsson og Anton Freyr Friðjónsson.

Í undirbúningsfélaginu á Suðurlandi eru Björgvin Þór Harðarson, Haraldur Ívar Guðmundsson, Ólafur Eggertsson og Örn Karlsson, en undirbúningur þar var unninn í samvinnu við Orkideu, samstarfsverkefnið um nýsköpun á Suðurlandi. /smh

Límtré-Timbureiningar



Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylif vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Inga Þórisdóttir
Stjórnendapjálfi

Alsæl með Smoother SKIN & HAIR

Inga Þórisdóttir, stjórnendapjálfi, segist barnslega glöð yfir frábærum árangri bætiefnisins **Smoother SKIN & HAIR** frá Eylíf á hár sitt. Hárlos er úr sögunni og hárið vex sem aldrei fyrr.

Inga er stjórnendapjálfi í fyrirtæki sínu Via Optima þar sem hún vinnur með stjórnendum sem koma til hennar í stjórnendamarkþjálfun ásamt því að vera með námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir. Hún er fædd og uppalin á Akureyri en hefur nú búið lengur í Kópavogi en fyrir norðan. „Ég hef mikla ástríðu fyrir því að vinna með fólki í krefjandi störfum því ég reyndi það sjálf á eigin skinni þegar ég starfaði lengi í fjármálagæiranum,“ segir Inga sem er iðin við að stunda golf í frístundum. „Ég hef lengi glímt við hárlos og prófað ótal hárkúra með misgóðum árangri, en þegar ég rakst á viðtal við Ragnhildi Sigurðardóttur golfkennara, þar sem hún mælti heilshugar með bætiefninu **Smoother SKIN** frá Eylíf, vissi ég að Ragga myndi aldrei gefa sín meðmæli nema hún væri ánægð með vöruna. Ég hugsaði með mér að ef Ragga finnur svona mikinn mun á hári sínu ætla ég að prófa líka,“ segir Inga sem nú hefur tekið inn **Smoother SKIN & HAIR** í að verða þrjá mánuði. „Ég er núna að klára þriðja skammtinn og fann fljótlega mun, en þegar hárgreiðslukonan fór að tala um gróskuna í hárinu á mér, hugsaði ég með mér: „Getur verið að þetta virki svona vel?“. Eftir klippinguna ákvað ég að láta Ólöfu Rún hjá Eylíf vita hversu ótrúlega ánægð ég er með **Smoother SKIN & HAIR** og hvað það virkar vel. Það er eitthvað í þessu bætiefni sem svinvirkar því ég er með ný hár út um allt á höfðinu. Hárlosið er úr sögunni, fullt af nýjum hárum og hárið er allt annað,“ segir Inga, svo sannarlega ánægð með árangurinn.

„Ég hef prófað mjög mörg hárvítamín á markaðnum. Þar af hefur sumt verið gott en **Smoother SKIN & HAIR** er best. Bætiefnamarkaðurinn er frumskógur og þegar maður stendur fyrir framan hillur verslana með gríðarlegu úrvali vítamína er erfitt að vita hvað virkar í raun. Stundum heldur maður að það dýrasta sé best og reynir að rýna í innihaldsefnin en í **Smoother SKIN & HAIR** fann ég loksins bætiefni sem raunverulega virkar. Þetta er frábær bætiefnablanda fyrir hárið og einhver samsetning í því sem virkar mjög vel. Í því er kollagen, sink, bíótín, magnesíum og kopar, sem allt eru vítamín og steinefni sem eru góð fyrir hárið, en hjá Eylíf eru þau hárrétt blönduð og árangurinn lætur ekki á sér standa,“ segir Inga sem finnur líka mun á húð sinni eftir að hún fór að taka inn **Smoother SKIN & HAIR**. „Í frosthörkunum í vetur hef ég verið með minna exem en ég fæ vanalega á veturna. Það er gaman að upplifa þennan árangur og mér fannst skemmtilegt þegar hárgreiðslukonan spurði hvort ég sæi hversu mikið væri af nýjum hárum, en til þess þurfti ég hennar gleraugu því ég sé ekki ofan í hársvörðinn. Hún átti ekki einasta orð yfir árangurinn. Mér fannst það mjög sterkt og þá varð ég endanlega sannfærð. **Smoother SKIN & HAIR** er raunverulega að gera sitt gagn,“ segir Inga. Hún mælir með **Smoother SKIN & HAIR** fyrir alla sem eru að velta fyrir sér hvaða hárvítamín séu góð.

„Ég gef **Smoother SKIN & HAIR** mín bestu meðmæli. Það er virkilega gaman að finna hvað hárið nýtur góðs af því og ég er barnslega glöð yfir því að þetta virki í raun svona fáránalega vel. Ég er alsæl.“

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR**, **Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaeftum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík undir GMP gæðastaðli.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Ískalki Bildudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Algalíf Reykjanesbæ
- Kísillinn frá Geosilica Reykjanesbæ
- Kollagen frá Marine Collagen Grindavík
- Kítósan frá Primex Siglufirði
- Íslenskar jurtir frá Íslenskri Hollustu Hafnarfirði



Árni Pétur Aðalsteinsson

Sannfærður um að Active JOINTS gerir mikið gagn

Ég hafði verið lengi með verki í líkamanum, sérstaklega slæmur í hnjánum og prófað ýmis fæðubótarefni og verkjalyf í gegnum tíðina. Læknirinn var búinn að gefa það út að lítið væri í þessu að gera annað en að fara í liðskiptaaðgerð á hnjám, en þá var mér bent á að prófa **Active JOINTS** frá Eylíf.

Þegar ég hafði tekið það inn í þrjár vikur fór ég að finna verulegan mun á mér, ég átti miklu auðveldar með að stíga fram úr rúminu og ganga upp tröppur, sem áður hafði valdið mér miklum verkjum. Ég fór erlendis í 2 vikur og gleymdi að taka **Active JOINTS** með mér og fann verulegan mun á mér, en þegar ég hóf inntökuna aftur þá var það upp. 2 vikur sem ég var orðinn betri aftur.

Það er ótrúlegt að finna hvað þessi **Active JOINTS** hefur gert mikið fyrir mig. Nánast öll óþægindi eru farin í hnénu og ég er með vellíðunar tilfinningu innra með mér sem ég hef ekki fundið fyrir lengi. Ég er sannfærður um að **Active JOINTS** er að gera mikið gagn fyrir mig.

Ég mæli svo sannarlega með **Active JOINTS** frá Eylíf.

Árni Pétur Aðalsteinsson

Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



NYTJAR HAFSINS

Smábátatúgerð:

72,3%

Arthur Bogason
arthur@smabatar.is

Í garð er genginn sá árstími sem heillar mig mest, íslenska vorið. Haustið fylgir fast á eftir.

Þessar tvær árstíðir eru tímar umbrota í lífríkinu. Vorið lokkar upp úr moldinni líf úr fasta svefni. Liljurnar við rætur kanadíska garðahlýnsins hér í bakgarðinum eru fyrstar, svo spretta á fætur nokkrir fíflar og bóndarósín teygir sig í ljósið.

Lóan og krían koma úr langferð og gleðja okkur, veturbarða Íslendinga. Gæsir og álftrir sömuleiðis, en nýjustu fréttir eru að mun minna sé af þessum fiðruðu vinum okkar en undanfarin ár. Getur skýringin verið að það sé orðið svo dýrt að fljúga?

Laxar og silungar ganga í ár, kollur leggjast á egg og hrognkelsið gengur upp að ströndinni.

Af vorboðunum er þó einn þeirra sem í mínum huga slær þeim öllum við. Ilmurinn úr jörðinni þegar hún hefur safnað í sig yl sólar og sunnan vinda. Það er fallegasta lykt á Íslandi.

Að hausti skartar náttúran guðómlegri lítaðyrð


Atburðarásin snýst til baka, jurtirnar hverfa til vetrardvalar og þeir fuglar sem nenna því fljúga á suðrænar slóðir.

Hvernig þetta þrautskipulagða fyrirkomulag varð til veit enginn, þrátt fyrir öll vísindi nútímans. Lífið er dásamlegur galdur.

Einn af vorboðum Íslands er trillukarlinn. Í marsmánuði hefjast grásleppuveiðarnar sem eiga sér árhundraða sögu. Atvinnuveiðar hófust þó aðeins fyrir rúmum sex áratugum með útflutningi saltaðra grásleppuhrogna. Til forna var hrognkelsið stungið í fjöru og veitt í net. Grásleppan var jafnvel borin á tún fyrir kýrnar sem kunnu vel að meta. Samkvæmt heimildum var blá slíkja á mjólkinni úr þessum kúm.

Rætur íslensks sjávarútvegs liggja í smábátatúgerðinni. Þar liggur upphafið. Að auki liggja í smábátatúgerðinni menningarleg verðmæti sem ber að varðveita og hlúa að. Fjölmargrar sjávarbyggðir, hringinn í kringum landið, byggðust upp á útgerð lítilla báta og nýtingu nálægtra fiskimiða.

Hvaðan fengu stjórnvöld rétt til þess að afnema þessa tengingu? Frá almenningi?



Niðurstöður skoðanakönnunar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands benda til þess að meirihluti landsmanna, 72,3%, vilja veg smábátatúgerðar mun meiri en nú er.

Mynd / Þórdís Una

Í 75. grein stjórnarskrár lýðveldisins er kveðið skýrt: „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“

Fyrir Alþingi liggja frumvörp um kvótasetningu grásleppu og umbyltingu strandveiða. Í greinargerðum þessara frumvarpa er hvergi að finna tilvísun í þessa mikilvægu grein stjórnarskrárinnar, hvað þá rökstuðning um að frumvörpin varði almannahagsmunum.

Í mínum huga er þetta stjórnsýslulegt fúsk.

Margfalt eftirlit

Í byrjun maímánaðar halda strandveiðimenn til hafs, vopnaðir handfærum, veigaminnta veiðarfæri sem beitt er við Íslandsstrendur.

En það er ekki eins og þeir hafi frjálssar hendur. Mega róa fjóra daga í viku, verða að skila sér í höfn eigi síðar en 14 klukkustundum eftir að þeir lögðu frá, mega nota fjórar færavindur og að hámarki veiða 774 kg af óslægðum þorski í röðri.

Þá verða þeir að tilkynna, áður en þeir landa, eigin ágiskun í gegnum smáforrit hver sé dagsafllinn. Þetta er eitt það fíflalegasta innan fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Upplýsingar um hvort tveggja liggja fyrir nokkrum mínútum eftir löndun. Eina skýringin sem ég hef heyrt frá Fiskistofu er að hugsanlega

sé einhverjir með falinn afla um borð sem þeir ætli sér að landa síðar. Heyr á endemi.

Fiskveiðieftirlit Fiskistofu með grásleppu- og strandveiðum er margfalt á við eftirlit með togarafлотanum. Sá síðarnefndi veiðir rúmlega helming þorskskaflans á meðan grásleppukarlar og strandveiðiflotinn dregur úr sjó 5-6%. Á árinu 2022 fór Fiskistofa ekki í eitt einasta dróna/efirlitaflug yfir togarafлотann. Það verður að teljast sérstakt afrek.

Hver er árangurinn?

Ég vona að flestir þeirra sem hafa haft sig í gegnum þessa lesningu minnst þess að matvælaráðherra skipaði stóran hóp fólks undir vinnuheitinu „Auðlindin okkar“.

Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að þar sé einlægur vilji að baki til að nálgast það meginmarkmið verkefnisins að skapa sátt um sjávarútveginn meðal þjóðarinnar, í samræmi við fyrirheit í sáttmála ríkjandi ríkisstjórnar.

Í „hálfleik“ þessarar vinnu dreifði matvælaráðuneytið 220 blaðsíðna bæklingi með kynningu á niðurstöðum starfshópanna fjögurra, þ.e. „Aðgengi“, „Umgengni“, „Samfélag“ og „Tækifæri“.

Á síðustu síðu bæklingins (220) var fyrirheit um að framkvæma ætti skoðanakönnun meðal almennings um viðhorf hans til sjávarútvegsmála. Á fundinum þar sem bæklingnum var dreift var þetta því miður það eina sem ég sá ástæðu til að fagna.

Mér fannst málskrúðið í bæklingnum óþægilega litað lofgjörð um kvótakerfið, sjónarmiðum þeirra sem vilja smábátatúgerðina feiga, sem og að sniðgengnar voru grundvallarspurningar.

Það var á mörkum þess að ég tryði því að hvergi örlaði á gagnrýnum spurningum varðandi árangur ráðgjafarstarfs Hafró síðastliðna fjóra áratugi. Starfshóparnir sáu heldur ekki ástæðu til að gera athugasemd við þá staðreynd að verðlagning landaðs afla er tvöfalt, þar sem ætíð hallar á þá sem reida sig eingöngu á frjálsa uppboðsmarkaði sjávaraflla.

Í mínum huga var og er stærsta spurningin þessi: Hver er árangurinn af ráðgjöf Hafró síðastliðna áratugi? Þessa spurningu var hvergi að finna hjá starfshópunum eða í bæklingnum.

Hafsbotninn er kolefnisforðabúr

Ekki örlaði heldur á því að taka til skoðunar skýrslu sem birtist



Grásleppa. Fyrir Alþingi liggja frumvörp um kvótasetningu grásleppu og umbyltingu strandveiða.

Mynd / Haukur Hólmsteinnsson

í vísindatímaritinu Nature í marsmánuði 2022 um samspil togveiða og losunar á koltvísyringi úr hafsbottinum. Sé mark á henni takandi er skýrslan kolsvört fyrir togveiðiflotann.

Ég hef hvorki menntun né kunnáttu til að dæma þar um, en af fálæti starfshópanna fjögurra má ætla að engum þeirra þótti mark á þessu takandi, hvað þá heldur matvælaráðuneytinu. Starfshóparnir, samkvæmt því, ásamt ráðuneytinu, hljóta því að vita betur.

Sé svo er sjálfsagt að málið sé afgreitt með greinargerð þar sem sýnt er fram á að innihald skýrslunnar sé markleysa.

Samkvæmt vísindunum er hafsbottinn stærsta kolefnisforðabúr jarðar. Getur verið að botnrót auki losun koltvísyrings? Skýrslan í Nature áætla að við hvert tonn af fiski sem veitt er í troll, losni að meðaltali 50 tonn af koltvísyringi, þrisvar sinnum meira en að meðaltali við aðrar veiðar.

Yfirgnæfandi stuðningur

Hvað sem öllu þessu líður fékk matvælaráðuneytið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að gera ítarlegra skoðanakönnun um viðhorf almennings varðandi sjávarútveginn.

Ég viðurkenni fúslega að ég var hreint ekki svo viss um hversu mikill stuðningur almennings væri við smábátatúgerðina. Fyrir um 30 árum lét Landssamband smábátæigenda gera skoðanakönnun svipaðs eðlis. Stuðningur almennings þá var svo mikill að það var allt að því óraunverulegt. Í könnuninni nú var almenningur hins vegar í fyrsta

skipti spurður um afstöðu hans til strandveiða, fjórtán árum eftir að þær voru leiddar í lög.

Niðurstaðan er afgerandi. 72,3% aðspurðra vilja veg þeirra mun meiri en nú er. Matvælaráðherra þarf því ekki lengur að velkjast í vafa um hlutina. Hún hefur yfirgnæfandi stuðning almennings þar við.

Það var eftir öðru að viðbrögð stóruþgerðarinnar voru þau að almenningur hefði ekki hundsvit á sjávarútvegi. Á aðalfundi Landsambands smábátæigenda í október sl. kom Svandís Svavarsdóttir á seinni fundardeginum og hélt stutta tölu. Mér er sérstaklega minnisstætt þau orð sem hún lét falla að fundarmenn mættu kalla hana strandveiðiráðherra. Þessu vil ég trú. Þegar stjórnvöld efndu til strandveiðikerfisins voru þau að bregðast við álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Það stendur enn upp á þau að ganga þannig frá hnútum að sómi sé að. Eina leiðin til að fullnægja því markmiði að öllum þeim sem það velja að sækja sjó innan þess kerfis er að tryggja með lögum ákveðinn dagafjöldu til veiðanna.

Vissulega mun aflinn undir slíku fyrirkomulagi sveiflast um einhverjar þúsundir tonna til og frá, en sú stærð er hjóm eitt hjá þeim frávikum sem eru innbyggð í kvótakerfið, s.s. VS afli, undirmál, tegundatilfærslur og fleira.

Þá er ótalið brottkastið sem er stærsta öræða stærðin í heildar myndinni.

Eftirlit matvælaráðherra er auðveldur.

Höfundur er formaður Landssambands smábátæigenda.

Ýmsar bátavörur á hagstæðu verði

Lensidælar og rofar, ljóskastarar, siglingaljós, sæti og standar, ryðfrí handföng, pollar og kefar, rofabretti og rafmagnsvörur, stýrisbúnaður og ýmislegt fleira.



S. 666 6012 / batavorur.is

STEINULLAR- EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn



- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþróttar- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS

Verð á hundrað kg af kartöflum á EEX hrávörumarkaði

Júlí 2022:
€ 12,4

Október 2022:
€ 20



Maí 2023:
€ 43,65

Heimsmarkaðsverð á kartöflum í hæstu hæðum

Samdráttur í kartöflumframleiðslu á Vesturlöndum hefur valdið því að heimsmarkaðsverð hefur rokið upp úr öllu valdi og hefur ekki verið hærra í mörg ár.

Ástæða þess á að vera skjót hækkun orkukostnaðar til evrópskra og bandarískra bænda sem hefur valdið því að framlegð hefur dregist meira saman en talið er ásættanlegt og bændur lagt meira upp úr ræktun annars grænmetis. Verðið í maí 2023 var rúmlega þrefalt lægsta verð ársins 2022 og markaðir fyrir framvirka samninga á hrávörum gera ráð fyrir enn frekari hækkun á vörinni.

Þegar rýnt er í verðþróun á erlendum mörkuðum og borið saman við kartöfluverð á Íslandi sést að þrátt fyrir sveiflur á heimsmarkaðsverði er þróunin sambærileg þar til síðastliðið haust. Er verðið fyrir 100 kg af kartöflum núna tæpar 44 evrur, eða um 6.500 krónur. Það er enn töluvert lægra verð en gengur og gerist í íslenskum verslunum. Ódýrustu kartöflur í Krónunni eru á 296 kr/kg eða 29.600 fyrir 100 kg, en það er vissulega eftir þökkun, vinnslu og álagningu allra aðila í virðisdeðjunni og verðið því varla sambærilegt. Íslenskir bændur þurfa ólíklega að horfa upp



á snöggar hækkunar á orkukostnaði og neytendur hafa ávallt geta treyst því að verð á kartöflum sveiflist

ekki mikið enda mikilvægur hluti daglegrar fæðu flestra. Kartöfluverð á Íslandi hefur alla tíð haldist

hönd í hönd við almennt verðlag en framleiðsla hefur dregist saman á undanföllum árum og er því spurning hvort að þörf sé á einhverjum breytingum í sölu- og markaðsaðgerðum til að ýta undir sölu.

Þreföldun á heildsöluverði myndi án nokkurs vafa ýta undir framleiðsluviljann þó.

Stjórnvöld hér á landi hafa lagt mikla áherslu á aukningu grænmetisræktunar og að Ísland verði sjálfbært þegar kemur að ræktun grænmetis til eigin neyslu. Kartöfluræktun stendur undir 40% af allri grænmetisrækt landsins en auk þess flytjum við inn um það bil 30% af þeim kartöflum sem við borðum.

Sést á innflutningstölum Hagstofunnar að íslenskir innflytjendur hafa fundið hressilega fyrir hækkunum á kartöfluverði, frá því í október hefur innflutningsverð á kartöflum verið um 50% yfir meðalverði tímabilsins frá árinu 2021.

Haldi þessi þróun áfram er ljóst að mikilla breytinga má vænta á kartöflumarkaði og má velta fyrir sér hvort nýtt landslag gæti breytt stöðu íslenskra kartöflubænda eitthvað, sér í lagi þegar horft er aftur til síðasta hausts og framleiðsla á íslenskum frönskum kartöflum var lögð niður og innflutningur aukinn þess í stað.

Því miður er enn bil á milli þess verðs sem býðst á erlendum mörkuðum og þeim íslenska, en hver veit nema að kartöflur verði næsta útflutningsvara þjóðarinnar.

/SFB

Markaðir

Evra

↓ €
150,1 kr.

USD

↓ \$
136,36 kr.

Pund

↑ £
172,54 kr.

95 okt bensín

↓

313,5182 kr.

Dísel

↓

311,0052 kr.

Mjólk (USD/100 pund)

↓

16,46 USD

Korn (USD/sekkur)

↓

6,33 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)

↑

42,6 EUR

UII (AUD/100 kg)

↑

1307 AUD

Ostur (USD/pund)

↑

1,768 USD

Smjör (EUR/tonn)

↓

4669 EUR

BYKO
GERUMÞETTA SAMAN

**STÖÐLUD
STÁLGRINDARHÚS**

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Vortilboð

Gildir út mai eða meðan birgðir endast.

Gráir steinar úr granít.

Allt innifalið samkvæmt myndum,

uppsetning á höfuðborgarsvæði

og Norðurlandi fylgir eða

frí sending um allt land.

Geymum steina ef óskað er.

TILBOÐ 1

620.000

án blómaramma

520.000



Tilboð 2

545.000

án blómaramma

445.000



Tilboð 3

420.000

án blómaramma

320.000



Hægt að setja 2 nöfn

Vortilboð á granítbekkjum

Gyldir út mai eða meðan birgðir endast



Tilboð 4

225.000

án lugtar

175.000



Viðhaldsfríir bekkir.

Þrjú litir.

Þyngd um 140 kg, breidd 130 cm.

Flutningur með LF innifalinn.

Verð 210.000

Hægt að skrifa í bak eða setu gegn aukagjaldi.

FRÉTTASKÝRING

Landbúnaðarkerfið:

Vandrataður vegur tollverndar

Tollvernd er mikilvægt stjórnæki, liður í opinberri stefnu stjórnvalda gagnvart innlendum landbúnaði. Þeir eru lagðir á tilteknar innfluttar búvörur sem eru sambærilegar þeim sem framleiddar eru hér á landi til að jafna samkeppnisstöðu íslenskrar búvöruframleiðslu. Síðan tollverndin var sett á hefur hún rýrnað með hverju árinu og tollfrjáls innflutningur aukist verulega. Skiptar skoðanir hafa því verið um gagnsemi stjórnækisins. Tollvernd nefnilega er einnig samofin stefnu stjórnvalda um fæðuöryggi og byggðastefnu og því vandast málin þegar útskýra á málefnið í fáeinum orðum.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Heimsmarkaður fyrir landbúnaðarvörur er afskaplega lítil. Yfir 90% heildarframleiðslu á matvælum er nýtt í framleiðslulöndunum en samkvæmt OECD er talið að minna en 10% þeirra matvæla sem framleiddar eru í heiminum rati á heimsmarkað.

Heimsmarkaður er því, að sögn Daða Más Kristóferssonar hagfræðings, þunnur og sveiflukenndur. „Heimsmarkaður er í sumum geirum hrakvalsmarkaður, sá markaður sem þú ferð síðast inn á og hann endurspeglar ekkert endilega framleiðslukostnað landbúnaðarværa. Langsamlega flestar þjóðir leggja áherslu á að framleiða fyrst allt sem þú þarft fyrir innanlandsmarkað, svo afsetur þú inn á heimsmarkað.“ Fá lönd, þó einhver, framleiða gagnert inn á heimsmarkað, s.s. Nýja-Sjáland, Brasilía, Úkraína og svo Ísland, sem framleiðir fisk til útflutnings. Fiskur er þó sérstakur að því leyti að millilandsviðskipti með hann eru hlutfallslega mikil. „Heimsmarkaður er mjög erfiður og hugmyndin með tollvernd er sú að verja innanlandsframleiðslu allra ríkja fyrir verðsveiflum. Eiginlega allar þjóðir nota tollvernd að einhverju leyti, en tollvernd á Íslandi er umfangsmikil,“ segir Daði.

Tollvernd er stjórnæki, liður í opinberri stefnu stjórnvalda gagnvart innlendum landbúnaði. Þeir eru lagðir á tilteknar innfluttar búvörur sem eru sambærilegar þeim sem framleiddar eru hér á landi til að jafna samkeppnisstöðu íslenskrar búvöruframleiðslu.

„Tollvernd og aðrar takmarkanir á milliríkjavíðskiptum, eins og

útflutningstakmarkanir eða bönn, er notað af nánast öllum aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Tollvernd hefur áhrif á verð til framleiðenda og þar af leiðandi framleiðslumagn þeirra vara sem í hlut eiga í viðkomandi landi. Framleiðsla verður því jafnan meiri en ella hefði orðið. Á Íslandi eru 66% af landbúnaðarvöruflökum tollfrjálsar gagnvart öðrum aðildarlöndum WTO en 31,7% hjá ESB. Augljóslega hefur tollvernd víðtækari áhrif eftir því sem henni er beitt á fleiri vörur og vöruflök,“ segir Erna Bjarnadóttir hagfræðingur.

Erna þekkir vel til sögu og þróunar tollverndar hér landi. „Árið 1994, þegar Alþjóðaviðskiptastofnunin er stofnuð, þá var í fyrsta skipti samið um viðskipti með landbúnaðarvörur. Öllum innflutningsbönnum aflétt og þeim breytt í tolla. Fyrir það var t.d. bannað að flytja hér inn mjólkurafurðir og kjöt en við lögfestingu GATT samningsins voru tollar teknir upp þess í stað. Á mannamáli þýðir það að heimildirnar til að leggja á tolla voru hafðir það háir að enginn innflutningur hefði farið fram.“

Síðan þá hefur tollverndin tekið breytingum, raunverulegir tollar eru lægri en hámarksheimildir, tollarnir hafa lækkað í tvíhliða viðskiptasamningum og nýir tollfrjálsir kvótar, komið til sögunnar.

Hvernig virka tollarnir?

Tollar á landbúnaðarvörur eru tvenns konar. Annars vegar magntollur, sem er krónutala á hvert kíló, og hins vegar verðtollur, sem er lagður á sem hlutfall af verðgildi vörunnar.

Árið 2007 var gerður samningur við Evrópusambandið þar sem Ísland veitti sambandslöndum almenna tollalækkun á kjöti og kjötafurðum frá því sem öðrum þjóðum býðst, þannig



Íslenskt nautakjöt á undir högg að sækja gagnvart erlendu nautakjöti þar sem tollar virðast ekki hamla innflutningi. Um 17% af heildarinnflutningi nautakjöts árið 2022 eru utan tollkvóta og vísbendingar eru um að innflutningur á nautakjöti sé að aukast gríðarlega árið 2023. Mynd / Odd Stefán

að verðtollurinn fór úr 30% niður í 18% og krónutala magntollsins var lækkuð um 40%.

„Þannig er verðtollurinn fast hlutfall af innkaupsverðinu. Magntollurinn, krónutalan, hefur ekki tekið breytingum frá árinu 2007. Hún er þannig ekki uppreiknuð á hverju ári, heldur stendur sem sama krónutala. Því hefur tollvernd í raun minnkað með hverju árinu vegna rýrnunar á verðgildi krónunnar,“ segir Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.

Undir það tekur Daði Már. „Tollverndarkerfið er alls ekki að

sinna því hlutverki sem það sinni fyrir 15 árum síðan. Það skiptir engu máli hvort þú sért formaður Bændasamtakanna eða formaður Félags atvinnurekenda. Menn hljóta að vera sammála um að það sé skrítið að ekki sé tekin umræða um tilganginn með tollverndinni í ljósi þess að við erum passíft að leggja hana niður.“

Þannig hefur verðbólga étid upp fyrrnefnda krónutölu. „Þegar við breyttum innflutningsbönnum í tolla sem krónutölum tóku menn ekki tillit til þess hversu hratt múramir myndu sjálfkrafa molna niður vegna rýrnunar krónunnar. Eftir að ferðþjónusta jókst hér þá fór því að flæða helling af landbúnaðarvörum yfir tollmörk. Menn bara borga tolla, þetta bitur ekkert. Þetta á til að mynda við um svínakjöt og nautakjöt. Með viðvarandi verðbólgu á þessum vörum eftir að fjölga.“

Þetta sé mikið áhyggjuefni. „Við erum í raun að leyfa krónunni að taka ákvörðun fyrir okkur um að gera grundvallarbreytingu á íslenska landbúnaðarkerfinu án umræðu. Mér finnst það galið. Það skiptir engu máli hvort þú sért með eða á móti tollvernd. Að leyfa henni bara einhver veginn að leggja sjálfa sig niður er mjög skrítið,“ segir Daði Már. Hann bendir á að tollvernd sé ekki tilkomin að ástæðulæsu.

Öll okkar viðskiptalönd og nágrannalönd beita þessu stjórnæki. „Þetta er það módel sem stjórnvöld landa sjá að virkar til að vernda innanlandsframleiðslu. Það yrði varasamt að taka skref og gera hlutina öðruvísi en allir í kringum okkur.“

Til þess þyrfti einhverja greiningu á hvernig við ættum að fara að því að styðja við innlenda framleiðslu og hvað það myndi þýða,“ segir Margrét.

Tollkvótar

Tollvernd vegur hlutfallslega þungt í reiknuðum stuðningi OECD við landbúnað hér á landi. Engu að síður

er stærstur hluti búvara fluttur inn án tolla hér á landi.

Kynnum til leiks tollkvóta. Stjórnvöld bjóða árlega út ákveðið magn af tollkvótum fyrir landbúnaðarafurðir, tollfrjálsa kvóta gagnvart ESB annars vegar og WTO hins vegar. Þeir innflutningsaðilar sem tryggja sér tollkvóta þurfa ekki að borga toll af vörum, en greiða þess í stað útboðsgjald, sem dæmi eru um að sé 1 króna á kíló, en hefur þó farið upp í um 600 kr/kg í sumum vöruflökum. Almennt er það töluvert lægra en tollurinn sjálfur.

Magn tollkvóta er umtalsverð hlutdeild af heildarmarkaði hér á landi. Það má flytja tollfrjálst inn frá Evrópusambandslöndum á ári hverju um 700 tonn af nautakjöti, um 700 tonn af svínakjöti, rúm 1.000 tonn af alifuglakjöti, rúm 600 tonn af osti og ystingum og 750 tonn af ýmsu öðru kjöti. Þá innihalda WTO kvótarnir 95 tonn af nautgripakjöti, 64 tonn af svínakjöti, 345 tonn af kinda- eða geitakjöti, 59 tonn af alifuglakjöti, 53 tonn af smjöri og 119 tonn af ostum og ystingum, 76 tonn af eggjum og 86 tonn af ýmsum kjötvörum. Sérstakir tollkvótar fyrir innflutning frá Noregi og Sviss eru einnig við lýði en undir þeim má flytja inn 10 tonn af nautgripakjöti og 15 tonn af ostum.

„Tollverndin er að virka að því leyti að hafa áhrif á það magn sem er að koma til landsins. Við sjáum það í innflutningsstólum að í mörgum tilvikum er innflutningsmagnið mjög svipað og tollkvótinn,“ segir Margrét. En í tilteknum tilfellum er innflutningsmagnið töluvert meira en tollkvótar. Til dæmis var um 17% af heildarinnflutningi nautakjöts árið 2022 utan tollkvóta og vísbendingar eru um að innflutningur á nautakjöti sé að aukast gríðarlega árið 2023. „Ég var að skoða kjúklingakjötið og á síðasta ári hefði 67% magnsins getað verið flutt inn án tolla,“ segir Margrét.

Tollkvótarnir, eða hátt hlutfall erlendra búvara á markaði, hafa keðjuverkandi áhrif á lífsviðurværi bænda. „Þegar magn tollkvótanna hækkaði kom meira af innfluttum vörum inn á markað sem skapaði þrýsting á íslenska framleiðendur um að lækka verðið sitt sem hafði í för með sér lægra verð til íslenskra bænda,“ segir Margrét.

Mikilvægið

Erna segir að ekki sé hægt að halda því fram að tollvernd sé mikilvægari á Íslandi en annars staðar. „Tollar eru mikilvægir og raunar mjög mikilvægir mörgum ef ekki flestum aðildarlöndum WTO. ESB leggur tolla á 68,3% allra búvöruflökka. Sem dæmi þá leggur það tolla á vín utan sambandsins enda er vinnrækt gríðarlega mikilvæg víða innan sambandsins, efnahagslega, menningarlega og stór hluti af ásynd lands. Þannig mætti líkja henni við sauðfjárrækt hér á landi. Sé einnig lítið á hve hátt hlutfall vöruflökka Ísland og ESB leggja t.d. meira en 15% tolla á gagnvart öllum aðildarlöndum WTO þá er hlutfallið 28,9% á Íslandi en 22,3% í ESB. Hér er rétt að minna á að mun meira tollfrelsi ríkir í viðskiptum milli Íslands og ESB vegna tvíhliða samninga þjóðanna,“ segir Erna.

Hún segir ekki svo einfalt að leggja mat á gagnsemi tollverndar. „Stjórnæki, eins og tollar, sem leiða að þeim markmiðum sem að er stefnt, eru gagnleg. Alltaf þarf að veita og meta hvaða stjórnæki henti best hverju sinni. Tollar spila t.d. saman við markmið um að auka framleiðslu. Að tala um kosti og galla

RAFÓS ⚡

- ✓ RAFLAGNIR – VIÐHALD OG NÝLAGNIR
- ✓ HLEÐSLUSTÖÐVAR FYRIR RAFBÍLA
UPPSETNING OG SALA
- ✓ VIÐGERÐIR OG SALA
Á ÖLLUM GERÐUM HEIMILISTÆKJA
- ✓ VARMADÆLUR – UPPSETNING OG SALA

ÞJÓNUSTUM ALLT LANDIÐ – VERIÐ VELKOMIN

RAFÓS ⚡

rafverktakar/heimilistækjaviðgerðir

Sími 519 1800

Freyjunes 10 • 603 Akureyri • Sími 5191800 • rafos@rafos.is

rafos@rafos.is

Opíð virka daga milli 08:00 – 16:00



Daði Már Kristófersson. „Það er mikill munur á byggðaráhrifum landbúnaðar miðað við hvar á landinu framleiðslan fer fram. Af hverju tökum við ekki tillit til þess? Þetta er mjög erfið umræða fyrir bændur að taka vegna þess að það sem við erum raunverulega að tala um er að taka frá einhverjum bændum stuðning og láta aðra bændur fá hann.“



Erna Bjarnadóttir. „Lítill vafi er á því að væru þessar hindranir afnumdar með öllu myndu verða miklar tilfæringar á framleiðslu í heiminum og þar með hagþróun og búsetu í einstökum löndum. Sérhæfing í framleiðslu myndi vaxa og landbúnaður til að mynda myndi færast til tiltölulega fárra landsvæða þar sem ódýrast er að framleiða.“



Margrét Gísladóttir. „Það er mikilvægt í allri umræðu um tollvernd og öllu sem að henni lýtur að hugsa ekki í sílóm. Afnáms tolla á eina kjöttegund mun bæði hafa áhrif á framleiðslu annarra kjöttegunda með tilliti til þess að minnkun á innanlandsframleiðslu, á t.a.m. hvítu kjöti, myndi hafa áhrif á fódurmagn sem flutt yrði til landsins og myndi þar með leiða til hækkana á fódurverði til annarra framleiðenda.“

er háð markmiðum og því hvaða aðrar leiðir að settu markmiði koma til greina. Út frá sjónarhóli aðila eins og WTO þá falla tollar undir það sem kallað er „viðskiptatruflandi“ aðgerð. Þeir hækka verð til framleiðenda viðkomandi vöru í því landi sem leggur á tolla og eykur því framleiðslu. Sé það einmitt markmið stjórnvalda má segja að það sé um leið kostur hennar auk þess sem þessi leið að því markmiði kallar ekki á ríkisútgjöld. Málið er samt miklu margslungnara,“ segir Erna.

Sílóin ekki til

„Við teljum að afleiðingar aukins innflutnings verði að innfluttar vörur ryðji íslenski framleiðslu til hliðar vegna þess að íslenskir bændur geta ekki framleitt vöruna sína á sama verði og gerist og gengur erlendis. Þetta á við víðar, við erum t.d. að sjá út um alla Evrópu núna að bændur eru að mótmæla harðlega tollfrjálsum innflutningi frá Úkraínu vegna þess þrýstings sem hann hefur á þarlanda framleiðslu,“ segir Margrét.

Þá áréttar hún að breytingar á tollum, eins og afnáms þeirra, hafi áhrif á allan neyslumarkaðinn.

„Það er mikilvægt í allri umræðu um tollvernd og öllu sem að henni lýtur að hugsa ekki í sílóm. Afnáms tolla á eina kjöttegund mun bæði hafa áhrif á framleiðslu annarra kjöttegunda með tilliti til þess að minnkun á innanlandsframleiðslu, á t.a.m. hvítu kjöti, myndi hafa áhrif á fódurmagn sem flutt yrði til landsins og myndi þar með leiða til hækkana á fódurverði til annarra framleiðenda.“

Með öðrum orðum: Ef tollur á hvítt kjöt yrði fellt niður myndu áhrifin birtast fljótt hér. Íslenskum framleiðendum myndi fækka til muna, ef ekki alveg hverfa af markaði. Þar sem svína- og kjúklingabændur eru stærstu kaupendur af innflutta fódri hér á landi myndi áhrif á minni fódursölu birtast í herra verði í öðrum kjötgreinum og mjólkurframleiðslu, sem myndi aftur birtast í herra smásöluverði sem gæti haft áhrif á neysluhegðun.

„Tollvernd er ekki einungis vernd fyrir íslenska bændur, heldur alla þá sem koma að framleiðsluferlum, t.d. fódurframleiðandann, dýralækninn, eftirlitsstofnanir. Þannig að stóra spurningin er alltaf; ætlum við að styðja við innlenda atvinnuuppbyggingu? Eða, liggur hagur neytenda frekar í að styðja við framleiðslu í öðrum löndum og hafa fáa innflutningsaðila, frekar en að styðja við þá ótalmörgu framleiðendur og þjónustuaðila sem eru starfandi á íslenskum markaði?“ spyr Margrét.

Landbúnaðarstefna eður ei

Daði Már segir ótækt að ræða tollvernd án þess að ræða tilgang hennar. „Ef þú spyrð hagfræðinga þá segja þeir að óþvinguð viðskipti séu góð. Tollar draga úr viðskiptum

og eru því neikvæðir því þeir skapa kostnað.“ Þegar talað er um landbúnaðarstefnu er hins vegar annað upp á teningnum. „Þetta stangast nefnilega á við markmið ríkja um að vera sjálfum sér nóg um einhvern hluta af eigin matvælaþörf. Vandamálið okkar hefur verið að við höfum ekki getað lagt mat á hvort aðgerðir, eins og tollvernd, séu góðar eða vondar, því við höfum ekki haft neina landbúnaðarstefnu.“

Erna bendir á að í fyrstu grein nógildandi búvörulaga sé núverandi landbúnaðarstefna innrömmuð í fáeinum setningum. Í lagagreinininni kemur m.a. fram að stuðla eigi að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara, að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar, verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð og að kjör þeirra sem stunda landbúnað verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta.

Þá nefnir Erna að landbúnaður sé afar mikilvægur í byggðalegu tilliti.

„Í dag eru til dæmis um 500 kúabú hringinn í kringum landið sem skapa mikilvæg störf í sveitum og nærliggjandi byggðum þar sem úrvinnsla fer fram. Nú á dögnum fór t.d. í loftið auglýsing Domino's sem hefur í 30 ár átt farsæl viðskipti við íslenska kúabændur og státar af því að nota 100% íslenskan ost. Allt hráefnið í þennan ost kemur frá kúabúum á Austurlandi og fer í framleiðslu á Mozzarella osti á Egilsstöðum. Þetta sýnir glögg þá byggðalegu hagsmuni og samfélagslegu stoð sem felast í innlendra landbúnaðarframleiðslu.“

Byggðarhlutverk landbúnaðar

Daði segir málefnaleg rök vera fyrir tollverndinni; að verja innlenda framleiðslu fyrir ósanngjarnri samkeppni á heimsmarkaði. „Landbúnaður sinnir margvíslegu hlutverki, eitt er fæðuöryggismál og tollverndin er partur af því að verja það. Hitt hlutverk landbúnaðar er að vera einhvers konar akkeri fyrir samfélög á landsbyggðinni. Þetta er frumframleiðsla, sem tryggir búsetu og skapar þar með möguleika fyrir aðra atvinnustarfsemi.“

Hann nefnir dæmi. „Bandaríkjamenn héldu uppi byggð í Alaska meðal annars með framleiðslutengdum stuðningi í landbúnaði. Svo hættu þeir því og landbúnaður lagðist þar af. Það sem gerðist þá var að heilsársbúseta fyrir fjölskyldufólk lagðist líka af.“ Þannig brast forsenda fyrir grunnþjónustu.

Á sama hátt hangir öll umræða um stuðning við landbúnað við byggðastefnu Íslands. „Að mínu mati höfum við alltaf verið á skrifnum stað með landbúnaðarstefnunna. Við tölum stundum um að hún sé byggðastefna, en yfirleitt ekki. Bændur hafa ekki viljað opnað á umræðu um að stuðningur verði mismunandi eftir því hvar á landinu framleiðslan fer

fram. Það blasir samt við mér að þurfi að vera ef landbúnaðurinn hefur eitthvert byggðahlutverk, þá er rosalega mikill munur á því að styðja sauðfjárbú á Suðurlandi eða í Þingeyjarsýslu. Í Þingeyjarsýslu hefur sauðfjárbúmið mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu, en skiptir litlu máli á Suðurlandi. En það má ekki tala um þetta. Ef við ætlum að styðja sauðfjárræktina, er þá skynsamlegast að styðja hana úti um allt land?“ veltir Daði upp.

Stuðningur við landbúnaðinn, eins og hann er uppbyggður í dag, endurspeglar ekki þetta byggðahlutverk atvinnugreinarinnar að mati Daða. „Það er mikill munur á byggðaráhrifum landbúnaðar miðað við hvar á landinu framleiðslan fer fram. Af hverju tökum við ekki tillit til þess? Þetta er mjög erfið umræða fyrir bændur að taka vegna þess að það sem við erum raunverulega að tala um er að taka frá einhverjum bændum stuðning og láta aðra bændur fá hann. Þess vegna mun þetta aldrei koma inn í búvörusamninga. Þess vegna þarf stefnu stjórnvalda til að hafa framkvæmið að slíkum breytingum, sé landbúnaði ætlað að vera byggðastefna.“

Meginmarkmið stjórnvalda ætti, að sögn Daða, að vera að styðja landbúnaðinn í að sinna betur því hlutverki sem þjóðin vill að landbúnaður sinni. „Sem er að framleiða matvæli, en líka

að viðhalda byggð, samfélagi og stofnunum úti um allt land. Því er skrifðið að við séum með sama stuðningskerfi fyrir alla óháð staðsetningu.“

Hvernig er sviðsmyndin án tollverndar?

Aðspurð um áhrif þess að afnema alla tollvernd eru viðmælendur sammála um að landbúnaður á Íslandi myndi dragast saman. Tilteknar búgreinar myndu líklegast leggjast alveg af, t.d. kjúklingaframleiðsla og jafnvel svínabúskapur.

Áhrif afnáms tolla yrðu geigvænleg. „Lítill vafi er á því að væru þessar hindranir afnumdar með öllu myndu verða miklar tilfæringar á framleiðslu í heiminum og þar með hagþróun og búsetu í einstökum löndum. Sérhæfing í framleiðslu myndi vaxa og landbúnaður til að mynda myndi færast til tiltölulega fárra landsvæða þar sem ódýrast er að framleiða. Verulegar sviptingar í félagsgerð og stjórnmalalífi landanna myndu ugglást fylgja. Það er því engin furða að ríkisstjórnir þjóðríkja kjósi að fara sér hægt í þessum efnum,“ segir Erna.

Daði segir að afnáms tolla gætu leitt til áhugaverðrar þróunar. Þar sem kostnaðarverð innlendra framleiðslu sé herra en erlendis sé ljóst að einhver framleiðsla myndi hverfa af innlendum markaði.

Önnur framleiðsla gæti staðið keik. Þar sem innlend framleiðsla gæti haldið áfram myndi markaðshlutdeild íslenskra vara minnka. „Það yrði viðvarandi verðmunur, íslenska varan yrði alltaf dýrari en hún myndi samt seljast.“ Daði vísar til rannsóknar á greiðsluvilja íslenskra neytenda og leiðir að því líkum að eftir því sem minni markaðshlutdeild íslensk vara hefur, því herra geti verðið verið samanborið við innflutta vöru. Alltaf verði þeir neytendur til staðar sem tilbúnir eru til að borga mikið fyrir íslenska framleiðslu. „Við sjáum þetta á muninum á innlendum og innfluttum gúrkum. Markaðshlutdeild íslenskra gúrka er mjög há en verðið er svipað og á erlendum gúrkum.“ Annað sé upp á teningnum í tómtum. „Þar er verðmunur mjög mikill á milli íslenskra og innfluttra tómatu, því fólk er tilbúið að borga meira fyrir íslensku vöruna.“

Hann bendir þó á að ekki ætti að fara út í slíkar fabúlur nema að setja málið í samfélagslegt samhengi. „Það er alveg ljóst að erlend framleiðsla heldur ekki uppi samfélagi á Hvammstanga, styður ekki rakarann og bakarann, ef svo má segja. Ytri áhrif innlendra framleiðslu eru augljósar, t.d. í sauðfjárrækt. Hvernig litu Húnavatnssýslurnar út ef það væri engin sauðfjárrækt? Þær væru eyðilegar.“



Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 — 2022

Virka daga 10–17
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is.



Sveinn Sæland, blómabóndi á Espiflöt í Reykholti.



Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur kom íslensku kartöfluyrkjunum til bjargar. Hér er hann í starfsstöð sinni á Keldnaholti. Myndir / smh

Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur:

Bjargaði íslensku kartöflunum

Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur lést á dögnum, en hann markaði djúp spor á vettvangi plöntusjúkdómavarna á Íslandi þar sem hann starfaði um áratugaskeið. Hann bjargaði íslensku kartöfluyrkjunum, sem voru á hraðri leið til glötunar vegna úrkynjunar, með því að hefja stofnræktun þeirra fyrir rúmum 40 árum þar sem hann bjó til nýja veirufria stofna af gömlu yrkjunum með vefjaræktunartækni.

Sveinn Sæland, garðyrkjubóndi á Espiflöt í Reykholti og fyrrverandi formaður Sambands garðyrkjubænda, átti um árabil í samstarfi við Sigurgeir.

„Ég þekki hann best af hans störfum sem eftirlitsmanns með íslenskri garðyrkju og innflutningi á plöntum – en við þekktumst í um 45 ár, eða frá því við vorum báðir við nám í Kaupmannahöfn. Garðyrkjubændur báru óttablandna virðingu fyrir honum, því þegar hann birtist á vettvangi þá gat vöðinn verið að slugs varðandi sjúkdómahættu á sínum býlum.“

Gekk sjálfur í málið


Sveinn segir að Sigurgeir hafi verið nákvæmur, strangur og með fastmótaðar hugmyndir – en um leið sanngjarn. „Til marks um þetta má nefna að þegar fyrsta blómatriphs kom til landsins, sem er meindýr í blómarækt, tók hann það mjög föstum tókum að útrýma þessum skaðvaldi á bæjum. Hann fylgdi vel eftir þeim bændum sem höfðu fengið þetta inn á býlin og ef menn fylgdu ekki þeim fyrirmælum sem hann lagði fyrir þá, mætti hann einfaldlega á staðinn með sín tæki og gekk sjálfur í málið,“ segir Sveinn.

„Hans aðalstarf sneri að garðyrkjunni í heild sinni og fólst meðal annars í því að hafa eftirlit með innflutningi. Engin vara skyldi fara inn í landið, hvort sem það voru plöntur, græðlingar eða blóm, sem ekki hefði vídeigandi heilbrigðisvottorð.“

Hann fór yfir allan þennan innflutning samviskusamlega og af mikilli natti. En því miður hefur verið losarabragur á þessum hlutum síðan hann hætti og stundum er það bara tilviljunum háð hvort þessum atriðum er fylgt nægilega vel eftir,“ bætir Sveinn við. Samband garðyrkjubænda heiðraði Sigurgeir 2019 og var einhugur um það val á meðal garðyrkjubænda, að sögn Sveins.

Stofnræktunin á kartöfluyrkjum

Blaðamaður heimsótti Sigurgeir í húsnæði Landbúnaðarháskóla



Vefjaræktaðar plöntur.

Íslands á Keldnaholti í október 2018, þar sem hann var með starfsstöð. Þá var hann formlega hættur störfum hjá Matvælastofnun en sinnti enn vefjaræktuninni af mikilli ástríðu fyrir kartöflubændur og var umhugað um að áfram yrði vel haldið utan um hana og stofnræktunina á kartöfluyrkjunum.

Þar sagði hann að kartaflan væri sérstök að því leyti að útsæði væru vatnsauðug og næringarrík stöngulhnyði en ekki þurr frá eins og hjá öðrum nytjajurtum. Því væri greið leið fyrir smitefni í gegnum útsæðið í ræktun kartaflna ef ekki er ástunduð sérstök smitfri stofnræktun á útsæði. Kartöflubændur þurfi því að endurnýja reglulega sitt útsæði, en flestum öðrum nytjajurtum sé hægt að fjölga með fræsöfnun og þurrkun – sem lágmarki líkur á slíku smiti. Hægt sé að flytja inn stofnútsæði erlendis frá, en ekki af íslensku yrkjunum Gullauga, Helgu og Rauðum íslenskum.

Vefjaræktunin aftur farin af stað

Einar Grétar Jóhannsson, Eyrarlandi í Eyjafirði, starfaði í áratugi með Sigurgeiri að ræktun stofnútsæðis, en einungis þrjár kartöflubændur hafa séð um þessa hlið kartöfluræktar á Íslandi. „Sigurgeir var guðfaðir þessa verkefnis að bjarga íslensku yrkjunum.“

Gæði íslenskra kartaflna voru orðin afar bágborin þegar Sigurgeir hefst handa í björgunarstörfum sínum. Kannski var fyrst og fremst kunnáttuleysi um að kenna að staðan var orðin þannig.

Mér er minnisstætt þegar hann mætti eitt sinn á fund okkar kartöflubænda, sem voru nú miklu fleiri á þeim tíma en þeir eru í dag, að hann sýndi okkur á sjálfum kartöflunum hvað nákvæmlega var að þeim sem við höfðum ekki hugmynd um. Þarna voru skýr einkenni um ýmsa sjúkdóma, eins og vírusa, sem höfðu áhrif á útlit og sprettu – sem við lærðum svo að þekkja. Þetta segir margt um hans góðu mannkosti, en hann var einstaklega vandvirkur í öllu og vildi gera eins vel og hægt var.

Það er honum að þakka að við erum enn með þessa íslensku stofna okkar sem voru að úrkynjast. Þegar Sigurgeir hætti alveg vefjaræktuninni tók því miður enginn við henni og þessi ræktun lá niðri í fáein ár.

Sem betur fer fór hún aftur í gang á síðast ári hjá Mátis, sem þýðir að við stofnræktendur fáum aftur alveg veirufritt útsæði á þessu vori aftur til ræktunar í gróðurhúsum okkar. Sigurgeir hefði gláðst yfir því að þetta sé komið aftur í réttan farveg,“ segir Einar Grétar.

/smh

Léttar og meðfærilegar
brunadælar frá Tohatsu



VE1500
107kg
2050 L/min (6 Bar)
Bensín 2cyl / 2 gengis
Sogar 9 metra hæð
Hægt að raðtengja..
..1 Km hver dæla



V20FS
46kg
525 L/min (6 Bar)
Bensín 1cyl / 2 gengis
Sogar 9 metra hæð



Marás ehf
Miðhrauni 13 - 210 Garðabær
S: 555 6444 - www.maras.is

Fagleg ráðgjöf, sala og þjónusta.
Bjóðum aðeins viðurkenndan búnað.



Sigurgeir tók upp á því á Rannsóknastofnun landbúnaðarins að rækta eigin ránmaura til að takast á við spunamaura sem gerðu gúrkubændum meðal annars lífið létt. Þannig losnuðu garðyrkjubændur við að þurfa að úða eitri gegn þessum vágesti, en þá var ekki heimilt að flytja ránmaura inn í landið.



YAMAHA

pioneer

SIGLDU INN Í SUMARIÐ

YAMAHA á Íslandi býður breiða vörulínu af vönduðum utanborðsmótörum auk hágæða og sterkra Pioneer plastbáta sem eru fánlegir í mörgum útfærslum og litum. YAMAHA utanborðsmótora eru þekktir um allan heim fyrir kraft, gæði og áreiðanleika. Með YAMAHA utanborðsmotor og Pioneer plastbát má ná fullkominni þörun á motor og bát þar sem fara saman gæði, styrkur, ending og áreiðanleiki.



» **PIONER 10 CLASSIC**
Fyrir motor allt að: 9,9hp
323x147cm, fyrir 3 pers.
Verð: 720.000 kr.



» **PIONER 12 MAXI**
Fyrir motor allt að: 15hp
381x165cm, fyrir 4 pers.
Verð: 870.000 kr.



» **PIONER 14 ACTIVE**
Fyrir motor allt að: 25hp
411x173cm, fyrir 3-4 pers.
Verð: 1.160.000 kr.



» **PIONER 15 ALLROUND**
Fyrir motor allt að: 30hp
470x180cm, fyrir 5 pers.
Verð: 1.430.000 kr.



» **PIONER 16 EXPLORER**
Fyrir motor allt að: 60hp
507x210cm, fyrir 6 pers.
Verð: 1.960.000 kr.



» **PIONER 17 FLEXI**
Fyrir motor allt að: 80hp
520x215cm, fyrir 6 pers.
Verð: 2.930.000 kr.



» **PIONER MULTI III**
Fyrir motor allt að: 80hp
530x215cm, fyrir 8-10 pers.
Verð: 2.990.000 kr.



» **400 STEADY BY PIONER**
Fyrir motor allt að: 40hp
400x180cm, fyrir 5 pers.
Verð: 1.140.000 kr.



YAMAHA F6CMH
fjörgengis - 6 hp
Verð: 367.000 kr.



YAMAHA F9,9JMH
Fjörgengis - 9,9 hp
Verð: 590.000 kr.



YAMAHA F15CMH
Fjörgengis - 15 hp
Verð: 665.000 kr.



YAMAHA F25GWH SL
Fjörgengis - 25 hp
Verð: 825.000 kr.



YAMAHA F30BEHD L
fjörgengis - 30 hp
Verð: 890.000 kr.



YAMAHA F40FEHD S/L
fjörgengis - 40 hp
Verð: 1.050.000 kr.



YAMAHA F70AET L/X
fjörgengis - 70 hp
Verð: 1.690.000 kr.



YAMAHA F80BET L/X EFI
fjörgengis - 80 hp
Verð: 1.850.000 kr.

pioneer

YAMAHA Á ÍSLANDI
ARCTIC TRUCKS

YAMAHA

Fyrirvari: Verð miðast við grunnútgáfu af hverjum bát. Myndir geta innhaldið aukabúnað sem ekki fylgja grunnútgáfu. Verð á bátum innifelur ekki verð á motor. Öll verð eru með VSK og miðast við gengi 8. maí 2023.

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is

MENNING

Klassísk leikverk:

Sett á svið í upphafi aldar

Fyrir rétt tæpum hundrað árum, rétt eins og nú, þótti fólki gaman að lyfta sér upp enda rétt að gera sér dagamun við ýmis tækifæri. Íslensk ritverk, þá Dansinn í Hruna, Galdra-Loftur og Fjalla-Eyvindur áttu vel upp á pallborðið hjá fólki og leikskáld á borð við þýsku félagana og skopritarana þá Arnold og Bach þóttu móðins – þykja reyndar enn í dag – og voru verk þeirra mörgum til ánægju.

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Föstudaginn 27. mars árið 1931, hóf Leikfélag Reykjavíkur sýningar á hinu hressilega verki þeirra „Húrra-krakki“, þótt megi segja segja að ekki hafi það mælst jafn vel fyrir hjá öllum. Fyrstu dómar gagnrýnenda voru frekar neikvæðir og í Alþýðublaðinu þann 8. apríl sama ár birtist eftirfarandi:

„... Hann leið þó ekki svo þessi vetur, að við fengjum ekki að sjá hér húrra-leik, skripisenur og uppbreitt leiksviðsnef. Ef til vill var það gott, því þótt Húrra-krakki og annað slíkt botnskráp úr leikritaheiminum sé langt frá því að vera list, þá lítur svo út sem Reykvikingum líki vel að sjá það, sem á botninum geymist. Húrra-krakki er tekið af vörulager þeirra Arnolds og Bachs. Þar er nógu af að taka. Leikurinn er skritinn og hlægilegur á köflum, en þó nauðaðmerkilegur. Leiklistargyðjan ræður þar litlu, heldur mun hún standa á lengdar og roðna af skömm, Haraldur Sigurðsson leikur stálpaðan krakkann ... þegar hann klæjar, þá er hann beztur, því að þá hristist búkurinn. Mörtu Kalmann var leiðinlegt að sjá í hlutverki sínu. Hún sámir sér betur á öðrum vettvangi, – í betri leikritum.“

Stóðu sýningar á Húrra-krakka í um tvo mánuði og voru ágætlega sóttar þrátt fyrir sem ekki besta gagnrýni. Þó verður að taka fram að bæði dagblaðið Vísir, svo og Fálkinn, kunnu betur að meta skripaleikinn og segir í Fálkanum að áður hafi hælendis verið sýnd þrjú leikrit eftir þá félagana þýsku, Spanskflugan,


Gleiðgosinn og Stubbur, við mikinn fögnuð og gefi Húrra-krakki þeim ekkert eftir. En sitt sýnist hverjum – og hefur leikritið komist á fjalirnar, að minnsta kosti allt til ársins 1990 – þegar Leikfélag Hofsóss setti það upp við góðar undirtektir.

Kröftugur dans í Hruna

En aftur til baka um hundrað ár. Er minnst á eitt efnis- og viðamesta leikrit þessa tíma árið 1921 í dagblaðinu Lögbergi. Um ræðir leikritið Dansinn í Hruna sem Indriði Einarsson rithöfundur, í tilefni sjötugsafmælis síns, setti saman með þjóðsöguna margfrægu sér til hliðsjónar. (... þegar Hrunakirkja sökk í jörðu er dansað var þar innandyrna eina jólanóttina.)

Var mikil spenna fyrir sýningu leikritsins, enda talið eitt besta leikrit sem út hefði komið á íslensku og vildu margir bíða eftir að byggingu Þjóðleikhússins lyki svo hægt væri að sýna verkið þar. Leikfélag Reykjavíkur var þó fyrri til, valdi það sem jólasýningu um fjórum árum síðar og var húsfyllir kvöld eftir kvöld. Var Dansinn í Hruna sýndur allt til sunnudagsins 14. febrúar við mikla aðsókn. Gagnrýnendur voru þokkalega ánægðir en þó kemur fram í Morgunblaðinu, „... Leikritið er víða kröftugt, og þungur undirstraumur dularafla í því. En sumstaðar virðist það vera of langdregið og missa tök á áheyrendum; hvort sem það nú er höfundur þess eða leikendum að kenna.“

Heyrðist síðast af uppsetningu leikritsins árið 1979 er Ungmennafélagið í Hrunamannahreppi setti leikritið á svið í tilefni afmælis síns.



Frá umfjöllun Morgunblaðsins um Galdra-Loft, árið 1933, þau Indriði Waage, Soffía Guðlaugsdóttir og Arndís Björnsdóttir í hlutverkum sínum.

Þótti hugmyndin skemmtileg og leikurinn vel lukkaður.

Fjalla-Eyvindur

Á tímabilinu í kringum 1920-1930 má til viðbótar nefna verkin um Fjalla-Eyvind og Galdra-Loft, bæði vegleg og vel kynnt. Í Morgunblaðinu, í byrjun apríl árið 1921, kemur fram hve leikritið um Fjalla-Eyvind sé óhemjuvinsælt enda þekkir alþjóð að mestu söguna um hinn fræga útilegumann. Tvíst var á leikritinu en ákvað höfundur þess að koma Höllu, konu Eyvinds, betur í sviðsljósið og segir svo í blaðinu:

„... Leikrit Jóhanns heitins Sigurjónssonar, sem í kvöld fagnar því sjaldgæfa láni vinsældanna að vera leikið í fimtugasta sinn hér í Reykjavík, hefir verið nefnt Fjalla-Eyvindur á íslensku, enda var það Fjalla-Eyvindur sem lifði best í þjóðarmedvitundinni, en Höllu minnst færri. Jóhann Sigurjónsson hefir breytt þungamiðju sögunnar af Fjalla-Eyvindi í leikriti sínu. Halla verður aðalpersónan.“

„Engum dettur í hug að halda, að Fjalla-Eyvindur væri kominn að fimtugustu sýningu í smábænum Reykjavík, ef Halla hefði eigi verið í meistarahöndum frú Guðrúnar Indriðadóttur. Það er hennar verk, að leikurinn er sýndur í fimtugasta sinn í kvöld. Það er henni að þakka, að enginn sá, sem ann góðum leik, getur þreyst á að horfa á Fjalla-Eyvind og finnur alt af nýtt aðáunarefni í hvert skifti sem hann sér leikinn. Það er hámark íslensks harmsöguleiks, bæði hvað snertir efni og meðferð. Það er þungur vandi sem höfundurinn hefir lagt á herðar þeirrar leikkonu, sem með Höllu-hlutverkið fer. Og er það ánægjulegt, að íslendingar skuli hafa átt þá leikkonu, sem gat, leyst þennan vanda svo vel af hendi. að aðrar hafa ekki gert betur.“

Leikur frú Guðrúnar Indriðadóttur hefir orðið það snildarverk, að ef til vill verður þess eigi mörg ár að bíða, að Fjalla-Eyvindur verði sýndur í hundradasta sinn. Kveldið verður því fyrst og fremst sigurhátíð hennar og sýnir viðurkenning íslenskra áhorfenda á meðferð hennar á Höllu-hlutverkinu, sem mun vera það hlutverk er henni hefir orðið kærast. Frúin hefir eigi að eins leikið hlutverkið í hvert skifti sem Fjalla-Eyvindur hefir verið leikinn hér. Hún hefir og leikið Höllu í Winnipeg og úti um íslendingabygðir vestan hafs, og það býsna oft, og hlotið sama lof og hér.



Jóhann Sigurjónsson skáld.

Galdra-Loftur

Galdra-Loftur, eftir sama höfund, Jóhann Sigurjónsson, var annað verk sem sat vel í fólki. Að minnsta kosti þegar var um bókmenntalegt gildi að ræða, en þótti Galdra-Loftur síður fallinn til sýninga á sviði og náði ekki jafn veglegum vinsældum og Fjalla-Eyvindur.

Verkið, sem var frumflutt á jólum í Reykjavík árið 1914, fjallaði um skólapiltinn Loft Þorsteinsson, nema á Hólum sem fékkst við kukla og galdra – auk þess að barna eina vinnukonu á staðnum – en um hann má lesa nánar í íslensku þjóðsögnum.

Þar segir meðal annars að Loftur hafi áætlað að ná galdrabókinni frægu, Rauðskinnu, en mistekist og því sem næst sturlast í kjölfarið enda samkvæmt eigin skilningi selt sálu sína djöflinum. Þá verði komið fyrir hjá öldruðum presti sem var þekktur fyrir handayfirlagnir og kröftugar bænir en segir í sögunni „en þó varð presti aldrei ugglaut um hann; stóð honum mestur stuggur af því að Loftur vildi aldrei biðjast fyrir með honum.“ Loftur fann þó til öryggis hjá prestinum og vék aldrei frá honum. Þó kom að því eitt skipti er prestur var kallaður til að sinna sjúkum að Loftur sagðist veikur og vildi halda sig heima. Veikin rénaði þó um leið og prestur hafði horfið á brott og ákvað Loftur að róa örlítið út fyrir landsteinana enda lygnt í veðri og blíða. Var það hið síðasta er sást til hans en vildu menn meina að grá loðin hönd hefði tekið um skut bátsins og dregið í kaf.

Síðla árs árið 1927 tók Leikfélag Akureyrar verkið upp á arma sína og hlaut aðalleikarinn, Haraldur Björnsson í hlutverki Galdra-Lofts, einróma lof. Kemur fram í tölublaði Íslendinga í desemberbyrjun sama árs að um ræði erfiðasta hlutverk íslenskrar leiklistar. „En þeim sem hafa séð Harald leika Loft, verður hann ógleymanlegur.“

Fjalla-Eyvindur og Halla.



Fjalla-Eyvindur og frú á sviðinu árið 1921, þau Guðrún Indriðadóttir og Helgi Helgason.

Nokkrum árum seinna, síðla hausts 1933, var verkið aftur tekið upp í Reykjavík og voru þá í aðalhlutverkum Indriði Waage sem Loftur, Soffía Guðlaugsdóttir lék Steinunni og Arndís Björnsdóttir í hlutverki Dísu.

Gagnrýnanda Morgunblaðsins, Kristján Albertssyni, leist svo á: „... Ég hirði ekki að rekja þráð leiksins, því hann er öllum kunnur. Indriði Waage leik GaldraLoft. Margt var gott í leik hans, einstök augsnefni tókust ágætlega, sjerstaklega særingar og sturlun Lofts í leiklok.“

En yfirleitt skorti þennan góða leikara bolmagn og sálarmagn til þess að valda þessu hlutverki, sýna kynjakraft og ofsa hins unga ofurhuga, sem vill brjóta undir sig manneskjur og myrkra völd. Soffía Guðlaugsdóttir leik Steinunni, ekki alstær náttúrlega, en því betur því meir sem á reyndi. Hún gerði upp sakirnar við Loft af hatrömmu ástríðumagni. Og ef til vill hefir hún aldrei fyr náð slíkum tökum á áhorfendum, sem í lok annars þáttar, þegar Loftur hefir svikið hana, og hún gefur sig örvæntingunni, á vald, yfirbuguð, helsærð, starir niður í djúp sinnar eigin glötunar og skelfur af gráti. Önnur hlutverk voru mjög samilega leikin, en ekkert svo vel, að sjerstaklega sje orð á gerandi.

Mjög var til sýningarinnar vandað, um allan leiksviðsútþúnað, og auðfundið að Leikfélagið hafði gert alt, sem í valdi þess stóð til þess að hún yrði samboðin hinu glæsilega skáldverki. Fögnuður áhorfenda var með mesta móti.“

Þetta var nú örlítið yfirlit yfir leiklistina fyrir um öld síðan. Fjalla-Eyvindur hefir síðan verið settur upp oft en hin þrjú sem um var fjallað og því væri áhugavert að sjá hvernig landsmönnum myndi lítast á verkin í dag, um hundrað árum síðar en þau sáust fyrst á sviði.

ÆVINTÝRI Á SPÁNI HAUSTIÐ 2023

UPPBÝGGJANDI OG SKEMMTILEG KVENNAFERÐ

Kristín Linda sálfræðingur hjá Huglind og Inga Geirs. fararstjóri hjá Skotgöngu bjóða upp á vikuför til Albír á Alicante á Spáni 10. október í haust. Bókanir hafnar, beint flug, gott hótél, hálf fæði innifalið.


KONUR 40 + SJÁLFSRÆKT OG GANGA

Vikuför fyrir konur 40 ára og eldri, uppskrift sem hefur algjörlega sannað sig enda þétt og gefandi dagskrá. Inga Geirs sér um fararstjórn, skoðunarferðir og gönguferðir. Kristín Linda heldur sín vinsælu uppbyggjandi lífsgæðanámskeið sem eru bæði hagnýt og skemmtileg. Vikuferðir sem hlotið hafa frábær meðmæli, stakar konur sérstaklega velkomnar en líka kjörið fyrir vinkonur.

Þetta verður 12 ferðin á fjórum árum.

Um 300 konur hafa nú þegar nýtt sér þessa dagskrá og margar komið aftur og aftur það segir sína sögu! Samkennd, gleði, upplifanir, uppbygging og ný kynni, vilt þú koma með?

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG BÓKANIR: www.skotganga.co.uk
inga@skotganga.co.uk kristinlinda@huglind.is



Kristín Linda og Inga Geirs.

Hvað er ...

Bokashi?

Bokashi er loftfirrt verkun á lífrænum sorpi, laus við lyktarmengun. Með þar til gerðum tunnnum, örverum og réttu vinnulagi tekur nokkrar vikur fyrir sorpið að verða að nothæfum lífrænum áburði.

Í stuttu máli snýst bokashi um að súrsa matarafganga og annað heimilissorp. Gerjunin sem á sér stað á margt sameiginlegt með verkun á votheyi. Til að nýta þessa aðferð þarf þar til gerðar bokashi tunnur. Þær eru eins og lífill súrheysturn; loftþéttar, með fölskum botni og rými fyrir vökvann sem lekur frá sorpinu. Á botninum er ventill til að tappa af vökvannum eftir þörfum. Uppruni verkunaraðferðarinnar er talinn koma frá Austurlöndum fjær og er orðið dregið úr japönsku. Á því tungumáli þýðir bokashi „gerjað lífrænt efni“.

Samanborið við margar aðrar aðferðir við að jarðgera lífrænt sorp, er bokashi nánast lyktarlaust. Einungis kemur óþefur rétt á meðan tunnan er opnuð og þá sérstaklega ef gerjunin hefur misheppnast. Matarafgöngunum er sturtað í tunnuna einu sinni á dag. Jafna þarf hvert lag og þjappa til að minnka aðgengi súrefnis. Gott er að vera með ílát til að safna matarafgöngum yfir daginn og bæta á tunnuna einu sinni á sólarhring. Bokashi mjóli er sáldrað yfir hvert lag, en það er klíð smitað með gerlunum sem koma rétttri verkun af stað.

Hægt er að nota svo gott sem alla matarafganga sem hráefni í bokashi. Til þess að massinn verði sem þéttastur er rétt að búta niður stórar einingar. Ekki er mælt með að setja mikinn vökva, olíu og maíspoka. Matvæli sem eru mjög mygluð geta jafnframt spillt verkuninni.

Með tímanum lekur vökvi í gegnum sigtið í botninum. Safinn inniheldur mikið köfnunarefni og er hægt að nýta hann til þriggja hluta, eða skola í niðurfali. Í fyrsta lagi er hægt að þynna hann út og nota sem áburð. Hlutföllin eru einn hluti safi á móti eitt til tvö hundruð hlutum af vatni. Í öðru lagi er hægt að taka vökvann óþynntan og drepa með honum illgresi. Í þriðja lagi er hægt að setja vökvann óþynntan í niðurfali og losa stíflur.

Þegar tunnan er full er hún tekin til hliðar og matarafgöngunum gefinn tími til að súrsast í tvær vikur við stofuhita. Á meðan þarf að hafa aðra tunnu til taks og fylla á meðan sú fyrri fær að bíða. Að gerjunartímanum liðnum er hægt að taka sorpið og setja í moltutunnu eða grafa í beð og þekja með mold. Þar brotnar hráefnið niður á skömmum tíma og nýtist sem lífrænn áburður í garðrækt.

Tilraunir hafa verið gerðar hér á landi við að verka lífrænan úrgang sem fellur til í búskap sem áburð á tún. Þá er honum safnað í stæður utandyra, sem lokað er fyrir með plastdúk – svipað og við verkun heys í útistæður.

/ÁL



Dæmi um lífræna matarafganga í bokashi-tunnu.

MENNING

Alþjóðlegi safnadagurinn

Alþjóðlegi safnadagurinn er vel þekktur, en tæplega 40 þúsund söfn víðs vegar um heiminn halda hann hátíðlegan ár hvert.

Þennan dag fylgja söfnin þema er Alþjóðlega Safnaráðið (ICOM - International Council of Museums) boðar ár hvert. Nú í ár er þemað „Museums, Sustainability and Well-being“ – eða Söfn, sjálfbærni og vellíðan, og endurspeglar hversu mikilvægt hlutverk safna er, þegar kemur að málefnum sem varða sjálfbæra þróun og vellíðan fólks.

Eru forsvarsmenn safna í einstakri stöðu til þess að koma jákvæðum breytingum til leiðar, auka almenna þekkingu og vinna gegn fordómum – t.a.m. með miðlun, rannsóknnum og fræðslu, sem allt eru mikilvægir þættir í starfi safna.

Sjálfbærni og umhverfismál hafa gjarnan verið



Farskóla safnmanna 2022. Mynd / Hörður Geirsson.

Íslendingum ofarlega í huga og hafa fjölmörg söfn hérlandis fjallað um slík málefni gegnum tíðina, staðið fyrir sýningum, rannsóknum og fræðslu, sem tengjast sjálfbærni og hvernig má taka umhverfisvæn skref í nærsamfélaginu.

Eins og gestir vita er aragrúi af sýningum og fræðslu á söfnum sem eru ætluð til uppljómunar jafnt sem skemmtunar. Í mörgum tilfellum er fjallað um fortíðina þar sem viðfangsefni samtímans og jafnvel framtíðar eru oft sett í samhengi – þá ekki síst er kemur að sjálfbærni fyrri ára sem við í dag gætum tekið upp og tileinkað okkur.

Þá hafa mörg söfn staðið fyrir viðburðum fyrir fjölbreytta hópa fólks, sem er mikilvægt til að vinna gegn félagslegri einangrun og bæta andlega heilsu.

Safnadagurinn á Íslandi er haldinn af Íslandsdeild ICOM og FÍSOS (Félagi íslenskra safna og safnmanna).

Við hvetjum ykkur eindregið til að halda upp á daginn með því að heimsækja safn!

Þú veist hvað þig vantar

- við fjármögnum

Lykill
fjármögnun

Skotveiðifélagið Bjarmaland:

Þarf að minnka það tjón sem refir og minkar valda

Aðalfundur Bjarmalands, félags atvinnuveiðimanna í ref og mink var haldinn þann 16. apríl á Brúnum í Eyjafirði.

Starf félagsins hefur legið niðri í nokkur ár en að sögn Garðars Páls Jónssonar, nýkjörins formanns, var þörf á því að lífga félagið við til að halda áfram þeirri vinnu að minnka það tjón sem refir og minkar valda og nýta þá reynslu sem veiðimenn félagsins búa yfir.

Rúmlega þrjátíu félagsmenn voru mættir til fundar sem einnig var sendur út á netinu fyrir þá sem gátu ekki komið. Snorri Jóhannesson, fráfarandi formaður, á Augastöðum setti fundinn og hafði framsögu þar sem hann fór meðal annars yfir störf félagsins síðustu ár. Garðar segir að félagið árétti þörfina á því að unnið sé áfram í því að halda stofnstærð á ref og mink niðri og líst félagsmönnum illa á þær hugmyndir sveitarfélaga um að komast ódýrt frá þessari skyldu sinni með því að ráða „spákaupmenn“ til að sinna þessari vinnu.

Kjör veiðimanna versnað

Meðal þeirra mála sem voru til umræðu á fundinum voru kjör veiðimanna, en að sögn Garðars hefur kostnaður vegna þessara veiða hækkað gríðarlega undanfarin ár en skotlaun nokkurn veginn staðið í stað og ekki fylgt vísitölu. „Það er mikilvægt að leiðrétta kjör félagsmanna og greiða þeim sanngjörn laun fyrir vinnu sína, akstur er í mörgum tilfellum mjög mikill og lítið hefur verið gert í að greiða fyrir hann. Svo dæmi sé tekið.“

Svo verður að skoða hvernig á að taka á útgunarstöðvum refs og minks í friðlöndum og þjóðgördum, það er vafasamur gjörmingur að ætla sér að hlúa að fuglalífi á þessum stöðum en bjóða jafnframt upp á veisluborð fyrir þá varga sem geta alist þar upp óárettir.

Það hefur sýnt sig að lítil sem engin grenjaleit að vori leiðir til þráláttra vandræða vegna dýrbíts á þeim svæðum sem slíkt hefur verið reynt, félaginu líst illa á hugmyndir sveitarfélaga að borga ekki fyrir leit þó svo að lögin gefi þeim svigrúm til að gera þetta á þennan veg,“ segir Garðar.



Garðar Páll Jónsson er nýr formaður Bjarmalands, félags atvinnuveiðimanna í ref og mink. Myndir / Aðsendar



Bjarmaland, félag atvinnuveiðimanna, hefur verið lífgað við.

Fráleitt að kostnaður lendi á æðarbændum

Að sögn Garðars ræddu félagsmenn um að bæta þurfi vargvöktun kringum æðarvörp og finna þurfi grundvöll til að leysa þau mál. „Ef grenjaleit er hætt á þeim svæðum sem æðarvarp eru, stóreykst sú vinna sem þarf að sinna til að halda ref frá varpinu. Þessi vinna lendir á eigendum varpsins og þeirra að greiða fyrir hana, það er algjörlega fráleitt að þessi kostnaður lendi á æðarbændum, oftast er þessi kostnaðaraukning komin til vegna slægrar vinnu sveitarfélaga.“

Auka þarf minkaveiði, það hefur sýnt sig ítrekað að honum má halda niðri með góðri og rétttri vinnu en um leið og slakað er á stóreykst fjöldinn, nóg er komið af rannsóknnum á þessum málum, frekar er að setja stærri fjárhæðir í að útrýma mink, allavega á þeim svæðum þar sem það er hægt, og svo það sé áréttað, það er hægt að útrýma mink á vissum svæðum.“

Sauðfjrabændur tilkynni tjón

Garðar minnir veiðimenn á að mikilvægt sé að sinna rannsóknarvinnu samhliða vinnu sinni, með aukinni þekkingu á bráðinni og lífi hennar veitist betri skilningur á henni. Þá beinir hann því til sauðfjareigenda að skrá niður tjón vegna refa og tilkynni til Matvælastofnunar.

Í nýrri stjórn Bjarmalands eru þeir Garðar Páll Jónsson formaður, úr Skagafirði, Daði Lange Friðriksson gjaldkeri, úr Þingeyjarsveit, Þórir Indriðason úr Borgarfirði, Keran St. Ólafsson frá Patreksfirði og Jón Kristinnsson úr Reykjavík. Félagar eru um 200 talsins.

/smh



Sigurður Haraldsson, kjötiðnaðarmeistari í Pylsumeistararnum, og Tjörvi Bjarnason, sem standa að verkefninu.

Vörupróun:

Puttalingar eru snakkpysur úr ærkjöti

Fyrir rúmu ári var veflæga markaðstorgið Matland (matland.is) opnað matgæðingum sem vilja kaupa íslenska búvöru og matvæli.

Matland er í samstarfi við bændur og aðra íslenska matvælaframleiðendur, auk þess að vera með eigin vörupróun í samstarfi við Pylsumeistarann. Fyrir skemmstu voru snakkpysur úr ærkjöti markaðssettar, sem Puttalingar heita. Tjörvi Bjarnason er fram- kvæmdastjóri Matlands, en hann er kunnur af störfum sínum fyrir Bændasamtök Íslands til margra ára. „Puttalingarnir eru snakkpysur úr ærkjöti sem er ættað frá Kristínu og Sindra í Bakkakoti. Þetta er ný vara á markaðnum og er hluti af þróunarverkefni um nýjar matvörur úr ærkjöti sem meðal annars hefur hlotið styrk frá Matvælasjóði og úr Þróunarsjóði sauðfjarræktarinnar,“ segir hann.

Fleiri vörutegundir úr ærkjöti

„Puttalingarnir eru að mörgu leyti líkir áþekkingu snakkpysum sem eru vinsælar hjá íþróttafólki sökum hárs próteininnihalds. Þá hefur komið í ljós að börn og unglingar kunna vel að meta Puttalingana og bjóráhugafólk er síður en svo eftirbátar þeirra því snakkpysurnar fara sérlega vel með öli,“ bætir Tjörvi við.

Það er Matland og Sigurður Haraldsson, kjötiðnaðarmeistari í Pylsumeistararnum, sem standa að verkefninu. „Auk Puttalinganna höfum við þróað og framleitt í tilraunaskyni ærskinku, salami,



Puttalingar frá Matlandi.

kjötbollar úr ærkjöti og auðvitað gömlu góðu bjúgun sem eru úr 98 prósent kjöti. Við erum í miðju kafi í þessu og vörurnar lofa góðu, þær eru bragðgóðar og þeir sem hafa smakkað láta vel af. Sigurður í Pylsumeistararnum hefur það sem sérstakt keppikefli að framleiða vörur sem eru lausar við öll óþörf íblöndunarefni og innihalda eingöngu kjöt, krydd og salt.“

Lágt afurðaverð fyrir ærkjötið

Tjörvi segir að kveikjan að því að þróa kjötvörur úr ærkjöti hafi verið hvað bændur fá sorglega lítið greitt fyrir þessa kjötafurd. „Um þúsund tonn falla til árlega af kindakjöti sem lítið fæst fyrir. Raunar er afurðaverðið svo lágt að það dekkar vart sláturkostnað, hvað þá að borga bóndanum laun.“

Frá því að verkefnið hófst sjáum við að það er hægt að gera ýmislegt með ærkjötið.



„Um þúsund tonn falla til árlega af kindakjöti sem lítið fæst fyrir. Raunar er afurðaverðið svo lágt að það dekkar vart sláturkostnað, hvað þá að borga bóndanum laun,“ segir Tjörvi.

Kæli- og frystiklefar í öllum stærðum og gerðum

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa

Mikið úrval af hillum



Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrulegum kælimiðlum



Kælitækni

Járnháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 440 - 1800
www.kaelitaekni.is



Skinka sem þeir þróðu hlaut gullverðlaun í Fagkeppni kjötiðnaðarmanna.

Með því að þróa þessar vörur og selja með upprunatengingu við bæina teljum við að auka megi verðmætin. Við fundum það líka í kringum jólin að hangikjöt af ám í góðum holdum nýtur mikilla vinsælda hjá vissum hópi neytenda.“

Annars konar framleiðsluferfi

Að sögn Tjörva fylgja ýmsar áskor- anir framleiðslunni, til dæmis vilja menn síður að búið sé að frysta ærkjöt sem fer í skinku og salami. „Við sömdum við Sindra í Bakkakoti um kaup á ám og þeim var síðan slátrað í Brákarey í Borgarnesi í nokkrum hollum. Þetta er auðvitað annars konar framleiðsla en tíðkast en er vel framkvæmanlegt.

Það hentar til dæmis vel að fá ærkjöt í kjölfar sónaðsköðunar að vetri og sleppa við að hafa geldærnar á húsi. Eins getur borgað sig fyrir bændur að halda einhverjum ám á fóðrum inn í veturinn ef þeim er umbunað fyrir það í sláturverðinu,“ segir Tjörvi.

Hann segir að vörurnar úr ærkjötinu komi vonandi á markað með haustinu en þær er hægt að fá í takmörkuðu magni á Matlandi og í verslun Pylsumeistarans við Hrístateig í Reykjavík.

„Tilraunirnar hafa lofað góðu og við höfum tröllatru á því að þetta sé hægt. Við erum að þróa umbúðir og höfum verið með nokkrar vörur í tilraunasölu og til kynningar. Sigurður í Pylsumeistanum sendi til dæmis skinkuna í Fagkeppni kjötiðnaðarmanna í fyrra og þar hlaut hún gullverðlaun, sem verður að teljast frábær árangur með glænýja vöru.“

Ærkjötíð verið hornreka í vöruþróun

Tjörvi segir að styrkjunum frá Matvælasjóði og úr Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar sé einkum ætlað að þróa vörurnar áfram svo þær henti til viðameiri markaðssetningar. „Markmið verkefnisins er að fullþróa vörurnar og gera þær markaðshæfar. Gera áætlun um að skala framleiðsluna upp svo hægt sé að koma vörunum í meiri sölu, til dæmis í stórmarkaði og inn á veitingastaði. Niðurstöður verkefnisins verða vonandi á þá leið að skapa frumframleiðendum herra verð fyrir ærkjöt og öllum í framleiðslukeðjunni sanngjarnt endurgjald fyrir sína vinnu.

Nýjar og spennandi vörur eru lykillinn að því að neytendur vilji borða þær. Það er mikil sóun fólgin í því að nýta ekki þau hráefni sem við framleiðum sjálf. Það á vel við þegar horft er til ærkjötisins sem hefur verið hornreka í vöruþróun síðustu áratugi og illa nýtt,“ segir Tjörvi Bjarnason hjá Matlandi

/smh

Skagafjörður:

Hefur staðið samfélagsvaktina í áratugi

Rögvaldur Valbergsson var á dögum útnefndur handhafi Samfélagsverðlauna Skagafjarðar árið 2023 af atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Skagafjarðar.

Í rökstuðningi segir að Rögvaldur sé flestum Skagfirðingum að góðu kunnur. Hann hafi staðið vaktina í samfélaginu í áratugi og aðstoðað leika og lærða. Afrek hans séu mörg og tengist iðulega tónlist. Hann hafi verið óþreytandi að leggja góðum hlutum lið og sé hafsjór fróðleiks. Rögvaldur hefur spilað undir hjá ýmsum kórum og hópum og verið organisti Sauðárkróskirkju um árabil.



Samfélagsverðlaun Skagafjarðar eru jafnan afhent á Sæluviku í maíbyrjun og eru árlega veitt þeim einstaklingi, fyrirtæki, stofnun eða félagasamtökum á sveitarfélaginu sem þykja standa sig afburðavel í að efla skagfirskt samfélag. /sá

Samfélagsverðlaunahafi Skagafjarðar 2023, Rögvaldur Valbergsson, ásamt eiginkonu sinni Hrönn Gunnarsdóttur.

Mynd / Heba Guðmundsdóttir

LÍFRÆNAR SKÓLPHREINSISTÖÐVAR Í ÖLLUM STÆRÐUM

WPL DIAMOND

• WPL DIAMOND FRÁVEITUHREINSISTÖÐ

Er fyrir 1-55 PE þ.e bóndabýli, sumarbústaði, minni ferðamannastaði, tjaldstæði og húsaþyrpingar þar sem ekki eru tengingar við fráveitu.

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð.

• Stenst allar kröfur Heilbrigðiseftirlits

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir


• Stærðir frá 1 - 55 persónueiningar

• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skólpheinsistöð.

• Uppfyllir ýtrustukröfur um gæði hreinsunar.



WPL
Diamond



WPL HiPAF

kemur í ýmsum stærðum, allt eftir notkun og íbúafjölda. Allt frá 55 persónueiningum og upp í stærstu sveitarfélög.

- Hreinsistöðin í aðskildum einingum auðveldar aðgengi og uppsetningu á svæðum þar sem rými er lítið.
- Engir vélknúnir eða rafknúnir íhlutir.
- Þrautreynd tækni frá WPL byggð á meira en 25 ára reynslu.
- Drif með stillanlegum hraða hámarka orkunýtni.
- Sparneytnar þjöppur með tímastillum í boði sem aukabúnaður
- Hreinsistöðin er grafin í jörðu og spillir því ekki útsýni
- Uppfyllir allar Evrópskar byggingarreglugerðir og reglugerðir umhverfisstofnunnar Evrópu.

Bændablaðið
kemur næst út
25. maí



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Jarðarkaup:

Farsæl sala frágengin

Nýverið var gengið frá afsali á jörðinni Stóru-Hildisey II í Landeyjum sem er nú meðal stærstu kúabúa landsins. Fasteignasali að segir eftirspurn eftir jörðum sé meira en framboð. Þá telur hann að verja þurfi sérstaklega landbúnaðarland.

Síðastliðið vor sagði Bændablaðið frá kaupum kúabændanna Jónatans Magnússonar og Unu Láru Waage á jörðinni Stóru Hildisey II í Landeyjum. Þau ráku áður bú á Hóli í Öndarfirði en fluttu suður með allar sínar mjólkurkúr, vélar og nærri 460.000 lítra mjólkurkvóta sem þau sameinuðu við 540.000 lítra sem fylgdi jörðinni. Með sameiningunni er Stóra-Hildisey II því með þeim stærstu á landinu.

Jónatan tók við rekstri búans 1. maí í fyrra og í viðtali sagði hann ætla að setja upp þrjá mjaltþjóna í fjósinu, þar af tvo sem hann kom með að vestan. Því verki er nú lokið. Í sama viðtali sagði Jóhann, fyrrverandi eigandi jarðarinnar, að það væri ekki einfalt mál að selja svo stórt kúabú enda vandfundnir aðilar sem ráði við slíka fjárfestingu. Kom fram að kaupverðið hafi verið um 400 milljónir króna og fór jörðin Hóll upp í kaupin.

Björgvin Guðjónsson, fasteignasali hjá Eignatorgi, sá um sölu. Hann segir að sala á jörðum sé mun flóknara ferli en sala íbúðarhúsnæðis í þéttbýli. „Hafa þarf mikið fleiri atriði í huga. Þú ert með í höndunum fasteignina, jörðina og svo húsin, ræktarland og jafnvel hlunnindi, þá kvóta, áhöfn og vélar. Því er margt sem þarf að taka tillit til. Þetta er flóknara viðfangsefni en þar af leiðandi mikið skemmtilegra,“ segir Björgvin, en sala Stóru-Hildiseyjar er í heild sinni með stærri kaupum sem hann hefur séð um. Hann segir þó aðra svipaða sölu vera að ganga í gegn þar sem um sams konar sameiningu rekstrar er að ræða.

„Síðan opnað var á það í reglugerðinni að menn gætu flutt



Stóra-Hildisey er vegleg jörð og er nú orðin með sameiningu kvótans að einu stærsta kúabúi landsins.

Mynd / Eignatorg



Björgvin Guðjónsson, fasteignasali hjá Eignatorgi. Hann er búfræðingur og fyrrverandi bóndi í Syðstu-Mörk undir Eyjafjöllum.

Mynd / ghp

kvóta sem þeir eiga yfir á þá eign sem þeir kaupa virðist slík sameining vera að gerast á fleiri stöðum.

Sem rekstrarmaður finnst mér þetta jákvæð þróun. Þegar maður kafar ofan í rekstur á kúabúum



Jónatan Magnússon keypti jörðina Stóru-Hildisey II af þeim Sigrúnu Hildi Ragnarsdóttur og Jóhanni Nikulássyni.

Mynd / Eignatorg

sér maður að hann er áberandi mikið betri þegar hann er kominn í ákveðna stærð. Mörg bú eru með innviði, húsnæði og tæki, sem gæti framleitt verulega meira en upp í þann kvóta sem bændurnir eru með. Stærðarhagkvæmni er mikil og ekki eingöngu í mjólkurframleiðslu, við sjáum það líka á sauðfjárbúum og annars staðar í landbúnaðinum,“ segir Björgvin.

endurnýjunarþörf í landbúnaðinum og mikil eftirspurn eftir jörðum frá yngra fólki.“

Aðspurður segir Björgvin að verð á jarðnæði sé að hækka. „Maður er farinn að finna áhrif erlendis frá. Lóðarverð á landi, sem hægt er að byggja á sumarbústað, íbúðarhús, eða rekstrareignir er farið að stýrast að hluta af því sem þekkest í Evrópu og Bandaríkjunum.“

Bóndi gerðist fasteignasali

Björgvin er sjálfur búfræðingur og bóndasonur, alinn upp í Syðstu-Mörk undir Eyjafjöllum og tók við búi foreldra sinna og rak það í níu ár. Eftir að bakveikindi fóru að hrjá hann upp úr aldamótum hætti hann búskap og fór að starfa sem fasteignasali. „Ég seldi fyrstu jörðina árið 2010 og síðan þá hafa fleiri tugir slíkra eigna farið hér í gegn.“

Framboð á jörðum í dag er ekki mikið að sögn Björgvins. „Það er aðeins hreyfing á kúabúum, sauðfjárbúum og garðyrkjustöðvum og kynslóðaskiptin eru að eiga sér stað hægt og bitandi. Það skiptir heilmiklu máli fyrir þá sem eru að selja að huga að sölu tímanlega. Bændur eru með ævistarfið í höndunum og ef afkomendur ætla ekki að taka við þá er æskilegra að selja áður en starfsprekið fer að gefa sig. Það er orðin uppsöfnuð

Aukning erlendra kaupenda

Hann segist enn fremur verða sífellt meira var við erlenda kaupendur. „Þessir kaupendur skiptast í tvo hópa, annars vegar rekstraraðila sem koma hingað til að stunda rekstur, ekki síst ferðþjónustu. Hins vegar hinir sem hafa komið hingað sem ferðamenn og tekið ástfóstri við landið. Fólk er þá yfirleitt að kaupa sumarbústaði eða land til að byggja á. Þetta er fólk sem er algjörlega heillað af hreinu lofti, fríðsæld, útsýni og náttúruferðunum.“

Hann telur þó enga ógn stafa af erlendum kaupendum. „Hins vegar er alveg ljóst að við þurfum að huga að því að verja land sem heppilegt er sem landbúnaðarland og halda nógu miklu landbúnaðarlandi í íslenskri eigu þannig að innlend matvælaframleiðsla hafi nægt olnbogaráymi til langrar framtíðar. Það er hreint þjóðaröryggismál,“ segir Björgvin. /ghp

TUDOR RAFGEYMAR

Rafgeymirinn í dráttarvélinni orðinn gamall og lúinn ?



Vertu tilbúin í vorverkin með **TUDOR**

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Bændablaðið kemur næst
25. maí



RYOBI **18V ONE+ HP**
BRUSHLESS

Með kraftmiklu 18 volta **RYOBI** garðverkfærunum verður garðvinnan skemmtileg og árangursrík.

Hjá okkur finnur þú mikið úrval af **RYOBI** verkfærum fyrir garðinn, heimilið og bílskúrinn.

**VERKFÆRA
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



Husqvarna á Íslandi



Husqvarna FS400
Gólfsg - Sögunardýpt 16,2cm



Husqvarna 545RX
Sláttuor - 3 heðöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuor - 2,2 heðöfl



Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 heðöfl



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 heðöfl



Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG



Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 heðöfl



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m² - 40% halli

Sauðfjárrækt:

Fitusprengring skiptir máli í kjötgæðum

– Vonir standa til að í framtíðinni verði hægt að leggja meiri áherslu á þann þátt í ræktunarmarkmiðum sauðfjár

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Á fagfundi í sauðfjárrækt sem haldinn var á Hvanneyri á dögunum flutti Guðjón Þorkelsson, frá Mátis, erindi þar sem fjallað var um áhrif fitu í vöðva, fitusprengringar, á kjötgæði kindakjöts.

Vitnaði hann til erlendra og inn- lendra rannsókna sem hefðu sýnt fram á þein jákvæð áhrif á bragðgæðin. Á undanföllum árum hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir hérlandis sem tengjast innanvöðvafitu og öðrum bragðgæðapáttum sem Mátis hefur unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) en fagráð í sauðfjárrækt hefur lagt áherslu á að fylgst sé með þróun bragðgæðapáttanna í íslensku lambakjöti.

Ákveðið hlutfall fitu tryggir betri kjötgæði

Í erindi Guðjóns kom fram að það sé þekkt úr nautakjötsframleiðslu á Íslandi að fitusprengring geti haft jákvæð áhrif á kjötgæðin en minna hefði verið hugað að þeim þætti í sauðfjárræktinni. Hann sagði að fyrirmynd að rannsóknum Mátis byggji meðal annars á fregnum frá Ástralíu um áhuga á því að flokka kindakjöt í kjötmatflokka með tilliti til fitusprengringar – með það fyrir augum að verðleggja þær kjötafurðir að einhverju leyti í samræmi við þá flokkun.

Guðjón sagði að rannsóknir í öðrum löndum bendi til að ákveðið lágmarks hlutfall fitu í vöðva tryggir betur safu í vöðvum og meyrni þeirra. Samkvæmt rannsóknum sem Mátis gerði í samstarfi við LbhÍ og RML árið 2016 á fituhlutfalli í hryggvöðva íslenskra lamba, var þetta hlutfall mun lægra en í sumum erlendum



Guðjón Þorkelsson flytur erindi sitt á fagfundi í sauðfjárrækt.

rannsóknum en taka verður tillit til þess að aldur sláturlamba á Íslandi er gjarnan lægri en tíðkast erlendis.

Hann sagði að í erlendum heimildum væru vísbendingar um að sterkt val í kynbótum gegn fitusöfnun og fyrir vöðvavexti leiði til minni fitu í vöðva – og þar með lakari kjötgæðum með minni safu og meyrni. Fita utan á lambaskrokkum virðist líka skipta máli fyrir gæði lambakjöts og hafa mælingar starfsmanna Mátis sýnt fram á það. Í máli Guðjóns kom fram að tengsl eru milli aldurs lamba og innanvöðvafitu. Þá vitnaði hann í rannsóknir frá Nýja-Sjálandi þar sem kom fram að breytileikinn í innanvöðvafitu sé ekki mjög frábrugðinn því sem gerist á Íslandi en Nýsjálandingar telja að þrjú prósent innanvöðvafitu sé æskilegt til að tryggja bragðgæði.

Nokkrir áhrifaþættir

Í erindinu tiltók Guðjón nokkra áhrifaþætti varðandi fitumyndun í vöðvum. Þannig getur skipt máli hvaða vöðvar um ræðir á gripnum og af hvaða tegund eða stofni hann er – auk þess sem kyn, aldur og föðrun séu einnig áhrifaþættir. Bandarísk rannsókn bendi til að fitusprengring hafi þein áhrif á bragð og safu en óþein áhrif á meyrni. Hann velti þeim möguleika upp hvort það þyrfti ef til vill að endurskoða kjötmat kindakjöts á þann veg að bæta við undirflokkum EUROP-kjötmatkerfisins til að hægt sé að ná betur utan um þessa eiginleika og vinna með áfram í markaðssetningu.

Í lok erindisins sagði Guðjón að eins og staðan væri í dag skipti innanvöðvafita í íslensku lambakjöti



sennilega ekki máli með tilliti til gæða en gæti gert það í framtíðinni. Það væri vel þess virði að kanna til framtíðar möguleikana á því í íslensku sauðfjárrækt að leggja áherslu á val fyrir aukinni innanvöðvafitu.

Ófitusprengrt lambakjöt.

Minni áhersla verð lögð á bragðgæði

Auknar kröfur um fituhulu yfir bakvöðva

Dómstíginn í sauðfjárrækt var til umræðu á umræddum fagfundi og nýtt heildarkynbótamat. Eyþór Einarsson frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins fór yfir breytingar á honum. Af ræktunarmarkmiðseiginleikum, hefur að sögn Eyþórs aðallega verið unnið með frjósemi, mjólkurlagni, vaxtarhraða og skrokkgæði – og kynbótamat sé til fyrir þessa eiginleika. Aðra eiginleika sem minnst er á í ræktunarmarkmiðunum hefur minni áhersla verið lögð á; eins og ull, endingu og heilbrigði, bragðgæði, fullorðinsstærð gripa, geðslag og varðveislu séreinkenna.

Varðandi suma þessa þætti sagði Eyþór að vantað hefði betri vopn í hendur til að vinna með, eins og betri skráningar eða aðgengilegar mælingar. Sagði hann að vonir stæðu til að hægt verði í framtíðinni að leggja meiri áherslu á þátt kjötgæðanna en mikilvægt sé að viðhalda eða auka bragðgæðin því það væri eiginleiki sem í raun skipti öllu máli þegar upp er staðið. Fókusið hefur nú um nokkurt skeið verið að velja gegn fitu en á allra síðustu árum hefur áherslum verið breytt í þá veru að leggja fremur áherslu á að halda henni stöðugri og finna jafnvægispunktinn.

Eyþór kynnti nýtt vægi eiginleikanna í heildareinkunn BLUP kynbótamatsins, þar sem hlutfall á milli gerðar og fitu breytist á þann veg að vægi fitu fer úr 16,7 prósentum í fimm prósent, en gerð úr 16,7 prósentum í 25 prósent. Í breytingum á dómstíganum er gert ráð fyrir hertum kröfum um bakvöðvayþykkt til einkunna um tvo millimetra, auk þess sem auka á kröfur um fituhulu yfir bakvöðva – þannig að hæfileg fita sé á bilinu 2,0 til 4,0 millimetrar að lágmarki, miðað við 45 kílógramma hrútlamb. Áður voru kröfur um að fitan væri á bilinu 1,5 til 3 millimetrar, til að fá sem hæstu einkunnir, en upphaflega voru í raun engar lágmarkskröfur varðandi fitu.

Í 8. tölublað Bændablaðsins skrifaði Eyþór um breytingarnar á dómstíganum. Þar segir hann að um 1990 hafi verið farið að vinna markvisst í því í gegnum ræktunarstarfið að draga úr of mikilli fitusöfnun, en úr þeim áherslum hafi nú verið dregið. Meginhluti framleiðslunnar fari nú í fituflokka 2 og 3 sem séu ræktunarmarkmiðsflokkarnir. Hugsanlega þurfi að fínstilla þessi markmið enn betur.

Nýsköpun:

Fjárfestingaráttak fyrir ung og lítt þróuð félög

Nýsköpunarsjóður hefur hafið fjárfestingaráttak fyrir félög sem komin eru skammt á veg í þróun sinni.

Markmið áttaksins er að koma að fjármögnun allt að 15 nýrra félaga á ári hverju, flýta mótunarskeiði þeirra, þróa trausta stjórnarhætti og laða samhliða að aðra fjárfesta. Fjármögnun áttaksins byggir á eigin fjármögnun sjóðsins og framlagið háð stöðu hans á hverjum tíma.

Fyrsti áfanginn í þessu átaki kemur til framkvæmda í maí og júní, með allt að 100 m.kr. fjárfestingu í nokkrum félögum, segir í fréttatilkynningu frá Nýsköpunarsjóði. Fjárfest verði snemma í félögum, en eitt skilyrði sé mótframlag hluthafa eða nýrra fjárfesta. Jafnframt er kveðið á um að viðskiptahugmynd félags sé vænleg til vaxtar og útflutnings og



Merki Nýsköpunarsjóðs.

byggja á tæknilegri eða markaðslegri nýsköpun.

Ólíkt hefðbundnum fjárfestingum Nýsköpunarsjóðs verður í þessu átaki sérstakt umsóknarferli og þurfa félög að sækja um í þessum fyrsta áfanga fyrir 31. maí. Nánari upplýsingar um átakið og umsóknarferlið má finna á vefnum www.nyskopun.is/atak. /sá



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

HONDA

GÆÐI
FYRIR
40 ÁR

HONDA
GARÐVERKFERI
FAST Í BYKO
FAGVERSLUN
SELHELLU 1

honda@byko.is | 515-4018

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14''
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ
VERSLUN

Víkurbær 4 - 203 Kópavogur

Opð mán. - fös. kl. 9-17.

S. 588-0028

haverslun@haverslun.is

haverslun.is



Afhendum hjól
beint heim að
dyrum

Reiðhjólaverzlunin

Berlin

www.berlin.is

Háaleitisbraut 12

sími 557 7777

Landbætur:

Gæti aukið gæði jarðvegs til langframa

– Ýta úr vör rannsókn á notkun viðarkola til að bæta gæði jarðvegs í landbúnaði

Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is

Nú er að fara af stað íslenskt rannsóknarverkefni þar sem kanna á hvort unnt sé að nota viðarkol, sem eru ein gerð lífkola, í landbúnaði hérlendis með því að plægja þau í ræktarlönd og ná þannig fram minnkaðri áburðarnotkun í jarðrækt ásamt því að bæta gæði og heilsu jarðvegsins.

Með viðarkolagerð mætti nýta smáan grisjunarvið hinna ungu skóga Íslands, sem nú fer að mestu leyti í kurl og framleiðslu trjáperlu-undirburðar fyrir landbúnað, til að bæta jarðvegsgæði og til kolefnisbindingar.

Viðarkol í landbúnaði eru ekki ný af nálinni heldur hafa verið notuð í jarðrækt langt aftur í aldir. Jarðvegurinn í Úkraínu og Amasonskógunum í Suður-Ameríku er einhver sá frjósamasti á jörðinni. Svört moldin er hlaðin lífkolum sem eru orðin mörg þúsund ára gömul og sjá gróðrinum fyrir nærfellt óendanlegri uppsprettu af næringarefnum.

Lárus Heiðarsson, sérfræðingur hjá Skógrækt ríkisins á Mógilsá, segir Íslendinga vera að ranka við sér varðandi möguleika viðarkola en þau hafi lengi verið notuð annars staðar og þá einkum í Suður-Evrópu. Norðurhluti Evrópu og Skandinavía séu að taka við sér og þar sé einkum horft til nýtingar kola í landbúnaði.

„Kolin eru dálítið eins og svampur,“ útskýrir Lárus. „Þú þarft að plægja þau eða koma þeim með einhverjum hætti ofan í jörðina og þau munu passa upp á næringarefni, vatn og fleira. Ef er mjög þurr þá hefur gróðurinn aðgang að því vatni sem kolin hafa sögið í sig og svo eru þau jarðvegsgættandi.“

Minni áburðarþörf

Fyrirtækið Tandrabretti, sem framleiðir vörubretti og vinnur trjáperlur úr smáviði, kom hug-



Lárus Heiðarsson, sérfræðingur á Mógilsá, ásamt sérlegum aðstoðarmanni sínum, Birni Sturlaugi Lárussyni, við tilraunasvæðið í Vallanesi.

myndinni á framfæri við Skógræktina. „Við erum svo í sambandi við Landbúnaðarháskóla Íslands hvað varðar jarðvegstilraunir,“ segir Lárus.

Á dögnum voru sett kol í tilraunareiti í Vallanesi og á Gíslastöðum á Fljótsdalshéraði. Sett var mismunandi magn af kolum og breytilegt magn áburðar í reitina. Á Gíslastöðum verður sáð vallarfoxgrasi í rannsóknareitinn og í Vallanesi byggja en þar er lífræn ræktun undir merkjum Móður jarðar. Þá er búið að senda viðarkol á Hvanneyri og stendur til að setja einnig út tilraun þar.

Viðarbrennsluofn er að Víðivöllum í Fljótsdal. Ofninn afkastar einni tunnu viðar á dag, þar sem í

komast 1-2 rúmmetrar af ferskum smáviði. Einn rúmmetri verður við brennslu u.þ.b. 200 kg af viðarkolum. Sett voru mest 40 tonn af viðarkolum á hektara í tilraunareitina og einnig minna, að sögn Lárusar. Bæði var kolum blandað við skít og þannig sett út en einnig voru kolin sett beint á jörð og tilbúinn áburður yfir.

„Rannsóknin snýr að því að setja lífkolin í jörð, hversu mikið þarf að setja af þeim og athuga hver áhrifin verða. Það sem við vonumst eftir að sjá er að hægt verði að minnka áburðarnotkun í hefðbundinni ræktun, hvort sem um er að ræða tún eða kornrækt,“ segir Lárus. Ekki er búist við miklu eftir fyrsta sumarið í rannsókninni en upp frá



Hér má sjá viðarkolin í stórum sekk en mismunandi magn kola og áburðar var sett í hvern tilraunareit.

Myndir / Eymundur Magnússon

því gætu jákvæð áhrif viðarkolanna farið að koma í ljós ár frá ári.

Kolefnisbinding meðal margra kosta

Jákvæð áhrif af því að setja viðarkol í jörð gætu ekki eingöngu verið jarðvegsgættandi heldur er einnig um að ræða umtalsverða kolefnisbindingu. „Þegar búið er að kola viðinn eru viðarkubbarnir eiginlega hreint kolefni,“ segir Lárus. „Þeir eldast í mörg þúsund ár í jarðvegi og það er verið á fullu núna niðri í Evrópu að skoða hvort menn geti nýtt þetta og fengið kolefniseiningar fyrir að grafa kolin ofan í jarðveginn. Það er þó ekki víðurkennd aðferð og enn í sköðun. Það gæti mögulega orðið góður kostur að taka kol og fá borgað fyrir að plægja þau ofan í jarðveginn sem kolefnisbindingu og svo fengist þar að auki ávinningur af því að þurfa minni áburð,“ bætir Lárus við. Hann segir jafnframt að ef slíkt raungerðist yrði það frábært fyrir landbúnað, hvort sem væri hérlendis eða erlendis.

Lárus bendir á að notkunarmöguleikar lífkola séu miklu víðtækari en til jarðabóta. Þau hafi til dæmis verið sett í byggingarsteypu til bindingar. Þá virðast kolin eyða lykt og einn möguleikinn væri því að setja kol jafnóðum í haughús til lyktareyðingar. Kolin sjúgi þá næringuna úr skítunum, og honum, ásamt kolunum, sé svo árlega dreift á tún eða þetta plægt niður til jarðvegsgættandi. Þá hafi kolum verið blandað í fóður fyrir nautgripi og það minnki metanlosun frá þeim. Notkunarmöguleikarnir virðast því mýrgarir.

Ógrynni af smáefni

Við til kolagerðar þarf að taka úr sjálfbærum skógum og segir Lárus alla íslenska skóga sjálfbæra. „Í þetta eru menn að nota eitthvað sem væri ekki hægt að nota í neitt annað nema hugsanlega kurl.“

Kannski er hægt að gera meiri verðmæti úr þeim víði ef þetta hefur jarðvegsgættandi áhrif. Þá er það stór plús fyrir ræktendur. Þarna er því mögulega kominn nýr

notkunarmöguleiki á grisjunarefni sem nýttist ekki í neitt annað.“

Tandrabretti hafa, að sögn Lárusar, verið að taka allan smávið sem fyrirtækið kemst yfir og unnið úr því undirburð, svokallaðar víðarperlur. „Það hefur verið notkunin fyrir þetta en hugsanlega er þarna kominn annar möguleiki.“ Á Íslandi séu allir skógar enn litlir og ógrynni af smáefni í þeim. Eftir því sem skógarnir eldast fari svo að koma sverari, stærri og verðmeiri afurðir.

Sótt var um styrk fyrir verkefninu í svokallaðan Lóusjóð, sem veitir nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina. Lárus segir ekki komið svar við styrkbeiðninni en verkefnið standi og falli með því. „Við munum taka mikið af jarðvegssýnum og ætlum að gera efnagreiningar á uppskerunni. Það kostar hins vegar svo mikið að hvorki Landbúnaðarháskólinn né Skógræktin standa undir þeim kostnaði. Vonandi fáum við því styrk til að geta haldið rannsókninni áfram næstu ár.“

Um sé að ræða langtímaverkefni og stefnt á mælingar og jarðvegssýnagreiningar hið minnsta næstu þrjú til fimm ár, og vonandi lengur. „Langtímarrannsóknir og vöktun segja manni mjög mikið. Það er auðvitað dýrt að halda slíku úti en þannig fáum við langmestu gögnin til að segja okkur söguna og þá þarf ekki að vera að geta mikið í eyðurnar,“ segir hann.

Bjartsýnn um niðurstöður

Eymundur Magnússon, bóndi í Vallanesi, segist telja að rannsóknin eigi eftir að skila mjög jákvæðum niðurstöðum varðandi jarðvegsgættur. „Ég vildi eðlilega fá þessa tilraun í landið hjá mér – og bara sem mest af kolum,“ segir hann og ætlar í sumar að blanda viðarkolum í safnhaug og leyfa þeim að gerjast í haugnum í einhverni tíma áður en moltan verður borin á landið.

„Ég hef fulla trú á rannsóknarverkefninu og er búinn að gefa mér góða niðurstöðu fyrir fram, þótt maður eigi náttúrlega aldrei að gera slíkt.“

Keðjusagir fyrir stór og lítil verk

Makita

ÞÓR

thor.is

Makita

PROFESSIONALS AT WORK

MUNA

Gera fallegt nesti



MUNA.IS @muna_himneskhollusta

MEÐ SKIPULAGIÐ Á HREINU



Vinnuborð með gataplötu
Fellanlegt að vegg
39.000 kr.-



Skúffurekki á hjólum
94 skúffur
44.900 kr.-



Verkfæraskápur
154 verkfæri
139.900 kr.-



Bútsög
305 mm blað-1800 W
84.900 kr.-



Steypuhrærivél
130 l
69.900 kr.-

INNRETTINGAR MIKIÐ ÚRVAL



Borð undir kúttara
Samanbrjótanlegt
24.900 kr.-



Vinnuhanskar
Vandaðir - leður
990 kr.-



Rafhlöðuborvél
45 Nm
27.900 kr.-

TILVALIÐ Í BÍLSKÚRINN EÐA SUMARBÚSTAÐINN



Verkfærataska
83 hlutir
34.900 kr.-



Rafmagnskefli
15 metrar
22.900 kr.-



Vatnskefli
15 metrar
14.900 kr.-



Loftkefli
15 metrar
14.900 kr.-

IDN VÉLAR

SMIÐJUVEGI 44-46
sími 414-2700
sala@idnvelar.is
www.idnvelar.is

ÚRVAL AF LOFTPRESSUM TIL Á LAGER!

Öll verð í íslenskum krónum með vsk. Auglýst verð gilda til 31.05.2023 á meðan að birgðir endast. Birt með fyrirvara um villur og breytingar.

Skagafjörður:

Tandurhreinar kýr í mykjubásum

– Fjós með engum gúmmímottum

Í fjósinu á Páfastöðum í Skagafirði er tækjabúnaður sem breytir ómeltanlegu tréni úr mykjunni í undirburð. Með því sparast kaup á innfluttu sagi og básamottur eru óþarfar.

„Ég er alveg hissa á því að það skuli ekki fleiri vera farnir út í þetta,“ segir Sigurður Baldursson, bóndi á Páfastöðum. „Kýrnar eru alveg tandurhreinar. Fólk hefur orð á því sem kemur í fjósið að meira að segja halinn sé hreinn.“ Sigurður segist yfirleitt framleiða úrvalsmjólk, sem er góður mælikvarði á hversu mikið hreinlæti sé í kringum kýrnar.

Þegar fjósið var byggt árið 2018 gerði hann samanburð á kostnaðinum við að gera hefðbundna bása annars vegar og mykjubása hins vegar. „Þetta var tvöfalt dýrara en að setja mottur í alla básana. Sparnaðurinn liggur í því að ég kaupi eiginlega ekkert sag. Maður þarf aldrei að hafa áhyggjur af því að það sé ekki nóg til af undirburði. Þú ert bara að búa sjálfur til þinn undirburð í þínu eigin fjósi.“ Jafnframt segir Sigurður að gúmmímottur þurfi að endurnýja á tíu til fimmtán ára fresti, á meðan mykjubásar dugi í áratugi.

Undir básunum er steypa og eru þeir með 20 sentímetra kanti aftast og fremst. Rýmið þar á milli er fyllt af undirburði. „Ég er með 15 til 20 sentímetra lag af trefjum í básnum. Þetta er virkilega mjúkt og þeim líður rosalega vel á þessu,“ segir Sigurður. Hann segir áferðina á undirburðinum ekki ósvipaða grófu hveiti. „Þetta er í raun þurrefnið í mykjunni. Ég pressa allan vökva úr henni og þá er þetta 40 prósent þurr og svo þornar þetta á hálf tíma þegar ég er búinn að dreifa þessu í básinn.“

Berjapressa á sterum

Tækjabúnaðurinn sem þurrkar mykjuna er samkvæmt Sigurði eins og berjapressa á sterum. Snigill þrýstir mykjunni að sigti,



Í mykjubásunum haldast kýrnar hreinar og undirlagið er mjúkt. Áferðin minnir á gróft hveiti.

sem vökvinn sleppur í gegnum, og verður þurrefnið eftir. Hægt er að stilla mótstöðuna og stjórna þurrefni afurðarinnar.

Rafmagnsmótorinn í pressunni er sex kílóvött, sem er svipað afl og loftpressan fyrir mjaltapjónana notar. Sigurður telur að pressan sé að öllu jöfnu látin ganga í fimm klukkustundir á viku.

„Þegar ég dreifi þessu í básana nota ég liðlétting sem er með þúsund lítra trekt að framan. Undir trektinni er færiband og ég keyri meðfram básunum og puðra upp í,“ segir Sigurður. Að jafnaði þarf að bæta við undirburði á fimm til sjö daga fresti. Til að setja í alla básana í fjósinu, þarf að dreifa úr ellefu til tólf trektum, og telur Sigurður



Þurrefnið er skilið frá mykjunni með „berjapressu á sterum“. Myndir / aðsendar.

rúmmál hennar vera einn og hálfur rúmmetri. „Þetta er engu stund gert – maður er kannski hálf tíma.“

Stenst vel samanburð

Áður en nýja fjósið var byggt á Páfastöðum fyrir fimm árum var gamla fjósið með hefðbundnum básum og gúmmímottum. „Ég myndi aldrei fara í sagið og gúmmíbása aftur. Motturnar endast bara vissst og þær eru rándýrar,“ segir Sigurður, aðspurður um samanburðinn. „Ég er með 130 kýr og ég held að það hafi bara verið tvö spenastig á þessum fimm árum. Þetta eru miklu mýkri básar og betri aðbúnaður fyrir kýrnar.“

Þeir ókostir sem Sigurður getur nefnt við þessa bása eru helst tveir. Í fyrsta lagi er meira ryk í fjósinu og í öðru lagi er ekki hægt að setja þetta í burðarstíur, „því ef þetta blotnar þá verður þetta að mykju aftur“. Hann hefur ekki lent í því að tæknin bili og hefur hann ekki miklar áhyggjur af því, þar sem búnaðurinn er allur mjög einfaldur.

Sigurður telur að meðhöndlunin á húsdýraáburðinum sé auðveldari þegar búíð er að skilja trénið frá vökvanum. „Ég er með stóran útítank og það sest aldrei þykkt lag efst. Skíturinn skilur sig ekki eins og hann gerði. Ég er engu stund að hræra í tanknum.“

Aðspurður hvort efnainnihald mykjunnar sé öðruvísi, segir Sigurður ekki geta fullyrt neitt með það. Hann reiknar þó með að einhver hluti köfnunarefnisins gufi upp við aukna meðhöndlun á skítunum.

Sigurður segir að nauðsynlegur tækjabúnaður sé á boðstólum hjá mörgum íslenskum vélasölum. Hins vegar veit hann ekki til þess að nokkur annar bóndi hafi innleitt þessa tækni hér á landi. „Þetta er mjög algengt úti, sérstaklega í Hollandi, Þýskalandi og Danmörku. Ég sá þetta fyrst í Hollandi og féll alveg fyrir þessu,“ segir hann. Fyrir þá sem vilja kynna sér þetta frekar er hægt að fletta upp „compost bedding“ í leitarvélum.

/ÁL

KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?



Komdu með hestakerruna á næstu skoðunarstöð og hafðu hana klára fyrir vorid og sumarið.


Sími 570 9090 • frumherji.is



Frumherji



Sigurður Baldursson, bóndi á Páfastöðum.



BAMBAHÚS

Bambahús eru einstök hönnun sem henta í alla ræktun hvort sem er til heimilis eða atvinnu. Þau eru smíðuð úr galvaneseraðri stálgrind, klædd með 10mm einangruðu gróðurhúsaplásti og koma með sérsníðaðri stálhurð ásamt loftglugga með stormjárn.



Helstu kostir bambahúsa fram yfir hefðbundin gróðurhús eru:

- Bambahús eru færanleg, á meðan þau eru í fullri notkun.
- Bambahús þurfa aðeins sléttan flöt og enga jarðfestu.
- Bambahús þola vel vind og snjóþunga.
- Bambahús koma með gróðurkerjum.
- Bambahús nýtir fermetra pláss betur en önnur gróðurhús.
- Bambahús henta fyrir hreyfihamlaða.
- Bambahús er íslenskt hugvit og framleiðsla.
- Bambahús er hringrásarhagkerfið í allri sinni mynd.
- Bambahús er hægt að lengja og hækka eftir þörfum.
- Bambahús standa fyrir: Uppvinnslu, nýsköpun, verðmætasköpun, sjálfbærni, næringu, fæðuöryggi, fræðslu, atvinnusköpun og umhverfisvernd.

bambahus@bambahus.is



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 5.350.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".



RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

**VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“**

Athugið nýja heimasíðu SERES bílanna: www.seresbilar.is + RAG.is



DFSK Arctic Transport
Rafmagnsbíll með burðar-
getu uppá 1280kg, drægni
(WLTP) 215 km

Verð 4.450.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".



Steinþór Logi Arnarson og Eydís Anna Kristófersdóttir með soninn Kristófer Loga. Þau tóku formlega við búskapnum á Stórholti snemma á síðasta ári af foreldrum Steinþórs.

Myndir / smh

Ungir bændur:

Íslenskur landbúnaður á tímamótum

– Nýliðun er nauðsynleg til að tryggja fæðuöryggi og byggðafestu, segir Steinþór Logi Arnarson

Á Stórholti í Dölum, við utanverðan Gilsfjörð, búa þau Steinþór Logi Arnarson og Eydís Anna Kristófersdóttir. Þau tóku á síðasta ári formlega við sauðfjárbúskapnum af foreldrum Steinþórs, sem þarna eiga rætur. Þau búa nú í íbúðarhúsnæðinu á jörðinni með níu mánaða son sinn, Kristófer Loga, en foreldrarir eru fluttir á aðra jörð í sömu sveit þar sem faðir Steinþórs ólst upp. Steinþór tók við formennsku í Samtökum ungra bænda í lok janúar á síðasta ári og nú nýverið við formennsku í Félagi sauðfjábænda í Dalasýslu. Hann telur íslenskan landbúnað að mörgu leyti standa á tímamótum.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



„Okkar fyrsta verk í fyrra var að kaupa áburðinn – einmitt á besta tíma,“ segir Steinþór kaldhæðinn. „Foreldrar mínir fylgdu sínum lömbum til loka sláturtíðar en við tókum svo við búinu alfarið þá, eftir að hafa lagt drög að næstu framleiðslu, það er dilkum í haust.“

Kynntust í Bændaskólanum

Eydís Anna er frá Finnsmörk í Fitjárdal í Vestur-Húnavatnssýslu, frá sambærilegu sauðfjárbúi þar – en þau Steinþór kynntust í Bændaskólanum á Hvanneyri í búfræði þar sem þau voru saman í bekk. „Þetta er svona ekta,“ segir Steinþór og brosir. „Við erum ekki fyrsta bændaparið sem kynnist þar.“

Þegar Steinþór er spurður um framtíðarplön, segir hann að þau kunni vel við sig þarna og þetta lífferni. „Að öllu óbreyttu verður þetta okkar lífsstíll og atvinna – það er að segja ef það verða forsendur til þess. Það er auðvitað lyklatríðið. Það er oft talað um að það sé komið að tímamótum í þessari búgrein en núna er ástandið þannig að það hefur sjaldan verið eins mikil eftirvænting eftir almennilegum skilaboðum stjórnvalda um hvað þau vilji gera til framtíðar,“ segir hann.

Beðið eftir skýrum skilaboðum stjórnvalda

Í sauðfjárrækt hefur þróunin verið sú að fé fækkar jafnt og þétt í landinu.

Að vissu leyti hefur sú tilhneigingin orðið að þau bú sem eftir verða stækka mörg hver en önnur minnka niður í frístundastærðir, þar sem ábúendur stunda aðra atvinnu meðfram búrekstrinum. „Já, það virðist vera,“ svarar Steinþór. „En það eru þó margir sem enn bíða og sjá hvað verður. Í raun er beðið eftir skýrum skilaboðum stjórnvalda. Það er ekkert sjálfsgátt mál til dæmis að kynslóðaskipti eigi sér stað á sauðfjábúum, með himinháum vöxtum á lánnum og verð á aðföngum í hæstu hæðum, það á líka við í fleiri búgreinum.“

Afurðaverð hefur kannski haldið nokkuð í við hækkun aðfanga en samt erum við enn nokkuð langt frá því að það hafi tekist að leiðrétta þau eins og þörf var á, fyrir þessar hækkunir á áburði til dæmis. Það er auðvitað forvitnilegt að sjá hvað kemur út úr endurskoðun búvörusamninganna og svo er stutt í nýjan búvörusamning í framhaldi af því,“ segir Steinþór þegar hann er spurður út í hvenær von sé á skilaboðum stjórnvalda.

Ánægja með núverandi fyrirkomulagi

Steinþór segir að lesa megi sitthvað út úr áformum stjórnvalda með því að rýna í þingskýlunartillögu um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland, en drög að henni lágu í Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar í febrúar. „Þar er snert á talsverðum breytingum á styrkjafyrirkomulagi við landbúnaðinn, til dæmis hvað varðar framleiðslustýringu, og svo eru þar hugmyndir um aukna styrki út á landbúnaðarland á kostnað beinna

styrkja við búgreinar. Við höfum lýst ánægju okkar að mestu leyti með kerfið okkar eins og það er nú – svona í grundvallaratriðum.“

Við erum núna með þetta greiðslumark til dæmis í sauðfjárræktinni, sem er svona grundvöllurinn að stuðningsfyrirkomulagi við greinina í dag, það er góður fyrirsjáanleiki í því. Markmiðið er auðvitað að tryggja framleiðslu á þessum búvörum, að þær séu aðgengilegar íslenskum neytendum á viðráðanlegu verði og að rekstraröryggi bænda sé tryggt. Þetta eru mikilvægir punktar þegar stefnt er að góðu fæðuöryggi, að landbúnaðurinn byggji á traustum grunni. Það er mikilvægt þegar á reynir. Og með það í huga er kannski ekkert óeðlilegt að ríkið komi inn með sterkari hætti, með meira fjármagni.

„En jú, það er frekar óheppilegt að vera að skipta ítrekað um stefnu í þessu máli,“ segir Steinþór um þá staðreynd að sauðfjábændur hafa í tvíválg samþykkt niðurtöppun á greiðslumarki í gegnum búvörusamninga en vilja nú við endurskoðun þeirra halda í fyrirkomulagið. „Staðreyndin er hins vegar sú að ungir bændur hafa hlutfallslega fjárfest mikið í heildargreiðslumarki sauðfjábændu og ef það er ekki hægt að treysta á stuðning á þeim grunni þá rýrnar fyrirsjáanleiki rekstrargrundvallar þeirra um leið. Sérstaklega ef hluti þess þróast yfir í eitthvað annað form stuðnings sem síðan er breytt kannski á nokkurra ára fresti,“ segir Steinþór. Hann segir að það sé þó jákvætt það sem hafi kvisast út um búvörusamningana að þeir verði gerðir í sátt á milli samningsaðila, vonandi þýði það að ekki eigi að neyða sauðfjábændur til niðurtöppunar á greiðslumarki til dæmis.“

Fleiri óvissuþættir

Fleiri þættir í rekstrarumhverfi sauðfjábændu eru óvissu háðir, að

sögn Steinþórs. „Þrátt fyrir að nú sé komið vel yfir ár síðan bændur fóru að leggja drög að framleiðslunni þetta árið eru enn ekki komnar fram afurðaverðskrár sláturleyfishafa.“

Þegar Steinþór er spurður um hvernig hann sjái hinar búgreinarnar þróast á næstu árum, hvort til dæmis bændur skoði það í auknum mæli að blanda búgreinum saman á bæjum til að styrkja afkomumöguleika sína – segir hann að það sé til umræðu og hafi í raun þróast að vissu leyti í þá átt með aukinni ferðaþjónustu í landinu. „Já, hún á góða samleið með landbúnaði upp að vissu marki. En um leið má ekki gleyma mikilvægi þess að fólk verði að geta einbeitt sér að kjarnanum í búrekstri sínum, sérhæfing leiðir til þróunar og aukinnar hagkvæmni búgreina. Það er víst ekki hægt að gera allt þó vissulega séu góðir kostir við það að reka fjölbreytt og blönduð bú.“

Möguleikar með auknu fjármagni til akuryrkju

„En sjálfsgátt opnast einhverjir möguleikar fyrir bændur með búfjárhald nú þegar stjórnvöld hafa ákveðið að setja mikið fjármagn í akuryrkju og grænmetisframleiðslu – og að endurverkja eyðijarðir. Á slíkum jörðum gæti verið minni tilkostnaður að fara út í búskap heldur en að fjárfesta í jörðum sem hafa verið í ábúð. Hins vegar til að koma nautgripa- og sauðfjábændum til bjargar, sem margir hverjir eru í alvarlegum rekstrarvanda, verður að koma sterkt útspil frá stjórnvöldum.“

En jú, við verðum að fara að hugsa út fyrir boxið. Til dæmis bara með aukinni skógrækt þá munu skapast alls konar hliðargreinar út frá henni sem vonandi hjálpa til við að efla byggðafestu,“ segir Steinþór.

Hann er ekki sannfærður um að lagasetning sem heimili meiri samvinnu á milli kjötafurðastöðva muni breyta miklu um afkomu bændu. „Ég held bara að traust bændu gagnvart afurðastöðvunum sé ekki nógu mikið. Fólk spyr sig

í ljósi sögunnar hvort það verði virkilega til góðs fyrir bændur þótt afurðastöðvarnar fái að vinna meira saman – þær hafa sýnt að þær virðast hugsa mikið um eigin hag.“ Hann segir að margir hafi spurt sig að þessu sömuleiðis í tengslum við sameiginleg hagsmunasamtök bændu og samtaka fyrirtækja í landbúnaði í ljósi þess að í dag virðist vera unnið að ólíkum markmiðum og hagsmunum. Það séu þó mikil tækifæri fólgin í því og mikilvægt að öll keðjan vinni betur saman, það sé til hagsbóta fyrir alla.

Nýliðun nauðsynleg

Steinþór sat búgreinaþing sauðfjábændu 2023 og síðan Búnaðarþing 2023 sem fulltrúi Samtaka ungra bændu. Á Búnaðarþingi kom hann að gerð ályktunar um nýliðun í landbúnaði, sem svo rataði inn í heildarstefnumörkun Bændasamtaka Íslands. Í henni segir meðal annars að nýliðun í landbúnaði sé nauðsynleg til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar og byggðafestu. Auka þurfi framlög í nýliðunarstuðning, endurskoða fyrirkomulagið, sem og að leita nýrra leiða til að styðja við kynslóðaskipti.

Atvinnugreinin þurfi aðgang að þolinmóðu fjármagni á lágu vöxtum til að nýliðar sjái sér hag í að velja landbúnað umfram annan rekstur. Til að svo megi verða þurfi landbúnaðarstefnan að vera til lengri tíma og megi ekki sveiflast vegna geðþóttaákvæðana einstakra valdhafa hverju sinni. Framleiðendur verði að geta búið við fyrirsjáanleika og stöðugleika. Lagt er til að styðja sérstaklega við þá frumkvöðla sem hefja ræktun á nýjum tegundum, enda þurfi að auka fjölbreytni í íslenskri frumframleiðslu matvæla.

„Það er ljóst að við búum við þau skilyrði til lántöku þar sem lánveitendur eru ekki mjög þolinmóðir. Fyrir venjulegar fjölskyldur er það bara orðið ansi stór biti að ráðast í fjárfestingar á bújörðum – og í raun óraunhæft að þær geti staðið undir þeim



Steinþór og Eydís eru með um 570 fjár, en sauðburður var ekki hafinn þegar blaðamaður var á ferð um Dalina.

nema að afkoman sé góð. Það er líka þessi félagslegi þáttur, að það sé ekki sjálfsgætt að fólk afsali sér þeim líffskilyrðum sem aðrir í þjóðfélaginu búa við, til þess eins að vera bændur. Það er frekar vonlaus staða, eins og dæmi eru um, þegar kannski tveir einstaklingar þurfa að vinna fulla vinnu utan bú, en verja svo afgangstímanum í að sinna búrekstrinum," segir Steinþór.

Undirliggjandi bjartsýni bænda

Hann segir að það þurfi líka að uppfæra nýliðunarstuðning í landbúnaði. „Þar er einnig óvissa um, í hvert sinn sem úthlutað sé, hversu mikið hægt sé að búast við. Potturinn er þar bara föst tala sem þynnist svo bara út eftir því hversu margir umsækjendur eru – og þeim fer fjölgandi en kostnaður vegna fjárfestinga hækkar.

Sem betur fer er alltaf undirliggjandi bjartsýni í bændum, því við vitum að þrátt fyrir allt eru náttúruleg skilyrði hér betri en víða. Hér eigum við ýmsar auðlindir eins og gott vatn, hreina orku og landbúnaðarland sem er gaman og krefjandi að vinna við, svo ekki sé minnst á fólkið og þekkinguna. Þetta er líka þegar upp er staðið frábær lífsstíll sem fylgir þessu.“

Góður félagsskapur ungra bænda

Steinþór segist telja að ungt fólk með áhuga á búskap sé upp til hópa jákvætt og sé tilbúið að taka stökkið – hann heyrir minna af hinum sem séu tvístígandi og kannski hverfa frá því að fara þessa leið í lífinu. „Og það er ein af áskorunum sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir; hvenær viljum við fá fólk í búskap? Viljum við fá fólkið fljótlega eftir

nám – og þá þarf ákveðið átak til að ná því inn – eða dugar að fólkið komi inn þegar það er búíð að stofna fjölskyldu og kannski komið með fjárhagslegt sjálfstæði til að geta farið út í búskap sem er svo sem ekkert síðra, þannig séð?“

Að sögn Steinþórs er starfsemi Samtaka ungra bænda í nokkuð föstum skorðum. „Þetta er góður félagsskapur fólks með sömu ástríðu og sömu áskoranir sem gott er að deila skoðunum um. Það eru um 400 félagsmenn núna í samtökunum en fólk svo sem misvirkt. Hagsmunar- og félagsstarfið byggist aðallega á fjórum landshlutasamtökum, sem hvert er með eigin stjórn. Þau sameinast síðan á aðalfundi sem flakkar á milli landshlutanna. Annars reynum við að vera öflugur málsvari ungra bænda og lágmarka þröskulda ungs fólks í landbúnaði svo sem flestir sjái sér fært að vera með.“

NÝ VERSLUN VAGNHÖFÐA 7



VINNUPALLAR EHF

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

Zetor Ísland

Eigum til afgreiðslu vel útbúnaar Zetor dráttarvélar með ámoksturtækjum
Útbúnað má sjá á facebook.com/zetorisland

Forterra HSX 120 - 117 hestafla
Forterra HSX 140 - 136 hestafla

brevi agri
Þekkt gæðamerki



Jarð- og pinnatætarar til afgreiðslu
3 metra jarðtætarar með jöfnunarvals
3.5 metra pinnatætarar með jöfnunarvals

LCI Lely Center Ísland



UTAN ÚR HEIMI



Á fimmtán prósent danskra svínabúa er nær helmingur svínanna.

Mynd / News Oresund – Wikimedia Commons

Svínnum fækkar í Danmörku

– Versnandi afkoma veldur fækkun búa

Árið 2022 fækkaði dönskum svínnum um sex prósent, samanborið við árið áður. Á sama tíma fækkaði svínabúum um sjö prósent.

Þar með helst meðalstærð danskra svínabúa nær óbreytt milli ára. Frá þessu greinir hagfræðistofnun Danmerkur, Danmarks Statistik.

Fjöldi svína í landinu árið 2022 voru 12,4 milljónir á 2.399 svínabúum. Samanborið við árið 2012, þá er svínafjöldinn í landinu nær óbreyttur, en búum hefur fækkað um nær 2.000. Inni í þessum tölum eru

gyltur, geltir, smágrísir og sláturgrísir.

Undanfarin ár hefur meðalstærð eininga í danskri svínarækt stækkað með innkomu stórra búa. Dönsk svínabú eru að meðaltali með tæp 5.200 svín, samanborið við 2.900 svín árið 2012. Árið 2012 voru einungis fjögur prósent búa með yfir 10.000 einstaklinga, á meðan hlutfallið í dag er að nálgast 15 prósent, eða 348 bú. Á þessum stóru búum eru 47 prósent danskra svína.

Ástæða þessarar fækkunar er rakin til versnandi afkomu danskra

svínabænda. Þó afurðaverð til bænda hafi hækkað um nfu prósent, hefur verðið á föðri hækkað enn meir, eða um 32 prósent. Innrás Rússa í Úkraínu orsakar þessa miklu hækkun á korni.

Danska hagfræðistofnunin kemur sérstaklega inn á aukna sérhæfingu búa í landinu. Danir hafa verið með þá sérstöðu að húsdýr af mismunandi tegundum eru gjarnan á sömu búunum – jafnvel í sömu útihúsunum. Árið 2002 var 11,3 prósent búa bæði með kýr og svín, á meðan í dag eru búin 400, sem svarar til 2,6 prósent. /ÁL

Færri dráttarvélar seldar í Evrópu

– Samdráttur um 9% milli ára

Samtals voru næstum 215.000 dráttarvélar skráðar í þrjátíu löndum Evrópu árið 2022. Þar af voru 59.300 undir 50 hestöflum og 155.700 yfir 50 hestöflum.

Samtök evrópska landbúnaðarvélasala, CEMA, áætla að 165.200 af heildarfjölda traktora seldu á árinu séu landbúnaðartæki. Restin eru farartæki sem geta farið í sama tollflokk og dráttarvélar, eins og fjórhjól. Á bak við þessar tölur liggja gögn frá 30 Evrópulöndum, þ.m.t. ESB-löndin, Bretland, Ísland, ásamt nokkrum Austur-Evrópulöndum, að Rússlandi og Úkraínu undanskildum. Frá þessu er greint í samantekt CEMA.

Samdráttur ársins 2022 var 8,7 prósent samanborið við 2021. Síðarnefnda árið var salan sú

besta um árabíl. CEMA fullyrðir að árið 2022 hefði orðið metár í dráttarvélasölu ef ekki hefði verið fyrir truflanir á aðfangakeðjum. Þar spila helst inn í langvarandi áhrif vegna Covid-19 heimsfaraldursins, sem voru gerð verri með innrás Rússa í Úkraínu á liðnu ári. Af þessu hafa hlotist tafir og hækkað verð á hrávörum og íhlutum.

Seinkanir framleiðslu minnkuðu eftir því sem leið á árið. Vegna óvenjumikillar eftirspurnar hjá kaupendum eru biðlistar eftir afhendingu dráttarvéla enn langir. Fyrir faraldur máttu kaupendur vænta þess að fá dráttarvélar afhentar á tveimur til þremur mánuðum. Nú eru biðlistarnir minnst hálf ár og birgdir vélasala í Evrópu með minnsta móti.

Mestur var samdrátturinn í sölu á dráttarvélum undir 130 hestöflum, eða 15,2 prósent milli 2021 og 2022.

Á móti kemur að 3,7 prósent aukning var í sölu á traktorum yfir 130 hestöflum. 39 prósent seldra dráttarvéla falla í síðarnefnda stærðarflokkinn. CEMA hefur þann varnagla á að vegna afhendingartafa og seinkana getur verið að þessar tölur gefi ekki rétta mynd af raunverulegum óskum og þörfum kaupenda.

Nálægt 40 prósent allra nýrra dráttarvéla í tölum CEMA voru seldar í Frakklandi og Þýskalandi. Samdráttur var í flestum löndum Vestur-Evrópu, á meðan aukning var hjá nokkrum af Norðurlöndunum og Austur-Evrópu. /ÁL

Bandaríkin:

Genabreytt svín til pylsugerðar

Bandaríska matvæla- og lyfjastofnunin (FDA) hefur veitt Washington State University leyfi til að nota genabreytt svín (e. gene-edited pigs) til pylsugerðar og manndis, en það er í fyrsta sinn sem slíkt leyfi er veitt í Bandaríkjunum.

Leyfið fékkst fyrir fimm slík svín og var tilgangurinn að sýna fram á að matur úr genabreyttum dýrum sé öruggur til neyslu og það sé möguleiki fyrir háskólastofnun að fá slíkt leyfi.

Frá þessum tíðindum var greint á vef háskólans nú í byrjun maí. Þar sagði að svínin væru genabreytt á þann hátt að vísindamenn gætu notað þau til að eignast afkvæmi með eiginleika frá öðrum gælti. Tæknin breytir göltum þannig að þeir eru gerðir ófrjóvir. Síðan er stofnfrumum úr öðrum gælti komið fyrir í þeim genabreyttu sem svo framleiða sáðfrumur með æskilegum eiginleikum til að skila til næstu kynslóðar.

Kjötgæði og heilbrigði

Haft er eftir Jon Oatley, sem er prófessor í sameindalíffræði við háskólann og stýrir tilraunum með genabreytingarnar við dýralæknisfræðideildina, að almenningur hafi gjarnan ranghugmyndir um slíkar genabreytingar. Hann vonast til að



Ágóði af sölu pylsanna var settur í ferðasjóð.

Mynd / AL

þeirra verkefni geti haft sitt að segja í að leiðrétta þær og hjálpa til við að upplýsa um þessa tæknimöguleika. Hann segir að upphaflega markmið verkefnisins væri að bæta þær aðferðir sem við höfum til að fæða mannfólk. Þessi tækni búi yfir möguleikum til framtíðar, að hægt verði að ala búfé með meiri kjötgæði og bæta heilbrigði og seiglu í ljósi aðstæðandi breytinga á loftslagi og umhverfi. Mikil þörf sé til dæmis fyrir meiri og hagkvæmari kjötframleiðslu í þróunarríkjunum.

Genabreyttu svínsskrokkarnir voru sendir í kjötvinnslu háskólans þar sem þeim var breytt í pylsur og voru svínin tveggja ára við slátrun. Pylsurnar, sem sagðar eru í þýskum stíl, verða seldar í veitingaþjónustu og verður ágóðinn af söluinni settur í ferðasjóð háskólanema sem keppa fyrir hönd skólans í kjötmati. /smh

Vínviðarrækt:

Gömul yrki gætu verið svarið

Ræktendur vínviðar á Spáni binda vonir við að gömul yrki sem lítið er ræktað af í dag geti komið í staðinn fyrir uppskerumeiri yrki sem flest eru á undanhaldi vegna hækkanði lofthita.

Áhugi á gömlum ræktunaryrkjum nytjaplantna, eins og til dæmis vínviði, hefur aukist í kjölfar hækkanði lofthita. Ókosturinn við nýrri yrki er að kynbætur á þeim hafa stefnt að hámarks uppskeru og stærri berjum. Hefur það leitt til þess að plönturnar hafa misst ýmsa aðra eiginleika. Kosturinn við mörg eldri yrki er að þrátt fyrir að þau gefi minna af sér eru þau harðgerðari og þolnari fyrir breytingum á veðurfari.

Vitis vinifera

Nánast öll yrki af vínviði sem notuð eru til víngerðar eru af tegund sem kallast *Vitis vinifera* á latínu. Yrki *V. vinifera* og talin vera hátt í tíu þúsund talsins en þeirra helstu í ræktun eru Sultana, Airén, Cabernet Sauvignon, Sauvignon Blanc, Cabernet Franc, Merlot, Grenache, Tempranillo, Riesling og Chardonnay. Mörg þessara yrkja eru nú á undanhaldi.

Þrátt fyrir að bændur norðar í Evrópu líti björtum augum til þess að geta farið að rækta þessi yrki og framleiða vín eru vínviðarræktendur á Spáni og víðar í Suður-Evrópu ekki eins bjartsýnir um framtíð sína.

Margir þeirra eru því farnir að leita að öðrum og oft gömlum yrkjum til að rækta.

Mikið áfall

Talsmaður spænskra vínviðarræktenda segir að hækkun lofthita sé það versta sem komið hafi fyrir stéttina frá því seint á 19. öld þegar til Evrópu barst frá Norður-Ameríku smáfluga sem kallast *Phylloxera* og lifir á rótum vínviðar. Talið er að plantan hafi borist til Evrópu með norður-amerískum vínviði, *V. labrusca*, þegar gerður voru tilraunir með að rækta hann í Frakklandi. Plöntur í Norður-Ameríku voru aðlagðar flugunni en plöntur í Evrópu ekki. Skaðinn sem flugan

ollu í Evrópu var slíkur að vínrækt lagðist nánast niður um tíma. Á síðustu stundu tókst að bjarga ræktuninni með því að græða evrópskar vínviðarplöntur á rætur plantna frá Norður-Ameríku en það tók mörg ár að koma ræktuninni til fyrra horfs. Ágræðsla af þessu tagi er viðhöfð enn í dag.

Gömul yrki í Nýja heiminum

Vínviðarræktendur í Kaliforníu í Bandaríkjunum eru einnig farnir að skoða eldri yrki til ræktunar. Eitt þeirra er gamalt fransk yrki sem nánast er útdautt í heimalandi sínu og kallast Mourtaou / Cabernet Pfeffer. Það er sagt gefa af sér vínber með piparkeim. Annað gamalt yrki sem hlotið hefur uppreisn æru er Mission. /VH

Lambamjólkurduft

- Óerfðabreytt innihaldsefni
- Hátt hlutfall mjólkurprótína
- Auðmeltanleg prótín
- Inniheldur góða gerlaflóru
- Einstaklega bragðgott
- Hentar einnig fyrir kið
- Auðuppleysanlegt
- Inniheldur sýringaduft



Verð
16.990kr m/vsk



Pantaðu á netverslun okkar

www.kb.is

Sendum um allt land



Leiktæki & Sport ehf

Húsfélög - Tjaldsvæði - Við sumarbústaðinn - Opin svæði



Buglo 1121 Kastala, rennibrautar-, og klifurgind, tilboð 1.490.000 kr.



Buglo 1123 Kastali með rólu, tilboð 990.000 kr.



Buglo 2901 Rennibraut með göngum, tilboð 440.000 kr.



Buglo 302 Rólutilboð 290.000 kr.



Buglo 1718 Inex tilboð 588.000 kr.



Buglo 2007 Innex klifur, tilboð 468.000 kr.



Buglo 2007 Klifurkofatilboð 424.000 kr.



Buglo 6025 Bekkur með baki, tilboð 132.000 kr.

Gervigras á fallvarnarundirlag og sparkvelli
Gúmmigras, mottur og hellur
Korkur, nýtt fallvarnarefni hjá okkur
Tartan, hefðbundið & Mulch
Körfur, mörk, girðingar og fleira

Leiktæki & Sport ehf

www.lts.is

www.gervigras.is



Weckman vagnar



H. HAUKSSON EHF.



130BT - Flatvagn

Burðargeta/hlass: 13 tonn/17 heyrúllur
Verð kr. 3.220.000 með vsk.



130G - Sturtuvagn

Burðargeta/hlass: 13 tonn
Verð kr. 2.390.000 með vsk.

90G - Sturtuvagn

Burðargeta/hlass: 9 tonn



Verð kr. 1.790.000 með vsk.

110DG - Hardox Malarvagn

Burðargeta/hlass: 11 tonn



Verð kr. 3.490.000 með vsk.

160MG - Malarvagn

Burðargeta/hlass: 16 tonn



Verð kr. 4.670.000 með vsk.

Á heimasíðunni okkar www.hhauksson.is er hægt að sjá fleiri stærðir og gerðir af vögnum sem í boði eru frá Weckman.

H. Hauksson ehf. | Ögurharfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN

Lögfræði:

Búvörusamningar til umfjöllunar

Búvörusamningar geta ekki talist ígildi kjarasamnings og Bændasamtök Íslands geta ekki talist vera stéttarfélag búvöruframleiðenda, að mati Önnu Kristínar Agnarsdóttur lögfræðings, sem nýlega fjallaði um búvörusamninga í lokaritgerð sinni frá lagadeild Háskólans á Akureyri.

Anna Kristín fjallaði um framkvæmd búvörusamninga og helstu réttarheimildir sem liggja samningunum til grundvallar.

Í lokaorðum ritgerðarinnar segir að landbúnaðarréttur hafi ekki fengið mikla umfjöllun og að skrifin hafi því reynt vandasöm enda erfitt að fletta upp hinum ýmsu álitafnum sem upp hafi komið.

„Markmið verkefnisins var að skoða hvert fyrirkomulag búvörusamninganna sé, hver sé fjárstuðningurinn sem veittur er samkvæmt ákvæðum samninganna og svo hver starfsskiilyrði greinarnar séu. Með því var leitast við að svara rannsóknarspurningum verkefnisins:

Eru búvörusamningarnir kjarasamningar bænda í íslenskum landbúnaði? Hvers eðlis eru búvörusamningarnir? Hvert er skuldbindingargildi og réttaráhrif samninganna?“

Bændasamtökin ekki stéttarfélag

Farið er yfir forsögu og aðdraganda búvörusamninga og fjallað um þrjá af fjórum samningum.

„Samningarnir eru skuldbindandi fyrir ríkissjóð samkvæmt þeim lagafyrirmælum sem þeir eru settir samkvæmt, hvað varðar fjárframlag og þær fjárhæðir sem getið er hverju sinni. Ríkisstjórnin getur ekki breytt samningunum einhliða heldur þarf tilkomu samningsaðila sem kemur fyrir hönd bænda, en það eru Bændasamtök Íslands,“ segir Anna Kristín.



Anna Kristín Agnarsdóttir lögfræðingur.

Þá segir að þó margt sé líkt með búvörusamningum og kjarasamningum geta hinir fyrnefndu ekki talist ígildi kjarasamninga þar sem þeir kveða ekki á um þau lágmarksréttindi sem kjarasamningar gera, s.s. um lágmarkslaun, vinnutíma, orlof og veikindarétt. Anna Kristín gerir hlutverk Bændasamtakanna að umfjöllunarefni í þessu samhengi. Þótt samtökin gæti hagsmuna bænda og undirriti búvörusamninga fyrir þeirra hönd, fari með fyrirsvar og beiti sér fyrir kjörum bænda, skilgreina samtökin sig ekki sem stéttarfélag samkvæmt samþykktum. Mörkin séu þó óskýr.

„Niðurstaðan er þó sú að samtökin geta ekki talist vera stéttarfélag í skilningi laga um stéttarfélög og vinnudeilur.“ Anna Kristín segir að áhugavert hafi verið að bera saman búvörusamninga eins og þeir eru í dag við fortíðina. „Meginmarkmiðið var að koma í veg fyrir stóriðnað í íslenskum landbúnaði en svo sjáum við að raunin virðist vera á leið annað í dag,“ segir hún. /ghp



Tækniþróun er í veldisvexti og ýmis ný og nýleg tækni kemur að góðum notum í búskap.

Mynd / Kaleb Kendall.

Hugmyndir:

Bændahjálp og kindaleitari

– Bændur og búalið nýta sér ýmsa tækni í daglegum störfum

Nýsköpunarkeppni grunn-skólanna, NKG, hefur getið af sér marga forvitnilega hugmyndina og sumar hafa raungerst en aðrar ekki, eins og gengur.

Ein marga hugmynda sem komu fram fyrir áratug var í flokknum Landbúnaður og nefndist Bændahjálp, runnin undan rifjum ungra nemenda við Egilsstaðaskóla.

Um var að ræða hugmynd að appi tengdu hormóna- og hjartsláttarskynjara til að létta störf bænda í sauðburði og hlaut hún þriðja sæti í keppinni.

Sú hugmynd sem hreppti gullverðlaun í NKG það sama ár nefndist Kindaleitari og kom frá nemanda í Hofsstáðaskóla í Garðabæ. Sú fjallaði um að bændur ættu hefðbundið GPS-tæki, hver kind væri skráð í það með örflögubúnaði og mætti þá



sjá staðsetningu hvorrar kindar í rauntíma á tölvuskjá. Myndi það gagnast við að heimta fé af fjalli og sjálfheldu, t.a.m. í fönn.

atferli sauðfjár hvað varðar beit og hegðun. Sömu leiðis er með þessum hætti rannsakað farflug fugla, svo sem gæsa og far hreindýra.

Frá hugmynd til veruleika

Nú mætti spyrja hvernig hugmyndunum hafi reitt af og hvort eitthvað viðlíka sé í notkun meðal bænda.

Fyrst er að nefna að bændur nýta núorðið í allmiklum mæli vefmyndavélakerfi í fjárhúsum sem gerir að verkum að ekki þarf endilega fulla viðveru í húsunum heldur má fylgjast með í síma hvernig mál standa hverju sinni og bregðast við eftir þörfum. Slíkt kerfi er ekki aðeins gagnlegt á sauðburðartíma heldur getur það einnig komið í góðar þarfir meðan fé er á húsi til að kanna reglulega hvort ekki sé allt með felldu.

Unnsteinn Snorrason, verkefnastjóri hjá Bændasamtökum Íslands, segir aðspurður að á bilinu 20–30% bænda á Íslandi noti vefmyndavél í fjárhúsum til hægðarauka og sé tæknin einföld og gagnleg. Um það hvernig hún gæti þróast segir hann að hugsa mætti sér að gervigreind geti í framtíðinni sagt til um hvenær hver kind er komin að burði og þannig gert eftirlit bóndans enn skilvirkara.

Hvað hugmyndina um Kindaleitara varðar má segja að hún hafi raungerst í því að setja má ólar með staðsetningartæki um háls skepna og fylgjast með ferðum þeirra á þann hátt. Það er þó kostnaðarsamt, rafhlöðuending getur verið vandamál og því er ekki um almenna notkun bænda á staðsetningartækjum á skepnur að ræða hér á landi. GPS-tæknin er meðal annars notuð í nákvæmnisbúskap til að afla upplýsinga og stjórna ýmsum þáttum, í rannsóknarskyni, svo sem hjá Landgræðslunni og fleiri aðilum sem hafa á þennan hátt til dæmis kannað

Erlendis hefur sú leið verið þróuð að búa til sýndarveruleikagirðingar um tiltekna reiti þar sem skepnur eru haldnar og má að sögn Unnsteins ætla að sú tækni gæti rutt sér til rúms hér á landi þegar tímar líða. Fari skepna of nálægt slíkri girðingu fær hún viðvörðun í formi hljóðmerkis, sem fer síhækkandi eftir því sem nálægðin verður meiri, en fari dýrið yfir hin skilgreindu mörk fær það vægan rafstraum og sýndarveruleikagirðingin færast nokkru utar til að reyna að fá dýrið til að fara ekki lengra með endurteknum aðvörðunum. Að sögn Unnsteins mætti hugsa sér að í framtíðinni verði jafnvel hægt að smala fé með slíkum skilgreindum línunum sem myndu smáfærast eftir því sem féð rynnir af fjalli og nær ákvörðunarstað.


Drónar æ algengari

Í dag er notkun dróna hins vegar útbreidd meðal bænda og slík flygildi notuð í ýmis verkefni, svo sem að stýra hjörðum eða einstökum skepnunum, til ýmiss eftirlits á bújörðum, til að leita að skepnunum með t.d. hitamyndavél og fleira í þá veruna.

Unnsteinn bendir á að meðal stærstu tæknilegu vinnuhagræðingarþátta í búskap hin síðari ár sé eyrnaörmerkið og víðeigandi rafrænn lesari. Fleiri hugmyndir hafa birst í NKG á síðustu árum, þar með talið um sauðfjarteljara 2018 og fódurskammtara 2022. Krakkar í 5.–7. bekk skiluðu inn splunkunýjum hugmyndum laust eftir miðjan apríl síðastliðinn og aldrei að vita hvað leynist þar í grasróttinni sem orðið gæti íslenskum landbúnaði til framdráttar. /sá

STÁLGRIND TIL SÖLU!

495 fm² (18x27,5m)



Nánari upplýsingar veitir

Gísli Már 842-5462 | gislia@veritas.is



Framkvæmdir hafa staðið í vetur við endurgerð hótelsins, sem verður formlega opnað fyrir gesti 15. maí.
Myndir / Róbert Daniel Jónsson.

Blönduós:

Gamla kirkjan nýtt sem svíta

Mánudaginn 15. maí opnar Hótel Blönduós dyr sínar á nýjan leik eftir gagngerar endurbætur sem hafa staðið yfir í vetur.

Hótelið er staðsett í gamla bænum á Blönduósi, sem kunnugir segja einstakan vegna ósnortinnar götumyndar, og er nú óðum að taka á sig fallega mynd til samræmis við upphaflegt útlit. Elsti hluti hótelsins, hið svokallaða Sýslumannshús, var byggt árið 1900 en frá árinu 1943 hefur það þjónað ferðalöngum, sem hótél og veitingastaður, sem einnig verður opnaður nú á ný undir nafninu Sýslumaðurinn.

Eigendaskipti urðu á síðasta ári þegar dótturfélag fjárfestingarfélagsins InfoCapital festi kaup á hótelinu en stofnandi og stærsti eigandi þess er Blönduósingurinn Reynir Grétarsson.

„Við erum með 19 herbergi; einstaklingsherbergi, tveggja manna herbergi og fjölskylduherbergi. Baðherbergi er á öllum herbergjum sem og sturta en fjölskylduherbergin eru með baði. Útsýnið er breytilegt eftir herbergjum, ýmist yfir gamla bæinn eða Húnaflóann,“ segir Pétur



Steinsnar frá hótelinu er gamla kirkjan í bænum sem verður nýtt sem svíta.

Oddbergur Heimisson, markaðs- stjórnari hótelsins.

Þá má geta þess að seinna í sumar er áætlað að opna þrjónakaffihús og búð með alls konar spennandi vörum við hliðina á hótelinu, auk þess sem Krúttíð, gamla bakaríð á Blönduósi, sem er ská á móti hótelinu, mun opna sem viðburðarými í tengslum við hótelið.

Þá verður hægt að panta gömlu kirkjuna sem svítu eða undir ýmiss konar athafnir, en kirkjan er steinsnar frá hótelinu. /MHH

NÝ VÉL FRÁ VALTRA

VALTRA Q-LÍNAN 230-305 hestöfl

NORRÆN HÖNNUN Í HÆSTA GÆDAFLOKKI

AFLVÉL

AGCO Power, unnið með Valtra frá 1951 lengst allra

SKROKKUR

Allar Q-línu dráttarvélar eru smíðaðar í Finnlandi í háum gæðum

ÖKUMANNSHÚS

Háþróuð tækni, frábært jafnvægi næst með loftfjaðrandi framás og húsi

GÍRKASSI

CVT stiglaus gírskipting sérsniðin að Valtra, hönnuð og þróuð af AGCO í Þýskalandi



reddot winner 2023



AFLVÉLAR



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Handsápur sem mýkja hendur og erta ekki húð henta því einstaklega vel á tímum sauðburðar

Sonett hreinlætisvörur brotna 100% niður í náttúrunni ásamt því að vernda náttúrulegar vatnsauðlindir. Hráefnin eru unnin úr jurtum og steinefnum og innihalda engin ensím.



sonett

Söluaðilar: Byko Breidd, Fjarðarkaup, Nettó, H Verslun, Hlíðarkaup, Húsasmíðjan, Kjörbúðin, Krónan, Lyfjaver, Melabúðin, Samkaup og Verslunarfélag Drangsness ehf.

VIÐTAL

Vestfirðir:

Baráttan við náttúruna ekkert harðari en annars staðar

– Kynslóðaskipti flókin en hasta ekki

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Á Vöðlum í Önundarfirði er eitt af fáum kúabúum sem enn eru í rekstri á Vestfjörðum. Bændurnir þar segja baráttuna þar ekki mikið erfiðari en annars staðar á landinu. Kynslóðaskipti á búinu eru komin í farveg, en bændurnir taka sér þann tíma sem þeir þurfa.

Árni Brynjólfsson og Erna Rún Thorlacius hafa farið með búforráð á Vöðlum frá 1989. „Þegar við tókum við þá voru tíu mjólkurbú bara í Önundarfirði,“ segir Árni. Þangað til nýlega voru tvö mjólkurbú starfandi í firðinum og voru þau saman með álfka mikla framleiðslu og öll tíu búin til samans áður. Hitt búið lagðist niður í fyrra, og með því fluttist stór hluti framleiðslunnar.

Framleiðslurétturinn á Vöðlum er 282 þúsund lítrar mjólkur og eru að jafnaði 50 kýr mjólkandi á hverjum tíma. Nautgripirnir eru samtals 170 þegar mjólkurkýr og geldneyti eru talin saman. Þegar búskapur lagðist af á Hóli í Önundarfirði losnaði fjós á Vífilsmýrum sem notað er í nautauppeiði. Jafnframt er nálægt sjötú vetrarfóðruðum ám á bænum.

Nú standa yfir framkvæmdir á Vöðlum, en fyrir ofan fjósið rís uppeldisfjós sem mun þjóna sama tilgangi og aðstaðan sem nú er nýtt á Vífilsmýrum. „Áformin eru að stækka þessa einingu þannig að hún verði svolítið skemmtilegri,“ segir Árni. Mjólkurkúnum verður ekki fjölgað verulega, nema rétt til að ná fullri nýtingu úr mjaltapjóninum.

Systursonur tekur við

Jóhann Ingi Þorsteinsson hefur stefnt að því að verða bóndi á Vöðlum frá því hann var krakki. Sjálfur er hann alinn upp á Flateyri, en Árni er móðurbróðir hans. Hann hefur alltaf sýnt búskapnum mikinn áhuga og varði gjarnan eins miklum tíma þar og hann gat. „Maður var alltaf í sveit á Vöðlum – amma og afi bjuggu herna líka. Svo þegar var eitthvert gagn í manni fékk maður að gera



Yngri og eldi kynslóð bænda á Vöðlum. Árni Brynjólfsson, Jóhann Ingi Þorsteinsson, Gerður Ágústa Sigmundsdóttir og Erna Rún Thorlacius. Mosvallahorni í baksýn. Mynd / Aðsend

eitthvað. Þau voru ófá sumrin sem ég vann herna og hafði bullandi áhuga á þessu. Svo kom að því að maður fór á Hvanneyri og aldrei minnkaði áhuginn,“ segir Jóhann Ingi.

„Það voru sjö kúabú herna á norðanverðum Vestfjörðum þegar ég útskrifaðist frá Hvanneyri. Við erum þrjú núna,“ segir Jóhann Ingi. Árið 2013 var enn mjólk að Gemlufalli og Höfða í Dýrafirði, Ósi í Bolungarvík, Látrum í Ísafjardardjúpi og Hóli í Önundarfirði. Þau þrjú sem eftir eru, ásamt Vöðlum, eru Botn í Súgandafirði og Hattadalur í Álftafirði.

Jóhann Ingi og Gerður Ágústa Sigmundsdóttir, unnusta hans, eru búin að kaupa jörðina Mosvelli, sem er steinsnar frá Vöðlum. Hann er búinn að vera launamaður á kúabúinu síðan 2019 og hún starfar á sjúkrahúsinu á Ísafirði.

„Stærsta hindrunin hjá öllum nýliðum er peningaskortur,“ segir Jóhann Ingi, aðspurður um áskoranir við að taka við búinu.

Eigendaskipti flókin

„Áformin eru að við getum dregið okkur út og þau komið inn. Við

erum ekki beinlínis komin í djúpu laugina, en við erum farin að þreifa á þessu,“ segir Árni og á við endanlegu eigendaskiptin.

Hann segir erfitt að fá upplýsingar um rétta leið í þessum efnum og að gjarnan séu leiðbeiningarnar misvísandi. Meðal þeirra upplýsinga sem hann segist hafa fengið séu að seljandinn, eða eldri kynslóðin, geti lent í að þurfa að greiða svo mikinn söluskatt af hagnaðinum að viðkomandi „fari á hausinn“. Árni vill þó ekki koma með neinar fullyrðingar, enda stemmi ekki allar leiðbeiningarnar sem honum hafa verið gefnar.

„Reksturinn er á minni kennitölu, eins og var alltaf í gamla daga, þannig að mín kennitala fengi á sig svo mikinn söluhagnað og þar af leiðandi yrði svo hár tekjuskattur á mig í næsta framtali, að ég myndi aldrei geta greitt það. Ég færi í persónulegt gjaldþrot. Það er búið að benda okkur á ýmsar leikfléttur í þessu, eins og að breyta þessu í einkahlutafélag,“ segir Árni.

Þó segist hann hafa heyrt af vel heppnuðum kynslóðaskiptum þar sem allir hlutaðeigandi aðilar hafa verið með reksturinn á persónulegri kennitölu.

Árni segist sakna þess að geta hvergi fengið heildstæða ráðgjöf um kynslóðaskipti á bújörðum. „Auðvitað eru engin tvö dæmi eins, en mér finnst við hafa þurft að leita að þessu öllu. Ég veit að RML hefur gert ýmislegt, en maður þarf að draga allt upp úr þeim.“

Vinna vel saman

„Við eigum þrjá stráka og það var alltaf miklu meiri áhugi hjá Jóa að druslast í þessu en okkar strákum. Það á enginn að fara í þetta sem

hefur ekki áhuga. Þetta er ekki nú til fimm vinna og hætt á hádegi á föstudögum,“ segir Árni.

„Ég verð sextugur á þessu ári, hvort sem mér líkar betur eða verr, og frúin er rétt tæpum tveimur árum eldri. Ég vil ekki gera Jóa það að fara í sömu spor og eiga ekkert líf – þannig að ég get alveg verið á kantinum í einhvern tíma svo þau geti átt einhverja frídaga.“

Ég treysti mér alveg að halda þessu gangandi þó þau fari í vikufrí. Auðvitað kemur svo að því að ég verð ekki með.

Maður hefur því miður heyrt af dæmum þar sem fólk vill koma unga fólkinu að. Svo er það komið af stað í þessu en þá gengur samstarfið ekki. Ég held að það megi alveg koma fram að við eigum gott samstarf. Það er svo mikils virði að það sé ekki kengur í mannskapnum.“

Kunna á náttúruna

„Ég hef oft fengið þessa spurningu: Hvernig er baráttan herna á Vestfjörðum? Margir halda að það sé miklu verra og öðruvísi en annars staðar á landinu, en ég held að það sé óverulegur munur varðandi náttúruna. Baráttan við náttúruna er ekkert harðari hér en annars staðar. Auðvitað erum við ekki með jafn mikið af gasalega fallegum tünnum og við þurfum að haga okkur öðruvísi í að elta landslagið. Þetta eru svolítið gömul tün, en það eru góðir blettir inni á milli.“

Eitt af því helsta sem sker vestfirska bændur úr eru vegalengdir. Árni segir það helst koma fram í flutningskostnaði. „Svo fer okkur alltaf fækkandi, en það breytir voða litlu fyrir okkar rekstur. Fóðurbíllinn og mjólkurbíllinn

Húsabakki Svarfaðardal



Hótel/gistihús til leigu til lengri tíma - Framtíðarráðstöfun - Tilbúið til rekstrar strax í sumar

- ✓ Allur búnaður til staðar, bókanir sumarsins og bókunarkerfi tengt við Booking.com og Expedia.com.
- ✓ Áður skóli og heimavist. Náttúruperla mitt í fuglafriðlandi Svarfdælinga.
- ✓ Tvö hús, samtals um 1300 fermetrar.
- ✓ Ný vönduð rúm og sængurfatnaður, þvottavélar og góð aðstaða.
- ✓ Möguleiki á heilsársrekstri og búsetu.
- ✓ Framtíðartækifæri fyrir fagaðila og áhugasama með metnað í hótél og gististarfsemi.

Fasteignamarkaðurinn ehf. – Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík – www.fastmark.is – fastmark@fastmark.is

Valhöll Fasteignasala ehf. – Síðumúla 27, 108 Reykjavík – www.valholl.is

FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.

VALHÖLL
FASTEIGNASALA



Jóhann Ingi Þorsteinsson og Árni Brynjólfsson reka saman kúabúíð á Vöðlum í Öndarfirði. Þeir segja flækjustigið að farsælum eigendaskiptum vera hátt. Þökk sé góðu samstarfi taka þeir sér þann tíma sem þeir þurfa. Vaðlar í baksýn. Mynd / ÁL

koma áfram en við erum með hærri kostnað á flutningum. Félaglega er þetta ekki gott þegar fækkar.

Þótt okkur sé að fækka hér þá er að opnast tengingin við Barðaströndina. Þá geta þeir skotið fóðri í sílóin á sunnanverðum Vestfjörðum á sama tíma og þeir koma hingað. Það eru ákveðin ljós sem kvikna þó önnur slokkni,“ segir Árni.

Öll mjólk frá Vöðlum fer beint í Örnú í Bolungarvík. Árni segir að þau séu ekki í beinum viðskiptum við mjólkurbúíð, heldur fari allt í gegnum Auðhumlu, eins og hjá öðrum. „Þannig að við njótum þess ekkert sérstaklega í okkar rekstri hvort að Arna sé þarna eða ekki. Upp á húmorinn er það mjög næs,“ segir Árni.

Mannanna verk erfiðust

Árni segir að veðurfarið eða náttúran séu ekki helstu áskoranirnar sem fylgi kúabúskap á Vestfjörðum. „Aðalvandráðin eru allt það sem fólk hefur búið til í kringum þetta. Vextir og annað í bönkum – það er miklu erfiðara að eiga við það. Við ráðum við allt sem snýr að náttúrunni – hitt tekur úr manni orkuna og flækjustigið er svo mikið. Auðvitað er ekkert annað í boði en að slást við það allt saman.“

Nýverið hækkaði grundvallarverð mjólkur og segir Árni hverja krónu skipta máli í þessum rekstri. „Ég tek hattinn ofan fyrir því að verðlagsnefndin virðist vera farin að virka. Það voru nokkur ár þar sem hún bara virkaði ekki,“ segir hann.

Árni tekur virkan þátt í félagsstarfi bænda og skynjar að víða sé rekstur búa orðinn þungur, enda eru öll aðföng og vextir búið að hækka. „Þetta væri kannski ekki voðalega flókið eða erfitt ef maður væri ekki með allar þessar skuldir út af framkvæmdum og kvótakaupum.

Í okkar tilfelli væri þó enginn rekstur ef ekki hefði fengist fjármögnun – þá væri þetta bara eyðijörð.“

Eftir miklar verðhækkningar á öllum aðföngum og búnaði, segir Árni að besta rekstrarhugsunin sé að fara vel með hlutina, til að losna við dýrar viðgerðir. „Það er einn af kostunum við Jóa að hann er svakalega þægilegur í öllu í kringum vélar.“ Árni segir búskap ekki lengur einungis snúast um umgengni við dýrin, heldur sé vélavinna orðin mjög stór þáttur í landbúnaði. Mjög mikilvægt sé fyrir bændurna á Vöðlum að gera allt sjálfir þar sem takmarkað aðgengi sé að landbúnaðarverktökum á svæðinu.

Allt hey innan fjarðar

Stórir bændur á Vestfjörðum hafa löngum þurft að fara langar leiðir eftir heyi. Árni segist aldrei hafa þurft að fara styttra en í sumar eftir að Vaðlar urðu eina kúabúíð eftir í Öndarfirði, en núna er allt heyið sótt innan fjarðar. „Við höfum annars farið í Dýrafjörð í nokkur ár.“

Um árabíl heyaði Árni tún á Ingjaldssandi. „Það er alveg geggjáð að vera þar, en ég viðurkenni að það er svolítið langt. Ég var þarna heilu dagana og næturnar um hábjartan sumardaginn – það var alveg stórkostlegt að sjá sólina hníga og sitja í traktornum þegar hún kom upp. Það var ekkert símasamband og algjör friður. Grasgefin tún og alltaf trygg hey þarna.“

Aksturinn til að sækja rúllurnar á Ingjaldssand er býsna langur, en frá Vöðlum þarf að aka yfir Gemlufallsheiðina yfir í Dýrafjörð og þaðan yfir Sandsheiðina aftur yfir í Öndarfjörðinn. „Það var passlegt að fara tvær ferðir á dag, með öðrum verkum á búinu. Ég tók fjóra tíma í hverja ferð fram og til baka, með því að stoppa og fá mér að éta.“

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Endurskoðun gildandi aðalskipulags er hafin og gefst nú tækifæri til að kynna sér verkefnislýsingu fyrir þá vinnu og senda inn ábendingar eða sjónarmið um efni hennar í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar fyrir 10. júní nk.

Lýsinguna er að finna í skipulagsgáttinni, skipulagsgatt.is og á vef sveitarfélagsins, hornafjordur.is/adalskipulag þar sem einnig er að finna frekari upplýsingar um endurskoðunina. Pappírútgáfa af lýsingunni er einnig til sýnis á bæjarskrifstofum og bókasafni Hornafjarðar.

Kynning lýsingarinnar er skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætla.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Pressaðu á gæðin



CHAMPION

KLETTUR

REYKJAVÍK — AKUREYRI — 590 5100 — klettur.is



Wendel
Stofnað 1957

GÖNGUBRÝR OG ÖRYGGISGIRÐINGAR

FYRIR ÖRYGGI Á VINNUSVÆÐUM

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is



Bær var fyrst reistur í Sænautaseli árið 1843, endurbýggður 1992 og að hluta 2010. Á sumrin er þar drjúg umferð gesta.



Ferðamenn og heimafólk leggja gjarnan leið sína í Sænautaseli á Jökuldalsheiði til að skoða gamla búskaparhætti heiðabýlisins. Ætlað er að opna laust eftir miðjan júní. Myndir / SÁ

Jökuldalsheiði:

Senn lifnar yfir Sænautaseli

– Nýr rekstraraðili tekinn við og ætlar að halda áfram að glæða staðinn lífi

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Í Sænautaseli á Jökuldalsheiði hefur um árabil verið rekin ferðapjónusta yfir sumartímam.

Á þessu gamla heiðabýli hafa gestir og gangandi getað gengið um torfhláðin bæjarhúsin með sínum gildu röftum og séð ýmis amboð og búsmuni sveitabúskapar frá byrjun tuttugustu aldar, auk húsdýra, svo sem kýr, kinda, hesta, hæna, katta og hunda. Í gömlu fjárhúsi er rekin veitingstofa þar sem meðal annars kaffi og lummur eru á boðstólum.

Náttúrufergurðin og kyrrðin á heiðinni er einstök og útsýn víð, auk þess sem Sænautavatn skammt frá bænum er fallett heiðarvatn, með stærri vötnum á Jökuldalsheiði og 23 m djúpt, þar sem veiðist silungur. Að jafnaði er Sænautasel opið frá byrjun júní og fram í september.

Lilja Hafdís Ólafsdóttir, bóndi

á Merki á Efri-Jökuldal, rak ferðapjónustuna í Sænautaseli nær sleitulaust í þrjátíu ár, eða allt frá því að húsin voru endurbýggð. Síðasta sumarið hennar sem rekstraraðili var í fyrri en eftir það lagði hún hið metnaðarfulla uppbyggingarverkefni í hendur nýs aðila og tekur sá við góðu búi, enda langur vegur frá því er Lilja bjó fyrstu sumrin í gamla torfbænum, var með kú í torffjósinu og vaskaði upp í læknum.

Sænautasel samt við sig

Björn Hallur Stefánsson, einnig búsettur í Merki, tók við rekstri Sænautasels í fyrrahaust. Hann er ekki ókunnugur rekstrinum því hann hafði verið Lilju til aðstoðar frá 1997. Björn Hallur segir að ferðapjónustan í sumar verði með hefðbundnum hætti „Jú, þetta verður haft í sama hefðbundna stílum, hann hefur reynst vel,“ segir hann. Boðið verði upp á gistingu í gamla bænum, tjaldsvæði án rafmagns,



Íðulega er tekið á móti hópum í Sænautaseli og þá jafnvel slegið upp matarveislu þar sem boðið er upp á nýveiddan silung úr vatninu við bæinn.

leiðsögn um bæjarhúsin og tekið á móti hópum í veitingar í fjárhúsinu ef pantað er fyrir fram. Þar séu á boðstólum lummur, kaffi og kakó

og jafnvel eldaður silungur úr vatninu ofan í hópa. Gestir geta keypt veiðileyfi í Sænautavatn og hægt er að leika sér á hjólabátum á Kílum þegar þannig viðrar. Björn Hallur segist halda að opnað verði fyrir ferðafólk að Sænautaseli um eða eftir miðjan júní. „Við opnum

þegar vegurinn hefur þornað og búið er að hefла hann,“ og er bjartsýnn fyrir komandi sumri.


Fyrirmynd Bjarts

Sænautasel stendur í 525 m.y.s. og var byggt árið 1843 úr landi Hákonarstaða. Þar var búið í um öld og var um tíma búseta á allt að sextán bæjum á Jökuldalsheiðinni. Byggð eyddist að mestu leyti í Öskjugosi 1875 og Sænautasel stóð þá autt um fimm ára skeið. Síðasta fólkið flutti þaðan 1943.

Sænautasel var endurbýgt árið 1992 og aftur að hluta 2010. Bærinn er um fimm kílómetra frá gömlu þjóðleiðinni um Möðrudalsöræfi og Jökuldalsheiði.

Ýmsir munu kannast við að fyrirmynd Bjarts í Sumarhúsum í skáldsögu Halldórs Kiljan Laxness, Sjálfstæðu fólki, hefur verið talin komin frá Sænautaseli en Kiljan gisti þar á ferð sinni um Austurland haustið 1926. Er skáldsagan talin spanna tímabilið 1899 til 1921. Fleiri skáld rituðu um heiðabúskapinn svokallaða, svo sem Gunnar Gunnarsson og Jón Trausti. /sá

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Fjölskyldan á Syðri-Hömrum í fjósinu á bænum. Frá vinstri: Helga Björg, Stefán Orri, Helgi Björn, Heiðís Rún og Guðjón. Allur ágóði tónleikanna rennur til fjölskyldu Guðjóns heitins. Mynd/Aðsend

Styrktartónleikar fyrir fjölskyldu Guðjóns

Styrktartónleikar kóra og tónlistarfólks í Fjögurþingum verða haldnir á Laugalandi í Holtum sunnudagskvöldið 14. maí kl. 20.

Þeir sem standa að tónleikunum eru Hringur, sem er kór eldri borgara, Karlakór Rangæinga, Kirkjukór Kálfholtskirkju, Kvennakórinn Ljósbrá, Miðtúnssystur, Vinir Jenna og Öðlingarnir.

Tónleikarnir eru til styrktar fjölskyldu Guðjóns Björnssonar, bónda á Syðri-Hömrum í Ásahreppi, sem lést af slysförum 17. mars síðastliðinn. Aðgangseyrir er 4.000 krónur.



Tíu íslenskar konur fara á heimsþing ACWW.

Mynd / acww.org

Íslenskur hópur á heimsþing dreifbýliskvænna

Dagana 17.-25. maí nk. fer fram 30. heimsþing Alþjóðasambands dreifbýliskvænna (ACWW) í Kuala Lumpur í Malasíu.

Auk þingstarfa og kosninga verður boðið upp á skoðunarferðir um nágrennið og blásið til hátíðarkvölds í Þjóðarhöll Malasíu. Samtökin beita sér fyrir hagsmunum dreifbýliskvænna um heim allan og bættri stöðu þeirra innan eigin samfélaga.

Á vefnum acww.org.uk kemur fram að auk brýnna umhverfis-sjónarmiða er fókussinn fram til ársins 2026 meðal annars settur á umhverfissvæna tæknivædda ræktun, heilbrigði kvænna í dreifbýli og kennslu- og þróunar-kerfni ýmis, stór og smá.

Sem dæmi um slíkt verkefni er að safna fé fyrir áveitukerfi fyrir þorp í Afríku. ACWW hefur ráðgefandi stöðu hjá Sameinuðu þjóðunum varðandi málefni dreifbýliskvænna.

Jenny Jóakimsdóttir á skrifstofu Kvenfélagsambands Íslands á Hallveigarstöðum segir að 10 íslenskar konur, einkum af Suður- og Suðvesturlandi, séu skráðar í ferðina. Um 450 þátttakendur frá öllum heimsálfum hafi boðað komu sína á þingið að þessu sinni.

Jenny sótti einnig Evrópuþing samtakanna í Skotlandi í haust. Hún segir íslenska hópinn hlakka mjög til að sækja þingið og kynna sér starf og áherslur ACWW nánar.

/sá

Grasflötin tamin í eitt skipti fyrir öll

Garðyrkjufélag Íslands stendur fyrir fræðslufundi þann 16. maí þar sem farið verður yfir hvernig ná á grasflötum fallegum og heilbrigðum „í eitt skipti fyrir öll“ eins og segir á vef félagsins, gardurinn.is.

Bjarni Þór Hannesson, íþróttayfirborðstækniþræðingur og grasagúru svonefndur, mun þar fara yfir meðal annars hvernig losna á við mosa úr grasflötum, hvort nota skuli kalk og hvaða áburð er best að nota.

Fræðslan fer fram í sal Garðyrkjufélagsins að Síðumúla 1, Reykjavík, og hefst kl. 20. Boðið er upp á streymi fyrir þá sem ekki eiga heimangengt.



Nú er tíminn til að takast á við grasflötina. Mynd / Ochir-Erdene Oyunmedeg

Að fræðslu lokinni verður almennt garðyrkjusjall yfir kaffinu og opið bókasafn.

/sá

Grænt bifreiða- verkstæði

HJÓLASTILLINGAR
SMURBJÓNUSTA
VARAHLUTIR
PÓSTÞJÓNUSTA
BILANAGREINING
VIÐGERDIR

Við leggjum áherslu á að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Við vinnum samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðli.

Viðurkenndur þjónustuaðili

587 1350 bifkop.is



EYJAFJARÐARSVEIT

Skrifstofa: Skólatröð 9 · 601 Akureyri
Sími: 463 0600 · www.eyjafjardarsveit.is

Kroppur íbúðarsvæði - Ölduhverfi, Eyjafjarðarsveit auglýsing aðal- og deiliskipulagstillögu
Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 2. febrúar 2023 sl. að vísa aðal- og deiliskipulagstillögu fyrir íbúðarbyggð í landi Kropps í auglýsingu skv. 31. gr. og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í aðalskipulagstillögunni felst að byggingarheimildir á íbúðarsvæði í B8 í landi Kropps eru auknar úr 80-100 íbúðum í 213 íbúðir. Auk þess koma í aðalskipulagstillögunni fram skilmálar um íbúðargerðir, yfirbragði byggðar og áfangaskiptingu uppbyggingar á svæðinu. Í deiliskipulagstillögunni eru skilgreindara lóðir fyrir alls 23 fjölbýlishús, 15 raðhús og 8 einbýlishús. Lóðirnar skiptast upp í fjóra framkvæmdaráfanga upp á 50-60 íbúðir. Deiliskipulagstillagan gerir einnig grein fyrir vegtengingu íbúðarsvæðisins við götu- og stígakerfi Hrafnagilshverfis og staðsetningu hreinsivirkis fráveitu.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, milli 8. maí 2023 og 19. júní 2023 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, esveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á gera athugasemdir við skipulagstillögurnar til mánudagsins 19. júní 2023. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulagsfulltrúi

BÍL XTRA

KERRUR Á HAGSTÆÐUM VERÐUM!

kr1,450,000

kr425,000

kr950,000

STEINHELLA 4, HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI: 837 7750
INFO@BILXTRA.IS



Kristján og Kjartan eru ekki snjallmennir á netinu

Þeir eru til í alvörunni og vita allt um rafgeyma fyrir landbúnaðartæki – og almennt flest um vörur fyrir tæki og fyrirtæki.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjapjónustu Olís, í síma **515 1100**, eða á olis.is.

Fyrirtækjapjónusta Olís

Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

olis



Fjölskyldan á Hólum, þau Matthías Hálfán, Rebecca Cathrine, Alexander Steinn, Kristjana Maj og Hjalti Freyr. Myndir / Barbara Herbrich, SP, í einkaeign.

Búðardalur:

Hrafninn á Hólum

Hrafnar hafa komið víða við í sögunni okkar Íslendinga, sem og annarra og þá ekki síst sem vitsmunaverur. Flestir kannast við hrafn Óðins sem skildu mál manna og guða og fluttu Óðni fregnir – og til dæmis má nefna frásögn úr ferðabók Eggerts Ólafssonar og Helga Bjarnasonar frá árinu 1772 sem segir frá hrafninum, jafnan álitnum vitrustum allra fugla.

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Hérlendis vill svo skemmtilega til að djúpt inni í Dölunum, ekki langt frá vegamótum Vestfjarðavegar og Klofningsvegur, búa hjónin Rebecca Ostenfeld og Hjalti Freyr Kristjánsson – en þau tóku að sér lítinn hrafnunga fyrir nokkrum árum, sem er ansi mælskur. Þau hjónin, ásamt þremur börnum sínum, reka dýraathvarf á Hólum þar sem gestir geta komið yfir sumarmánuðina og fengið að kynna dýrunum.

„Það var nefnilega þannig að leiðir okkar Hjalta lágu saman í sláturhúsi Búðardals, þar sem við vorum bæði við störf. Ég var ekki lengi að hrífast af þessum óstjórnlega myndarlega manni sem fór sínar eigin leiðir við að vekja athygli mína á sér.

Jæja, ég kolféll fyrir honum og við höfum fljótlega að rugla saman reytnum okkar,“ segir Rebecca, en Hjalti er fæddur og uppalinn í sveitinni.

Landbúnaðarhagfræðingurinn með gullhjartað

Vorið 2002, þá rúmlega tvítug, heim-sótti Rebecca Ísland fyrst og sá fyrir sér að vera í eitt ár. Hún er menntaður landbúnaðarhagfræðingur frá Danmörku og hefur haft einskæran áhuga á dýrum frá barnaldri, sú eina í sinni fjölskyldu.

Rebecca hafði þann starfa að sjá bæði um kúa- og svínabú í heimalandinu og því öllum hnúttum kunnug. Að auki miðlaði hún af visku sinni og var fyrst allra til að aðstoða samnemendur sína sem áttu örðugt með námsefnið. „Það hefur einhvern veginn verið þannig að ég má ekkert aumt sjá og get ekki stillt mig þegar

ég veit að aðra vantar aðstoð. Það sama á við um dýrin. Hjá mér eiga helst allir athvarf.“

Þessu eru þeir kunnugir sem sækja þau hjón heim, bæði Hjalta og börnin þrjú, þau Matthías Hálfán, Kristjönu Maj og Alexander Stein, en hjá þeim eru allir aufúsugestir.

Rebecca, sem hefur alla tíð haft sterkar skoðanir á líðan og umhirðu dýra, segir upphaflega ástæðu þess að hún hafi sótt Ísland heim vera vegna ástríðu sinnar á kindum. Við komuna til Íslands hélt hún beint í sauðburðinn á Vatni í Haukadal vorið 2002 og þótti yndisleg upplifun. „Það er notað svo lítið af sykklalyfjum á Íslandi, dýrin eru svo hamingjusöm, lífræn nánast, enda ættu Íslendingar að selja meira af kjöti úr landi finnst mér, enda gæðin ótrúleg. Komandi frá Danmörku finnst mér stór munur á íslenska kjötinu og öðru sem ég hef smakkað.“

Eftir sauðburðinn fór Rebecca sem leiðsögumaður til Suður-Grænlands en kom til baka um haustið að smala í réttir á sama bæ og áður. Um það leyti hóf hún svo störf í sláturhúsinu í Búðardal sem reyndist afdrifarík ákvörðun.



500 kílóa svinið hún Svínka er ánægð með lífið og tilveruna.



Páfagaukurinn Jack Sparrow er ca 15 ára og af tegundinni Mealy Amazon.



Pattaraleg kanína í sólbaði.



Kalkúnninn Róbert.



Geitur og kindur í essinu sínu.

„Við stóðum bæði við færbandið, hann á öðrum endanum og ég hinum. Eftir fyrsta kossinn fórum við að vera saman og höfum verið í tuttugu ár.“ Hjónin, sem stóðu lengi vel í fjárbúskap, ventu kvæði sínu í kross fyrir nokkrum árum og hófu að taka að sér dýr sem þurftu á aðhlyningu eða heimili að halda. Hrafn nokkur, í dag kallaður Krummi, er eitt þeirra.

Virðing fyrir dýrunum er númer eitt

„Það er ekki löglegt að leggja eignarhald sitt á villt dýr,“ segja þau hjónin, „en það má halda slösuðum dýrum eða þeim sem myndu ekki lifa af í náttúrunni vegna fötlunar eða annarrar vanhæfni.“

Krummi kom til okkar pínulítil og slasaður. Í ljós kom að hann hafði fótbrotnað og brotið gróið skakkt saman, auk þess sem vængirnir voru skakkir. Hann hafði þó ótrúlega matarlyst. Við fórum með hann út í grasið þegar gott var veður, lágum hjá honum og höfum alltaf spjallað mikið við hann, reyndar eins og öll okkar dýr. Hann braggaðist, er orðinn stór og hraustur, en verður því miður alltaf hálfskakkur og vængirnir gagnslausir.“

Þau hjón hafa fengið ógrynni fyrirspurna varðandi Krumma.

„Fólk hefur falast eftir honum til sýninga eða í tónlistarmyndbönd svo eitthvað sé nefnt. Krummi er hins vegar ekki sýningargripur eða heilt yfir einhver sem er hægt að fá lánaðan. Hann er hér í öruggu umhverfi þar sem vel er um hann hugsað. MAST hefur komið reglulega og séð að við

lítum vel eftir honum, enda erum við með leyfi fyrir honum og berum virðingu fyrir dýrum almennt.“

Hins vegar gerðu þau eina undantekningu, þegar beðið var um vinnuframlag Krumma í íslensku þáttaröðina Kötlu.

„Við vorum nú treg til að byrja með, en viðmælandi okkar, hann Róbert, kom vel fyrir og endaði á að leggja land undir fót til að reyna að fá okkur til að gefa eftir. Við höfðum framað því neitað, en þarna kom maður sem bar með sér traust, auk þess að leggjast flatur á gólfid hjá Krumma og spjalla við hann í heilagan tíma. Það fór svo að við samþykktum að Krummi mætti birtast í þáttunum, en einungis með því skilyrði að við hjónin fylgdum með,“ segir Rebecca flissandi. „Þetta varð því heljarinnar ferðalag þegar kom að tókum, enda langt að fara og Krummi bilveikur að hluta. Allt gekk þó að óskum, samstarfið hefði ekki getað gengið betur og hægt að sjá Krumma bregða fyrir í þáttum Kötlu.“

„Hæ, mamma!“

„Nú gæti reyndar einhver spurt sig“ segir Hjalti, „hvernig stendur á slíkri ásókn í hrafninn. Hann er jú gæfur og auðveldur í meðförum, en það vill svo skemmtilega til að hann getur nefnilega talað svoltið.“

„Það var þannig að fyrir nokkrum árum vorum við mæðgur, Kristjana og ég, úti að moka stúrnar, gefa dýrunum og þess háttar. Þetta var um kvöld, að vetrarlagi þannig birtan var frekar draugaleg, Hjalti og strákarnir höfðu brugðið sér af bæ þannig við vorum að stússast í þessu tvær.



VANTAR ÞIG ATHAFNAHÚSNÆÐI?

Við leitum áhugasamra fyrirtækja og einstaklinga sem þurfa gott og hagkvæmt iðnaðarhúsnæði og vilja taka þátt í uppbyggingu í nýju iðnaðarverfi nyrst í Búðardal.

- 50, 100, 150 eða 200 fm
- 6 metra vegg hæð
- stór hurð og gönguhurð
- aðrar útfærslur koma mögulega einnig til greina

Verkefnið er styrkt af Byggingaáætlun.

ENDILEGA HAFÐU SAMBAND:

Garða Freyr Vilhjálmsson, formaður atvinnuáætlunar

gardarv@dalir.is





Krummi leikur við hvern sinn fingur.



Þau mega vel við una, dýrin, undir vendarvæng Rebecca og fjölskyldu.



Krummi með Rebecca, móður sinni.

Jæja, svo heyrir ég kallað „Hæ, mamma ... mammaaaa“ og svara, „já, Kristjana mín.“ Þetta endurtekur sig, en þá segir Kristjana hálf flóttaleg, „mamma, ég var ekki að kalla.“ Þannig það er nú rétt hægt að ímynda sér hvað okkur brá þegar kom í ljós að þarna var Krummi litli að verki, krunkandi hátt og skýrt: „Hæ, mamma!“ Hann hefur síðan lært orðin Krummi, heyrðu, hættu, ha, já, nei, komdu, Gunni, Baltasar og typpi! Þökk sé afar þolinmóðum gestum. Aðallega segir hann þó mamma, hæ, ha og Krummi.“

Heimurinn upplifaður umvafinn trausti

Krummi er þó ekki endilega miðpunktur dýraathvarfsins á Hólum því þar má finna hænur, hunda, geitur, hesta, kanínur, kalkúna og naggrísi svo eitthvað sé nefnt, auk stæðilegs páfagauks sem vappar um túnin er sólskins gætir.

Hjónin segjast því miður vera um það bil komin að þölmörkum með athvarfið enda ekki endalaust húsaskjól þótt þau gjarnan vildu hýsa sem flesta. Kostnaður við fóður er einnig allnokkur enda innkoman helst á sumrin þegar gesti ber að garði. Rebecca skýtur því að, að heimsóknir gestanna séu dýrmætar stundir, sérstaklega ef tekst að aðstoða fólk sem hefur hvekkst í návist dýra eða eigi við líkamlega eða andlega annmarka að stríða sem hamlar þeim vanalega slíkar heimsóknir.

„Við fengum einhvern tíma til okkar hóp frá Ítalíu, nánast alveg blind öll, með leiðsögukonu með sér. Þá opnuðum við einungis fyrir þau, enda allt annar gir þegar um slíkan hóp er að ræða. Þarna er fólk sem þarf að fá að snerta dýrin og skynja hlutina í meiri rólegheitum. Þetta var yndisleg upplifun fyrir okkur öll, gaf okkur mikið. Svo í fyrrasumar kom fjölskylda til okkar með tólf ára stúlku sem einnig var blind og þá aftur tókum við Hjalti sjálf á móti þeim. Eftir að hafa kynnst dýrunum þá treysti hún sér til þess að setjast á hestbak, sem var ótrúleg stund fyrir alla viðstadda, maður verður svo þakklátur og glaður að geta gefið af sér,“ segir Rebecca.

Það er draumur hennar að hafa dýraathvarfið opið allt árið og fá til viðbótar, á sérstökum tímum, til sín

hópa með sérþarfir eða á einhvern hátt takmarkaðir, jafnvel bara hræddir við dýr, og leyfa þeim að upplifa návist við þau í rólegheitunum.

Öll fjölskyldan tekur að sér leiðsögn um athvarfið. „Yngsti guttinn, Alexander, sem nú er orðinn ellefu ára, greip þó tækifærið eitt skiptið, fyrir nokkrum árum reyndar, og leiðbeindi erlendum gestum um svæðið með orðunum „Come on, follow me, – this way.“ Útskýrði svo hátt og skýrt á íslensku: „Þarna er geit, henni finnst gott að borða nammi“ ... og höfðu þeir gagn og gaman af. Kannski ekki gagn,“ segir Rebecca flissandi.

Næsta víst er að þarna fer fjölskylda með líf og fjör í hjarta, virðingu gagnvart dýrum og mönnum og frá þeim fer enginn nema að langa að koma aftur sem fyrst.

Á Instagram-reikningi Bændablaðsins má svo meðal annars sjá Krumma hefja upp raust sína.



Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Álit Skipulagsstofnunar

Strandavegur um Veiðileysuháls, Arneshreppi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um umhverfismat samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is

VARAHLUTIR Í KERRUR

stalogstansar.is



KNOTT
BREMSEN + AXLEN

AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE



Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is



Klippa, skera, slípa, bora

Það er skemmtilegra með vönduðum verkfærum.

Slípi- & brýningarvélur | Bandsagir
Beygju- & valsavélur | Legupressur
Plötuklippur | Segul- & súluborvélur

LANDVÉLAR | SMÍÐJUVEGI 66 | 580 5800 | LANDVELAR.IS

LANDVÉLAR
Lausnir á lager

Á FAGLEGUM NÓTUM

Hvað á að nota í staðinn fyrir sphagnum í garðyrkju?

Vorið 2023 sótti höfundur garðyrkjuráðstefnu í Þýskalandi. Ein aðaláherslan var á erindi og veggspjöld sem fjölluðu um hvaða ræktunarefni væri hægt að nota í staðinn fyrir sphagnum.



Christina Stadler.

Sphagnum er innfluttur torfmosi (barnamosi, hvítmosi) og ýmist kalladur mómósamold, svarðmold eða torf. Í áratugi hefur sphagnum sannað sig sem ræktunarefni í garðyrkju því það hefur marga eðlis- og efnafræðilega eiginleika sem eru hagstæðir fyrir vöxt plantna. Því hefur sphagnum verið aðalræktunarefni í framleiðslu á grænmeti, berjum, skrautblómum og trjám. Hins vegar, þegar sphagnum brotnar niður, losnar koltvísýringur sem annars myndi haldast bundinn í jarðvegi til lengri tíma litið. Því þarf nútíma vararæktunarefni að láta sér nægja minna sphagnum.

Stjórnvöld Þýskalands hafa lagt mikið fjármagn í að finna ræktunarefni sem væri hægt að nota í staðinn fyrir sphagnum. Stefnir er að því að leggja sphagnum alfarið niður fyrir áhugamálaræktendur



Ræktunarefni í staðinn fyrir sphagnum.

Mynd / Colourbox, ZHAW

árið 2026. Í atvinnuskyni í garðyrkju á að skipta sphagnum að mestu út fyrir lok áratugarins (2030). Til að ná þessu markmiði verða rannsóknar- og þróunarverkefni víðs vegar um Þýskaland ásamt

sýniverkefnum styrkt, þar sem garðyrkjustöðvar verða studdar til að skipta yfir í ræktunarefni með minna sphagnum. Jafnframt verður veitt einstaklingsbundin aðstoð meðan á umbreytingum stendur.

Því vinna margar rannsóknarstofnanir í Þýskalandi af miklum þunga að þessu. Niðurstöður rannsóknaverkefnanna sem kynntar voru á garðyrkjuráðstefnunni verður fjallað um hér fyrir neðan, þar sem þessi viðfangsefni snerta einnig ræktun hérlendis.

Almennt má segja að mikilvægustu ræktunarefni í staðinn fyrir sphagnum eru viðartrefjar, molta, mold úr trjábörkum og efni sem fellur til úr kókosiðnaði. Að auki henta leifar frá hör, strá frá miscanthus, hrísgrjónahýði, hampi og pálmatreffjum, kol, leifar úr kaffivinnslu eða sauðfjárull sem ræktunarefni auk annarra ræktunarefna.

En ef áætlunin er að skipta sphagnum út, þarf líka að aðlaga ræktunaraðferðir (vökvun, áburðargjöf, verndun plantna) miðað við notkun vararæktunarefna.

Ræktun með minna sphagnum krefst hærri framleiðslukostnaðar samanborið við notkun hefðbundins ræktunarefnis með sphagnum vegna hærri kostnaðar fyrir ræktunarefni, annarri þörf fyrir vökvun, áburðargjöf og verndun plantna. Að auki má reikna með herra hlutfalli af ónothæfum plöntum. Það má segja að minni sphagnum-notkun sem ræktunarefni hefur áhrif á plönturnar og eru áhrifinn tegundarsértæk.

Það þýðir að mismunandi ræktunarefni geta verið nauðsynleg fyrir mismunandi tegundir af plöntum. Það er ekki til einstakt vararæktunarefni sem hefur reynt vel, heldur blöndur af mismunandi ræktunarefnum fyrir mismunandi kringumstæður til að tryggja jákvæða eiginleika eins og t.d. pH og næringarinnihald.

Þess vegna er í framhaldi einungis talað um ræktunarefni með minna sphagnum og ekki gefið upp hversu mikið magn af hverju efni er notað í blöndurnar.

Teknar eru saman niðurstöður úr tilraunum sem voru kynntar á ráðstefnunni við ræktun með minna sphagnum samanborið við hefðbundin ræktunarefni (við hefðbundið magn af sphagnum):

– **Grænmeti og kryddjurtir:** Þegar basil var ræktað með minna sphagnum minnkaði spírunarhlutfall úr 98% í 96%. Ræktunartími var um einni viku lengur miðað við hefðbundin ræktunarefni. Þörf var á tíðari vökvun. Meiri áburðargjöf og meira eftirlit var nauðsynlegt. Ræktunarefni með minna sphagnum kostaði meira. Salat og basil voru með 50% minni blaðmassa og plönturnar voru minni samanborið við plönturnar sem fengu ræktunarefni með hefðbundið sphagnummagn.

– **Berjaræktun:** Jarðarber voru með sama uppskerumagn eins og með hefðbundin ræktunarefni.

– **Skrautplöntur:** Pétúnia var með 50% minni blaðmassa þegar minna sphagnum-magn var notað samanborið við plönturnar sem fengu ræktunarefni með hefðbundið sphagnum-magn. Plönturnar voru einnig minni.

– **Trjárækt:** Vöxtur og gæði hjá rósinni 'Gärtnerfreude' og Weigela 'Bristol Ruby' var minni í tveim af fimm ræktunarefnum með minna sphagnum, á meðan í þrem ræktunarefnum var vöxturinn nokkuð sambærilegur og við hefðbundin ræktunarefni. Hjá gullrunna var enginn munur þegar minna sphagnum var notað. Framleiðsla á Thúja og 'Smaragd' var aðeins með litla lækun í framlegð, á meðan framlegð við framleiðslu á Hypericum 'Hidcote' var mikið minni með minnkandi notkun á sphagnum. Ónýtar plöntur voru að aukast frá 5% og 10% til 20% og 30% þegar minna sphagnum var notað.

Það er því hægt að draga þá ályktun að fleiri vísindarannsóknir eru nauðsynlegar til að skilja áhrif af minni sphagnum-notkun í ræktunarefni á mikilvægi plantna. Niðurstöðurnar eru hvati til að hugsa um hvaða vararæktunarefni fyrir sphagnum væri hægt að flytja inn til landsins sem mun uppfylla kröfur hjá íslenskum garðyrkjubændum.

Þar sem ræktunarefni með minna sphagnum mun leiða af sér hærri framleiðslukostnað, þarf jafnvel að velja fyrir sér hvort íslenskt hráefni (t.d. íslenski mómold, afurð úr íslenskum skógi) bjóði upp á grundvöll fyrir hentugt ræktunarefni eða mismunandi ræktunarefni fyrir mismunandi ræktunarástæður.

Því er ljóst að það gæti verið spennandi og mikilvægt nýsköpunar- og tilraunarverkefni til nokkurra ára með það markmið að þróa íslenska mold.

Christina Stadler, deild Ræktunar og fæðu hjá Lbhí.



Sphagnum.

Mynd / ZHAW



GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

notadir.benni.is

 801361 Opel Crossland X '19, beinskiptur, ekinn 75 þús.km. Verð: 2.490.000 kr.	 591957 Opel Corsa Enjoy '16, beinskiptur, ekinn 110 þús.km. Verð: 990.000 kr.	 340107 Hyundai Tucson Premium '21, sjálfskiptur, ekinn 51 þús.km. Verð: 6.890.000 kr.
 331830 SsangYong Rexton '17, sjálfskiptur, ekinn 102 þús.km. Verð: 3.990.000 kr.	 440033 Jaguar I-Pace SEV400, rafmagn, '21, sjálfsk., ekinn 21 þús.km. Verð: 9.790.000 kr.	 801056 Jeep Compass Trailhawk Phev '22, sjálfsk., ekinn 12 þús.km. Verð: 6.990.000 kr.
 404821 Opel Grandland X '19, sjálfskiptur, ekinn 89 þús.km. Verð: 3.190.000 kr.	 527247 Nissan Juke '20, sjálfskiptur, ekinn 60 þús.km. Verð: 3.490.000 kr.	 203956 Toyota Hilux '15, beinskiptur, ekinn 126 þús.km. Verð: 5.290.000 kr.

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar tegundir bíla á skrá!

Sjáðu fleiri bíla á notadir.benni.is Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035



Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl

LESENDARÝNI



„Í umræddu nefndaráli er reynt að telja almenningi trú um það að sérstakur viðbótartengikostnaður á nýja notendur í hinum dreifðu byggðum geti jafnvel hvatt til framkvæmda!“

Atvinnuuppbygging í hinum dreifðari byggðum í uppnámi

Bændasamtök Íslands og fleiri aðilar, á borð við Landsvirkjun, gerðu alvarlegar athugasemdir við frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingu á raforkulögum sem opnar á að nýir notendur verði rukkaðir um óskilgreindan viðbótarkostnað.



Sigurjón Þórðarson.

Landsvirkjun bendir á að frumvarpið geti unnið gegn markmiðum um orkuskipti og samdrátt í kolefnislosun. Bændasamtök Íslands benda á hið augljósa, þ.e. að óskilgreindur viðbótarkostnaður gangi gegn markmiðum byggðaáætlunar sem og tilgreindum markmiðum sem sett eru fram í matvæla- og landbúnaðarstefnum stjórnvalda.

Það er óskiljanlegt að meirihluti atvinnuveganefndar, með Stefán Vagn

Stefánsson, þingmann Framsóknarflokksins, í formennsku, taki í engu mið af alvarlegum athugasemdum og snúi jafnvel út úr þeim í nefndaráli sem lagt var fram við aðra umræðu um málið á þingi.

Í umræddu nefndaráli er reynt að telja almenningi trú um það að sérstakur viðbótartengikostnaður á nýja notendur í hinum dreifðu byggðum geti jafnvel hvatt til framkvæmda!

Það á eftir að fjalla um málið í þriðju umræðu á þingi og mikilvægt er að ná fram breytingum á málinu, þannig að framþróun og nýsköpun á landsbyggðinni sé ekki sett í uppnám. Svo undarlegt sem það nú er að á sama tíma og ríkisstjórnin gefur út opna gjaldheimtu á nýsköpun í hinum dreifðu byggðum, þá er formaður Framsóknarflokksins með frumvarp sem kallast Samþætting áætla.

Sigurjón Þórðarson, varðingmaður Flokks fólksins í Norðvesturkjördæmi.

OPINN FUNDUR UM HEIMILDIR SVEITARFÉLAGA TIL AÐ HEIMILA BEIT Í EIGNARLÖNDUM EINKAÐILA

verður haldinn í sviðslistasalnum/hlöðunni í Leifshúsum á Svalbarðsströnd í Eyjafirði fimmtudagskvöldið 18.maí n.k. kl. 20.

Í kjölfar úrskurðar umboðsmanns Alþingis frá s.l. hausti hafa orðið nokkrar umræður um afleiðingar hans.

Mér vitanlega hefur lítið sem ekkert samtal þó átt sér stað um málið milli þeirra sem það varðar þ.e. landeigenda, sveitarstjórna og sauðfjárbænda.

Ég vil því uppá mitt einsdæmi leggja mitt lóð á vogarskálarnar með boðun þessa fundar og undirstrika þannig vilja minn til að leita leiða sem trygggt geta friðsæla tilvist sauðfjárræktar í landinu.

Ég skora á sveitarstjórnarfólk og Alþingismenn að kynna sér málefnið því hætt er við að strax í sumar stefni í óefni ef ekkert verður að gert.

STEFÁN TRYGGVA- OG SIGRÍÐARSON,
EINLÆGUR ÁHUGAMAÐUR UM FRÍÐHELGI EIGNARRÉTTARINS
OG FRAMTÍÐ SAUÐFJÁRRÆKTAR Í LANDINU.

AMAZONE ZAX 1403
Tveggja sekkja dreifari.
Með jaðarbúnaði og vönduðu segli.

PÓRÞ
thor.is

REYKJAVÍK & AKUREYRI

BRENDERUP KERRUR



FYRIR FÓLK
Á FERÐINI

Skoðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is

STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
B.ÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRÐI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

IS HURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

LANDGRÆÐSLA



Landbrot að verki. Aldan er kolsvört af sandi sem hún losar úr bakkanum.
Myndir / Þórir N. Kjartansson

Landgræðsla og landbrot í Víkurfjöru

– Betur má ef duga skal

Um áratuga skeið hefur landgræðsla verið mikilvægt verkefni í Víkurfjöru en síðan þorpið byggðist upp hefur ávallt þurft að verja byggðina fyrir ágangi sands.

Stöðugt landbrot af völdum sjávar hefur einnig verið viðfangsefni sem Vegagerðin hefur brugðist við með byggingu varnargarða.

Mikill ágangur sjávar brýtur stöðugt af grónu landi milli sjávar og byggðar sem getur fangað sandinn áður en hann berst inn í þorpið. Á síðastliðnum árum hafa tugir metra af landi tapast með þessum hætti og fjöruborðið ferist stöðugt nær byggðinni. Varnargarðar sem Vegagerðin hefur byggt hafa hægt á þessari þróun og nær stöðvað hana vestan Víkurár. Austur er fjaran enn að ganga nær byggðinni og sér orðið á veikbyggðum sjóvarnargarði sem ver byggðina. Austan við byggðina austur að nýlegum Kötlugarði er sjávarkamburinn farinn, svo sjór gengur í verstu veðrum upp að þjóðvegi 1.

Bygging varnargarðanna hefur haft það í för með sér að stór sandsvæði verða til í skjóli þeirra, tímabundið eftir vindátt hverju sinni. Þessi sandur getur fokið inn í þorpið með tilheyrandi óþægindum, tjóni og kostnaði fyrir íbúa. Landgræðslan, í samvinnu við sveitarfélagið og áhugafólk á svæðinu, hefur unnið að því að draga úr sandfokinu um áratuga skeið en viðfangsefnið er erfitt vegna þess hve óstöðug fjaran er og lítið er eftir af grónum svæðum til að vinna með.

Í skjóli varnargarðanna hefur þó náðst árangur við að stöðva gróðureyðingu og byggja upp gróður sem getur dregið úr sandfoki. Sérstaklega á þetta við vestast á svæðinu, en þar var fyrri varnargarðurinn byggður.



Arni Eiríksson. Gustav Magnús Ásbjörnsson.


Skilyrði þess að landgræðsla sé möguleg lausn er að stöðug fjara og svæði þar sem gróður þolir sandfok sé til staðar. Í dag á þetta ekki við á austanverðu svæðinu og því möguleikar til aðgerða takmarkaðir í landgræðslu.

Nú í sumar á að vinna að styrkingu gróðurs eins og unnt er í fjörinni. Er það gert með því að sá melgresi í ný sandsvæði sem eru að myndast vestast í fjörinni og styrkja gróður milli fjöru og byggðar með áburðargjöf. Svigrúm til þess hefur þó farið síminnkandi með árunum vegna landbrotsins.

Austan Víkurár er frekari vörn gegn ágangi sjávar lykilatriði í því að koma böndum á sandfok og landeyðingu. Sveitarfélagið, Vegagerðin og Landgræðslan hafa unnið að mögulegum lausnum en frekari aðgerðir eru nauðsynlegar til verndar þorpinu. Að mati greinarhöfundu býr ekkert þéttbýli á Íslandi við sambærilega náttúruvá og Vík í Mýrdal og því telur Landgræðslan brýnt að farið sé í heildstæða skoðun á mögulegum varnaraðgerðum og hlýtur það að vera verkefni næstu missera.

Gustav Magnús Ásbjörnsson,
sviðsstjóri á sviði
verndar og endurheimtar.

Arni Eiríksson,
hópstjóri í Gunnarsholti.



Yfirlitsmynd yfir Víkurfjöru og sandvarnargarða. Sandfok yfir byggðina sést glögglega sem og hversu stutt er úr fjöru í byggðina.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Hænum er eðlislægt að þrifa fjaðrinar í þurrum jarðvegi.

Hænsnahald í smáum stíl

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Margir hafa gaman af því að vera með nokkrar hænur, bæði sér til ánægju og yndisauka en einnig mögulega til eggjaframleiðslu og virðist sem þessi iðja sé heldur að færast í aukana á Íslandi.

Þegar kemur að hænsnahaldi í smáum stíl þarf sérstaklega að huga að aðbúnaði hænanna og hér er hænsnakofinn og útistífan lykillinn að góðri velferð þeirra og eykur líkurnar á því að hænurnar verði framleiðslugóðar.

Hópdýr

Þegar nærumhverfi búfjár er hannað er alltaf lítið til náttúrulegs eðlis skepnanna en sé það gert fást gríðarlega mikilvægar upplýsingar sem nýtast vel við hönnun aðbúnaðarins.

Í tilfalli hænna þá eru þær, í náttúrunni, saman í litlum hópum sem einn hani heldur utan um. Þessir hópar eru með allt að 10 einstaklingum og það er upplögð hámarksstærð fyrir hænsnahald í smáum stíl. Hænurnar ná þá vel að þekkja hver aðra og eru síður að slást og jagast hver í annari.

Orðið goggunarröð kemur væntanlega beint frá hænsnahaldi og það á sér náttúrulega skýringu, þ.e. hænurnar koma sér upp eins konar virðingarröð og vita hvar þær standa innan hópsins. Ef hópurinn verður hins vegar mun stærri vandast málið, enda ekki auðvelt fyrir heilabú hænanna að halda utan um slíkar upplýsingar. Þetta getur því leitt til aukinna áfloga.

Þess má geta að hænur þurfa ekki á hana að halda til þess að verpa og því óþarfi að vera með karldýr í flokknum ef einungis er ætlunin að framleiða egg til heimilis.

Hænsnakofinn

Þegar kemur að kofanum sjálfum er margt í boði varðandi hönnun hans, en það er um að gera að hafa hann a.m.k. manngengan upp á þrif, viðhald, fóður og eggjatíslu.

Varðandi stærð kofans þarf að fara eftir reglugerð um aðbúnað hænna en oft er miðað við að hámarki 5-6 meðalstórar hænur á hvern fermetra að jafnaði.

Þá ætti að miða við að a.m.k. þriðjungur gólfplássins sé þannig frágenginn að hænurnar geti valseð þar um og rótað í, sem er þeim eðlislægt. Með öðrum orðum þá þarf sem sagt í raun ekki sérlega stóran kofa fyrir 10 hænur!

Einangraður og frostfrír

Hænur þola ágætlega kulda en trekkur er ekki æskilegur þó svo að þær átti sig nú ekki endilega á því sjálfar! Í náttúrunni eru þær auðvitað úti allt árið en þeim er eðlislægt að kroppa í fóður í skógi og rjóðrum og þar fá þær náttúrulegt skjól frá vindinum.

Frost gerir þeim í raun ekki mikið, enda vel dúðaðar, en það er s.s. vindurinn eða trekkur sem getur sótt að þeim og því þarf aðstæðan að vera þannig gerð að ekki næði um hænurnar.

Þá er afar hagstætt að vera með frostlaust umhverfi, fyrst og fremst svo drykkjarvatnið frjósi ekki, en hænur ættu að hafa aðgengi að vatni allan sólarhringinn eigi velferð þeirra að vera í hávegum höfð. Þetta má t.d. leysa með því að vera með einfaldan rafmagnssofn, sem kveikir sjálfur á sér þegar og ef verður of kalt.

Með afar einföldum búnaði má stjórna lýsingu hjá hænnum.



Stúrnar


Aðstaðan sem hænurnar hafa aðgengi að þarf að bjóða upp á að þær geti flögrað aðeins um, enda er það þeim eðlislægt og því ættu hænur að hafa aðgengi að rúmgóðri stíu allan ársins hring. Erlendis er víða hægt að kaupa tilbúna en mjög litla hænsnakofa með áfastri útistíu.

Þessir smákofar eru í raun fyrst og fremst hugsaðir sem fóðrunar- og varpstaður fyrir hænurnar, en ekki íverustaður til lengri tíma og henta því fyrst og fremst í löndum þar sem veðurfar er stöðugt og gott því þá geta hænurnar valið sjálfar hvort þær vilji vera í útistíunni allan sólarhringinn eða nota litla kofann.

Þar sem ekki viðrar nú alltaf til langrar útiveru á Íslandi, a.m.k. yfir vetrartímam, ætti því að vera með rúmgóða innistíu fyrir hænurnar, sem og útistíu. Stíustærðin ætti auðvitað að vera sem mest en þumalfingurregla er að vera með þrefalt stíupláss miðað við húspláss.

Lýsing

Í hverjum kofa þyrfti að vera góð lýsing. Bæði svo hægt sé að sjá vel til þegar kofinn er þriffin



Drykkjarstútar eru einfaldir í uppsetningu og veita hænum hreint og gott vatn.

hátt og lágt reglulega, enda þarf að halda nærumhverfi hænanna hreinu svo smítalag á þær sé í lágmarki, en einnig vegna hænanna sjálfra. Hæurnar þrífast reyndar ágætlega í rökkri og þurfa ekki ljós þess vegna, en ef ætlunin er að halda uppi eggjaframleiðslunni er mikilvægt að vera með góða lýsingu yfir veturinn. Þeim er nefnilega eðlislægt að verpa færri eggjum á veturna og sumar tegundir af hænum stoppa alveg varp yfir vetrartímamann. Með því að stjórna lýsingunni í hæsnakofanum má þó lengja varptímamann og viðhalda eggjaframleiðslunni lengur.

Míða skal við að halda hefðbundinni daglengd hjá hænum upp á a.m.k. 10 klukkustundir og einfaldast er að stýra því þannig að ljós kvikni einfaldlega sjálfkrafa, þegar þess er þörf, á morgnana og seinnipartinn þegar dimmt er úti. Þetta má gera með ofureinföldum tímastílltum klukkum eða búnaði sem nemur birtu.

Þess má geta að góð lýsing hjálpar einnig hænum að komast í gang með varpið ef þær hafa fellt fjadrirnar síðsumars eða að hausti en sá tími er þeim eðlislægur til þess að fella fjadrir enda er þá gnótt fæðu í umhverfinu í náttúrunni og því upplagt að skipta um fjadrir á þeim tíma.

Setprik

Hæurnar eiga að geta setið samtímis á setprik og ætti að míða við 20-25 cm plássi fyrir hverja hænu á slíku priki. Heppilegt er að prikið sé þannig að þær nái góðu gripi og reynist vel að nota ferkantaðar spýtur, sem eru 38 mm á breidd, með afhefluðum köntum. Setprikinn má setja víða í kofanum og í stíunum en þau ætti að setja í ólíkum hæðum svo hver hæna geti fundið sér heppilegan náttstað.

Míða ætti við að staðsetja þau um 20-25 cm frá vegg, svo hæurnar hafi nægt rými og svo ætti að vera prik 10 cm framan við varpkassana, til að auðvelda hænum inn- og útgang. Undir setprikum getur verið afar gagnlegt að staðsetja plötu sem safnar á sig skítum sem hæurnar skila af sér þegar þær

sitja á prikunum. Þetta sparar bæði undirburð og gerir alla vinnu við þrif einfaldari.

Hæsnastigi

Hæsnastigi er sjálfsagður hlutur í hæsnakofa og auðveldar hænum að ferðast um kofann án þess að flögra. Svona stiga, sem getur t.d. verið 20-25 cm breið plata með áfestum þverfestum spýtum, með 12,5 cm bili á milli hverrar, ætti að setja t.d. upp að varpkösum og hallinn ætti að vera um 45 gráður.

Jarðvegsbað

Hænum er eðlislægt að þrifa fjadrirnar og þetta gera þær í náttúrunni með því að nudda sér upp úr jarðvegi með því að fara í eins konar moldarbað. Þegar hænur eru einungis með aðgengi að kofa og stíu er ekki víst að þær geti fullnægt þessari þörf sinni þar en til þess að koma til móts við þær má t.d. staðsetja bala með þurrum jarðvegi í, oft er notaður sandur eða mold, á gólfinu, sem þær geta þá notað til þess að þrifa sig.

Fóður og vatn

Hænur ættu alltaf að hafa aðgengi að vatni og fóðri allan sólarhringinn og einfaldast er að nota þar til gerð trog sem deila út fóðri og vatnsdalla með drykkjarstútum enda haldast þeir hreinni. Mælt er með a.m.k. tveimur drykkjarstútum fyrir 10 hænur og a.m.k. 10 sentímetra plássi fyrir hverja hænu við fóðurtrogið.

Varpaðstaðan

Varpkassar eru hænum mikilvægir og fer fjöldi þeirra eftir fjölda hænanna, en ráðlagt er að míða við eitt varpsvæði fyrir hverjar 4-5 hænur og að lágmarki a.m.k. 2 varpkassa. Þessir varpkassar ættu að vera a.m.k. 30x30x30 sentímetrar og ætti að staðsetja nokkuð frá gólfi, ekki nær gólfi en 60 sentímetra. Varðandi hönnun varpkassa má benda á grein um hönnun þeirra í 11. tölublaði Bændablaðsins árið 2021.

OPÍÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 8. JÚNÍ

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR HEIMAVIST.IS | FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR ALLS STADAR AÐ AF LANDINU

STUTT Í ALLT
HEIMAVIST MA OG VMA Á AKUREYRI

HLÍÐARFJALL VEITINGARSTABUR

7 MÍNÚTUR

HEIMAVIST MA

8 MÍNÚTUR

VEISLANIR BÓHUS

8 MÍNÚTUR

SPHLEKY NIVELINGARVIRKINN

3 MÍNÚTUR

VMA

8 MÍNÚTUR

Heimavist MA og VMA

Límtréshús, bogahús og færnanlegar byggingar

Hýsi.is

Færnanlegar byggingar

Bogahús

Límtréshús

Bændablaðið kemur næst 25. maí

Jörðin Hallgilsstaðir 1 í Langanesbyggð er til leigu.

Á jörðinni er stundaður sauðfjárbúskapur með um 400 fjár. Tún og ræktarlönd eru um 35 ha, beitiland gott og húsakostur ágætur. Leigutími er frá 1. ágúst nk. en getur verið samkomulagsatriði.

Nánari upplýsingar fást hjá Jónasi Pétri Bóassyni formanni Jarðasjóðs Langanesbyggðar s. 844 0752 og á netfanginu jpb@centrum.is Þeir sem hafa áhuga á því að leigja jörðina eru vinsamlegast beðnir að skila inn tilboði á skrifstofu Langanesbyggðar eða á netfangið bjorn@langanesbyggd.is. **Umsóknarfrestur framlengdur til 20.júní.**

Jarðasjóður Langanesbyggðar.

Jarðrækt og öflun fóðurs

Sífelld fleiri bændur sjá kosti þess að fá ráðgjöf í gegnum Sprotann – jarðræktarráðgjöf hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, RML.




Þórey Gylfadóttir.

Hvort sem það er aðhald vegna skráninga í Jörð, heimsókn án komugjalds eða að hafa tengilið sem hægt er að ráðfæra sig við þegar spurningar yakna, þá er Sprotinn rétti staðurinn. Í Sprotanum hefur alltaf verið lögð áhersla á sveigjanleika til að mæta hverjum og einum í þeim jarðræktarverkefnum sem hver og einn finnur sig í á hverjum tíma.

Hring eftir hring

Sprotu-árið byrjar að vori og endar í áburðaráætlun þar sem næsta vor er skipulagt. Áherslurnar hjá hverjum og einum geta verið aðeins breytilegar milli ára en viðfangsefnið er þó það sama, að standa sem best að þeirri ræktun sem á sér stað hverju sinni, að nýta sem best þau næringarefni sem til eru og áætla það sem upp á vantar og að standa rétt að skráningum fyrir lögbundið skýrsluhald. Út úr þessu öllu þarf svo að koma gott og mikið fóður sem aflað hefur verið á sem hagræmasta hátt.



Myndin sýnir áburðarkostnað, kr. á kg þurrefnis af uppskeru á mismunandi bæjum. Hér eru nýtanleg áburðarefni í búfjárabúðri reiknuð til jafns við verðmæti áburðarefna í tilbúnum áburði.

Að keppa við sjálfan sig

Eitt af því sem gert er fyrir hvert bú í Sprotanum er að reikna og setja fram kostnað vegna áburðarmotkunar miðað við skráða uppskeru. Byggt á þeim tölum er hægt að bera saman bú og sjá hvar hver og einn stendur miðað við aðra þó svo forsendur geti verið ólíkar, sjá meðfylgjandi mynd. Hér er gott að hafa í huga að

gögnin verða aldrei betri en þær tölur sem þau byggja á enda er mjög mikilvægt að vanda skráningar til að þær nýtist sem allra best til að meta árangur einstakra þátta.

Sproti+

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á nýjan ráðgjafarpakka, Sprotu+, þar sem við sameinum jarðræktar-

og fóðurráðgjöf einkum fyrir kúabændur. Hugsunin er að ná sem bestri heild í þessum nátengdu þáttum búskaparins í sama pakkanum. Um er að ræða 15 klukkutíma pakka með tveimur heimsóknum sem yrðu án komugjalds, önnur tengd jarðræktinni og hin tengd fóðruninni. Jarðræktarhlutinn er sá sami og nú er innan Sprotans en við bætist fóðurhluti sem felur í sér fóðuráætlun,

túlkun á hefynagreiningum, vöktun á efnainnihaldi mjólkur og nyt í Huppu ásamt heimsókn. Unnið er með hverju og einu bú af teymi starfsmanna RML til að ná fram þeirri sérþekkingu sem þarf í hvorn hluta fyrir sig.

Þannig gæti það verið að tveir ráðunautar yrðu tengiliðir við búðið, annar vegna jarðræktar og hinn vegna fóðrunar. Það er von RML að með heildstæðum pakka sem þessum náist betri samfella og tenging milli öflunar fóðurs, innihalds og nýtingar þess.

Sérhver þáttur er hluti af heildinni

Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða ráðgjöf í Sprotanum þannig að hægt sé að þjónusta hvern og einn eftir þörfum þannig að hægt sé að leggja áherslu á það sem mestu máli skiptir hjá hverjum og einum.

Mikilvægt er að hafa í huga hvernig öflun fóðursins spilar inn í rekstur búans og með hvaða hætti hægt er að ná góðri uppskeru af hverjum hektara. Gott er að geta rýnt í mikilvæga þætti með fagfólki og hugsanlega fengið fram önnur sjónarhorn við viðfangsefnum.

Í lokin er rétt að benda á að auðvelt er að aðlaga ráðgjöf innan Sprotans að útiræktun á grænmeti.

Þórey Gylfadóttir
jarðræktarráðunautur.

DNA-sýni kynbótahrossa 2023



Nú styttest óðfluga í fyrstu kynbótasýningar vorsins 2023 og vert að hvetja ræktendur sérstaklega til að huga vel að þeim kröfum sem gerðar eru til DNA-sýna og ætternisstaðfestingar kynbótahrossa.



Pétur Halldórsson.

Enn fremur minna á að tryggast og best er að taka sýnin tímanlega þannig að niðurstaða sýna liggja fyrir við kynbótadóm. Mikill og afgerandi meirihluti sýndra hrossa undangenginna ára er löngu kominn með niðurstöðu DNA-greiningar við komuna til dóms.

Þá fyrst er hægt að bregðast við tilfallandi skekkjum í ættfærslum, þegar niðurstaða sýnanna liggur fyrir.

Samkvæmt reynslu undangenginna ára leiða um 2-5% DNA-sýna hrossa til leiðréttinga á ættfærslum. Uppgötvaðar skekkjur eru af ýmsum rótum runnar s.s. misvísandi niðurstaða sönarskoðana (hryssa hjá fleiri en einum hesti samsumars), mistök verða við örmerkingu/skráningu folalda (sérstakur áhættuþáttur er að merkja folöld seint og eftir að þau hætta að fylgja mæðrum örugglega), röng folöld fylgja mæðrum úr stóðhestagirðingum (enginn einstaklingur ætti að fara öörmerktur inn í stóðhesta-girðingu), folaldavíxl hryssna við köstun er tíðara en margur hyggur o.s.frv. Af sjálfu leiðir að ræktunarstarf og kynbótaspá (BLUP) sem byggir á ættfærsluskekkjum hefur ekkert gildi.

Skýrar niðurstöður hrossasýna, við dóm, loka alveg fyrir annars mjög óheppilegan möguleika á að afkvæmaverðlaun á okkar stærstu viðburðum (LM og FM) séu veitt á röngum forsendum; m.ö.o. þá verður að vera borðleggjandi vissa fyrir því að afkvæmaverðlaunahross eigi sannarlega þau afkvæmi sem mat þeirra byggir á.

Þekkingarfyrirtækið Matís í Reykjavík býður greiningar hrossasýna (strok-/hársýni) og skilar niðurstöðum í WorldFeng. Greiningartími sýna er aldrei lengri en mánuður frá móttöku en í langflestum tilfellum skemmri. Þá er einnig hægt að óska sérstakrar hraðgreiningar sem tekur um 5-10 virka daga frá móttöku sýnis. Matís geymir enn fremur öll sýni sem þar eru unnin í sýnabanka sem er aðgengilegur til framtíðar til frekari greiningarvinnu og

	Alls í flokki	Fullstaðfest F og M.	Hlutfall %	Föðurætt staðfest, %
7v. og eldri hryssur	24	20	83%	100%
6v. hryssur	27	23	85%	100%
5v. hryssur	16	11	69%	100%
4v. hryssur	9	9	100%	100%
4v. hestar	17	17	100%	100%
5v. hestar	16	16	100%	100%
6v. hestar	11	11	100%	100%
7v. og eldri hestar	12	12	100%	100%
Geldingar	1	1	100%	100%
Alls í sýningu:	133	120	90%	100%

(www.worldfengur.com / 30.mars'23)

	Faðir sýndur	%	Móðir sýnd	%	Alls í flokki
7v. og eldri hryssur	23	96%	19	79%	24
6v. hryssur	27	100%	25	93%	27
5v. hryssur	16	100%	16	100%	16
4v. hryssur	9	100%	9	100%	9
4v. hestar	17	100%	15	88%	17
5v. hestar	16	100%	16	100%	16
6v. hestar	11	100%	10	91%	11
7v. og eldri hestar	12	100%	10	83%	12
Geldingar	1	100%	0	0%	1
Alls í sýningu:	132	99%	120	90%	133

(www.worldfengur.com / 30.mars'23)

þekkingaröflunar fyrir íslenska hrossarækt og eigendur viðkomandi hrossa. Þannig má ganga aftur og aftur í fyrirbyggjandi sýni eftir því sem þekkingu og uppgötunum á sambengi erfðavísa og fjölbreyttra eiginleika fleygir fram.

Mikilvægar breytingar í farvatni

Eins og hrossaræktendur þekkjja þurfa stóðhestar fyrir dómi bæði að vera með staðfesta F- og M-ætt (sýni til úr M og F). Mun minni kröfur hafa fram til þessa verið gerðar til hryssna og geldinga – einungis farið fram á greint DNA-sýni úr þeim sjálfum burtséð frá framættum. Ríkari kröfur um fulla ættfærslustaðfestingu hryssna og geldinga í dómi verða gerðar frá og með sýningarárinu 2028; þ.e. þau folöld sem fæðast árið 2024 og síðar þurfa að geta staðfest ættfærslu sína að fullu síðar á lífsleiðinni – sé þeim ætlað hlutverk í kynbótadómi eða opinberri keppni sem mun undirbyggja kynbótamat (BLUP) komandi ára. Reglur þessa efnis hafa

þegar fengið umræðu og samþykki á vettvangi Fagráðs í hrossarækt og standa til samþykktar hjá FEIF í febrúar á næsta ári.

Í þessu sambandi er gríðarlega mikilvægt að hrossaræktendur séu vakandi yfir stöðunni á DNA-sýnum sinna ræktunarhrossa. Er til sýni úr fedrum og mæðrum þar og þegar til á taka og þörf krefur? Í raun er fyrrgreind og boðuð breyting lokaskref í ferli sem hófst árið 2006 með markvissum DNA-sýnatökum úr ræktunarhrossum á Íslandi. Hringnum er lokað 2028.

Staðan nú

Til að gefa inn sýni í stöðu ætternisstaðfestinga kynbótahrossa eru hér samantekin gögn fyrir stærstu sýningaviku vorsins 2022 á Hellu. (Vorsýning Gaddstaðflötum 30.maí – 4.júní 2022). Sýningavíkuna 30. maí til 4. júní '22 komu alls 133 hross til dóms á Hellu. Fullnaðardómar voru 117 og einfaldir sköpulagsdómar alls 16. Öll dæmd hross höfðu sannaða föðurætt og

90% þeirra einnig staðfesta móðurætt. Hross án staðfestar móðurættar voru eðlilega allt hryssur en hjá 13 hryssum af alls 76 (17%) á sýningunni var svo ástatt um; þ.e. sýni ekki til úr móður. Í raun má því að segja að ef miðað er við stærstu sýningaviku vorsins '22 þá sé alls ekki langt í land með fulla ætternisstaðfestingu nú þegar – fulla sönnun allra sýndra hrossa.

Til að skoða enn frekar hvaða hross eru yfir höfuð að koma til dóms og þannig í flokki virkra ræktunarhrossa til framtíðar er hér önnur samantekt yfir sömu sýningaviku á Hellu.

Kemur að líkindum fáum á óvart, en staðfestist hér, að sýnd hross eru með fáum undantekningum undan sýndum foreldrum; úrvalið gengur lið fram af lið og fylgir þeim hluta hrossastofnsins sem hefur verið metinn og mældur. Sýnd hross á Hellu, 30. maí – 4. júní '22, áttu sýnda feður í 99% tilvika og sýndar mæður í 90% tilvika.

Framtíðarmúsík

Auknar kvaðir um staðfestingu ættfærslu hrossa á opinberum viðburðum, kynbótasýningum og í keppni, eru sterkur grunnur undir þróun ræktunarstarfs á komandi árum og ekki bara til að geirnepla grundvöllinn í réttu ættfærslu. Fáir efast um að þróun og rannsóknir á sviði erfðatekni og erfðarannsóknna mun færa hrossaræktinni fjölmargar uppgötvanir og verkfæri í framtíðinni. Verkfæri til að auka öryggi ræktunarstarfsins, elta stórvirka erfðavísa hverra áhrif eru þegar eða verða upplýst (sbr. til dæmis *litaerfðir hrossa, þekkt meingen*), verkfæri sem stuðla að styttingu ættliðabils og hraðari erfða-framförum. Uppgötting gangræðs/skeiðgens (DMRT3) var bylting en trúlega bara góð byrjun. En forsendan fyrir þessari framtíðarsýn er og verður markviss, skipuleg og sjálfsögð sýnataka úr þeim hópi hrossa sem er verðandi foreldrar næstu kynslóðar.

Þá er vert að minna á að íslensk hrossarækt er öflug útflutningsgrein. Á árinu 2022 voru 26% útfluttra hrossa með fullstaðfesta ættfærslu; föður- og móðurætt. Dagljóst að hér væri hægt að gera miklu betur.

Pétur Halldórsson, ráðunautur
á búfjárræktar- og þjónustusviði.



Simbi 19037 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi



Pinni 21029 frá Hvanneyri í Andakíl. Myndir / Nautastöðin

Breytingar á nautum í notkun

Fagræð í nautgriparækt hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á nautum í notkun.

Úr notkun fara Búkki 17031 og Ós 17034. Þeir hafa verið í notkun lengi og notkun á þeim farin að dvína. Einnig fer út notkun Keilir 20031, sem er kominn í einkunnina 107 og merki um minni notkun farin að sjást.

Inn komi í staðinn: **Simbi 19037.** Einkunn 110. Hann er sterkur í afurðum og júgurgerð. Lægstu einkunnir eru 97 fyrir fituprósentu og 96 í endingu. Simbi er frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi, undan Bakkusi 12001 og Gullbrá 1604 Úlladóttur 10089.

Billi 20009. Einkunn 110. Hann er sterkur í afurðum, spenagerð og mjóltum. Lægsta einkunn er 90 fyrir frjósemi. Billi er frá Hríshóli í Eyjafirði, undan Sjarma 12090 og Þúsu 1000 Ýmisdóttur 13051.



Billi 20009 frá Hríshóli í Eyjafirði

Pinni 21029. Einkunn 111. Hann er serkur í afurðum, mjóltum og skapi og er hvergi slakur, samkvæmt tilkynningu frá Ráðgjafamiðstöð landabúnaðarins. Pinni er frá Hvanneyri í Andakíl, undan Pipar 12007 og Pillu 1969

Úlladóttur 10089. Jafnframt er bent á að Pinni er systursonur Tinds 19025.

Sæði úr Simba og Billa er væntanlegt við næstu áfyllingar. Nánari upplýsingar má nálgast á nautaskra.is. /gj-ghp



VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskekktum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.

Sérstærðin þjónusta að þínum þörfum



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is



Mikið úrval sláttutraktora og slátturóbota til á lager

Þýsk hönnun - Austurrísk framleiðsla



Sláttutraktorar bæði fyrir garðinn og stærri svæði.

Robolinho er hljóðlátur og gerir garðaviðhaldið auðvelt. Hægt er að WiFi tengja róbotinn og stjórna honum í gegnum AL-KO in TOUCH appið.



Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Útboð á skólaakstri í Hörgársveit 2023-2027



Hörgársveit óskar eftir tilboðum í skólaakstur skólaárin 2023-2027. Um er að ræða fjórar akstursleiðir á 5 bílum, heimilt er að bjóða í eina leið eða fleiri.

- Hjalteyri, Gilsbakki, Þrastarhóll - Þelamerkurskóli. 20 sæti, 40 km hver ferð.
- Þverá, Neðri-Vindheimar - Þelamerkurskóli (um Þelamerkurveg) 15 sæti, 42 km hver ferð.
- Myrkárbakki, Litli-Dunhagi - Þelamerkurskóli (fjórthjóladrifsbíll) 20 sæti, 56 km hver ferð.
- Lönsbakki, Ásláksstaðir, Pétursborg, Moldhaugar - Þelamerkurskóli 2 bílar 25+30=55 sæti, 48 km hver ferð.

Að jafnaði eru tvær ferðir á hverjum skóladegi, sem eru 180 á hverju skólaári.

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla, síminn er 460-1750 og netfangið horgarsveit@horgarsveit.is. Þangað ber að skila tilboðum í lokuðu umslagi í síðasta lagi fyrir kl. 11:00 mánudaginn 22. maí 2023 á skrifstofu Hörgársveitar. Þá verða þau þar opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.


Áskilinn er réttur til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Sveitarstjórnin í Hörgársveit



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Kartöflumygla og mygluspá

– Staða og horfur á komandi ræktunartímabili

Kartöflumygla (*Phytophthora infestans*) er sveppsjúkdómur sem veldur myglu og rotnun bæði á kartöflugrösum og hnýðum. Í hlýju og röku veðri – hiti yfir 10 °C og rakastig yfir 75% – eru kjöraðstæður fyrir mygluna að breiða úr sér og getur það gerst mjög hratt.

Myglan getur borist nokkuð langar leiðir með vindi en talið er að virk smitgró geti borist með vindi einhverja tugi kílómetra.

Veðurskilyrði ráða því miklu um útbreiðslu myglunnar en smit þarf líka að vera til staðar.




Helgi Jóhannesson.

Smitleiðir

Algengasta smitleiðin er sýkt útsæði. Smit berst þá frá móðurplöntu upp í kartöflugrasið, sveppurinn myndar þar gró sem dreifast í lofti á nærliggjandi plöntur og svo koll af kolli. Smit getur einnig borist frá hnýðum sem hafa orðið eftir í garðinum, lifað af veturinn og spírað upp árið eftir.

Ef smitunum kartöflum er fargað utan dyra



Reiknuð mygluhætta út frá veðurgögnum 2022 og dæmi um ráðgjöf vegna úðunar.

er mikilvægt að urða þær vandlega eða hylja með svörtu plasti þannig að smit berist ekki í nærliggjandi kartöflugarða.

Útsæði og kartöflumygla

Mikilvægt er að velja heilbriggt útsæði þegar kartöflur eru settar niður og alls ekki velja útsæði úr sýktum gördum.

Stofnræktun útsæðis fer fram í Eyjafirði og Hornafirði. Þau landsvæði hafa að mestu verið laus við myglu og því ber að forðast að flytja þangað útsæði af ræktunarsvæðum þar sem myglan hefur komið upp. Erlendis má segja að kartöflumygla sé landlæg, en veðurfar ræður þar mestu um útbreiðslu hverju sinni.

Því er alltaf hættu á að innflutt kartöflu-útsæði beri með sér myglusmit. Við arfgerðargreiningu á kartöflumygla árin 2021 og 2022 hafa öll sýnin verið af sama stofninum, EU41A2. Sá stofn var algengur í Danmörku á árunum 2018-2019 og því líklegt að smit hafi borist hingað annaðhvort með dönsku útsæði eða matarkartöflum.

Myglusmit undanfarin ræktunarár

Ef lítið er nokkra áratugi aftur í tímann hefur kartöflumygla komið upp á Suðurlandi af og til og valdið mismiklu tjóni. Nú er hins vegar staðan þannig að mygla hefur komið upp á hverju ári frá sumrinu 2019.

Hvort um er að ræða breytt veðurfar, meira smit í umferð, eða hvort tveggja, er umhugsunarefni. Hlýrra veðurfar eykur hættu á kartöflumygla og því getum við búist við að þurfa að glíma við þennan sjúkdóm á hverju ári. Mikil útbreiðsla varð á myglu sumarið 2021 og skemmdist þá uppskera bæði hjá bændum og í heimilisgörðum víða á Suðurlandi. Við skoðun á útsæði í Þykkvabæ vorið 2022 kom í ljós mikið myglusmit og því líklegt að smit bærst í ræktun bænda þá um sumarið.

Mygluspá og aðgerðir sumarið 2022

Haustið 2021 var sett í gang verkefni hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem miðaði að því að draga úr tjóni af völdum kartöflumygla og auðvelda bændum að fást við sjúkdóminn. Verkefnið hlaut styrk úr Þróunarsjóði garðyrkju. Markmið verkefnisins var annars vegar að þróa mygluspá byggða á veðurmælingum og hins vegar að fylgjast með myglusmiti, miðla upplýsingum til bænda og veita þeim ráðgjöf við mygluvarnir.

Mygluspárlutí verkefnisins var unninn í samstarfi við Jens Grønþæk Hansen, lektor við Aarhus Universitet. Hann hefur

Afkoma sauðfjárbúa 2021

Í nýrri skýrslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins er fjallað um niðurstöður úr rekstri 185 sauðfjárbúa sem skiluðu inn gögnum fyrir 2019-2021. Þátttökubúin eru með að jafnaði 485 vetrarfóðraðar ær og endurspeglar um fjórðung landsframléiðslu dillakjöts árið 2021.



Kristján Ó. Eymundsson.



María Svanþrúður Jónsdóttir.

Í meðfylgjandi töflu má sjá afkomu þessara búna, raðað eftir framlegð tekna. Niðurstöðurnar sýna að afkoma íslenskra sauðfjárbúa er að meðaltali óviðunandi en breytileiki milli búna er nokkuð mikill. Það byggir að mestu á afurðasemi, greiðslumarkseign, bústærð, tekjusetningu og síðast en ekki síst kostnaðarreiðing.

Meðalframléiðslukostnaður dillakjöts árið 2021 er 1.269 kr/kg og meðalbúið í verkefninu greiðir 171 kr. með hverju kíló lambakjöts þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða og afskrifta.

Hefði afurðaverð dillakjöts haldið í við almenna verðlagsþróun frá 2014 til 2021, hefði meðalafurðaverð ársins 2021 átt að vera 726 kr/kg en var þess í stað 532 kr/kg. Þessi verðmunur hefði skilað að jafnaði jákvæðri rekstrarniðurstöðu búanna.

Helstu tækifæri sauðfjárbænda liggja í aukinni afurðasemi og lægri breytilegum kostnaði á hvert framleitt kíló dillakjöts. Munurinn á breytilegum kostnaði efsta og neðsta þriðjungs eru tæplega 350 kr/kg árið 2021. Hagnaður af heildarrekstri þátttökubúanna jókst á milli ára en í því samhengi er vert að hafa í huga að launakostnaður er úr takt við vinnuframlag rekstrarins. Einnig vekur athygli að búin sem eru í efsta þriðjungi eru að ganga á eignir, sem sést m.a. á hlutfallslega minni viðhaldskostnaði og afskriftum. Búin í neðsta þriðjungi eiga mörg hver það sameiginlegt að vera skuldsettari og hlutfallslega meira

	2019			2020			2021		
	Efsti 1/3	Meðaltal	Neðsti 1/3	Efsti 1/3	Meðaltal	Neðsti 1/3	Efsti 1/3	Meðaltal	Neðsti 1/3
Afurðatekjur kr/kg	517	505	488	581	562	538	604	588	570
Greiðslur úr sauðfjársmning kr/kg	676	629	572	696	643	608	787	743	718
Greiðslur úr rammasmning kr/kg	28	29	33	36	36	38	30	38	45
Tekjur vegna sauðfjárræktar kr/kg	1.221	1.163	1.093	1.314	1.242	1.183	1.421	1.368	1.333
Aðkeypt fóður kr/kg	22	33	38	28	40	55	28	43	55
Áburður og sáðvörur kr/kg	122	149	180	137	167	199	130	179	226
Rekstur búvéla kr/kg	110	144	186	103	147	198	133	165	224
Rekstrarvörur kr/kg	72	93	121	85	102	129	91	117	158
Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kg	79	116	155	95	128	176	102	136	168
Breytilegur kostnaður alls kr/kg	406	535	680	448	584	756	484	639	832
Framlegð kr/kg	815	627	412	866	657	427	937	729	501
Framlegðarstig tekna af sauðfjárrækt	66,7%	54,0%	37,7%	65,9%	52,9%	36,1%	66,0%	53,3%	37,6%
Viðhald eigna kr/kg	61	69	77	78	103	116	72	100	122
Rekstur húsnæðis kr/kg	59	63	70	61	63	67	66	67	72
Bifreiðakostnaður kr/kg	56	64	76	62	63	73	68	66	68
Annar rekstrarkostnaður kr/kg	53	62	80	66	63	72	59	67	83
Laun og launatengd gjöld kr/kg	332	308	284	346	311	288	344	330	309
Fastur kostnaður alls kr/kg	560	565	588	614	603	616	610	630	653
Rekstrarniðurst. f. fjármagnsl. og afsk. kr/kg	255	62	-175	252	54	-190	328	99	-152
Afskriftir kr/kg	206	178	156	190	179	159	169	185	192
Fjármagnsliðir kr/kg	74	83	87	73	81	80	80	86	101
Rekstrarniðurstæða sauðfjárbús kr/kg	-25	-198	-419	-11	-206	-429	79	-171	-444
Rekstrarn. sauðfjárbús % af sauðfjárt.	-2,0%	-17,1%	-38,3%	-0,9%	-16,6%	-36,3%	5,5%	-12,5%	-33,3%
Framl.kostn. án afskrifta og fjárm.liða kr/kg	966	1.100	1.268	1.062	1.188	1.372	1.093	1.269	1.485
Hagnaður/tap af heildarrekstri, þús. kr.	1.834	821	32	1.816	808	214	2.923	1.647	1.232


í annari atvinnustarfsemi samhliða sauðfjárræktinni en búin í efsta þriðjungi.

Nauðsynlegt er því að tryggja rekstrarumhverfi sérhæfðra sauðfjárbúa þannig að beinar tekjur af framleiðslu sauðfjárafurða standi undir eðlilegri launakröfu, nauðsynlegum fjárfestingum, tæknivæðingu og nýliðun.

Launagreiðslugeta sauðfjárbænda

Ef skoðaðar eru atvinnutekjur á mánuði eftir landsvæðum skv. gögnum Hagstofunnar árið 2021, skilgreindum mikilvægum sauðfjársvæðum skv. skilgreiningu Bygðastofnunar og á sauðfjárbúum skv. greiningu RML, kemur þessi launamunur skýrt fram.

Í stöðugri umræðu verkalýðsforystunnar um kaup og kjör fólks á almennum vinnumarkaði er gjarnan og ákaft fjallað um mikilvægi þess að matvælavæði sé haldið niðri en um leið er þá vegið að kjörum frumframleiðenda, í þessu samhengi að launakjörum bænda.



Rekstraruppgjör 2022

Öflun rekstrargagna ársins 2022 er þegar hafin og er öllum þátttökubúum auk nýrra boðin þátttaka.

Svona gagnvirk greiningarvinna verður ekki unnin nema í nánu samstarfi við bændur og er þeim þakkað kærlega fyrir.

Kristján Ó. Eymundsson og María S. Jónsdóttir, ráðunautar á rekstrar- og umhverfissviði RML.

um árabíl starfað við rannsóknir á kartöflumyglu og þróun mygluspárkerfa. Ráðgjafarhluti verkefnisins var unninn í samstarfi við Benny Jensen, kartöfluráðunaut hjá BJ-Agro í Danmörku. Sjálfvirk veðurstöð var sett upp í Þykkvabæ og var mygluhættan metin út frá veðurgögnum og veðurspám eftir að kartöflugrös komu upp og út ræktunartímabilið. Fylgst var með ræktuninni og leitað að myglu, og bændur úðuðu með fyrirbyggjandi varnarefnum ef veðurfar benti til mygluskilyrða.

Reynslan sumarið 2022

Fyrstu myglusmitin sáust í Þykkvabæ og í Flóa um 20. júlí. Þar sem bændur voru á varðbergi gagnvart myglu brugðust þeir skjótt við og úðuðu akrana skipulega um leið og myglu varð vart. Myglan náði ekki mikilli útbreiðslu og tjón varð óverulegt.

Samkvæmt veðurmælingum var veruleg mygluhætta fyrir hendi seinni hluta sumarsins 2022 og því ljóst að myglan hefði getað náð mikilli útbreiðslu ef ekki hefði verið brugðist við af festu. Má því segja að árvekni bænda, mygluspáin og ráðgjöf hafi þarna skilað góðum árangri í baráttunni við kartöflumygluna.

Komandi ræktunartímabil

Sumarið 2023 verður framhald á verkefninu frá í fyrra. Haldið verður áfram að þróa mygluspá út frá veðurmælingum. Auk veðurstöðvar í Þykkvabæ verða settar upp veðurstöðvar í Eyjafirði og Hornafirði og mygluhætta metin þar á sama hátt. Bændur geta þá fylgst með mygluhættu út frá veðurfari yfir ræktunartímabilið og ráðgjöf vegna varnaraðgerða verður markvissari. Leitað verður að myglusmiti í samráði við bændur og upplýsingum og ráðgjöf miðlað til bænda til að samræma viðbrögð og varnaraðgerðir. Ef mygla kemur upp verða tekin sýni til arfgerðargreiningar þar sem mjög mikilvægt er að vita hvaða stofna um er að ræða. Stofnarnir eru misskæðir og sumir þeirra hafa þróað mótstöðu gegn ákveðnum varnarefnum.

Lokaorð

Út frá reynslu undanfarinna ára er líklegt að kartöflumygla verði viðvarandi vandamál í kartöfluræktun á Íslandi.



Sjálfvirk sólardrifin veðurstöð í Þykkvabæ til mælinga á mygluhættu.

Því er mikilvægt að allir sem hlut eiga að máli vinni að því að lágmarka það tjón sem sjúkdómurinn kann að valda. Þó svo að fjármögnun á mygluspárkerfni RML sé tryggð í ár með styrk úr Þróunarsjóði garðyrkju er ljóst að þessi vinna mun taka mörg ár og því þarf að tryggja fjármögnun til lengri tíma. Íslensku kartöfluyrkin Gullauga og Rauðar Íslenskar eru sérstaklega viðkvæmar fyrir kartöflumyglu og annaðhvort þarf að kynbæta þessi yrki og efla mótstöðu, eða finna önnur yrki sem þola betur mygluna.

Ef tryggja á framtíð kartöfluræktar á Íslandi þarf því að efla rannsóknarstarf sem bæði er fjárfrekt og kallar á sérfræðipækningu. Því miður er hvort tveggja af skornum skammti hér á landi. Kartöflur eru mikilvæg fæða fyrir okkur mannfólkið og kartöfluræktun er því mikilvæg atvinnugrein sem ber að styðja í baráttu við þennan vágast sem kartöflumygla getur verið.

Helgi Jóhannesson,
ráðunautur í garðyrkju.



Þessi 20 tonna bátur til sölu. Báturinn er smíðaður úr eik hjá Slippstöðinni á Akureyri og sjósettur 1973, upphaflega Bliki EA á Dalvík. Skrokkur bátsins er uppperður sem nýr, þilfar nýtt (mahogany), stýrishús nýtt (ál), brennsluólútankar nýir.

Upplýsingar í síma 8921669 og mail thorirjon@gmail.com



TIMBUR EININGAHÚS

Sími: 893 3022 einingar@einingar.is

www.einingar.is



Hágæða vatnshitarar

Vörukaup
Tel. 516-2600 | vorukaup@vorukaup.is



CLAGE



Síberíu lerki

Lerki@lerki.is S:845 2525

Pallaefni

Stærð 27mm x 145mm

Lengdir 3m - 4m - 6m

Sending 25. apríl næstum uppseld.

Verð pr. lm. kr. 1.580,-

Kvistalítið úrvalsefni.

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR frá Ifor Williams

Ifor Williams
Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum
þekktu framleiðanda til afgreiðslu **Strax**



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Missir þú alltaf af Bændablaðinu?

Komdu í áskrift!

Einungis 11.900 krónur á ári fyrir eldri borgara og öryrkja.
14.900 krónur fyrir alla aðra.

Frekari upplýsingar á www.bbl.is eða í síma 563-0300

SKÓGRÆKT



Fjölæringer og runnar í garðplöntustöð.

Mynd / Guðrún Helgadóttir

Uppfærð leitarvél íslenskra garðplantna

Íslenskir garðplöntuframleiðendur hafa sýnt það og sannað með verkum sínum að hér er hægt að rækta í gördum ótrúlegt úrval trjáa, runna, fjölærra plantna og sumarblóma.



Ingólfur Guðnason.

Áratuga reynsla þeirra í vali á tegundum og yrkjum og ræktun þeirra hefur heldur betur glatt garðeigendur um land allt og sífellt bætist við úrvalið. Við Garðyrkjuskóla FSU á Reykjum í Ölfusi er sérstök námsbraut sem tekur við nemendum sem hafa áhuga á að sérhæfa sig á þessu sviði garðyrkjunar.

Úrvalið eykst sífellt

Nú er ákjósanlegur tími til að heimsækja gróðrarstöðvar sem selja plöntur í garðinn. Sumir garðeigendur koma í þeim tilgangi að sjá hvað er nýtt í boði þetta vorið, spá og spekulera og kannski er ætlunin að bæta við einni eða tveimur plöntum í garðinn. Þeir eru þó búsna margir sem falla í freistni þegar öll dýrðin blasir við og þeir fara heim með fullfermi af fallegum plöntum sem munu prýða garðinn, svalirnar eða sumarhúsalóðina um ókomna tíð. Í mörgum þeirra er einnig hægt að fá skógarplöntur í bökkum til gróðursetningar í trjáreiti.

Garðplöntustöðvar eru misjafnlega stórar en eiga það sameiginlegt að áhersla er lögð á gott úrval og lipra þjónustu starfsfólks sem þekkir plönturnar og þarfir þeirra vel. Sumar þeirra hafa lagt sig eftir sérhæfingu, t.d. bjóða nokkrar þeirra sérstaklega gott úrval fjölærra blóma eða sumarblóma, aðrar hafa sérhæft sig í stærri trjám, enn aðrar í fjölda runnategunda og svo má lengi telja. Þar er einnig hægt að fá matjurtaplöntur af öllu tagi til gróðursetningar í matjurtagarð

heimilisins. Nú er kominn tími til að huga að næringargjöf og jarðvinnslu fyrir matjurtirnar og gróðursetningu þeirra. Þeir sem ekki hafa enn sáð til gulróta geta t.d. byrjað á því.

Verslun í heimabyggð

Þótt nokkrar stærstu garðplöntustöðvarnar séu á Reykjavíkursvæðinu og Suðurlandi er garðplöntuframleiðendur að finna annars staðar, til dæmis allvíða á Norðurlandi, í Borgarfirði, á Snæfellsnesi, Reyðarfirði og Hornafirði. Það getur verið góð hugmynd að versla við þá framleiðendur sem eru nærri, þá eru auknar líkur á að tegunda- og yrkjaufræði sé miðað við ræktunaraðstæður í heimabyggð.

Leitarvél garðplantna – nýjung sem að gagni kemur

Garðplöntuframleiðendur hafa ýmsa samvinnu sín á milli. Félag garðplöntuframleiðenda heldur úti heimasíðunni gardplontur.is þar sem finna má upplýsingar um framleiðendur, ýmsan fróðleik um gróður og garða og ekki síst öfluga og nýuppfærða leitarvél sem gefur upplýsingar um á annað þúsund tegundir og yrki þeirra.

Á leitarvélinni er á auðveldan hátt hægt að fá góðar upplýsingar um val á plöntum. Leita má að ákveðnum tegundum en einnig eftir blómlit, blómgunartíma og hæð, eða vaxtarkröfum eins og vindþoli, seltuþoli, skuggþoli og öðru sem að gagni kann að koma. Þessi leitarvél ætti að auðvelda garðeigendum valið og gerir heimsókn til garðplöntusalans enn markvissari.

Garðeigendur eru eindregið hvattir til að notfæra sér þetta ágæta tól til að víkka þekkingu sína á fjölbreyttu úrvali íslenskra garðplantna.

Ingólfur Guðnason, fagbrautarstjóri garðyrkjufurframleiðslu, Garðyrkjuskólanum Reykjum/FSU

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Breytilegur kostnaður

	2019 Meðaltal	2020 Meðaltal	2021 Meðaltal	2022 Meðaltal	% br. 4 ár
Aðkeypt fóður, kr/ltr.	25,5	26,1	29,7	33,7	32%
Áburður, kr/ltr.	8,3	9,4	10,2	17,6	112%
Sáðvörur, kr/ltr.	0,9	1,3	1,1	1,4	62%
Rekstur búvéla, kr/ltr.	11,2	10,8	12,2	15,2	36%
Rekstrarvörur, kr/ltr.	6,2	7,0	7,5	8,8	42%
Flutningar, kr/ltr.	6,1	6,0	6,1	6,1	2%
Dýralækniskostnaður, kr/ltr.	2,2	2,5	2,5	2,4	8%
Verktaka við jarðvinnslu/fóðurverkun, kr/ltr.	2,3	2,2	2,4	2,6	13%
Önnur aðkeypt þjónusta, kr/ltr.	4,6	4,7	4,5	5,5	20%
Breytilegur kostnaður alls, kr/ltr.	67,2	69,9	76,3	93,4	39%
Breytilegur kostnaður v/fóðuröflunar kr/ltr.	23,8	25,1	27,5	39,0	64%

Fastur kostnaður

	2019 Meðaltal	2020 Meðaltal	2021 Meðaltal	2022 Meðaltal	% br. 4 ár
Tryggingar, kr/ltr.	1,7	1,7	1,8	1,9	15%
Rafmagn og heitt vatn, kr/ltr.	2,8	3,0	2,9	3,1	10%
Viðhald eignar, kr/ltr.	5,6	6,1	6,0	5,1	-9%
Rekstrarkostnaður bifreiða, kr/ltr.	3,9	3,7	4,1	4,4	15%
Annar rekstrarkostnaður, kr/ltr.	8,4	8,6	9,1	9,5	13%
Laun og launatengd gjöld, kr/ltr.	27,6	28,5	29,1	30,3	10%

Efnahagur

	2019 Meðaltal	2020 Meðaltal	2021 Meðaltal	2022 Meðaltal	% br. 4 ár
Afskriftir kr/ltr.	22,2	23,5	26,0	25,4	14%
Fjármagnsliðir kr/ltr.	19,0	18,2	19,1	25,3	33%
Skuldahlutfall	1,79	1,73	1,72	1,42	-21%
Vaxtagjöld, % af heildartekjum	11,7%	10,8%	10,7%	12,3%	5%

Rekstur kúabúa fer hallandi

– Meðaltalstölur 2022 úr rekstrargreiningu kúabúa

Pann 28. apríl sl. birti RML fyrstu niðurstöður úr rekstri kúabúa fyrir árið 2022.



Guðrún Björg Egilsdóttir.

Niðurstöðurnar byggja á greiningu á rekstri 70 bóa sem eru þátttakendur í verkefninu um Rekstur kúabúa og hafa verið með í verkefninu frá upphafi, en í mars sl. birti RML heildarskýrslu fyrir rekstur- og afkomu kúabúa fyrir árin 2019-2021 fyrir öll þátttökubú verkefnisins, sem alls voru 154. Greiningin nær því til um helmingis búanna sem voru með í fyrri, en þessi 70 bú leggja inn 25,5 milljónir lítra sem endurspeglar 17,2% af landsframleiðslu ársins.

Afurðatekjur jukust um 14% milli ára

Úr niðurstöðunum má lesa að afurðastöðvaverð mjólkur í rekstrarverkefninu hækkaði að meðaltali um 16,4 kr./ltr. milli ára 2021 og 2022, eða um 16%. Mikilvægt er að hafa í huga hér að viðbótargreiðslur á innlagða umframmiólk árin 2020-2021 komu til greiðslu, og teljast þar með til tekna, á árinu 2022. Því er meðal afurðastöðvaverð í verkefninu herra en meðallágmarksverð mjólkur ársins 2022. Afurðastöðvaverð á nautgripakjöti og kýrkjöti stóð í stað á milli ára sem og aðrar tekjur af nautgripum (t.d. selt á fæti).

Hvað varðar opinberar greiðslur, þá hækkuðu þær um 5,7 kr./ltr. á milli ára. Hækkunin er fyrst og fremst komin til vegna einskriptisaðgerða stjórnvalda (áburðarstuðningur og spretthópsgreiðslur matvælaráðherra). Alls var viðbótargreiðsla vegna jarðrehtar að meðaltali 3,7 kr./ltr. og áætlað er að viðbótargreiðsla í formi gripagreiðslna mjólkurkúu sé rúmlega 1 kr./ltr. Erfiðara er að meta áhrif viðbótarslútrálag vegna greiðslna spretthóps og glöggir lesendur taka eftir því að slútrálag lækkaði örlítið á milli ára 2021 og 2022.

Ástæður þess eru þær að Covid stuðningur og viðbótarslútrálag af framleiðslufjárnægislið sem greitt var á árinu 2021 höfðu töluvert meiri áhrif á tekjur í gegnum slútrálag en viðbótargreiðsla vegna spretthóps. Í heildina hækkuðu afurðatekjur kúabúanna um 22,8 kr./ltr., eða 14% milli ára 2021 og 2022.

Breytilegur kostnaður hækkaði um 22% milli ára

Breytilegur kostnaður kúabúa hækkaði í heildina um 17,1 kr./ltr. (22%) milli ára 2021 og 2022. Hækkunin má fyrst og fremst rekja til hækunar á áburði, en hann hækkaði um 7,4 kr./ltr. (73%) og hækkanar á kjarnfóðri sem hækkaði um 4,0 kr./ltr. (13%). Til viðbótar hækkuðu flest allir kostnaðarliðir um 1-2 kr./ltr. (0-27%). Fastur kostnaður tók ekki miklum breytingum á milli ára, en hækkanar vissulega jafnt og þétt að undanskildu viðhaldi eignar sem dregst saman.

Sömu sögu er því miður ekki að segja um fjármagnsliðina, en á milli ára 2021 og 2022 hækkuðu þeir að meðaltali um 6,2 kr./ltr. (32%). Hækkun á breytilegum kostnaði og fjármagnsliðum er því meiri í krónum á lítra talið (23,3 kr./ltr.) en heildarhækkun á afurðatekjum (22,8 kr./ltr.), þrátt fyrir áburðarstuðning og spretthópsgreiðslur.

Framlegðarstig fer lækkanði

Á árinu 2022 voru heildarafurðatekjur mjólkurframleiðenda að meðaltali 183,2 kr./ltr. á meðan heildarafurðatekjur kostnaður mjólkur var að meðaltali 198,4 kr./ltr. Þannig vantar 15,2 krónur upp á að heildarafurðatekjur mjólkurframleiðenda standi einar og sér undir kostnaðinum við framleiðsluna.

Mjólkurframleiðendur sækja því í auknum mæli tekjur annars staðar frá, en á milli ára 2021 og 2022 lækkaði framlegðarstig afurðatekna um 3,4% og var árinu 2022 komið niður í 49%.

Á árinu 2022 voru aðrar tekjur mjólkurframleiðenda (t.d. tekjur af öðrum búrekstri, verktöku eða ferðapjónustu) að meðaltali 8

milljónir króna, samanboreð við rúmar 5 milljónir króna árið 2019.

Þrátt fyrir minnkandi framlegðarstig hefur rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITA) samt sem áður hækkað í krónum talið á milli ára og skuldahlutfall lækkað. Samkvæmt skýrsluhöfundum má rekja það til þess að búin hafa mörg hver aukið við sig veltu auk þess sem búin hafa fært sig meira yfir í óverðtryggð lán. Bændur hafa því hagrætt töluvert undanfarið árið í sínum rekstri en fjármagnskostnaður bitur þó sífellt fastar, en skv. skýrsluhöfundum breikkar bilið á milli ára í verkefninu, rekstrarstaða skuldsettra bóa versnar til muna á milli ára en rekstrarstaða lítið skuldsettra bóa batnar örlítið á milli ára.

Rekstur ársins 2023

Nú á árinu 2023 er staðan ekkert skárrí en fyrir ári síðan. Áburðarverð, kjarnfóðurverð, olíuverð og annar rekstrarkostnaður hefur haldist í sambærilegu verði og fyrir ári síðan auk þess sem stýrivextir hækka sífellt. Áætla má að heildarkostnaður við framleiðslu mjólkur ársins muni því haldi áfram að hækka vegna tíðra stýrivaxtahækkana og endar líklegast hærri en á árinu 2022. Afurðastöðvaverð hefur vissulega hækkað á árinu en enginn viðbótargreiðsla vegna spretthóps né áburðarstuðningur, en skýrsluhöfundar hafa bent á að sprettgreiðslur skiptu verulegu máli í afkomu ársins 2022. Raunhæft er því að áætla að heildartekjur af mjólkurframleiðslu verði sambærilegar og árið 2022, sem þýðir að tekjur mjólkurframleiðenda koma til með að standa undir enn lægra hlutfalli af kostnaði en áður.

Staða mjólkurframleiðenda er því alls ekki góð og mun líklegast ekki koma til með að batna á árinu án aðgerða. Mikilvægt er að viðhalda þeirri góðu framleiðslu sem nú er til staðar í landinu með því að tryggja greininni viðunandi afkomu.

Guðrún Björg Egilsdóttir, sérfræðingur hjá BÍ.

Kolefnishlutlaus garðyrkja 2040

Búgreinadeild garðyrkjubúanna auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir verkefni sem styðja við markmið samnings starfskilyrða framleiðenda garðyrkjuaufurða um kolefnishlutlausu garðyrkju 2040.

Styrkumsókn þarf að fylgja kynning á verkefninu, framkvæmda- og fjárhagsáætlun.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí

Fyrirspurnum ásamt styrkumsóknum skal skila á netfangið gudrunbirna@bondi.is



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

FRÆÐSLA

Að nýta vel það sem til fellur

– Fróðleikur um orkumál og orkuskipti – 7. hluti.

Hringrásarhagkerfi byggir á flokkun, endurvinnsla og endurnýtingu en hvað með námurekstur?

Hringrásarhagkerfi

Mikið er rætt og ritað um þróun hagkerfa, sem reynd hafa verið mislengi til þessa, í átt til hagkerfis sem byggir á sem mestri hringrás áður nýttu hráefna, endurnýtingu nýrra efna úr auðlindum jarðar og á sjálfbærni. Samtíms eru fleiri en ein kenning og margar skilgreiningar á lofti um helstu þætti slíks hagkerfis og um hvernig helstu hagfræðikenningar og stjórnmál ríma við hringrásarhagkerfi. Umhverfisbreytingar, og einkum loftslagsbreytingar, hafa snaraukið umræður og stefnumótun í þessum efnum. Hugtakið er komið inn í íslensk lög er snúast um úrgangsmál og stefnumið um hringrásarhagkerfi eru til umræðu í stjórnmálum, vísindum og margvíslegri miðlun og ummæðu. Greinargerðin Samtaka um hringrásarhagkerfi (Environce, september 2022, fyrir Austurland) er fróðlegt dæmi um stöðu og aðgerðir í úrgangsmálum sem gagnast geta hringrásarhagkerfi, unnin fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga (sjá t.d. www.samband.is).

Flokkun úrgangs

Flokkar úrgangs úr mannvist síðustu áratuga, jafnvel alda, eru orðnir tugir talsins, eftir því í hvaða ríkjum og samfélögum borið er niður, allt frá mjög hættulegum spilliefnum til margþátta lífræns úrgangs án aðskotaefna. Hjá SORPU eru 12 megin úrgangsflokkar í söfnunarkerfi þess stóra þjónustusamlags. Þeir eru álfir hjá öðrum fyrirtækjum



Hann stendur árvakur sína vakt, starfsmaður Sorpu í Mosfellsbæ. Flokkun og endurvinnsla eru grunnþættir hringrásarhagkerfis sem orðið er lögbundið hér á landi. Mynd / ATG

sem veita þjónustu á sama sviði. Gjaldtöku fyrir förgun (sbr. úrgang frá fyrirtækjum og lögaðilum á endurvinnslustöðvum) eða greiðslum við skil (sbr. drykkjarumbúðir) er beitt til að minnka úrgangsmagn. Neytendur og fyrirtæki þurfa að kynna sér vel flokkun, afhendingu og förgun.

Endurvinnsla

Endurvinnsla er haft um alls konar ferli sem ná yfir meðferð á úrgangi er skilar vinnanlegu hráefni í vörur eða nothæfum hlutum. Algengur úrgangur til endurvinnslu eru málmar, pappír/pappi, plast og gúmmí en margt fleira má endurvinnna enda færast endurvinnsla í vöxt.

Enn er þó miklu brennt í misfullkomnum brennslustöðvum og sörp enn víða urðað.

Endurnýting

Endurnýting söluvara eða hluta sem hafa lent eða enda í úrgangsfærum er frábrugðin endurvinnslu. Endurnýting á við þegar söluvara eða hlutur sem

hefur verið notaður, eða ónotaður en telst úreltur, er tekinn til notkunar án viðgerða eða breytinga, eða gert er við hann. Endurnýting eykst og má þar nefna fatnað og skó, húsgögn og heimilistæki.

Námurekstur

Sumar náttúrunytjar eru augljóslega endurnýjanleg ferli. Dæmi um þau eru sjálfbærar skógarnytjar, raforkuframleiðsla með fallvatni og sjálfbærar lax- og silungsveiðar. Þess er þá gætt að jafnvægi sé á milli nytja og verndar og samfélag og efnahagur teljst vera „í blóma“ eins og sagt er. Námurekstur merkir að tekið er efni úr náttúrunni til gagns en um leið vitað að efnið endurnýjast seint á mannlegan mælikvarða eða endurnýjast ekki (og þannig er það oftast). Námurekstur var/er talinn nauðsynlegur eða óhjákvæmilegur í mörgum tilvikum en jafnframt augljóst að hann er ekki sjálfbær iðja. Dæmi eru kolavinnsla, járnám og grjót- og malarám. Viðhorf til námureksturs getur breyst með tíð og tíma. /ATG



Tindrandi Tíról

17. – 24. september 2023

Fararstjórn: Inga S. Ragnarsdóttir

Verð 289.800 kr. á mann í tvíbýli

Tíról í Austurríki er heill ævintýraheimur út af fyrir sig. Dvalið verður í sjö nætur í Seefeld í Tíról og farið þaðan í skemmtilegar skoðunarferðir, m.a. til Innsbruck, að Achensee vatninu sem er eitt fallegasta vatn Tíróls og til Gramai Alm þjóðgarðsins.

bænda
FERDIR

Bókaðu núna á bændaferðir.is

Sími 570 2790
bokun@bændaferrdir.is

Síðumúla 2
108 Reykjavík



MITSUBISHI ELECTRIC
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

Varmadætur - Vörukaup ehf

516-2600
vorukaup@vorukaup.is

vörukaup

Fuji Jari 2,3 Gravel Malarhjól



TILBOÐ

á eldri árgerð (dark green)

15% afsláttur
kr. 169.349

til 15. maí 2023



...Fuji has created a feature-loaded frameset that ticks all the boxes for bikes in this category.




Nú ferðumst við um náttúru Íslands og Fuji Jari 2,3 er traustur og hagkvæmur kostur í því verkefni.

Fuji Jari 2,3 malarhjól er fjölhæfur hjólhestur fyrir allar aðstæður, svo sem malarvegi, fjallvegi og malbik.

Styrkur Jari býður upp á nær ótakmarkaðan farangur í ferðalagið.

HVELLUR

Hvellur - G. Tómasson ehf. • Smiðjuvegi 30, rauð gata
200 Kópavogi • Sími 577 6400
hvellur@hvellur.com • hvellur.com



Liebherr 900 Hjólagrafa
Árgerð: 2009. Vinnustundir: 14.000.
Verð: 6.400.000 kr + vsk.

Faun glussakrani - Faun RTF - 40 - 3
Vinnuvélastundir: 20.931.
KM staða: 25.031.
Verð: 5.300.000kr + vsk.



Pallur á vörubíl til sölu.
Verð 250.þús + vsk.

Til sölu!

Áhugasamir hafið samband
í síma 660-0040
eða á urdoggrjot@urdoggrjot.is

Urð og Grjót ehf

Lynghals 12, 110 Reykjavík • sími: 660 0045 • netfang: urdoggrjot@urdoggrjot.is

LESENDARÝNI

Lifandi náttúru fórnað!

Hvernig má það vera að við dirfumst að fórna lifandi náttúru á altari hins íslenska steinsteypuðu?



Pröstur Eysteinnsson.



Hörður Sigurbjarnarson.

Nú standa yfir miklar framkvæmdir á hinni nærri þrjú þúsund fermetra lóð Húsavíkurkirkju í hjarta miðbæjarins. Húsavíkurkirkja er efalítið það mannvirki sem við Þingeyingar getum verið hvað stoltastir af.

Fyrir því eru nokkrar ástæður sem mig langar að draga fram og setja í samband við lífsnauðsynlega umræðu um umhverfismál í stærra samhengi.

Húsavíkurkirkja núverandi var vígð 2. júní 1907. Rögnvaldur Ólafsson arkitekt teiknaði kirkjuna sem er krosskirkja, byggð úr norskum við. Rögnvaldur var fyrsti Íslendingurinn sem nam byggingarlist og raunar fyrsti nútíma húsameistarinn sem Íslendingar eignuðust. Margir telja að Húsavíkurkirkja sé hans fegursta verk og lofi meistara sinn.

Aðalhléðslumaður við grunnkirkjunnar var Jón Ármann Árnason steinsmiður, Fossi, Húsavík. Yfirsmiður var Páll Kristjánsson, smiður og kaupmaður á Húsavík.

Húsavíkurkirkja er með sterkum einkennum svonefnds Schweizerstíls sem þróaðist í Noregi á seinni hluta 19. aldar og ættaður var frá Sviss. Aðeins eitt ár tók að byggja Húsavíkurkirkju.

Já, það tók aðeins eitt ár að byggja þetta stórhúsi fyrir eitt hundruð og sextán árum sem gat hýst nær alla íbúa þorpins og þá voru þeir innan við fjögur hundruð talsins.

Þegar ráðist var í byggingu kirkjunnar má segja að söl Þingeyinga hafi verið virkilega byrjuð að rísa. Frá stofnun fyrsta kaupfélags



landsmanna, Kaupfélags Þingeyinga, var liðinn aldarfjórðungur og þéttbýli á Húsavík tekið að vaxa fiskur um hrygg þótt þá hafi það fyrst og fremst byggst á þjónustu við landbúnaðinn í nærsveitum.

Höfum það bak við eyrað að landflótti til vesturheims hafði ekki stöðvast og gerði það ekki fyrr en í lok annars áratugar 20. aldar. Talið er að landflóttinn hafi numið nálægt 20% landsmanna og hvergi varð hlutfallið hærra af íbúafjölda en í Þingeyjarsýslum og Norður-Múlasýslu. Í þessu ljósi er sá framfarahugur sem Þingeyingar sýndu

í verki með byggingu kirkjunnar og glæsilegs barnaskóla skömmu síðar athyglisverður og sér í lagi þegar hinn mikli landflótti er hafður í huga.

Það sem vekur ugg í brjósti undirritaðra er hve fálmkennd og skeytingarlaus viðbrögð okkar eru við þeirri staðreynd að loftslagsbreytingarnar sem yfir hnöttinn ganga eru af manna völdum. Efasemdaraddir eru að mestu leyti þagnaðar, en fátt bendir þó til þess að fólk sé í raun búið að meðtaka það hvað afleiðingar loftslagsbreytinga eiga eftir að verða svakalegar. Nýverið kom út skýrsla frá Umhverfisstofnun

með þeirri niðurstöðu að Íslendingar muni ekki ná þeim markmiðum í loftslagsmálum sem við settum okkur að ná fyrir árið 2030.

Þar eru m.a. markmið í landnotkun og skógrækt þar sem eini ljósi punkturinn er að skógar eru að binda meira kolefni en áður var áætlað. Sá árangur stafar mest af því að gjöfular trjátegundir á borð við sitkagreni, stafafuru, rússalerki og alaskaösp vaxa hér mjög vel. Það eru m.ö.o. innfluttar trjátegundir sem mest gagn eru að gera á Íslandi í baráttunni við hraðfara loftslagsbreytingar.

Í þessu ljósi er það dapurlegt að sjá þrjú sitkagrenitré felld á lóð kirkjunnar. Hæsta tréð var gróðursett um 1960 og var 12 metra hátt.

Hvað má ætla að þessi tré hefðu gert fyrir loftslagið? Sitkagreni getur lifað í þúsund ár eða meira og haldið góðum vexti í fleiri hundruð ár. Allan þann tíma dregur það CO₂ úr andrúmsloftinu og bindur það í formi viðar. Á langri ævi getur eitt sitkagrenitré bundið tugi tonna CO₂. Nú á dögum er það ábyrgðarhlutur að eyða trjágróðri. Vega þarf ávinning þess að fella tré á móti loftslagsávinningi þeirra. Því var ekki hægt að hlífa trjánnum við endurskipulagningu lóðarinnar? Auðvitað hefði það verið hægt. Það var bara ekki talið mikilvægt.

Setjum þessa trjáfellingu í samhengi við furðulegan trjárasisma sem Íslendingar hafa innleitt. Umræða lítills hóps um innfluttar trjátegundir, meint ágengi þeirra, útsýnistap, hættu fyrir mófugla og hvaða aðra glæpi sem þau tré eru sökuð um er farin út í algjörar ófgar. Þeir meintu glæpir eru ýmist hreinn uppspuni eða yktir út fyrir öll velsæmismörk.

Meint neikvæð áhrif innfluttra trjáa eru líka hjóm eitt samanborið við það gagn sem þau gera í bindingu kolefnis.

Hin neikvæða umræða hefur lækkað gengi innfluttra trjátegunda í hugum sumra. Þeim finnst því réttlæt看legt að drepa þau fyrir léttvægar sakir á borð við að þau breyti tilteknu útsýni eða séu fyrir við endurhönnun lóðar eða bara af því að þau eru útlensk að uppruna.

Sem betur fer eru flestir Íslendingar ekki á þessari skoðun. Langflestum okkar finnst mikill akkur í auknum trjágróðri, enda ávinningurinn flestum augljós. Gerum betur. Eyðum fordómum frekar en trjám.

Hörður Sigurbjarnarson, virkur þátttakandi í Húsgull og stofnandi Norðursiglingu og **Pröstur Eysteinnsson** skógræktarstjóri.

SERRALUX

Gróðurhús og yndisreitir í miklu úrvali

Sérstyrkt fyrir íslenskar aðstæður - 24 ára reynsla á Íslandi



Lágafell
verslun og byggingar

LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF
VÖLUTEIGUR 4, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
846 7014 - 895 4152

Lágafell verslun og byggingar
Gróðurhús og Garðhús



Verðum að taka afstöðu

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að „Sett verða metnaðarfull markmið um að auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla til að treysta fæðuöryggi“.



Ingibjörg Ísakssen.

Síðastliðin ár hefur áskrifendum hugmyndafræðinnar um fæðuöryggi fjölgað. Við sjáum þau áhrif sem utanaðkomandi aðstæður geta skapað, þá til dæmis heimsfaraldur Covid og stríð í Evrópu. Atburðir sem Íslendingar hafa engin völd yfir en aðstæðurnar hafa þó áhrif hér á landi.

Það verður sífellt mikilvægara að við tryggjum það að við séum sjálfum okkur næg til framtíðar og tryggjum fæðuöryggi landsins með hollu og næringarríku fæði.

Fæðuöryggi byrjar hjá bændum

Öflugur landbúnaður er þýðingamikill fyrir fæðuöryggi í heimi þar sem aðfangakeðjur eru ótryggar auk þess sem ýmsar aðrar ógnir steðja að. Ef við ætlum að auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla þá verðum við að tryggja bændum landsins viðunandi rekstrargrundvöll og afkomu. Keðjan hefst þar. Ef starfsskilyrði bænda eru þess fallin að hrekja fólk úr stéttinni og hafa letjandi áhrif á nýliðun þá munum við væntanlega horfast í augu við talsvert brottfall.

Protlaus vinna bænda er ekki sjálfgefin þó svo að margir hafi tekið henni sem sjálfsögðum hlut af lengi. Mikilvægi stuðnings ríkisins til innlendrar matvælaframleiðslu er óumdeilt. Stuðningurinn er ýmist beinn eða óbeinn. Sem dæmi má nefna aukna tollvernd á innfluttum afurðum og greiðslumark lögbýla. Þar eigum við langt í land. Innflutningur matvælaafurða hefur stóraukist á síðustu árum og virðist ekki linna, en hann hefur haft lamandi áhrif á innlenda matvælaframleiðslu, sem getur ekki keppt við risavaxinn verksmiðjubúskap sem uppfyllir ekki sömu kröfur og staðla og íslensk framleiðsla stenst.

Þá til dæmis hvað varðar sýklalyfjaónæmi. Aukin tollvernd myndi bæði tryggja ríkinu auknar tekjur ásamt því að jafna aðstöðumun innlendrar og erlendrar matvælaframleiðslu.



Málefni landbúnaðarins og fæðuöryggi eru neytendamál, lýðheilsamál og byggðamál og Íslendingar þurfa að taka afstöðu. Mynd / Myndasafn Bbl

Alvarleg staða

Við sjáum þá stöðu sem er við lýði í innlendri matvælaframleiðslu. Nú berast fregnir af því að innlend kjötframleiðsla hafi mjög skart og jafnframt að miklir rekstrarerfiðleikar séu í mörgum búgreinum. Því er spáð að innlend kjötsala dragist mikið saman á næstu árum. Framangreindur innflutningur og dvínandi rekstrargrundvöllur veldur því að framleiðsla á innlendri kjötafurð stendur ekki undir nauðsynlegri fjárfestingu. Með þessu áframhaldi munum við horfast í augu við gríðarlegan samdrátt í íslenskum landbúnaði, með tilheyrandi skorti á svína-, nauta- og lambakjöti, ef ekki verður gripið til aðgerða. Mörg býli berjast í bökkum og sumir kjósa að hætta. Kynslóðaskipti og nýliðun eru varla möguleg í núverandi rekstrar- og skuldaumhverfi.

Þetta er þeim mun sorglegra þar sem mannaúdurinn er til staðar. Fullt af áhugasömu og kraftmiklu fólki vill vinna við landbúnað og viðhalda hefðinni, sögunni og hugsjóninni. Íslenskur landbúnaður er nefnilega svo mikið meira en matvælin. Hann er samofinn sögu okkar og hefðum. Gegnum landbúnaðinn miðlum við menningu og sögu landsins. Landbúnaðurinn leggur í raun til litina, lyktina og leiktjöldin á því leiksviði sem innlendir og erlendir ferðamenn sjá. Án landbúnaðarins verður dauft um að listast í sveitum. Að mínu viti lýsir það hníppinni þjóð sem nærir ekki þann jarðveg sem landbúnaðinum eru lífsnauðsynlegur.

Hvernig land viljum við byggja?

Málefni landbúnaðarins og fæðuöryggi eru neytendamál, lýðheilsamál og byggðamál og Íslendingar þurfa að taka afstöðu. Við þurfum að ákveða hvernig land við viljum byggja til framtíðar. Hvort við viljum viðhalda núverandi stöðu og stefna í átt að tómlægri matvælaframleiðslu, en þá er það tímaspursmál hvenær við þurfum að reida okkur að fullu á innflutning erlendis frá. Eða viljum við byggja upp land þar sem tækifærin eru til staðar, byggðir blómstra og bændur viðhalda gæðaframleiðslu með þá sérstöðu sem við Íslendingar þökkjum svo vel?

Ef við veljum seinni afstöðuna þá þurfum við að grípa til alvöru aðgerða eins fljótt og auðið er og bæta rekstrarumhverfi bænda. Í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi þann 2. maí sl. vakti ég athygli á umræddu ástandi og benti forsætisráðherra á mikilvægi þess að stofnaður verði starfshópur sem fer ítarlega yfir núverandi stöðu og leggur til aðgerðir sem myndu rétta úr kútnum og koma innlendri matvælaframleiðslu aftur í réttan farveg. Ég bind miklar vonir við að slíkur starfshópur verði stofnaður og að þeim aðgerðum, sem hann leggur til, verði fylgt af stjórnvöldum.

Þannig tókum við alvöru afstöðu og tryggjum fæðuöryggi landsins, sérstöðu Íslands og tryggjum blómlega byggð um allt land.

Ingibjörg Ísakssen, þingflokksformaður Framsóknar og fyrsti þingmaður Nordausturkjördæmis.

Mar Design

Við sérhönnum fyrir þig lykklakippur, segla, nælur úr stáli, plasti eða við. Ertu að leita eftir einstökum minjagrip fyrir ferðamenn, eða til gjafa?

Fáðu frekari upplýsingar hjá: info@designsbyelin.com eða Elín, sími 6660632.



BYGGIR TIL FRAMTÍÐAR

Til sölu 68,5m² iðnaðarbil til afhendingar strax í Breiðamýri 3, Selfossi.



Allar nánari upplýsingar veitir Loftur Erlingsson, löggiltur fasteignasali S: 896 9565, loftur@husfasteign.is



MASSEY FERGUSON



reddot winner 2022

MF 5S

Styrkur - Einfaldleiki - Hátækni



BÚVÉLAR

Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is



Lífraent
Hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar



HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAEMEISTARI



+354 660 4085



SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



Belti og undirvagnshlutir



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

LESENDARÝNI

Lífsgæði:

Heillandi, sligandi vor

Vorið er sannarlega heillandi og spennandi tími í sveitum landsins. Útvera verður stærri hluti dagsins og lóan og stelkurinn lífga upp á tilveruna. Hrossin fara út, ærnar og kýrnar. Það er borið á og fræjum sáð.



Kristín Linda Jónsdóttir.

En vorið er ekki bara tíminn þegar túnin grænka og sóleyjarnar spretta heldur líka tími vorverka og anna. Það þarf að gera við girðingar, plægja, tæta, slóðadraga,

keyra skít og bera á, bara svona til dæmis. Á sauðfjörubúum þarf sólarhringsvakt í fjárhúsin og ótal verk kalla, allt frá því fyrsta lambið fæðist þar til allt er komið á fjall. Vorið er sannarlega afar krefjandi og annasamur tími í búskap og þrátt fyrir dýrð náttúrunnar geta annirnar orðið sligandi.

Hvernig tekst þér að seiglast í gegnum og njóta lífsins á annasömum tímum? Vera skynsamur, skipulagður, skilvirkur og árangursríkur í starfi og reka búið með sóma og um leið að vera lífsglaður og hamingjusamur?

Að annast sjálfan þig andlega, líkamlega og félagslega og vera jafnframt glaður og gefandi við fólkið þitt, á heimilinu og í þínu nánasta sambandi? Vó, vó, hvert er þessi sálfræðingur að fara, það er nú hægara sagt en gert!

Já sannarlega en einmitt þess vegna er snjallt að þæla aðeins í þessu og nýta sér bjargráð og hugmyndir frá öðrum. Finna svo sínar leiðir til að tækla sem best tarnir og krefjandi vikur og mánuði, hvort heldur sem er vorannir eða heyskap.

Hér eru nokkur vel reynd ráð úr þekkingarbrunni sálfræðinnar:

- **Svefn er í alvöru mikilvægur og nauðsynlegur.** Svefn snýst ekki aðeins um líkamlega hvíld heldur einnig andlega og um hugræna getu, möguleikann á að geta hugsað af viti og haldið einbeitingu á annatíðum.

Geta tekið réttar ákvarðanir, sinnt eigin grunnþörfum, sýnt öðrum virðingu og haldið starfsorku. Virtu svefntímamann þinn eins og nokkur möguleiki er á. Þá afkastar þú meiru, átt auðveldar með að sjá lausnir í daglegum störfum, líður betur bæði andlega og líkamlega og hreinlega ert skemmtilegri.

- **Jákvæð hegðun og samstarf léttir störf.** Þegar ótal verk kalla og þreytan segir til sín falla margir í þá gryfju að verða óþolinmóðir, hvassir, neikvæði, síkvartandi og öflugir eða fáskiptir, orðfáir og þungir. Hugsði út í að hafa góð samskipti við þá sem ganga með ykkur til verka, hvort sem það er fólkið úr fjölskyldunni ykkar eða óskyldir aðilar.

Það er ekki sæmandi að hegða sér á meiddandi og neikvæðan hátt, hunsu sitt samstarfsfólk með því að heilsa varla, svara út í hött eða alls ekki. Ekki heldur að finna sífellt að öskra á þá sem gera mistök eða tala niður til fólks.

Jákvæðni snýst um að þakka hverri hjálpanði hönd, hafa orð á því sem vel gengur, slá sér og sínum á brjóst yfir þessum tíu hlössum af skít sem komin eru á grundina í stað þess að láta daginn litast af þirringi yfir því að haugdælan stíflaðist.

- **Beinum athyglinni að því sem vel gengur.** Þá vex það í huga

okkar og við fyllumst frekar stolti, orku og gleði og það einfaldlega gengur betur. Hugsum um það á hverjum morgni að taka eftir og þakka fyrir það sem gengur vel og reyna að vera bjartsýn.

Hrósum hvert öðru og sjálfum okkur í önn dagsins og beinum athyglinni að því jákvæða.

Það má til dæmis hafa bók eða lista við höndina þar sem áfangar og árangur dagsins er skráður, gefa því góða broskall og hvert öðru bros, klapp á öxl eða háa fimmu.

- **Passaðu upp á sjálfan þig.** Taktu ábyrgð á þér, hvað þarftu? Til að geta verið stoltur af sjálfum þér í önn dagsins? *Sinnu þörfum þínum og hlúðu að þér.* Það er forsenda þess að þér takist að halda fullum starfskröftum, njóta lífsins og vera hæfur á heimili og í fjölskyldu á annasömum tímum.

Gættu þess að borða reglulega og skynsamlega, drekka nógan vökva, taka stuttar pásur, rétta úr þér, láta hugann reika og anda djúpt nokkrum sinnum. Ekki hugga þig með skaðráðum svo sem drykkju, óhóflegu áti á sykri eða einhvers konar neyslu, til dæmis á nikótíni.

Taktu markvisst og meðvitað eftir því sem gengur vel, veltu þér upp úr því en ekki því sem aflaga fer. Haltu sambandi við vini og félag, hringdu og spjallaðu, já það er mikilvægt.

Ef þú ert svo lánsamur að eiga maka og fjölskyldu ræktaðu þá nánd við þau einmitt þegar það er brjáláð að gera. Eða eins og segir í dægurlagatextanum, kysstu kerlu að morgni, snerting, knús, kossar, *nánd og hlýja gefur orku og ljúfara líf*, líka á sauðburði.

- **Hugsðu á hjálplegan hátt.** Leitastu við að hugsa í lausnum, þetta er ekki vonlaust, eða bara ein lausn til sem er of erfið. *Það eru alltaf fleiri leiðir.* Ekki einblína á það sem gengur ekki, víkkaðu hugsunina og stækkaðu sjóndeildarhringinn, þá áttu auðveldara með að finna það sem hjálpar. Stundum erum við föst í gömlum síðum og venjum sem ganga ekki upp lengur, eru íþyngjandi, of tímafrek, erfið, eða ekki lengur besta lausnin. *Verum opin fyrir nýjungum og öðrum síðum* til að leysa vandann og létta lífið.

- **Skipulag og forgangsroðun er svo auðvitað lykillinn að léttari dögum og árangursríkari rekstri.** Raunhæfar áætlanir, að gefa sér ákveðinn tíma í verk og leitast við að láta það duga, að sætta sig við að eitthvað verður undan að láta og gleyma því aldrei að mannaðurinn, *þú og fólkið þitt, er öllu öðru verðmætara. Ekki valta yfir þig og þína, til hvers er þá barist?*

Það er yndisleg tilfinning að liggja flatur í krónni í fjárhúsunum á þjartri vornótt og koma lífi í seinni tvílembinginn, sjá hann taka við sér og líf lifna enn á ný.

Að ná loksins móður, sveittur og sár á höndum að draga svarta nautið úr skjöldóttu kvígunni og mjólka hana síðan í fyrsta sinn, júgrað jafnt, allir spenar í lagi og kálfurinn svelgir í sig broddinn.

Það er ómetanlegt ævintýri að vera íslenskur bóndi sem fagnar vori, hlúðið að ykkur sjálfum til að þið og ykkar fólk getið notið þess alveg í botn.

Kristín Linda Jónsdóttir, sálfræðingur

Heimildir: J.S. Beck., T. Ben-Shahar, M. Yapko.



Þegar dýr drepst geta góð ráð verið dýr. Sum sveitarfélög eru með það fyrirkomulag að staðsettir eru svokallaðir hrægámar á vel völdum stöðum um sveitina. Hér er mynd af einum slíkum.

Mynd / AL

Sjálfdauð kýr

Það er órjúfanlegur hluti búskapar að skepnur drepist heima á bæjum, eins sorglegt og það getur verið. Og hvað á þá að gera við skepnuna? Hér áður fyrr var grafin hola í jörð og skepnan urðuð. Það er langt síðan það var bannað, enda ekki forsvaranlegt að dysja hræ hingað og þangað með tilheyrandi áhættu fyrir umhverfi og heilsu dýra og manna.



Vaka Sigurðardóttir.

Þegar kýr drepst geta góð ráð verið dýr. Sum sveitarfélög eru með það fyrirkomulag að staðsettir eru svokallaðir hrægámar á vel völdum stöðum um sveitina. Önnur eru með hræbíl sem fer á milli bæja þegar þörf er á. Gjöldin sem sveitarfélögin taka fyrir þetta ómak eru misjöfn milli staða og fara til dæmis eftir vegalengdum og söfnunartækni. Sveitarfélögum er skylt að innheimta því sem næst raunkostnað við meðhöndlun úrgangs með innleiðingu nýrra hringrásarlaga, og því viðbúið að kostnaður vegna förgunar dýrahraja muni aukast fyrir bændur.

Í mínu tilfelli fer kýrin bara í gáminn, og málið dautt. Já, sko ekki alveg, hún endar nefnilega í holu með öðrum sjálfdauðum skepnum í Stekkjarvík. EFTA dómur hefur fallið á íslenska ríkið fyrir að urðun hraja viðgengst og fyrir að hafa ekki komið á viðeigandi kerfi til að safna og meðhöndla dýrahrae á löglegan máta.

Við virðumst hafa tapað heyrn og höldum bara áfram uppteknum hætti, sem er í raun óskiljanlegt. Í tilfelli kýrinnar sem drapst heima á bæ og mátti réttilega ekki fara í holu þar, fer hún í gám sem keyrður er að annarri holu sem er jafn ólöglegt að urða hana í, og bóndinn er neyddur til að borga brúsann. Bóndinn sem vildi aðeins koma hraeinu frá sér á sem ábyrgastan hátt er allt í einu staddur í hringleikahúsi fáránleikans.

Hvernig er hægt að komast út úr þessari vitleysu? Hvað er til ráða?

Ég sem bóndi myndi helst vilja sjá hringrásarkerfið að störfum og koma hraejunum sem til falla í vinnslu. Oft er bent á að eini löglegi farvegurinn fyrir þennan lífræna úrgang sé brennsla, en eins og kemur fram í nýlegu minnisblaði Environice um meðhöndlun dýraleifa er brennsla ekki eina löglega leiðin fyrir þennan úrgang. Brennsla dýraleifa er orkufrek vegna þess hve mikið vatn er í hraejum, það þarf því að brenna annað efni með hraejunum eða nota mikið magn olíu til brennslunnar. Annar möguleiki er að vinna dýrahraein þannig að þau fari í gegnum þrýstisæfingu, fitan er pressuð úr þeim og eftir er kjötmjöl sem er þurrkað. Bæði fitan og mjólið nýstast sem orkugjafar, eftirspurn eftir hráfitu hefur aukist með orkukreppunni í Evrópu þar sem hún er unnin áfram í lífdísil.

Dýrahrae falla að mestu undir CAT1 flokk dýraafurða, sem er áhættuúrgangur eða dýraleifar sem eru óhæfar til mannelis. CAT1 dýraleifar eru skrokkar sem grunur leikur á að séu með, eða eru með, staðfest riðusmit, heili og mænuvefur úr jörturdýrum

(sláturúrgangur) og öll sjálfdauð jörturdýr eldri en 12 mánaða.

Dauð gæludýr falla einnig undir CAT1 úrgang. Undir CAT2 falla t.d. dauð hross og annað sem ekki fellur undir CAT1 eða CAT3. Undir CAT3 falla dýraleifar sem eru í raun hæfar til mannelis en nýstast ekki þannig af menningarlegum og viðskiptalegum ástæðum; t.d. júgur, lungu, bein og tólg.

Úrgangur sem fellur undir CAT3 er verðmætastur dýraleifa þar sem hægt er að vinna hann áfram í gæludýrafóður eða moltu til uppgræðslu, svo eitthvað sé nefnt. Efni sem fellur undir CAT2 er hægt að nota áfram í lífgasframleiðslu og sem jarðvegsbæti, Mesti og stærsti vandinn tengist erfiðasta úrgangsflokkinum; CAT1, sem hefur hingað til að mestu leyti verið urðaður, sem er ólöglegt og í raun galið með tilliti til lýðheilsu og smitvarna. Það sem hefur ekki verið urðað er sent í einu brennsluna á landinu, sem bilar reglulega, og getur ekki talist vistvænasta leiðin til að losna við úrganginn.

Hvar stendur þá hnifurinn í kúnni?

Eins og stundum verður þá bendir hver á annan þegar leitast er lausna á þessu stóra vandamáli sem söfnun og meðhöndlun á dýrahraejum og öðrum úrgangi sem fellur undir CAT1 er. Það er ekki á færi sveitarfélaganna einna saman að leysa þessi mál hver í sínu horni, það er flókið og óhagkvæmt. Meðhöndlun þessa úrgangs krefst vandaðs og samhæfðs verklags og það færi sennilega best á því að það ráðuneyti sem hefur þessi mál á sinni könnu gangist við ábyrgð sinni og styðji við að söfnun og meðhöndlun á dýraleifum verði komið á á landsvísu. Til þess að koma þessum málum í horf þarf innviði; vinnslulínu fyrir CAT1 úrgang. Í nágrannalöndum okkar er 1-2 slíkar vinnslulínur í hverju landi, og því ekki ómöglegt að ætla að ein slík lína muni duga fyrir Ísland allt.


Samband sveitarfélaga á Norðurlandi eystra (SSNE) ásamt Vistorku hafa látið gera mjög áhugaverða skýrslu um líforkuver í Eyjafirði, þar sem gert er ráð fyrir vinnslulínu sem tekið gæti á móti CAT1 úrgangi af svæðinu. Ef söfnun væri komið á gæti líforkuverið tekið við dýrahraejum af enn stærra svæði, jafnvel öllu landinu og unnið hræin á ábyrgan, löglegan og hagkvæman hátt. Línan fyrir CAT1 úrgang væri fyrsta skrefið af fleirum í uppbyggingu líforkuvers, en m.a. er lítið til metanvinnslu sem bændur af svæðinu gætu séð sér hag í að taka þátt í. Frumhagkvæmnimatíð er aðgengilegt á heimasíðu SSNE. Það verður spennandi að fylgjast með því hvort verkefnið raungerist og hvort að vandi Íslands þegar kemur að réttri meðhöndlun dýrahraja geti minnkað með vinnslulínu í Eyjafirði.

Þá er ekkert annað en að hætta að benda hvert á annað, gyrða sig í brók, og ganga í málið. Ástandið eins og það er núna er ekki boðlegt.

Vaka Sigurðardóttir, formaður eyfirskra kúabænda

R4158A rennur út

Góðir lesendur í Djúpavogshreppi, Múlaþingi og aðrir landsmenn.



Stefán Skafti Hrefnu- og Steinólfsson

Þann 8. maí sl. rann út rannsóknarleyfi nr. R4158A, fyrirhuguð virkjun í Hamarsá í Hamarsdal.

Ég skora á íbúa í fyrrum Djúpavogshreppi, kjörna fulltrúa Múlaþings, viðkomandi stofnanir sem og landeigendur að hafna öllum virkjunaráformum í Hamarsdal. Taka höndum saman og friða dalinn fyrir spjöllum.

Á Austurlandi er raforkuframleiðsla með því mesta sem þekkt, um 135 MW st/íbúa. Ekkert réttlætir það að niða landið til frekari raforkuframleiðslu.

Mikilvægara er að dreifa raforkunni af skynsemi og ljúka þrífösun landsbyggðar strax. Rarik á heiður skilinn við lagningu jarðstrengja og þrífösun landsins en það er fjárskorti að kenna um að lagning jarðstrengja er stöpp í Berufirði. Pólitísk ákvörðun. Allir landsmenn ættu að sitja við sama borð með þriggja fasa rafmagn og jöfnun kostnaðar til húshitunar. Fyrir geta engin orkuskipti hafist.

Eftir stórkostlegt inngrip Kárahnjúkavirkjunar og þau sár sem aldrei gróa, var náttúru Austurlands heitið gríðum.



Lauslega má áætla, án ábyrgðar að glatvarminn frá álverinu á Reyðarfirði sé u.þ.b. 30-50 MW. Að mörgu er að hyggja og hví skyldi náttúran ekki njóta vafans?

Óbyggð víðerni njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Fyrirhuguð virkjun myndi raska votlendi, stöðuvötnum og tjörnum samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga.

Sviðin hornahraun er einstakt víðerni sem ber að vernda. Ísland býr yfir einstökum víðernum í Evrópu. Að eyðileggja ósnortna náttúru, ásamt því að reisa 50 metra háar stíflur er hryðjuverk í fallegum dal.

Í september 2022 varð mikill skaði í skógrækt samfélagsins í Djúpavogshreppi. Skaðinn varð í Hálsaskógi í miklu óveðri og mikið

af trjám brotnaði og eyðilagðist. Þessi skaði snerti samfélagið djúpt, en er þó ekki óbætanlegur, þ.e.a.s. hægt er að planta trjám og þau vaxa aftur.

Tíminn læknar þar sárin. En vill samfélagið og landsmenn valda óbætanlegum skaða á náttúru Hamarsdals? Ég held ekki. Þyrnum Hamarsdal fyrir komandi kynslóðir.

Hamarsá dynji heil til óss hlykkist um dalinn fríða henni skal vægja, heimsins góss hana má aldrei niða

Virðingarfyllst, Stefán Skafti Hrefnu- og Steinólfsson Ytri-Fagradal, Skarðsströnd, Dalabyggð. Ættaður frá Hamri í Hamarsfirði.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Músa- og kakkalakkafælar SEM VIRKA



Evrópsk framleiðsla



...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum

radarcan®

Gas lykkjubýssa

Frábær í girðingavinnuna og smíðina.

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ



Kíktu á www.s-j.is



SKÚLASON & JÓNSSON

SKÚTUVOGI 6 | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 568 6544 | www.s-j.is

MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA



Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn fyrir 2023.

Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhuta íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf. Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2023.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra í netfanginu hafliði@icelandiclamb.is



UMHVERFISVÆN HREINSISTÖÐ

20 ára reynsla á norðurlöndum



01 SIGTI SEM GRÍPUR AUKAHLUTI Í FRÁRENSLINU, AUÐVELT AÐ TÆMA

02 RAFMAGNSKOSTNAÐUR Á VIÐ 1 LIÓSAPERU Á ÁRI

03 STÖÐUG HREYFING, MARKMIÐIÐ ER AÐ HALDA FLÓRUNNI Á LÍFI

04 ENGAR ÁHYGGJUR GETUR VERIÐ ÁN NOTKUNAR Í ALLT AÐ 160 DAGA

05 ENGIN SITURLÖGN - LYKTARLAUST



WWW.HAGVIS.IS



HAGVIS@HAGVIS.IS



4601706

Skráðið smáauglýsingar á www.bbl.is

VÉLABÁSINN

Gucci-veski á hjólum

– Prufuakstur á Fiat 500

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Hinn ítalski bílaframleiðandi hefur nú hafið framleiðslu á hinum smáa og knáa Fiat 500 rafmagnsbíl. Þetta er lítill borgarbíll þar sem hönnun og fegurð eru í öndvegi.

Helst keppir 500 á móti öðrum formfögrum rafmagnuðum borgarbílum, eins og Mini Cooper SE og Honda E. Bændablaðið tók til prufu Fiat 500 í vel útbúinni La Prima útgáfu.

Fiat endurvakti hinn klassíska 500 árið 2007 og hefur bíllinn meira og minna verið óbreyttur síðan þá. Þessi bíll er önnur kynslóð endurfædd 500 og verður einungis í boði sem rafmagnsbíll. Fyrri kynslóðin verður áfram framleidd fyrir þá kaupendur sem kjósa heldur bensínknúna bifreið.

Þegar bíllinn er skoðaður utan frá er erfitt að sjá hver munurinn er á þessum nýja, samanborið við þann gamla. Nýi bíllinn er stærr en forverinn á alla vegu, en hlutföllin eru þau sömu. Lítil ástæða er til að hverfa frá útlitinu, enda er Fiat 500 einn fallegasti bíll síðari tíma. Framljósín eru skýrasta útlitseinkennið til að þekkja þann nýja frá gamla. Í stað heils hringis, eru þau hálfhringur að neðan og LED bogi í húddinu. Á meðan gamli bíllinn er afar góðlegur á svipinn, þá má segja að sá ný sé með ygglibrún.

Hásæti og vönduð innrétting

Fiat 500 er hugsaður sem borgarbíll og samkvæmt því er hann afar lítill. Þetta kemur sér sérlega vel þegar kemur að því að leggja í staði. Útsýnið úr bílnum er afar gott á flesta vegu og skýr bakkmyndavél bætir upp það sem upp á vantar.

Þegar sest er inn fyrir taka á móti manni vönduð leðursæti og fríð innrétting. Stýrið og helstu snertifletir eru úr vönduðum efnum og áhugaverð áferð er á því sem blasir helst við. Neðri hlutar innréttingarinnar eru úr hörðu og svörtu plasti.

Framsætin eru þægileg og sessan nokkuð há, sem gefur gott aðgengi. Smæðin er þó áþreifanleg þegar setið er í bílnum. Hvirfillinn á undirrituðum straukst í ramma glerþaksins, þó sætið hafi verið í lægstu stöðu. Hæð þess sem skrifar er 191 sentimetrar og má reikna með að hærri einstaklingar muni ekki geta komið sér vel fyrir.

Auka farþegadyr

Þegar hurðin farþegamegin er upp á gátt er hægt að opna lítinn hlera sem gefur aukið aðgengi að aftursætinum. Segja má að þeir Fiat 500 sem eru útbúnir þessum aukahluti séu með tvær og hálfu dyr fyrir farþega. Þetta hjálpar líklega við að koma börnum í barnabílstóla, en skiptir ekki höfuðmáli fyrir létta og lipra farþega á eigin fótum – hurðirnar eru hvort eð er svo stórar.

Aftursætin eru tvö. Þau eru það lítil að ekki má reikna með að geta notað þau til mikilla farþegaflutninga. Undirritaður gat ekki með nokkru móti setið í þeim, en einstaklingur sem er 170 sentimetrar getur þröngvað sér inn og þraukað stuttar bílferðir. Bæði aftursætin, ásamt fremra farþegasætinu, eru með Iso-Fix barnabílstólsfestingar.

Áðurnefnt glerþak hleypir mikilli birtu inn í bíllinn og er áhugavert að geta horft til himins þegar ekið er um stræti borgarinnar. Hliðargluggarnir að aftan eru nokkuð litlir og skert útsýnið



Fiat 500 er lítill og bráðsnotur bíll. Þetta er hinn ákjósanlegasti borgarbíll fyrir þá sem ferðast með fáa farþega og lágmarks farangur, en vilja gera það með glæsibrag. Myndir / AL



Sessan á framsætinum er nokkuð há. Aftursætin henta farþegum undir 170 sentimetrum.



Innréttingin er ítölsk hönnunarvara. Margmiðlunarskjárin er eins og best gerist.



Stór skothleri bætir að hluta til fyrir lítið skottið.



Hinn nýi 500 er stærr en forverinn á alla vegu. Hlutföllin hafa haldið sér og erfitt að þekkja gamla og nýja í sundur.

fyrir aftursætisfarþega. Fiat 500 er með 185 lítra skott, sem rúmar vel nokkrar ítalskar handtöskur, eða fjóra fulla Hagkaupspoka. Skothlerinn er stór, sem gefur möguleika á að flytja stærra hluti ef sætin eru lögð niður.

Auðveldur í akstri

Allur akstur þessa bíls er eins einfaldur og kostur er. Akstursstefna er valin með að ýta á einn af fjórum tökkum í mælaborðinu, sem koma í staðinn fyrir gírstöng. Fiat 500 er vel hljóðeinangraður, og þar sem þetta er rafmagnsbíll, kemur enginn titringur frá vél.

Mótorinn gefur 118 hestöfl og er bíllinn afar kvikur – sérstaklega þegar kemur að hraðabreytingum á lægri hraða. Auðvelt er að skjótast inn í hringtorg og svína fyrir bíla þegar maður er í tímaþröng. Upplifunin er um margt lík akstri go-kart bíla.

Hægt er að keyra án þess að snerta bremsufetillinn, en þegar innjöfni er sleppt nemur bifreiðin alveg staðar. Sé bíllinn þannig stilltur er bremsan einungis notuð í neyðartilfellum. Mjög fullkomin akstursaðstoð er í La Prima útgáfunni. Bíllinn heldur sér sjálfkrafa á miðri akrein. Jafnframt heldur hann hæfilegri fjarlægð frá bílnum fyrir framan, ásamt því að stoppa og taka af stað. Akstur í mjög þungri umferð verður því áreynslulaus.

Skyrnjarnir sem eru nauðsynlegir fyrir akstursaðstöðina hafa þann ókost í för með sér að stór blindur punktur er í miðri framrúðunni. Við baksýnispegilinn er stærðar-bákn og þarf að beygja sig fram til að sjá hvort gangandi vegfarandi eða bíll komi frá hægri. Þetta atriði er afar óþægilegt við akstur í íbúðagötum eða við gangbrautir.



Hægt er að fá bíllinn með aukadyrum farþegamegin.

Margmiðlunarskjár virkar vel

Skjárinn í miðju mælaborðsins er útbúinn fullkomnu margmiðlunarkerfi. Undirritaður tengdist þráðlaust við Android Auto á augnabliki við afhendingu bílsins, og fann kerfið símann á svipstundu í hvert skipti sem bifreiðin var ræst eftir það.

Undirritaður gat ekki stimplað inn símanúmer á ferð, heldur þurfti að fletta í gegnum tengiliðaskrá símans. Síðastnefnda atriðið virðist þó ekki alltaf eiga við.

Tölur

Fiat 500 La Prima er með 42 kílóvatta rafhlöðu. Samkvæmt framleiðanda er hægt að aka 433 kílómetra á einni hleðslu. Sú tala næst aldrei og gaf aksturstölva bílsins upp 250 kílómetra drægni

í þessum prufuakstri. Hann tekur allt að 85 kílóvatta hleðsluströum, sem þýðir að hægt er að ná 85 prósent hleðslu á 35 mínútum. Samkvæmt verðlista Ísband kostar bíllinn nýr 5.850.000 krónur með virðisaukaskatti.

Að lokum

Fiat 500 er einn fallegasti bíll götunnar og er dæmi um bifreið sem vekur hjá manni sterkar tilfinningar vegna fríðleika. Í samanburði við helstu keppinauta sína frá Mini og Honda, þá er rafhladan í þessum bíl mun stærr, sem gerir bíllinn að nothæfari kosti.

Veikasti hlekkur þessa bíls er þó hátt verðið, og þarf ekki að leita langt að mun praktískari rafmagnsbíli á betra verði.

Enginn þeirra er þó jafn fríður á velli.

BÆRINN OKKAR

Pau Magnús Örn Valsson og Ingibjörg Jónína Finnsdóttir keyptu jörðina 2019 og tóku við búrekstri 1. nóvember það ár. Pau erubæði uppalin í Austur-Húnavatnssýslu en langamma Magga var frá Bergsstaðum.

Býli: Bergsstaðir á Vatnsnesi.

Staðsett í sveit: Vestur-Húnavatnssýslu.

Ábúendur: Magnús Örn Valsson og Ingibjörg Jónína Finnsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Erum tvö fullorðin og tvö börn, Jóhanna Bergrós, 3 ára og Kári Freyr, 1 árs. Hundarnir Píla og Blæja og fjárhúskötturinn Freyja.

Stærð jarðar? Jörðin er talin um 900 ha að stærð.

Gerð bú? Sauðfjárbú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Rúmlega 500 kindur og nokkrir hestar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Imba er sjúkraliði og vinnur á Hvammstanga en Maggi er verktafi í rúningi. Börnin vakna ofast snemma og eigum við smá notalega stund heima áður en öllum er smalað út í leikskóla, vinnu eða gjafir. Dagsverkin á bænum eru síðan misjöfn eftir tíð og tíma.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast finnst okkur á haustin. Smalamennskur, fjárrag og að velja ásetninginn. Leiðinlegast er líklega viðgerðir á vélum og þegar tæki og tól bila.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Ætlum að halda áfram góðri sauðfjárræktun og vonandi verða komin


með verndandi arfgerð gegn riðu í meirihluta stofnsins. Fjölga fé og heimilismönnum.

Hvað er alltaf til í ísskápnunum? Erum mikið fyrir mjólkurvörur og þarf alltaf að vera til t.d. mjólk, smjör, rjómi, ostur og súrmjólk.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Kjöt og karrí er ábyggilega vinsælast.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Fyrsta haustið okkar hérna þá var Imba kasólétt, gengin fram yfir settan dag, þegar við vorum að vigta lömbin fyrir fyrstu slátrun.

Maggi prufaði vigtina og trúði ekki því sem hún sýndi þannig að við drógum 5 kg af öllum lömbunum, vigtuðum hátt í 600 lömb. Daginn eftir kom sláturseðillinn og var meðalvigtin miklu hærrí en við bjuggumst við, þannig að Maggi greyði varð að stíga á baðvigtna og viðurkenna að hann hafði bætt á sig þessum 5 kg um sumarið.



MATARKRÓKURINN

Eggið og hænan

Ég er áhugamaður um margt. Ég stunda hjólræiðar, ég tálga spýtur, fer á skíði, hangi í sófanum og ég er áhugamaður um að elda mat. Þetta síðasta, mataréhuginn, kom um þrítugt, sem þýðir fyrir tæpum tuttugu árum. Fyrir þrítugt hafði ég eldað nákvæmlega þrjá rétti sem í fólst flóknari matargerð en að sjóða pylsur og hita Pastatöfra í örbylgjuofni.

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com



Mataréhuginn byrjaði með því að Danir (ég bjó í Kaupmannahöfn á þessum tíma) seldu upp til hópa ekki staka hamborgaraplatta úti í búð. Þannig að ég þurfti að kaupa hakk og móta borgarana sjálfur. Svo var það óvæntur fylgihlutur með töfrasprotu, sem konan mín keypti, á sama tíma þarna í Köben, til að búa til barnamat handa frumburði okkar hjóna. Þessi viðbót við tækniflota heimilisins ýtti mér endanlega út í eldamennskuna. Ég er nefnilega líka áhugamaður um tæki. Þetta tæki, sem var lítil matvinnsluvél, eða matvinnsludós sem töfrasprotinn knúði hnifana áfram.

Ég byrjaði á að saxa í honum lauk á pylsur og svo jókst áhuginn og kunnáttan jöfnum höndum eftir því sem maturinn varð bragðbetri í kjölfarið. Ég er nefnilega líka áhugamaður í að borða góðan mat. Þannig urðu heimagerðar pitsur betri eftir að ég fór að prófa mig áfram með sósuna og þar var boxið góða ómissandi.

Tæknileg löngun

Þannig getur eitthvað eitt skipt sköpum í því að öðlast áhuga á matargerð. Hvort sem það er tæki eða löngunin til að geta framreitt ákveðinn rétt svo vel sé. Til þess þarf ekki endilega að eiga allar græjur. Þótt það sé gaman. Air fryer og pitsuofnar eru sjálfssagt hin ágætustu tæki en mega sín til dæmis lítills ef ekki er til sémilegur hnífur og skurðarbretti á heimilinu. Og svo eru það tækin sem taka meira pláss en verðmæti. Ég get sennilega sous-vidað með þremur ef ekki fjórum tækjum heima hjá mér, af því að ég er tækjaóður manstu. Það er líka hægt að komast ansi hreint nálægt sömu niðurstöðu með því að láta heitt vatn úr krananum leka á mat í lofttæmdum plastpoka í þessi fáu skipti sem sous vide er besta lausnin. Air-fryer er svo tæknilega

lítill blástursofn og flest heimili búa yfir stórum slíkum. Margir hafa líka undanfarið splæst í litla pitsuofna til að hafa á svölunum. Þeir ná margir rúmlega 600 gráðu hita, sólin er sirka 650, en eru þínulitlir svo það er nánast formsatriði að brenna pitsurnar.

Þessar fortíðarpælingar mínar hér má rekja til þess að ég fékk póst frá lesanda og sá var ekki alveg þar sáttur við að mælieiningarnar slatti og dass dúkkuðu upp í einni uppskriftinni. Mér til varnar hafði ég þó tiltekið sirka magn af kryddblöndunni í heild sinni. Ég eftirlét lesendum hins vegar hlutföllin.

Ég fór að hugsa þetta í grunninn og ég man ekki eftir því að hafa fylgt uppskrift eftir gramm fyrir gramm, allavega ekki þegar ég er að búa til venjulegan mat. Kannski þegar verið er að þækla eitthvað eða baka kökur er betra að fylgja öllum leiðbeiningum en trixið við að elda mat er að aðlaga uppskriftir að eigin smekk. Við matseld svona heima fyrir hjá okkur áhugafólkinu gildir að ná grunninum sirka réttum og aðlaga bragðið svo að eigin smekk. Gott dæmi eru þeir sem finna sápubragð af kóríanderlaufum, þeir ættu að skipta þeim út fyrir aðrar kryddjurtir, steinseljú til dæmis. Í mexíkóskri matargerð er mikið notað af cumminkryddi. Það er hins vegar mjög einkennandi og bragðmikið. Tekur matinn svolitíð yfir og gæti gert fólk afhuga mið-amerískri matargerð ef of mikið af því er í matnum til að byrja með. Sama á við um indverska og asíska matargerð. Framandi krydd er af hinu góða en fyrir fólk sem lítur á gult karrí sem framandi krydd er betra að byrja hægt á kardimommum og kæstri fiskisósu. Best að smakka allt sem á að fara út í til að gera sér grein fyrir hvaða áhrif það hefur á matinn. Hafa þó í huga að kæst fiskisósa er ekki eins fyrir og eftir að hún fer út í matinn og það á við um fleira hráefni. Ekki smakka hráan kjúkling samt.

Salt er svo sérkapítuli út af fyrir sig. Sé það ekki mælt í grömmum er engin leið til að gefa góðar leiðbeiningar með magn af því. Það kemur jú í mjög mismunandi útgáfum, frá stórkorna sjávarsalti niður í finasta poppsalt. Auk þess sem



Hænsnasalat á gróft rúgbrauð að dönskum sið.

Mynd / Harí

fólk er með mjög mismunandi saltþol. Þannig er alltaf best að smakka rétti til með saltíð í huga og muna að næstum allt í heiminum er með smá salti og safnast þannig upp við matseldina.

Hænan og eggjið

Svo við víkjum aftur að matvinnsluvélinni litlu og fyrirsögninni á þessum pistli er við hæfi að skutla hér í lokin á þessu ranti í léttu uppskrift að hænsnasalati að hætti danskra. Það hefur einhvern veginn ekki skotið hér róttum líft og rækju- og túnfisksalatið en er alger þruma. Svona gerum við þetta og munum að aðlaga uppskriftina að okkar eigin smekk.

Afgangskjúklingur er tilvalinn í hænsnasalat. Byrja á að safna öllum ætum bitum af fuglinum. Harðsjóðum egg, til dæmis í fína eggjasjóðaranum sem mamma þín fékk í jólagjöf 1989 eða bara potti. Ég sýð egg í hraðsuðupottinum mínum. Munum að ég er tækjaóður. Kosturinn við að sjóða egg í hraðsuðupotti er að skurnin fýkur af.

Fjöldi eggja fer eftir magni af kjúkling og smekk. Mín smekkur er sirka jöfn hlutföll eða kannski aðeins meira af eggjum. Skera kjúklinginn í hæfilega bita og eggin líka. Saxa lauk, ekki of mikið, kannski 1/3 ts. per egg og

súrar gúrkur. Kannski helmingi meira af súrum gúrkum en lauk. Paprika er svo nauðsynleg í þetta salat. Sirka jafn mikið af henni og súru gúrkunum. Fersk paprika er ekki endilega best. Eg nota yfirleitt papriku í legi sem er seld í betri matvörubúðum. Má skipta út fyrir chiliávesti í sams konar legi. Paprikan/chilið og súru gúrkurnar veita nauðsynlega síru í salatið. En það er hægt að skipta þeim út fyrir eitthvað annað í ediklegi. T.d. ólífur eða kapers.

Til að bæta aðeins við síruna er gott að blanda mæjónesi og sírdum rjóma eða jógúrti saman. Sirka til helminga og hræra út í salatið. Byrja á smá slettum og vinna sósablönduna smátt og smátt í herlegheitin þangað til það verður hæfilega blautt. Þá er að setja í þetta smá meira bragð. Kryddið sem ég nota er: Hvítlauksduft, paprikuduft, Aromat, chiliduft salt og pipar. Hræra vel saman og láta taka sig í sirka klukkutíma, sé þess kostur.

Endist tæknilega í tvo, þrjú daga í lofttæmdri dós inni í kælskáp en þetta er svo gott að það þarf ekki að hafa áhyggjur af því að þetta skemmist.

Af því að salatið er ættað frá Danaveldi er tilvalið að skella því á kornhlaðið rúgbrauð og ekki vera feimin við að setja mikið – af því að við erum áhugafólk.

HANNYRÐAHORNID

Dóru-sjal, með handgerðum skúf

Skemmtileg og ósamhverf þríhyrna, með þremur litablokkum, sem hægt er að nota sem trefil. Auðvelt og skemmtilegt að þrjóna, gott fyrir byrjendur sem lengra komna og þægilegt að gripa í á ferðalögum og að þrjóna fyrir framan sjónvarpið. Íslenskt jurtafitað einband, einfaldur plötulopi ólitaður og handgerður skúfur gera þetta sjal einstakt.



Stærð eftir strekkingu ca 165 cm x 155 cm x 80 cm. (65 x 61 x 31 tommur).
Aðferðir: I-cord, I-cord kantur og I-cord affelling.
Efni:
 1 Dóru skúfur
 25 gr litur 1; Dóruband, einband

jurtafitað eða skrautband
 25 gr litur 2; Dóruband, einband
 jurtafitað eða skrautband
 50 gr litur 3; einfaldur plötulopi frá Ullarversluninni Þingborg
 Hringþrjónnr 5 / US 8,
 60 cm eða lengri

2 mismunandi þrjónamerki, gott að hafa þau í sitt hvorum litnum
 Nál, til að sauma skúfina á og ganga frá endum
 Vinsamlegast lesið alla uppskriftina áður en byrjað er!

Litur 1:

Fitjið upp 3 lykkjur, skiljið eftir nógu langan spotta til að sauma skúfina á í lokin. Þrjónið I-cord 7 umferðir. (I-cord: ekki snúa við eftir umferð heldur færið lykkjurnar út á hinn endann á þrjóninum og þrjónið lykkjurnar 3 alltaf frá hægri til vinstri með bandið fyrir aftan).

Byrjað á mynstri:

1.umferð: snúid og þrjónið brugðið
 2.umferð: þrjónið 1 lykkju slétt, auka út um 1 lykkju til hægri, þrjóna 1 l slétt, auka út um 1 lykkju til vinstri, þrjóna 1 l slétt, samtals 5 lykkjur.
 3.umferð: þrjónið brugðið, 5 lykkjur.
 4.umferð: 1 sl, auka út 1 l til vinstri, 1 sl, auka út 1 l til vinstri, 1 sl, auka út 1 l til hægri, 1 sl, auka út 1 l til hægri, 1 sl, samtals 9 lykkjur.
 5.umferð: þrjónið brugðið, 9 lykkjur.
 Nú er byrjað á I-cord kanti á báðum hliðum. Fyrstu 4 lykkjur í umferð og síðustu 4 lykkjur í umferð fara í I-cord kantinn og eru þrjónaðar eins og segir í A og B allt sjalið. Allar lykkjur sem eru teknar óþrjónaðar eru teknar eins og eigi að fara að þrjóna þær brugðnar. Mynstur í lit 1 er garðaprjón, allar umferðir, á milli I-cord kanta, eru þrjónaðar slétt.

A: með bandið fyrir aftan, taka 1 l óþrjónaða, 1 sl, taka 1 l óþrjónaða, 1 sl, setja þrjónamerki 1, þrjóna garðaprjón þar til 4 lykkjur eru eftir, setja þrjónamerki 2, með bandið fyrir aftan, taka 1 l óþrjónaða, 1 sl, taka 1 l óþrjónaða, 1 sl.

B: með bandið fyrir framan taka 1 l óþrjónaða, 1 l brugðin, taka 1 l óþrjónaða, 1 l brugðin, færa merki 2, þrjóna garðaprjón þar til 4 lykkjur eru eftir, færa merki 1, með bandið fyrir framan taka 1 l óþrjónaða, 1 l brugðin, taka 1 l óþrjónaða, 1 l brugðin.

Endurtaka A og B einu sinni. Í næstu umferð (A) og í fjórðu hverri



s. 846 9287, 482 1027
 www.thingborg.is
 facebook/thingborgull

Dóruband er jurtafitað Þingborgarband, bæði einband og tvíband. Pakkningar með efni í sjalið sem uppskrift er að hér í blaðinu fást í Ullarversluninni Þingborg. Ullarverslunin er staðsett í Gömlu Þingborg og er 8 km austan við Selfoss.
 Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17



umferð hér eftir (A) er aukið út sem hér segir:
 I-cord kantur fyrstu 4 lykkjur (A) færa merki 1, 1 sl, auka út um 1 lykkju með því að slá uppa þrjóninn eða á þann hátt sem ykkur finnst best, þrjóna mynstur, færa merki 2, þrjóna kant. Endurtaka umferðir A og B og aukið út í fjórðu hverri umferð, alltaf í byrjun A umferðar. Þetta er gert allt til enda. Haldið áfram þar til litur 1 er búinn eða sjalið mælist um það bil 75 cm/ 29,5 tommur, mæla hliðina sem er ekki með útaukningu, enda á A umferð.

Litur 2:

Nú er skipt yfir í lit 2, fyrsta umferðin er brugðin B, A umferðir eru þrjónaðar slétt og B umferðir þrjónaðar brugðnar, I-cord kanturinn þrjónaður eins og áður og haldið áfram að auka út í fjórðu hverri umferð, annari hverri A umferð. Haldið áfram með lit 2 þar til bandið er búið eða litur 2 mælist um það bil 37 cm/ 14,5 tommur, enda á B umferð.

Litur 3 einfaldur plötulopi:

Byrjið lit 3 á A umferð og hún þrjónuð slétt, í næstu umferð, B, er byrjað á tvöföldu perluprjóni, þrjóna 1 slétta og 1 brugðna. Haldið áfram á eftirfarandi hátt: A umferð: brugðin lykkja þrjónuð slétt og slétt lykkja þrjónuð brugðin. B umferð: slétt lykkja þrjónuð slétt og

brugðin lykkja þrjónuð brugðin. **Muna að kantur og útaukning (í fjórðu hverri umf) er eins og áður.** Haldið áfram með tvöfalt perluprjón þar til eftir eru um það bil 5 gr af lit 3, eða litur 3 mælist ca 37 cm/ 14,5 tommur.

Þá er fellt af með I-cord affellingu:

1. Fitjið upp 3 lykkjur í byrjun þrjóns.
2. Þrjónið 2 lykkjur slétt, farið aftaní lykkjurnar.
3. Þrjónið næstu 2 lykkjur slétt saman, farið aftaní lykkjurnar. Í þessu skrefi erum við að fella af eina lykkju.
4. Setjið lykkjurnar 3 sem eru á hægri þrjóni yfir á vinstri þrjóninn.

Endurtakið skref 2-4 þar til allar lykkjur eru felldar af. Þræðið Dóru skúfina upp á I-cord endann í byrjun sjals og saumið fast þannig að I-cordinn verður að lykkju sem skúfurinn hangi í. Gangið frá öllum endum. Skolið sjalið í volgu vatni, rúllið inn í handklæði og kreistið allt vatn úr, hristið og leggið til. Einnig hægt að strekkja og pinna niður.

Njótið Dóru-sjalsins ykkar.

Fyrir Dóru, hannað hefur
 ©Maja Siska 2019

SUDOKUPRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

	8	1			6	7		5
5	6	3	8					2
			3	9	5	8		
		5		6	7	3	1	
	9	8				6		
			5	1	8			
8		6		2		5	9	3
3			6	8				2
2	7		1					

Miðlungs

1	2	3			9			
								1
6				7				3
	6	5			3		2	8
				6	4		1	
8							4	
		2		6			9	
9							6	4

Þung

		4	5					7
8			2		6			3
9			8	2	1		3	4
			3					5
						7		8
6			4				5	2
	1				9			

Þyngst

9					3	6		7
		2			8			5
	3	6		2				
7	5				4		3	1
3		9	2					
	9			4		5		6
	4			5	6			2

ERFINGJAR LANDSINS




Atvinnufótboltamaður framtíðar!

Hann Stefán Teitur er hress og kátur strákur sem á framtíðina fyrir sér í fótboltanum.

Nafn: Stefán Teitur Ólason.
Aldur: 9 ára.
Stjórnumerki: Bogamaður.
Búseta: Vatsleysa, Biskupstungum.
Skóli: Reykholtsskóli.
Skemmtilegast í skólanum: Frímínútur, heimilisfræði og myndmennt.
Áhugamál: Fótbolti.
Tómstundaiðkun: Æfi fótbolta og körfubolta.
Uppáhaldsdýrið: Górilla.
Uppáhaldsmatur: Pitsa, hamborgari, pylsa og kaldur grjónagrautur.

Uppáhaldslag: Norska lagið og úkraínska lagið úr Eurovision í fyrra, Give that wolf a banana og Stefania.
Uppáhaldslitur: Gulur og rauður.
Uppáhaldsmynd: Incredibles myndirnar.
Fyrsta minningin: Man eftir að hafa verið að ryksuga þegar við mamma bjuggum á Bergi. Ég sá nokkrar svartar svoltið stórar köngulær, varð skíthráddur og mamma ryksugaði þær!
Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Fara til Akureyrar í sumarfrí og þegar ég er að horfa á íþróttir í sjónvarpinu, mest fótbolta sem er upphálds!
Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Fótboltamaður!

FRÆÐSLA



Margæs er lítil gæs, minnsta gæsin sem sést hérna á Íslandi. Hún vegur ekki nema um 1,5 kg og er því þó nokkuð léttari en t.a.m. heiðagæsin sem vegur um 2,5 kg. Hún er meiri sjófugl en aðrar gæsir og leitar mikið í leirur þar sem hún lifir helst á marhálm. Þær verpa í heimskaútaheruðum í Norðaustur-Kanada en hafa vetrardvöl á Írlandi. Þær verpa því ekki hérna á Íslandi en stoppa hér bæði vor og haust á leið sinni milli varp- og vetrarstöðva. Þetta er langt og erfitt farflug fyrir margæsina sem liggur m.a. í 2.400 m hæð yfir Grænlandsjökul. Hérna á Íslandi safna þær forða sem þarf að duga bæði fyrir þetta 3.000 km farflug og einnig fyrir varpið sem hefst stuttu eftir að þær koma á varpstöðvarnar. Þegar komið er á varpstöðvarnar er enn þá nokkuð kaldalegt og gróður lítið kominn á strík fyrr en í kringum mánaðamótin júní-júlí þegar ungarnir koma úr eggjum. Þetta stöpp hennar hérna á Íslandi er því afar mikilvægt til að safna forða og getur skipt miklu máli fyrir vöxt stofnsins. Sá stofn margæsarinnar sem leggur leið sína um Ísland er áætlað að sé um 40.000 fuglar á hausti.

Mynd og texti / Óskar Andri Völsson

Tíska:

Háklassatíska í yfir hundrað ár

Það eru einstaka hlutir sem fara aldrei úr tísku og hafa óhikað borið með sér viðhorf sjálfstrausts og frelsis, sama hvaða áratugur er. Má þar telja gallabuxur, hvíta boli og leðurjakkna.

Upphaflega var leðurjakkinn hannaður með flugher fyrir heimsstyrjaldarinnar í huga. Var þá helst miðað við þær hetjur háloftanna sem þörfnuðust skjólgóðs fatnaðar, en flugstjórnarklefar í orrustuflugvélum voru undir berum himni og óeinangraðir. Voru jakkar flugmannanna kallaðir „Bomber“-jakkar, gerðir úr þykku brúnu leðri, hnepptir og fóðraðir gæruskinni.

Seint á öðrum tug tuttugustu aldarinnar hönnuðu bræðurnir Irving og Jack Schott fyrsta „biker“-jakkann, leðurjakkna ætlaðan þeim er geystust um á mótörhjólum. Var jakkinn renndur, til að auðvelda öikumönnum mótörhjóra hreyfingar - og leðrið gjarnan hnausþykkt til að verjast hnaski ef til þess kæmi. Kraginn helst hafður uppbrettur og þótti fljótt táknmynd hins djarfa, viltta eldhuga.

Með kragann brettan

Árið 1950 birtist leðurjakkinn í fyrsta skipti á hvíta tjaldu er Marlon Brando, ein heitasta hetja þess tíma, klæddist gripnum og bar með mikilli þryði.

Að sama skapi gleymir enginn einu mesta kyntákni allra tíma, James Dean, en aðalsmerki hann var, eins og flestir vita, leðurjakkni, gallabuxur og hvítur bolur.

Vinsældir leðurjakkans hafa verið stöðugar á hafsju tískubylgnanna sem hafa risið og fallið í gegnum árin – enda eitt aðalsmerki þeirra sem bera höfuðið hátt og láta ekki bugast þótt á móti blási. Skiptir litlu hvort um ræðir tímabil hippamenningar (1970), pönkara (1980), grunge (1990) eða óhófstísku nýrrar aldar. Nú svo og þeirra er aka mótörhjólum eða vilja bara sýnast svalir og fullir sjálfstrausts.

„Streetcar Named Desire“

Líkt og leðurjakkinn á uppruni hvíttra stuttermabola rætur sínar að rekja til fyrri heimsstyrjaldarinnar, þá sem hluti nærfatnaðar hermanna.

Fljótlega sást þó til hermanna spóka sig á nærskyrtunum í góðu veðri og brátt þótti klæðnaður bæði sportlegur og töff.



Levi's 701.

Klassískur leðurjakkni

Hvítur bolur.

virðulegu hertogaynju, Kate Middleton, sem ber hvíta bolinn með konunglegri reisin.

Bláar gallabuxur

Í kringum miðja nítjándu öld hafði kaupmaðurinn Levi Strauss, þá rúmlega tvítugur að aldri, skapað sér sess í borginni San Francisco. Kom honum það snjallræði til hugar að láta sauma buxur úr slitsterkum striga og selja þeim er unnu erfiðisvinnu úti við. Nú, buxurnar slitsterku runnu út eins og heitar lummur, námuverkamenn, gullgrafarar og kúrekar voru meðal þeirra er jusu þeim lof og þris og þar með var sigurganga Levi's buxna hafin. Eða gallabuxna öllu heldur.

Marilyn Monroe leikkona, klæddist bláum gallabuxunum – þó ekki Levi's – árið 1952, í kvikmyndinni Clash by Night. Marlon Brando gerði slíkt hið sama árið 1953, í kvikmyndinni The Wild One. James Dean, tveimur árum síðar – árið 1955, í Rebel Without a Cause. Má segja að fimmti áratugurinn hafi verið sá fyrsti þegar klæðnaður ungs fólks var aðgreindur frá foreldrum þeirra og þótti sumum heldur

ögrandi. Þá fór meint uppreisnargirni leikkonunnar Marilyn fyrir brjóstið á mörgum, en hún var einna fyrst kvenna og Hollywood-stjarna til að sýna fram á aðdráttarafl gallabuxna.

Hún fór gjarnan á nytjamarcaði og fann sér gamlar Levi's buxur – jafnan þær sem við þekkjum í dag sem þær allra vinsælustu, nr. 501. Hins vegar ákvað fyrirtæki Levi Strauss að hanna sérstakar kvengallabuxur, 701 Lady Levi's® – sem ungrú Monroe klæddist í flestum lykilsenum kvikmyndarinnar The Misfits, árið 1961. Talið er að þokkafullar línur hennar í gallabuxunum hafi kveikt löngun kvenfólks til þess að versla sér einar slíkar – enda seldist lína 701 snarlega upp. Árið 1968 fékk Levi Strauss Marilyn svo sem andlit herferðar sinnar, þar sem hún situr fyrir ásamt áðurnefndum James Dean – í Levi's 501 reyndar.

Í dag er Levi Strauss & Co. eitt stærsta fyrirtæki heims og leiðandi á heimsvísu í gallabuxum. Um það bil 500 verslanir má finna víðs vegar um heiminn og vörur þeirra fáanlegar í meira en 100 löndum. Það sem þessi stöðutákn frelsis og kynþokka eiga þó sameiginlegt fyrir utan það að hafa birst á – og öðlast fræð á hvíta tjaldu – er klassískur einfaldleiki.

Enda vita fróðir menn að slíkt stendur alltaf fyrir sínu. /SP



Hér má líta kunnugleg andlit þar sem hvítir bolir, gallabuxur og/eða leðurjakkar eru allsráðandi.

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321



Sláttuvél á súper verði 290 cm. Frábær reynsla, einföld og ódýr í rekstri þarf aðeins 55-70 hö. Orkutækni ehf. s:5876065

Sláttuvélar á hagstæðu verði. S. 892-0016 - 587-6065.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Ég er með mjög góðan 44" breyttan bíll sem fer á kr. 4.500.000. Ég er til í skipti á litlu sumarhúsi, verður að vera nýlegt í kringum 25 til 30 fermetra, nánari upplýsingar í s. 859-2023.



myranaut

Bráðgott og meyrnt ungnautakjöt. 1/8 úr skrokk um 20 kg. Inniheldur steikur, hakk, gúllas og snitsel. Heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu. S. 868-7204 www.myranaut.is



Hliðgrindur. Vandaðar stækkarlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 m í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos s. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



Tilboð
Mercedes-Benz C 300 E Plug-In, bensín/rafmagn, árg. 2020, sjálfskiptur, ekinn 26.000 km. Tilboðsverð kr. 6.190.000. Verð áður kr. 6.590.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.



Höfum til sölu Furuflís í um 28 kg. böllum. Verð kr. 2.153- brettaafsláttur. Einnig spónakögglar í 15 kg þokum kr. 1.655- Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30



Vandaðir vatnabátar frá Póllandi. Stærð- 4,04 m x 1,67 m, 110 kg. Bátarnir eru með tvöföldum botni með frauði á milli. Bátunum fylgir sami búnaður og á mynd, ásamt tréárum. Vinsamlega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Hákonarson ehf., netfang- hak@hak.is. S. 892-4163.



Ég leita að stórríttvél sem gengur ekki fyrir rafmagn – svona eins og voru á skrifstofum. Hafið samband í s. 822-5269 eða sendið skeyti á netfangið astvaldurl@gmail.com



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S:527-2600.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettur bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Vinsælu þurrkofarnir eru komnir aftur Ryðfrítt stál, toppgæði, verð aðeins kr. 59.000 +vsk. Uppl. í s. 822-8844.



Hakkavélar, matvinnsluvélar, áleggshnifur, töfrasprotar, grænmetisvarnir o.fl. Gæðataeki á frábæru verði, uppl. í s. 822-8844.



Viltu lækka raforkukostnaðinn um 25-40%? Vindmyllur fyrir bændur og smáfyrirtæki til sölu. Kostir eru, lægri raforkukostnaður, einangrar kaupanda frá framtíðar verðhækkunum í 20 ár, 5 ára ábyrgð, hámarksvindálag 59,5 m/sek. Smáorka ehf, S. 773-5400, www.smaorka.is



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Eldhestar óska eftir hestum til kaups, leigu eða láns. Óskað er eftir traustum og áreiðanlegum hestum sem eru auðveldir í umgengni og henta byrjendum en einnig vanari reiðmönnum. Aldursbil frá 8–18 vetra. Þeir verða að vera mjúkgengir – alhliðahestar æskilegri. Tökum einnig að okkur að koma hrossum í þjálfun og undirbúa þau fyrir ferðir sumarsins. Frekari upplýsingar eru veittar af Sigurjóni Bjarnasyni í s. 896-4841 eða sigurjon@eldhestar.is



Kurlarar í mörgum útfærslum. Þessi er fyrir traktor 90hp+ og tekur 25 cm sver tré. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



MEIRA FÖÐUR, LYSTUGRA FÖÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhraf@simnet.is

GRÆNU VELFERÐARGÖLFIN



Nánari upplýsingar gefur:
Grétar Hrafn Harðarson
Sími 892-1480
Nf: gretarhraf@simnet.is

Silostop Max stæðuplast er sterkt, einfalt og þunnt og með einstaka súrefnisheldni. www.silostop.com/uk/



Nánari upplýsingar gefur:
Grétar Hrafn Harðarson
Sími 892-1480
Nf: gretarhraf@simnet.is

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kirtu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.



EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

JOBMAN
Nýjar teygjubuxur frá Jobman!
Durability at work since 1975

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

Vefverslun: Khvinnufotis

Jobman 2391

- Allt efni 4-átta teygja
- Hægt að taka vasa af
- Cordura hnéstyrking
- Styrking í vösum
- Litir: Svart og grár

Öryggi fyrst og fremst

Verð: 19.406 kr.

KH VINNUFÖT
Réttu fötin fyrir þig!

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufotis.is

Færibanda-reimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvela

GÚMMISTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

Gyðiflöt 3 - 112 Reykjavík - Sími 567 4467 - gummisteypa@gummisteypa.is - www.gummisteypa.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjólmflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsþil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hjóðnemar fyrir rútur, voltmælur, ampermælur, spennufellur 24V / 12V, trufanabéttar, loftnetsframleningar. Kerutenglar. Brættar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulínasöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppi 250A. Skælmjöls fyrir Landrover. Snúrusett fyrir Bassakætur. Bassakætur. Oxaltesur. Spennustíflar. Dötur. Rafgeymar. Jarðband. Döðuborg. Reinsakúllur fyrir alternatara. Klappingstækur. Startaraból. Legur í alternatara. Hól í alternatara.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN




Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjögáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélur og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudypt- 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Mercedes-Benz Sprinter 516. Sjálfskiptur 2/2019. Ekinn 13.000 km. Dísel. Nánari uppl. í s. 849-4044 - 696-0444. eða www.nyja.is.



Glussadrifnar haughræur á ámoksturstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útítanka, útílón og víðar. Lengdir: 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng, er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is - www.hak.is - S. 892-4163



Mono Sólarsellur 120w, Verð kr. 21.900.- 180w. Verð kr. 29.900.- 370w. Verð kr. 59.900.- Uppl. í s. 888-1185.



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta- 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhlól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Girðingarefni. Iowa gaddavír 200 metrar- kr. 9.100 m/vsk. Motto gaddavír 200 metrar- kr. 4.500 m/vsk. 5 strengja tünnet 100 metrar- kr. 14.900 m/vsk. 6 strengja tünnet 100 metrar- kr. 17.500 m/vsk. Panvír 625 metrar- kr. 11.900 m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hauksson.is S. 588-1130 - hhauksson@hhauksson.is



Glussadrifnar gólfhræur. Vinnudypt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.



Plöntustafir á kynningarverði, til á lager. S. 587-6065 og 892-0016.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitara fyrir háþrýstidælu. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is S. 892-4163.



Til sölu vinda til að vinda upp girðingarnet, nýsmíði, heitgalvaniserað, sterk og vönduð smíði. Verð kr. 1.000.000. Nánari upplýsingar gefur Guðmundur í s. 866-0447/ eða Davíð í s. 669-0703.



Gúmmirampar fyrir brettatjakka. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 Tonn Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Bretttagafflar fyrir ámoksturstæki. Asoðnar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérþöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.




Tveir tréheflar, annar er þykktarheflil og hinn er afréttari. Til sölu eða skipti á bát með mótör eða Zodiak með mótör í góðu lagi og með kerru. Upplýsingar í s. 846-7357 Óli.



Vegna breytinga eru til sölu öflugir Megalux brettarekkar frá Verslunartækni. 50% afsláttur af nývirkri. Gafstigar- 500 cm Gafstigar. Verð kr. 15.000 +vsk. per stigi. - 8 stk til á lager. (Gaflar dypt 100cm) Þverslár- 270 cm Þverslár (burður 3 tonn). Verð kr. 3.750 +vsk. per þverslár. - 48 stk. til á lager. Nánari upplýsingar í s. 868-6186.



Sjálfsgandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélur með smuruliúðryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Fjárhúsmottur - jarnristar. Stærð 183 x 91,5 cm. Verð kr. 12.900, m/vsk. H. Hauksson ehf. | www.hauksson.is S. 588-1130 - hhauksson@hhauksson.is



Ferðaþjónusta. Verktæði og rútur til sölu. snorritravel.is S. 893-4246.



Glussadrifnar jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is.



Til sölu Lely Welger 235 Profirúllusamstæða. Notuð 19.300 rúllur, í toppstandi, geymd inni á veturna. Verð kr. 4.500.000. Uppl. í s. 846-4733.

Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu

www.velaskolinn.is

Búfjáreigendur í Kjósarhreppi athugið.

Eigendur jarðanna Hvammsvíkur, Hvamms, Háls, Neðri Háls, Laxárnaess, Fells, Eyrar, Hvítaness, Grímstaða, Valdastaða, Þorlákssstaða, Þúfukots, Bæjar og Káraness í Kjósarhreppi.

Vekja hér með athygli búfjáreigenda að ekki er heimilt að beita búfé á þessum jörðum nema með leyfi jarðareigenda.

Verði ágangur búfjár annara en landeigenda á þessum jörðum verður leitað atbeina sveitarstjórnar, eða eftir atvikum lögreglu, til að smala ágangsbúfénaði þangað sem það á að vera á kostnað eigenda þess. Sbr. 33. gr. laga nr.6/1986.

Er búfjáreigendum bent á beita búfé sínu í þeirra heimalöndum eða annarsstaðar sem þeir hafa heimild til að beita því.

Kjósarhreppur maí 2023 - Landeigendur



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 4.060 kg. Ýmsar lengdir. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111 opið frá kl.13-16.30 www.brimco.is



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Net 15x10. Frá kr. 24.900, m/vsk. 5 grindur, +vsk. Lamasett 3.990. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.



Massey/Ferguson "35" 1958 til sölu. Ný dekk, nýr startari og rafgeymir, nýtt þúströr og öll ný glóðarkerti. Tilboð óskast. Hallgrímur Jónsson s. 899-2174.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Vendiþlógur einskeri með forskera, handstýrður snúningur. Verð kr. 225.000 +vsk. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - S. 555-6520



Renault Talisman, árg. 2017, sjálfskiptur, ekinn 100.000 km. Verð kr. 2.890.000. notadir.bennis.is - S. 590-2035.



Brettgafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Verð kr. 9.900 m/vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Rúllunet 3.600 metrar kr. 29.900 +vsk. Búvís s. 465-1332.



Faðmgreip. Verð kr. 235.000 m/vsk. Ásóðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Sláttuvél í úrvali fyrir traktorinn og fjórhjólíð. Þessi 175 cm sláttuvél er fyrir traktor 40hp+ og kostar kr. 295.000 +vsk. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - s. 555-6520.



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Til afhendingar strax. Hardox 450 -8mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur. Skúffa og grind heitsprautuzinkað (tvöföld grind), 6 þrepa sturtúttakur, sem gefur um 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla. Th. Adolfsson ehf. s. 898-3612.



Glussaknúnar vatnsdælar fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælar í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælar með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Caterpillar M313D Árg 2014, 6,100 vst. Smurkerfi, rötortilt 3 skóflur. Verð kr. 12.900.000 +vsk. Upplí s. 694-3700.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Íslensk hönnun, íslensk smíði

Lengd 6m, breidd 2m.

Hæð að innan frá gólfi, upp að lunningu - 85cm.

Verð kr. 2.600.000 m/vsk.

Nanoq ehf. s. 892-4254

NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu **Auknir atvinnumöguleikar**
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

Veiði á Víðidalstunguheiði

Veiðifélag Víðidalstunguheiðar í V. - Hún. óskar eftir tilboði í veiði í ám, vötnum og lækjum á vatnasvæði heiðarinnar. Um er að ræða Bergá, sem er næst byggð, Bergárvatn, Hólmavatn, Melrakkavatn, Þrístiklu, Skálsvatn, Krókavötn og Kolgrímsvötn, ásamt kvíslum og lækjum sunnarlega á heiðinni. Á árunum 2015 og 2016 var gerð fiskifræðileg úttekt á vatnasvæðinu og má sjá niðurstöður hennar á heimasíðu Hafró.is. Á Víðidalstunguheiði eru 5 gangnamannaskálar, sem sveitarfélagið á og geta hentað sem veiðihús til útleigu.

Tilboð sendist í tölvupósti á netfangið: karijonasson10@gmail.com fyrir 1.júní. Fyrirspurnir sendist á sama netfang.

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

SAVAGE ARMS

ACCUTRIGGER ACCUSTOCK

NÝ SENDING

Axis XPII Sett með 3-9x Weaver sjónauka til í cal 223 og 243 **kr 116.900**

110 Apex Predator XP Sett M 4-12x44 Vortex ,fluted hlaup snittað F/hljóðdeyfi. Cal 223,- 6,5 creed - 308 **kr 179.900**

MarkII FXP sett 22 cal M/3-9x40 Bushnell stillanlegur Gikkur **kr. 79.900**

B22 FV-SR 22 cal , M/stillanl gikk, rail og þungt snittað hlaup. **kr. 89.900**

Rascal Target XP 22 cal sett M/4x32 sjónauka, þungt hlaup og tvífotur **kr.89,900**

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturroost.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hjóllátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang-hak@hak.is



Brettagafflar með vökvafærslu. Burðargeta 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 - með vsk. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is S. 588-1130 - hhauksson@hhauksson.is



Vatnshitara fyrir háþrýstipvott. Hitar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 bar. Hentar í margskonar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagn eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf., s. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is

Orkutækni ehf. s: 5876065.



Maschio C 280 hnifataetar fyrir 80-130 hó, 3ja hraða PTO, HD hnifafestingum og jöfnunarhlara.

Hnifataetarar, 280 cm til afgreiðslu strax. Gott verð, s. 587-6065 - 892-0016.



Fendt 313 til sölu, árg. 2016, Ekin 2.972 vinnustundir, 130 hestöfl. Skófla fylgir ekki með. Verð kr. 13.900.000 +vsk. Upp. í s. 893-0609, Kristinn.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmiklæddar að ofan fyrir valtura. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang-hak@hak.is - s. 892-4163.



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur-traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísel. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is www.hak.is



Innihæruer fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnuþpt-130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Nýr Subaru Solterra 4wd 100% rafmagn, verð kr. 7.590-8.490.000. Nýr Pegazus 450 Mercury mótur 30 hó, verð kr. 2.645.000 +vsk. Bílasala Akureyrar Freyjunes 2, 603 Ak. S. 461-2533 - sala@bilak.is



Til sölu CTH 224T sláttutraktor frá Husqvarna árg. 2014. Vélin er með grassafnara og öflugan mótur. Ný yfirfarin af innflutningsaðila MHG. Regluleg þrif og vel með farin. Verð kr. 400.000. Upplýsingar í s. 895-5533.



SsangYong Tivoli Xlv Dlx, árg. 2018, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 100.000 km. Verð kr. 2.790.000. - notadir.bennis.is - s. 590-2035.



Klósettælar fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Húsnæði

Rólegt par með voffa leitar sér að leiguhúsnæði á Vesturlandi. Höfum búið í Búðardal síðustu 4 ár, en vantar nýtt húsnæði. Er uppallin hér í Dölum en opin fyrir flest öllu. Erum bæði drykk- og reyklauss, og einungis að leita okkur að rólegu sveitahúsnæði til að búa til hreiður. Helst ekki lengra en 2,5 tíma frá Rvk. Helst að leita að sérþylli í sveit, eða það er draumurinn. Nánari upplýsingar í benni@diticeland.com, eða s. 820-2221.

Leiga

Erum lítil fjölskylda sem leitar eftir jörð til langtímaleigu. Við hjónin erum með góða reynslu af bústörfum og væri það kostur að leigja bústofn með. Einnig höfum við áhuga á að taka í kaupleigu jörð. Uppl. netfangið eyja1920@gmail.com.

Óska eftir

Óska eftir amerískum pallbíl, helst dísel en skoða allt. Má þarfnast lagfæringar, endilega hringja eða senda sms í s. 774-4441.

Kaupi vínplötur og CD. Staðgreiði stór plötusófn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Tveggja öxla kerra með burð minnst 1,5 tonn fyrir smágröfu og sliskjum í s. 869-0617. Má þarfnast lagfæringa.

Óska eftir farartæki sem drífur í torfærum, t.d. sendiferðabíll, húsbíll, eða jeppi með svefnaðstöðu. Uppl. í s. 663-1606.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útleiktækki, gúmmihellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.


Byggingarefni. 1000 setur, 1x6" óheflað, 1x6" heflað, stálstoðir galv. 70 stk, stálstoðir ógalv. 70 stk. Allt fæst á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 692-3457.

Tilkynningar

Veist þú af einhverju stórmerkilegu landbúnaðartæki, vinnuvél, bíl, flugvél, bát eða öðru tæki sem þarf að gera skil á síðum Bændablaðsins? Hafðu þá samband við Ástvald blaðamann í s. 822-5269 eða í gegnum netfangið astvaldur@bondi.is.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafðu samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.



VÖRU SKEMMA TIL SÖLU

Skaftárhreppur óskar eftir tilboðum í vöruskemmu sem keypt var til notkunar sem sorphlokkunarstöð.

Skemman hefur aldrei verið reist og er seld í því ástandi sem hún er í. Um er að ræða um 540 fm vöruskemmu keyptri hjá H. Haukssyni ehf.

Skemman verður afhent að lögjövullum 10, Kirkjubæjarklaustri.

Skaftárhreppur tekur sér rétt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Skemman verður seld með öllu því sem henni tilheyrir ásamt teikningum sem liggja fyrir.

Það sem fylgir með er eftirfarandi:

- Sökkulfestingar, málað stálburðarvirki með ásoðnum festingum, timbur í langbönd, boltar og skráfur, litað þak- og veggstál, saumur/skráfur til að festa stálið, kjöljárn, hornlistar og slétt stál í áfellur kringum glugga og hurðir. Undir stálklæðninguna borðaklæðning + þakpappi á þak og krossviður á veggi.
- Teikningar þ.e. sökkulteikning og byggingarnefndarteikning (útlit og snið + stálburðarvirkisteikning (ekki lagnir og rafmagn).
- 150 mm þykk einangrun í þak og í veggi, þolplast og lituð stálklæðning innan á loft og á vegg.
- Fjórar aksturhurðir frá Héðni.
- Álguggar og hurðir frá Gluggalausnum.
- Steypust.net, kambstál 12 og 10 mm.

Tilboð berist fyrir 16. júní nk.

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi á skrifstofu Skaftárhrepps, fyrir 16 júní 2023:

Tilboð skulu merkt: Vöruskemma, ásamt nafni bjóðanda og fullu heimilisfangi.

Nánari upplýsingar

Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri
í síma 842 5800.

klaustur.is



ER KOMIN TÍMI Á AD MÁLA ÞAKID!
STEFÁN
845 5252

Þakmálun. Er kominn tími á að mála þakið? Tökum að okkur að mála þök. Mikil reynsla, vel tækjum búinir, sanngjarnt verð, vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í s. 845-5252 - Stefán eða á netfangið- stebbi.gudfinns@gmail.com

Atvinna

Óska eftir að ráða konu til heimilisstarfa á lítið sveitaheimli á besta stað í Borgarfirði. Góð aðstaða í boði og nánari upplýsingar í s. 894-5063.

Dýrahald

Til sölu hvolpar á Austurlandi. Verð kr. 70.000. Tegund- Collie og Husky blanda. Netfang- sigridur1jonsdottir@gmail.com.

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

Fullkomlega órökréttur.

Við frumsýnum Cayman GTS og Cayman GT4 RS.

Cayman 718 GT4 RS, hann passar kannski ekki í formið, en það er ekkert nýtt fyrir Porsche. Ótrúlega lipur tveggja sæta sportbíll með 4 lítra, sex stokka vél fyrir miðju - hönnuð fyrir snerpu. Nær auðveldlega 9.000 snúningum á mínútu. 500 hestöfl og áreynslulaust sprettur úr 0 í 100 km/klst. á 3.4 sek. – Rökrétt? Ekki í öllum tilfellum. Fullkominn? Alltaf.

Við bjóðum alla velkomna á Krókháls 9,
sunnudaginn 14. maí, frá kl. 12:00 til 16:00.



PORSCHE

Bilabúð
Benna

Porsche á Íslandi | Krókháls 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opíð virka daga frá 9:00 til 17:00 | Opíð laugardaga frá 12:00 til 16:00



TOYOTA RAV4 HYBRID

SPORTJEPPI FJÖLSKYLDUNNAR



Toyota RAV4 verð frá: 6.450.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 7.850.000 kr.
Toyota RAV4 plug-in Hybrid verð frá: 9.950.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga
Toyota RAV4, verð frá: 154.000 kr. á mánuði.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is



TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð. Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnastr viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.